um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innra eftirlits í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum sem starfa samkvæmt lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Um kjötvinnslu í sláturhúsi gildir reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

2. gr.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Innra eftirlit: Eftirlit á vegum sláturleyfishafa í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu afurða.

Kjötskoðunarlæknir: Héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir, sem samkvæmt ákvörðun yfir-dýralæknis annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð.

Kjötpökkunarstöð: Vinnlustöð þar sem einungis er unnið með ferskt eða fryst kjöt án aukefna.

Sláturleyfishafi: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

GAMES: Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða (HACCP - Hazard Analysis Critical Control Points):

Áhættuþáttur: Eðlis-, efna- eða örverufræðilegur þáttur í framleiðslu- eða dreifingarferli sem valdið getur heilsutjóni ef ekki er haft eftirlit með honum.

Mikilvægur eftirlitsstaður: Staður eða þrep í framleiðslu- eða dreifingarferli þar sem unnt er að hafa eftirlit með áhættuþáttum.

Viðmiðunargildi: Skilyrði eða staðlar sem þarf að uppfylla á mikilvægum eftirlitsstöðum.

Vikmörk: Leyfileg frávik frá viðmiðunargildum.

3. gr.

Sláturleyfishafi skal láta útbúa, vinna eftir og viðhalda skriflegri áætlun um innra eftirlit í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð samkvæmt reglugerð þessari. Framkvæmdastjóri eða fulltrúi hans skal staðfesta áætlunina með undirritun sinni og jafnframt ábyrgjast að unnið sé eftir gildandi löggjöf. Þeir skulu og tilnefna sérstaka ábyrgðarmenn sem bera ábyrgð á innra eftirliti eða einstökum þáttum þess.

4. gr.

Innra eftirlit skal að lágmarki taka til eftirfarandi þátta:

1. Vatnsgæða.
2. Meindýravarna.
3. Skráningar hitastigs.
4. Hreinlætisáætlunar.
5. Heilsufarsskoðunar á starfsfólki.
6. Ferlirita.
7. Verklýsinga.
8. Viðbragða við frávikum frá viðmiðunargildum umfram vikmörk.
9. Fræðslu og þjálfunar starfsfólks.
10. Móttöku- og afhendingareftirlits.
11. Örverurannsóknna.
12. Innköllunar á skemmdum eða hættulegum vörum.
13. Almenns viðhalds á byggingum og búnaði.

5. gr.

Innra eftirlit skal byggja á aðferðafræði GAMES-kerfisins. Allar mælingar og athuganir samkvæmt eftirlitserfinu skal skrá, svo og viðbrögð við frávikum umfram vikmörk. Eftirliti skal komið á með eftirfarandi hætti:

- a. Útbúa skal flæðirit fyrir framleiðsluferli þar sem tilgreindir eru áhættuþættir við framleiðsluna og fyrirbyggjandi aðgerðir.
- b. Ákvarða skal mikilvæga eftirlitsstaði og framkvæmd eftirlits á þeim.
- c. Tilgreina skal viðmiðunargildi, vikmörk og viðbrögð við frávikum.

Endurskoða skal reglulega innra eftirlit og meta árangur af framkvæmd þess, einkum ef breytingar verða á byggingum, búnaði, vinnsluáðferðum eða starfsmannahaldi.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd innra eftirlits í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra er að finna í viðauka með reglugerð þessari.

6. gr.

Kjötskoðunarlæknir hefur eftirlit með að sláturleyfishafi útbúi, vinni eftir og viðhaldi fullnægjandi innra eftirliti, samþykkir það og fylgist með að það skili tilætluðum árangri. Hann skal hafa aðgang að niðurstöðum úr mælingum og rannsóknum er varða innra eftirlit sláturleyfishafa, athuga þær og árita. Hann skal jafnframt gera eigin athuganir og mælingar eins og þurfa þykir.

7. gr.

Telji kjötskoðunarlæknir að innra eftirlit í sláturhúsi eða kjötpökkunarstöð sé ekki fullnægjandi, ber honum að gefa sláturleyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, allt eftir eðli málsins. Sinni hann ekki aðvörun innan þess frests sem veittur var, skal yfirdýralæknir, að höfðu samráði við kjötskoðunarlækni, gefa stuttan lokafrest til úrbóta. Að þeim tíma liðnum er yfirdýralækni heimilt að tilkynna sláturleyfishafanum, að löggilding falli niður um stundarsakir, og að heilbrigðisskoðun og heilbrigðismerking afurða verði ekki framkvæmd í sláturhúsinu eða kjötpökkunarstöð án nauðsynlegra úrbóta.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í f-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 191/1998 um hreinlæti í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum þeirra.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

VIÐAUKI

Innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.*1. Vatnsgæði:*

- 1.1. Útbúa skal yfirlitsteikningu í stærðinni A3 af vatnslögnum í sláturhúsinu. Greinilega skal koma fram hvar vatnsinntök eru, hvernig lagnir dreifast um húsið og hvar vatnsúrtök eru staðsett. Þau skulu merkt með hlaupandi númerum. Aðgreina skal lagnir fyrir heitt, kalt og blandað vatn.

- 1.2. Greina skal hvaða staðir í vatnsdreifikerfi eru mikilvægastir og hvar hætta er á að vatn geti staðið í lögnum í langan tíma. Kjötskoðunarlæknir skal taka eða láta taka vatnssýni úr marktækum fjölda vatnsúrtaka á mikilvægustu stöðunum í hverri vinnslueiningu einu sinni til tvisvar á ári. Jafnframt skal hann taka nokkur sýni annars staðar úr vatnsdreifikerfinu þannig að á nokkrum árum fáiast heildarmynd af ástandi þess. Ef um tímabundna starfsemi er að ræða, skal taka sýni þegar starfsemin hefst og aftur einni til tveimur vikum síðar. Rannsaka skal heildargerlafjölda við 22°C og 37°C, kóligerla, saurkóligerla, saurkokka og súlfítafoxandi klostrídúr og nota greiningaraðferðir samkvæmt viðauka 3 í reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn. Niðurstöður þurfa að standast þær kröfur sem gerðar eru um leyfilegan hámarksfjölda áðurnefndra örvera í viðauka 1A í fyrrgreindri reglugerð um neysluvatn. Vatnssýnin skulu rannsökuð á fagiltri rannsóknastofu.
- Sláturleyfishafi skal auk þessa taka sýni víðs vegar úr vatnsdreifikerfi hússins til greiningar á heildargerlafjölda við 22°C, 37°C og á kóligerlum. Ef niðurstöður fyrir einhvern þessara þátta eru yfir viðmiðunargildum, skal sláturleyfishafi tilkynna það viðkomandi kjötskoðunarlækni, sem tekur þá aftur sýni.
- 1.3. Sýni skal taka beint úr krana eða slöngu án sóttreinsunar á krananum eða slöngunni. Þau skal auðkenna með númeri á sýnatökustað og færa upplýsingar inn á þar til gert eyðublað og senda með sýnum. Ef niðurstöður eru yfir viðmiðunargildum, skal tilkynna það sláturleyfishafa og kjötskoðunarlækni án tafar.
- 1.4. Sláturleyfishafa er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, ef niðurstöður úr vatnsrannsókn eru yfir viðmiðunargildum.
- 1.5. Sláturleyfishafi skal hafa tiltækar niðurstöður úr efna- og eðlisfræðilegum rannsóknum á neysluvatni úr vatnsveitu viðkomandi sveitarfélags.
2. *Meindýravarnir:*
- 2.1. Útbúa skal yfirlitsteikningu af sláturhúsinu í stærðinni A3. Á henni skal koma fram hvar settar hafa verið gildirur, fóðurstöðvar, hátíðnihögnar, flugnaljós eða annar búnaður til varnar meindýrum. Þessi tæki skulu merkt með hlaupandi númerum.
- 2.2. Eftirlit með gildrum, fóðurstöðvum o.þ.h. skal skrá. Tilgreina skal hvenær skoðun fór fram, hver framkvæmdi hana, hvað kom fram við skoðunina, svo sem fönguð meindýr, hvar voru merki um dýr, hvenær og hvar bætt var við æti eða eitri, hvar sást skítur, nag eða önnur ummerki um meindýr og til hvaða aðgerða var gripið. Þá skal geta þess ef gildra eyðileggst eða hefur verið fjarlægð af einhverjum ástæðum.
3. *Skráning hitastigs:*
- 3.1. Sjálfvirk hitastigsskráning skal vera í öllum kældum rýmum. Nemi sem notaður er til hitastigsmælinga skal staðsettur í frysti- og kæligeymslum, eins fjarri kælibúnaði og unnt er. Sé frysti- eða kælisvæði skipt upp í svæði, skal hafa sérstakan nema fyrir hvert svæði. Mæla skal hitastig tvisvar sinnum á klukkustund í kældum rýmum en á tveggja klukkustunda fresti í frystigeymslum. Niðurstöður úr mælingum skal skoða daglega og prenta út vikulega. Á útprentuninni skal koma fram fyrir hvaða geymslu eða vinnslusal viðkomandi útprentun er, hvaða tímabil um er að ræða og hvert hitastigið er á hverjum tíma. Einnig skal skrá á þær athugasemdir ef þurfa þykir, svo sem ef viðgerð er framkvæmd í geymslu og hitastig raskast þess vegna. Heimilt er að geyma skráningar á tölvutæku formi án útprentunar sé tryggt að ekki sé unnt að breyta þeim og einnig skal vera unnt að sanna að þær hafi verið skoðaðar reglulega.
- 3.2. Sóttreinsikassa fyrir tæki og áhöld skal merkja inn á yfirlitsteikningu af sláturhúsi. Hitastig í kössum og á vatni til sóttreinsunar á bakkabandi skal vera minnst 82°C og skal mæla reglulega og skrá niðurstöður.

- 3.3. Hitastig í kjöti í stykkjun, úrbeiningu og pökkun skal vera lægra en $+7^{\circ}\text{C}$ og skal mæla það reglulega, einkum eftir vinnuhlé og niðurstöður skal skrá.
- 3.4. Kjarnhitastig í kjötskrokkum skal hafa náð mínus 10°C þegar skrokkar eru teknir úr hraðfrystum og settir í frystigeymslu. Hitastig í skrokkum á að mæla reglulega til staðfestingar á að hraðfrysting sé í lagi.
- 3.5. Alla hitamæla skal sannreyna með kvörðuðum hitamæli ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Þessar athuganir skal skrá sérstaklega.

4. *Hreinlætisáætlun:*

- 4.1. Sláturleyfishafa er skylt að þrifa og sótthreinsa vinnslusali, búnað og annað sem þörf krefur í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð og útbúa skriflega hreinlætisáætlun. Í hreinlætisáætlun felst eftirfarandi:
 - a. Lýsing á þrifum og gerileyðingu að lokinni vinnslu hverju sinni. Lýsingin skal taka til allra þrifa í vinnslustöð, innanhúss sem utan, þar með talinna gripaflutningatækja og kjöflutningatækja, en með sérstakri áherslu á þrif og gerileyðingu þeirra tækja og flata sem koma í beina snertingu við sláturafurðir.
 - b. Skrifleg lýsing á hreinlætis- og sótthreinsunaraðgerðum á vinnslutíma, svo og tíðni þeirra.
 - c. Almennar og sértækar umgengnisreglur og reglur um persónulegt hreinlæti.
 - d. Listi yfir efni sem notuð eru við þrif og sótthreinsun ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra.
- 4.2. Fylgjast skal daglega með þrifum og öðrum aðgerðum samkvæmt hreinlætisáætlun. Í sama tilgangi skal reglulega gera örverurannsóknir á búnaði sem kemur í snertingu við afurðir. Skrá skal niðurstöður úr rannsóknum.

5. *Heilsufarsskoðun á starfsfólki:*

- 5.1. Starfsfólk skal fara í læknisskoðun einu sinni á ári. Á læknisvottorði skal koma fram *hvort eitthvað sé því til fyrirstöðu að viðkomandi starfsmaður megi vinna við ferskt kjöt*. Einnig skal starfsmaður útfylla heilsufarsskýrslu með lækni og upplýsa hvort hann hafi nýlega fengið niðurgang/magakveisu, kvef/hósta eða smitsjúkdóm. Ennfremur skal hann með undirskrift sinni á heilsufarsskýrslu staðfesta loforð um að tilkynna verkstjóra/yfirmanni tafarlaust um veikindi, hálsbólgu eða sár á fingrum er gætu gert hann óhæfan til að starfa við matvælavinnslu.

6. *Ferlirit:*

- 6.1. Útbúa skal yfirlitsteikningu þar sem fram kemur skipting húsnæðis í hreinar og óhreinar deildir.
- 6.2. Útbúa skal yfirlitsteikningu sem sýnir ferli afurða í fyrirtæki.
- 6.3. Útbúa skal yfirlitsteikningu sem lýsir umferð starfsfólks í fyrirtæki.
- 6.4. Á ferliritum þessum skal koma fram hvort vinnslulínur skerast, hvort umgangur er milli hreinna og óhreinna deilda og hvar hætta er á crossmengun.

7. *Verklýsingar:*

- 7.1. Útbúa skal lýsingu á sérhverju starfi frá móttöku sláturdýra á bóndabýli til og með afgreiðslu afurða út úr fyrirtækinu. Lýsa á hvernig verkið skuli unnið, hvað skuli varast, hverjar eru hreinlætiskröfur og hvernig bregðast skuli við frávikum.

8. *Viðbrögð við frávikum umfram vikmörk:*

- 8.1. Sláturleyfishafa er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta ef niðurstöður úr mælingum eða öðru eftirliti fara út fyrir vikmörk.

- 8.2. Sláturleyfishafi skal útbúa skriflega lýsingu á viðbrögðum við frávikum, þar sem fram kemur til hvaða aðgerða skuli gripið fari eitthvað úrskeiðis, hverjum skuli tilkynna um frávik og hver beri ábyrgð á meðhöndlun frávika. Þessi viðbrögð skulu ná til ráðstöfunar á óhreinum og spilltum afurðum, aðgerðum til að bregðast án tafar við óviðunandi ástandi og til að fyrirbyggja endurtekningu.
- 8.3. Kjötskoðunarlæknir skal ætíð fylgjast náið með aðgerðum og gera eigin athuganir ef þurfa þykir. Hann skal jafnframt reglulega skoða niðurstöður úr öllum rannsóknum og árita rannsóknaskýrslur.
- 8.4. Bæði sláturleyfishafi og kjötskoðunarlæknir skulu skrá greinilega á þar til gerð eyðublað þar aðgerðir sem gripið er til þegar niðurstöður fara út fyrir vikmörk. Þar skal koma skýrt fram, hvenær og hvernig sannað er að niðurstöður hafi reynst innan vikmarka eftir að aðgerðum lauk.
- 8.5. Eyðublað sem notað er við skráningar á innra eftirliti í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð skal vera þannig að unnt sé að skilja það og nota án viðbótar útskýringa.
- 8.6. Sláturleyfishafi skal gera viðeigandi ráðstafanir ef hann eða kjötskoðunarlæknir telur að innra eftirlitið, ákveðnir þættir þess eða framkvæmd þess í heild, hafi ekki skilað tilætluðum árangri.

9. *Fræðsla og þjálfun starfsfólks:*

- 9.1. Við nýráðningu starfsfólks og ætíð í upphafi sauðfjársláturtíðar skal fyrirtæki, í samvinnu við kjötskoðunarlækni, fræða starfsfólk um hreinlæti við matvælavinnslu, örverufræði, umgengnisreglur, vinnubrögð og persónulegt hreinlæti.
- 9.2. Starfsfólk sem vinnur með sláturdýr skal fræða um dýravernd og góða meðferð og meðhöndlun dýra í flutningum, í sláturhúsrétt og við aflifun og stungu.

10. *Móttöku- og afhendingareftirlit:*

- 10.1. Eftirlit skal haft með því hvort sláturdýr eru hrein og skal yfirdýralæknir útbúa staðla fyrir mat á óhreinindum. Ef sláturdýr eru óhrein skal útbúa frávikaskýrslu og kjötskoðunarlæknir skal staðfesta hana með áritun sinni. Sláturleyfishafi skal tilkynna innleggjanda niðurstöðuna og fara fram á úrbætur.
- 10.2. Skriflega lýsingu skal gera á móttökueftirliti og eftirliti með lestun afurða. Við móttöku á kjöti í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð á að fylgjast með hvaðan kjötið er, mæla hitastig þess og skoða ástand þess að öðru leyti, sem og hreinlætisástand á flutningatæki. Skrá skal niðurstöður úr þessu eftirliti.
- 10.3. Við afgreiðslu á kjöti úr sláturhúsi og kjötpökkunarstöð skal fylgjast með að það sé ómengað, rétt merkt og vel kælt (0-4°C) og að kjötflutningatæki sé hreint þannig að afurðir óhreinkist ekki eða skemmist á annan hátt. Þessi atriði á að skrá í skýrslu um afhendingareftirlit.

11. *Örverurannsóknir:*

- 11.1. Sláturleyfishafi skal taka sýni af yfirborði kjötskrokka til kólígerlarannsóknna. Yfirdýralæknir gefur fyrirmæli um aðferð við sýnatöku, tíðni sýnatöku, fjölda sýna og mat á niðurstöðum.
- 11.2. Embætti yfirdýralæknis skal eftir þörfum sjá um skipulegar örverurannsóknir á sláturafurðum.

12. *Innköllun á spilltum eða hættulegum vörum:*

- 12.1. Sláturleyfishafi skal tryggja að hægt sé að rekja uppruna afurða að minnsta kosti í heilum skrokkum og stórgripakjötsfjórðungum og útbúa áætlun um innköllun á

spilltum eða hættulegum afurðum. Hann skal setja skriflegar reglur í samráði við kjötskoðunarlækni og yfirdýralækni um hvenær grípa skuli til innköllunar, hver skuli gera það og hvernig.

13. Almenn t viðhald á byggingum og búnaði:

13.1. Sláturleyfishafi skal skipulega og reglulega skoða ástand bygginga og búnaðar í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð. Niðurstöður úr skoðuninni á að skrá og gera skal áætlanir um viðhald og endurbætur eftir þörfum.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 20. janúar 1999.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 40 7. janúar 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Kafli III. Tengigjöld hækkar um 2,4%.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1999

20. janúar 1999

81

Nr. 42

GJALDSKRÁ

fyrir tannlækningar veittar sjúklingum
sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari þegar um er að ræða:

- 1) Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c.-lið 1. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 og reglur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs.
- 2) Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, sem veita ber samkvæmt 37. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar, settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Þar sem skólatannlækningar eru fyrir hendi endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992 þegar um er að ræða tannlækningar barna og unglinga 6-15 ára hjá einkatannlæknum, aðrar en fyrirbyggjandi.

2. gr.

Gjaldliðir og fjárhæðir:

T = tímagjald er kr. 1.400 og reiknast fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur.

Almenningur.

001	Viðtal	T
002	Bráðahjálp	T
003	Sköðun (greining, skráning)	T
004	Áfangaeftirlit	T
005	Lyfseðill, vottorð, tilvísun	560
006	Læknisvottorð, umsókn (stöðluð eyðublöð)	1.120
007	Meðferðaráætlun, kostnaðaráætlun, mat, greinargerð og álitsgerð	T
010	Upphafsm mynd tekin á smáfilmu	1.050
011	Viðbótarmynd í sömu heimsókn	645
012	Bitewing, hver mynd	1.050
013	Heildarröntgen, fullorðinn	7.690
014	Heildarröntgen, barn	3.915
015	Occlusalmynd	1.620
016	Kjálkaliðsmynd	2.515
017	Profilmýnd	1.955

018	Orthopantomogram	2.185
019	Handarröntgenmynd	1.610
020	Eftirmynd v/010 - 012	455
021	Eftirmynd v/015 - 019	990
022	Tvímynd v/010 - 012	230
023	Tvímynd v/015 - 019	495
024	Ljósmynd	230
025	Vinnumodel: tekið mát per góm	1.400
026	Bitgreining	T
030	Yfirborðsdeyting, ein eða fleiri í sömu heimsókn	335
031	Deyting á tannsvæði einnar til þriggja tanna	515
032	Svæðisdeyting	840
035	Glaðloft (hámark 3xT)	T
040	Aðlögunarmedferð	T
050	Smitstroka	1.400
051	Munnvatnsprufa	1.400
052	Vefjasýni úr yfirborði mjúkvefs; sjálfstæð aðg.	2.795
053	Vefjasýni úr yfirborði beinvefs; sjálfstæð aðg.	4.195
054	Vefjasýni tekið samfara aðgerð	2.795
055	Eftirmeðferð	T
060	Sjúklings vitjað utan stofu	T
061	Bráðaútkall	T
099	Samkvæmt áður samþykktri umsókn	X

Fortannlækningar.

101	Bein fræðsla, leiðbeiningar	T
102	Óbein fræðsla í viðurvist tannlæknis eða aðstoðarmanns	840
104	Tannhreinsun, sýkla og tannsteinn fjarlægð	T
105	Tannhreinsun og pússaðar gamlar fyllingar	T
108	Röntgen, bitewing í forvarnarskygni, hver mynd	1.050
109	Röntgen, orthopantomogram í forvarnarskygni	2.185
110	Flúrlakkað, báðir gómar (tannhreinsun innif.)	3.705
111	Flúrpenslun, báðir gómar (tannhreinsun innif.)	2.015
115	Skorufylla, fyrsta tönn	1.835
116	Viðbótartönn	1.500
120	Termiskur, elektriskur stimulus	T
125	Meðhöndlun á sárum tannhálsi, 1-3 tennur	1.285
126	Hver fjórðungur	2.095

Tannfyllingar.

Gjald miðast við fullfrágengna fyllingu (pússaða)

Ljóshertar fyllingar (sýruætaðar)

Fram- og augtennur barna- og fullorðinstanna:

201	V. cl., III. cl.	4.245
202	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	3.200
203	IV. cl.	5.660
204	Meiriháttar uppbygging	11.320

Framjaxlar:

205	I. cl., V. cl.	4.245
-----	---------------------	-------

Bakjaxlar:

206	V. cl.	4.245
207	I. cl.	4.245
208	Viðbótarfylling, I. cl. (í sömu heimsókn)	3.200

Glerjónafyllingar**Fram- og augtennur barna- og fullorðinstanna:**

210	V. cl., III. cl., I. cl.	4.245
211	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	3.200

Framjaxlar:

212	I. cl.	3.200
213	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	2.400

Fram- og bakjaxlar:

214	V. cl.	4.245
215	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	3.200
216	I. cl.	4.245
217	Viðbótarfylling, I. cl. (í sömu heimsókn)	3.200
218	Gangafylling (tunnelfylling)	5.660
219	Viðbótargangafylling í sömu heimsókn	4.245

Önnur fyllingarefni (tannlituð)**Fram- og augtennur barna og fullorðinstanna:**

220	V. cl., III. cl.	3.200
221	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	2.400
222	IV. cl.	4.245

Framjaxlar:

223	I. cl., V. cl.	3.200
224	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	2.400

Bakjaxlar:

225	V. cl.	3.200
-----	-------------	-------

Silfurfyllingar**Fram- og augtennur, framjaxlar og fremri barnajaxlar:**

230	1 flötur	2.305
231	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	1.845
232	2 fletir	3.845
233	3 fletir	5.000
234	4 fletir	5.580
235	Amalgamkróna, (rótartífti ekki innifalið)	5.905

Bakjaxlar og aftari barnajaxlar:

236	1 flötur	2.305
237	Viðbótarfylling (í sömu heimsókn)	1.845
238	2 fletir	4.090
239	3 fletir	5.400
240	4 fletir	5.875
241	Amalgamkróna, (rótartífti ekki innifalið)	6.860
245	Bráðabirgðafylling	1.610
250	Tannspelka (space maintainer)	2.795
255	Parapulpastífti, 1 stífti	1.400
256	Viðbótarstífti	980
257	Rótartífti	1.495
258	Stöðluð stálkróna	7.045
259	Stöðluð plastkróna	7.045
260	Gúmmíúkur settur á 1-3 tennur	475
261	Gúmmíúkur settur á fjórðung	700
262	Aukabotnlag	560

Tannholsaðgerðir:

Bráðabirgðafrágangur milli heimsókna innifalinn		
301	Kvikuköppun, kvikuþekja (Ca (OH) 2) lögð	1.020
305	Kvikupekja (Ca (OH) 2) lögð	3.495
306	Formokresol meðferð	3.495
Fyrsta úthreinsun á rótargangi		
310	Einn gangur	3.455
311	Tveir gangar	4.055
312	Þrjár til fjórir gangar	6.640
Útvíkkun, skipt á tönn		
315	Einn gangur	T
316	Tveir gangar	T
317	Þrjár gangar	T
318	Fjórir gangar	T
319	Gömul rótfylling fjarlægð	T
Rótfylling (guttapercha, silfurstifti, Ca(OH)2)		
320	Einn gangur	3.455
321	Tveir gangar	4.055
322	Þrjár til fjórir gangar	6.640
Úthreinsun, útvíkkun og rótfylling í sömu heimsókn		
325	Einn gangur	7.270
326	Tveir gangar	8.530
327	Þrjár til fjórir gangar	11.185
Ýmislegt		
330	Paraformaldehyd meðferð og skyld efni	1.915
350	Tekið sýklasýni úr rótargangi, sérstök aðgerð	T
355	Tönn lýst	T

Tannvegslækningar:

Deyfing, saumur og umbúðir innifalið		
400	Rótarheflun, sjöttungsaðgerð	8.330
401	Sjöttungsauki	4.180
402	Fjórðungsaðgerð	11.145
403	Þriðjungsaðgerð	12.515
404	Nýfesta í beinpoka, ein tönn	7.355
405	Viðbótartönn	4.920
410	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, sjöttungsaðgerð	11.145
411	Sjöttungsauki	6.960
412	Fjórðungsaðgerð	14.835
413	Þriðjungsaðgerð	18.105
415	Skorið á varahaft, sjálfstæð aðgerð	7.815
420	Lágflípi (mod. Widman flap) sjöttungsaðgerð	12.585
421	Sjöttungsauki	6.275
422	Fjórðungsaðgerð	18.860
423	Þriðjungsaðgerð	20.970
424	Grunnflípi, djúpflípi (apically pos.flap) sjöttungsaðgerð	12.585
425	Sjöttungsauki	6.275
426	Fjórðungsaðgerð	18.860
427	Þriðjungsaðgerð	20.970
428	Bakflípi samfara tannholdsskurði	2.865
429	Skáflípi, sjálfstæð aðgerð	8.330
430	Samfara tannholdsskurði	2.795
435	Rót numin brott, tönn hlutuð, sjálfstæð aðgerð	9.060

436	Samfara tannholdsskurði	5.510
440	Tannholdsgræðlingur, sjöttungsáðgerð	12.585
445	Umbúðir lagðar	2.965
446	Skipt um umbúðir, pússað	5.900
447	Umbúðir fjarlægðar, pússað	2.965
455	Stungið á graftarígerð	T
460	Skadabit slípað	T

Munn- og kjálkaskurðlækningar.

Deyfing, saumur og umbúðir innifalið

500	Hæg tönn, rót dregin	2.000
501	Tönn, rót dregin (normal)	4.125
502	Viðbótartönn, rót	1.580
505	Óhæg tönn, rót dregin	5.520
506	Viðbótartönn, rót	2.755
512	Tönn beinlæg að hluta, fjarlægð	9.785
513	Viðbótartönn	7.270
514	Beinlæg tönn fjarlægð	12.585
515	Viðbótartönn	8.670
516	Djúplæg, rangstæð tönn fjarlægð	14.820
520	Tönn, rót fjarlægð úr sinus max. og opi inn í kinnkjálkaholu lokað m/slímhúðarflipa	14.820
521	Opi lokað með slímhúðarflipa samfara tanndrætti	4.430
522	Djúpstæð rót, brot fjarlægt; slímhúðarflipun	7.775
525	Opnað inn á beinlæga tönn	8.670
526	Rót stytt	11.185
527	Viðbótarrót, hliðstæð	7.495
528	Plastisk fylling í rótarenda	1.875
530	Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall	11.270
531	Viðbótartönn	6.990
535	Uppkominni tönn plantað	8.390
536	Beinlægri tönn plantað	11.185
537	Ný tannhola (alveolus) gerð	8.390
540	Mjúkvefur fjarlægður, sjöttungsáðgerð	6.960
541	Sjöttungsauki	4.420
542	Skorið á tungu- eða varahaft	6.375
545	Kjálkahnúður (torus mand.) öðrum megin	8.950
546	Báðum megin	14.540
547	Gómbeingsgarður (torus platinus)	8.950
548	Beinþorn (exostosis alveolaris) sjöttungsáðgerð	12.585
549	Sjöttungsauki	5.870
550	Tuberaðgerð (tuber maxillae) öðrum megin	9.785
551	Báðum megin	13.700
555	Æxli, blöðruæxli í mjúkvef fjarlægt	11.185
560	Útvíkkun á útfærslugangi, steinn fjarlægður	T
580	Stungið á kýli	2.795
581	Stungið á kýli utan munns	3.075
585	Áverkasár (skurðsár, höggsár) hreinsað, búið um	T
586	Aðskotahlutur fjarlægður úr mjúkvefi, búið um	T
587	Úr harðvefi	T

Steypt tanngervi.

Öll klínísk vinna innifalin

Steyptar fyllingar, brenndar fyllingar**Fram- og augtennur, framjaxlar:**

601	1 flötur	8.390
602	2 fletir	11.185
603	3 fletir	17.125
604	Gullvarp (onlay)	17.125

Jaxlar:

605	1 flötur	8.390
606	2 fletir	13.420
607	3 fletir	22.090
608	Gullvarp (onlay)	22.090

Fyllingar pinnaðar

610	Fylling pinnuð, pr. pinni	1.400
-----	---------------------------------	-------

Postulín - brenndar gullkrónur

615	Framtönn, augntönn	20.970
616	Framjaxl	20.970
617	Jaxl	20.970

Málmkrónur, skelkrónur (facettukrónur), pinnakrónur**Fram- og augtennur:**

620	3/4 króna	17.520
621	Heilkróna	17.520
622	Pinnakróna (pinledge)	20.580

Framjaxlar:

623	4/5 króna	17.520
624	Heilkróna	17.520
625	Pinnakróna (pinledge)	20.580

Jaxlar:

626	4/5 króna	22.410
627	Heilkróna	20.050
628	Pinnakróna (pinledge)	23.055

Möttulkróna

641	Postulínsskelkróna	22.130
-----	--------------------------	--------

Stiftkrónur

645	Postulínsstiftkróna	20.970
646	Stiftkróna að modum Richmond, plast	20.970
647	Stiftkróna að modum Richmond, postulín	20.970
648	Plaststiftkróna (plast á gullbasis)	17.670

Krónuuppbygging úr málm

650	Á rótarstifti (basis, kjarni)	10.485
651	Viðbótarstifti (í sömu tönn)	1.400
652	Rótarstifti mótað í munn (direct)	11.185

Eðalbrú

655	Svifliður	11.465
656	Milliliður	13.980

Ætufestar brýr

660	Hver brúarstöpull, álímdur	18.175
661	Hver milliliður sbr. 655, 656	

Bráðabirgðakrónur

665	Plastkróna (direct)	3.915
666	Plastkróna (indirect)	3.915
667	Stiftkróna (direct)	4.360

668	Stiftkróna (indirect)	4.360
669	Málmkróna	1.425
Bráðabirgðabru, viðgerðir		
670	Hver eining (direct)	4.195
671	Hver eining (indirect)	2.795
675	Tanggervi fjarlægt	T
676	Krónuskel (facetta), króna, brú endurfest	T
677	Plastkróna sett á stifti	7.675
678	Postulínskróna sett á stifti	7.675

Heilgóma- og partagerð.

Öll klínísk vinna innifalin		
701	Stakur heilgómur	29.290
702	Báðir gómar	50.975
703	Blóðgómur með 10 tönnum eða fleiri	29.290
704	Ásetugómur	29.290
705	Málmgómur (heilgómur)	29.290
710	Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum	12.585
711	Bráðabirgðapartur með 4-6 tönnum	18.175
712	Bráðabirgðapartur með 7 eða fleiri tönnum	22.370
713	Stálpatur	30.755
714	Hver tönn í stálpatur	2.795
720	Bein fóðrun, pr. góm	6.290
721	Fóðrun (relining)	10.835
722	Fóðrun (rebasing)	13.925
723	Bráðabirgðafóðrun í mjúkt plast, góm	4.195
724	Sprungu í heilgómi, brotinn heilgómur	1.790
725	Laus tönn	755
726	Brotin tönn	1.400
727	Viðbótartönn	755
728	Gómhlað (postdam)	3.200
729	Stækkun á plastparti, 1 tönn	4.475
730	Hver viðbótartönn	1.400
731	Stækkun á málmparti, ein tönn	T
732	Hver viðbótartönn	T
733	Varanleg mjúkfóðrun	10.835
734	Sprungu í söðli	T
735	Brotinn söðull	T
736	Viðgerð á málmhluta	T
737	Bráðkróki bætt á part	T

Bitlækningar.

Tannsmíði og 3 lagfæringar innifaldar		
901	Slökun - biofeedback	T
902	ANS meðferð	T
911	Hitameðferð	T
912	Frysting	T
913	Lækninganudd	T
914	Raförvun	T
915	Æfingar	T
921	Bitplata v. tanngnísturs	9.785
922	Bithlíf, hörð	27.025
923	Bithlíf, mjúk	20.265

924	Bitspelka við óstöðugum kjálkalið	27.025
925	Lagfæringar á bittækjum	T
926	Bitslípun	T

Munnsjúkdómar.

1001	Húðsýni (vefjasýni) tekið til rannsóknar	2.300
1002	Úrvinnsla á rannsóknargögnum (max.3T)	T
1003	Rannsókn á bakteríusýni úr tannvegi	2.300
1004	Viðbótarrannsókn við 1003 (v/actinobacillus)	575
1005	Ranns. á sveppa-, tannátu- eða sýni úr slímhúð	575
1006	Ranns. á sýni úr tannkýli, minniháttar	1.150
1007	Ranns. sbr. 1006, meiriháttar (actinomycosis)	2.300
1008	Rannsókn á sýni úr rótargangi	1.150

3. gr.

Reikningar frá tannlækni sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur veitt sérfræðileyfi í tiltekinni grein tannlækninga mega vera með allt að 20% álagi ofan á þá gjaldskrárliði og/eða gjaldskrárflokka sem falla sérstaklega undir sérgrein viðkomandi tannlæknis.

4. gr.

Við beitingu á gjaldskrárliðum skal farið eftir skýringum sem fylgdu gjaldskrá fyrir skólatannlækningar nr. 166/1992.

5. gr.

Reikningar tannlækna vegna tannlæknaþjónustu sem gjaldskrá þessi tekur til skulu gerðir á reikningsformi Tryggingastofnunar ríkisins fyrir tannlækningar og sundurliðaðir samkvæmt gjaldskrá þessari og taxtaskýringum, sbr. 4. gr. Tryggingayfirtannlæknir hefur eftirlit með reikningsgerðinni.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gildir frá 16. janúar 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 20. janúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1999

20. janúar 1999

89

Nr. 43

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum,
með síðari breytingum.

1. gr.

4. tölul. 23. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Innheimta skal vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga í samræmi við eftirfarandi flokka:

<i>Flokkur</i>	<i>Bensínvélar</i>	<i>Dísilvélar</i>	<i>Gjald í %</i>
I	0 — 1.600	0 — 2.100	14
II	1.601 — 2.500	2.101 — 3.000	16
III	yfir 2.500	yfir 3.000	21

Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu. Umsækjandi telst hafa akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu ef hann uppfyllir skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 24. gr.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Lækkun vörugjalds af leigubifreiðum er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Umsækjandi hafi atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, skv. lögum um leigubifreiðar og leggi fram vottorð því til staðfestingar.
2. Umsækjandi njóti ekki eftirgjafar vegna annarrar leigubifreiðar.
3. Umsækjandi undirriti yfirlýsingu þess efnis að hann skuldbindi sig til þess að endurgreiða eftirgefið vörugjald að fullu, með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr., hafi hann ekki að lágmarki 1.164.000 kr. í reiknað endurgjald af leiguakstri, sbr. 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, annað af næstu tveimur heilu almanaksárum eftir að eftirgjöf er veitt og að bifreiðin verði skráð sem leigubifreið í ökutækjaskrá.

Að loknum þremur árum frá eftirgjöf ber þeim er eftirgjafar nýtur að senda viðkomandi tollstjóra staðfest endurrit af skattskýrslum næstu tveggja heilu almanaksára eftir að eftirgjöf var veitt. Berist tollstjóra ekki framangreind skattframtöl skal hann innheimta eftirgefið vörugjald að fullu með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr.

Kvöð samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. skal þinglýst á viðkomandi bifreið. Óheimilt er að afmá kvöðina nema skilyrði 1. og 2. mgr. eða 4. mgr. hafi verið uppfyllt og tollstjóri gefið út vottorð því til staðfestingar.

Selji sá sem notið hefur eftirgjafar bifreiðina innan þriggja ára, eða taki hana til annarrar notkunar en leiguaksturs, skal hann endurgreiða eftirgefið vörugjald með verðbótum í samræmi við 2. mgr. 26. gr. Uppfylli hann skilyrði 3. tölul. 24. gr. skal, um endurgreiðslu eftirgefins vörugjalds, fara eftir ákvæðum 26. gr.

3. gr.

2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. janúar 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Tómas N. Möller.

STJÓRNARTÍÐINDI B 8 – 1999

7. janúar 1999

91

Nr. 44

REGLUGERÐ

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að greiða sveitarfélögunum framlög samkvæmt III. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem aflar upplýsinga á vegum hans, greiðir framlög úr sjóðnum og sér um bókhald hans. Handbært fé sjóðsins skal geymt í banka með ríkisábyrgð.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 7. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 4. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga, skólaskrifstofur sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga skulu annast upplýsingaöflun og útreikninga, sem úthlutun framlaga byggist á, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum kostnað þann sem til kann að falla við upplýsingaöflun og útreikninga skv. 2. mgr.

4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum, önnur en bundin framlög skv. 7. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr sjóðnum.

II. KAFLI

Tekjur Jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemur 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- b. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

- c. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga er nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert (sbr. reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 653/1997 með síðari breytingum).
- d. Vaxtatekjur.

III. KAFLI

Framlög úr Jöfnunarsjóði.

6. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

7. gr.

Bundin framlög.

Bundin framlög eru svo sem hér greinir:

- a. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,58% af tekjum sjóðsins.
- b. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af tekjum sjóðsins, og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna.
- c. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af tekjum sjóðsins.
- d. Framlag til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1984.

Greiðslur framlaga samkvæmt þessari grein skulu inntar af hendi mánaðarlega í samræmi við greiðsluáætlun sem gera skal í byrjun hvers árs.

8. gr.

Sérstök framlög.

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 10,5% af tekjum sjóðsins, sbr. 9. gr.
- d. Til að aðstoða sveitarfélög við að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 18,5% af tekjum sjóðsins, sbr. 10. gr.

Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

9. gr.

Stofnframlög.

Framlögum skv. c-lið 8. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við eftirtaldar framkvæmdir:

- a. allt að 50% af stofnkostnaði við meiri háttar vatnsveituframkvæmdir, þ.e. vatnstökuvirki, aðveituæðar og miðlunargeyma,
- b. allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja og kostnaði við byggingu eða kaup á húsnæði fyrir dagvistun barna,
- c. allt að 20% af byggingarkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag, og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma.

Hundraðshluti framlaga skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal reiknaður af eðlilegum stofnkostnaði framkvæmdar (normkostnaði) framreiknuðum skv. byggingarvísitölu.

Ráðgjafarnefnd setur nánari vinnureglur um útreikning framlaganna.

10. gr.

Framlög til rekstrar grunnskóla vegna aksturs o.fl.

Framlögum skv. d-lið 8. gr. skal varið til að standa undir rekstrarkostnaði grunnskóla sveitarfélaga með innan við 2000 íbúa vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, þ.e. kostnaði við akstur, heimavistir, mótuneyti og gæslu barna úr dreifbýli. Framlög skulu miðuð við fjölda starfsvikna í skóla og akstursvegalengd milli skóla og heimilis nemanda samkvæmt eftirfarandi reglu:

3-4,9 km	1.982 kr. á viku á nemanda.
5-14,9 km	3.252 kr. á viku á nemanda.
15-29,9 km	4.953 kr. á viku á nemanda.
30 km og yfir	6.811 kr. á viku á nemanda.

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í ágúst 1998 og breytast 1. september ár hvert í samræmi við breytingar á neysliverðsvísitölu án húsnæðisþáttar (185,6 í ágúst 1998).

Þegar nemendur ferðast með öðrum farartækjum en bifreiðum til og frá skóla má miða framlag samkvæmt þessari grein við áætlun forstöðumanna skólaskrifstofa um ferðakostnað.

Forstöðumenn skólaskrifstofa senda félagsmálaráðuneytinu við upphaf skólaárs upplýsingar og útreikninga um framlög samkvæmt þessari grein og áætlun um framlög næsta skólaár.

Framlög samkvæmt þessari grein skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um skóla og skulu greiðslur berast mánaðarlega á starfstíma skóla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að greiða framlag til rekstrar grunnskóla í sveitarfélagi sem hefur yfir 2000 íbúa eftir sameiningu sveitarfélaga. Þetta er þó háð því að framlag hafi áður verið greitt viðkomandi sveitarfélögum og þau hafi verulegan kostnað af nemendum úr dreifbýli.

Heimilt er að leiðrétta útreiknað framlag til sveitarfélags samkvæmt þessari grein til samræmis við áðurgildandi reglur um kostnaðarþátttöku ríkis í rekstri viðkomandi skóla.

Heimilt er að greiða grunnskólaframlag til sveitarfélags er sendir frá sér nemendur í fjarlægum skóla vegna þess að ekki er grundvöllur fyrir að fullnægja skólaskyldu í sveitarfélaginu. Framlagið miðist við fjölda nemenda og viðmiðunartaxta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

11. gr.

Tekjujöfnunarframlög.

Félagsmálaráðherra gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um álagðar skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt skrá um fullnýtingu tekjustofna, þ.e. útsvars, fasteignaskatts og framleiðslugjalds. Með útsvari er átt við álagt útsvar á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs.

Á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

- a. meðaltal á hvern íbúa í Reykjavík,
- b. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 10.000 íbúa og fleiri, öðrum en Reykjavík,
- c. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með 300-9.999 íbúa,
- d. meðaltal á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa.

Við ákvörðun meðaltals í sveitarfélögum skv. c- og d-lið skal meiri háttar fasteignaskattsálagningu vegna virkjana og stórfyrirtækja sleppt í viðmiðuninni, enda hafi slík álagning veruleg áhrif á viðmiðunartekjur viðkomandi flokks.

Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi miðað við fullnýtingu tekjustofna er lægra en 96% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skv. 2. mgr. skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.

Heimilt er að miða tekjujöfnunarframlög til þéttbýlissveitarfélaga með færri en 300 íbúa við c-lið 2. mgr.

Heimilt er að skerða tekjujöfnunarframlag til sveitarfélags vanræki það að mati Jöfnunarsjóðs að viðhalda eðlilegu fasteignamati í sveitarfélaginu.

Fjárhæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af þeim fjárumum sem Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga hverju sinni.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert.

12. gr.

Þjónustuframlög.

Við úthlutun þjónustuframlaga til sveitarfélaga skal nota eftirfarandi viðmiðunarflokka og skal hlutfallsleg skipting þess fjár, sem varið er til framlaganna, vera sem hér segir:

Viðmiðanir:

Hlutfall af heild:

1.	Íbúafjöldi 0 - 5 ára	32,0%
2.	Íbúafjöldi 6 - 15 ára	20,0%
3.	Íbúafjöldi 70 - 80 ára	9,5%
4.	Íbúafjöldi 81 árs og eldri	9,5%
5.	Fjöldi nýbúa 0 - 5 ára	2,5%
	Samtals íbúatengd framlög:	73,5%
6.	Snjómokstur	10,0%
7.	Fjarlægðir/vegakerfi (kmfjöldi)	16,5%
	Samtals	100%

A. Íbúatengd framlög.

Við útreikning íbúatengdra framlaga annarra en vegna nýbúa skal miða við að öll sveitarfélög fái ákveðið lágmarksframlag. Þau sveitarfélög, þar sem viðkomandi aldurshópar vega þungt í heildaríbúafjölda sveitarfélagsins, reiknast með hlutfallslega hærra framlag en önnur. Framlögin reiknast þannig (sjá fylgiskjal 1):

1. Íbúafjöldi 0 - 5 ára.

Fjárhæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 81,5% af heildarfjárhæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 0 - 5 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.

- b. 18,5% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 0 - 5 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

2. *Íbúafjöldi 6 - 15 ára.*

Fjórðæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 75,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 6 - 15 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- b. 25,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 6 - 15 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

3. *Íbúafjöldi 70 - 80 ára.*

Fjórðæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 70,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 70 - 80 ára þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- b. 30,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 70 - 80 ára þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

4. *Íbúafjöldi 81 árs og eldri.*

Fjórðæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skiptist í tvennt:

- a. 75,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 81 árs og eldri þar sem fjöldi þeirra er undir landsmeðaltali.
- b. 25,0% af heildarfjórðæðinni skal dreifa jafnt á þá íbúa sveitarfélaga 81 árs og eldri þar sem fjöldi þeirra er yfir landsmeðaltali.

5. *Fjöldi nýbúa 0 - 5 ára.*

Fjórðæð samkvæmt þessum viðmiðunarflokki skal dreifa jafnt til sveitarfélaga eftir fjölda nýbúa á aldrinum 0 - 5 ára. Upplýsingar um fjölda nýbúa í sveitarfélögum skal fá frá Hagstofu Íslands á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs setur.

B. Stærðarhagkvæmni.

Þegar lokið er útreikningi íbúatengdra framlaga samkvæmt reglum þessarar greinar skal umreikna þau með tilliti til stærðarhagkvæmni hvers sveitarfélags. Við umreikninginn skal nota stuðla sem byggjast á íbúafjölda sveitarfélags. Stuðlarnir eru fundnir þannig (sjá nánar fylgiskjal 2):

Sveitarfélög með 50 íbúa og færri fá stuðulinn 0.

Sveitarfélög með 50 - 2.000 íbúa fá stuðulinn 1,0.

Sveitarfélög með 2.000 - 3.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 1,0 - 0,92.

Sveitarfélög með 3.000 - 4.750 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,92 - 0,45.

Sveitarfélög með 4.750 - 6.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,45 - 0,36.

Sveitarfélög með 6.000 - 8.500 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,36 - 0,27.

Sveitarfélög með 8.500 - 21.000 íbúa fá stuðul hlutfallslega á bilinu 0,27 - 0.

C. Snjómokstur.

Útgjaldþörf sveitarfélaga vegna snjómoksturs skal meta þannig:

Mæla skal vegalengdir þeirra gatna og vega þar sem sveitarfélagið ber kostnað af snjómokstri. Eftirfarandi götur skal mæla:

a. Götur í þéttbýli sveitarfélaga.

b. Safnvegir allra sveitarfélaga.

c. Aðrir vegir þar sem sveitarfélög bera kostnað af snjómokstri.

Einungis skal reikna með 5% af vegalengdum safnvega og allt að 5% annarra vea en þeirra sem eru í þéttbýli.

Sveitarfélögum skal skipt upp í þrjú svæði eftir snjóþunga. Sunnanvert landið, miðbik landsins og nyrsti hluti landsins (sjá fylgiskjal 3). Syðsti hluti landsins fær stuðulinn 0. Sveitarfélög á því svæði fá engin framlög. Sveitarfélög í miðhluta landsins fá stuðulinn 1,0 og sveitarfélög í nyrsta hluta landsins fá stuðulinn 2,0. Framlög reiknast þannig (sjá nánar fylgiskjal 1):

Framangreindar gatna- og vegalengdir sveitarfélaga skal margfalda með viðeigandi stuðli. Ef hlutfallið vegalengd á móti íbúafjölda í sveitarfélagi er hærra en landsmeðaltal fær sveitarfélagið framlag sem nemur ákveðnu hlutfalli af því sem til skipta er.

Vegalengdir samanlagt á öllu landinu er lengd vea í þéttbýli, lengd safnvega og annarra vea þar sem sveitarfélög hafa kostnað af snjómokstri. Safnvegir og aðrir vegir eru reiknaðir með 5% vægi en vegir í þéttbýli með 100% vægi.

D. Fjarlægðir, vegakerfi.

Taka skal tillit til hlutfalls íbúa í þéttbýli og dreifbýli. Fjarlægðir í sveitarfélögum skulu mældar á eftirfarandi hátt:

- a. Settir skulu punktar á ystu mörk sveitarfélags, þó aldrei lengra en á ystu mörk byggðar, í norðri, austri, suðri og vestri eða annars staðar eftir aðstæðum.
- b. Vegalengdir skulu mældar frá þessum punktum miðað við stystu akstursleið að stærsta þéttbýliskjarna sveitarfélags eða miðpunkti þess ef enginn þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu.

Þannig mældar vegalengdir skal síðan margfalda með stuðlum sem eru misjafnir eftir sveitarfélögum miðað við hlutfall íbúafjölda í þéttbýli og dreifbýli. Stuðlana skal reikna þannig (sjá nánar fylgiskjal 4):

Þéttbýli 0% - 50%

Sveitarfélög með 0% þéttbýli (alger dreifbýlissveitarfélög) fá stuðulinn 0,1, þ.e. 10% af vegalengd sinni og þar með skerðingu um 90%.

Sveitarfélög með 50% þéttbýli fá stuðulinn 1,0, þ.e. enga skerðingu.

Sveitarfélög með hlutfall þéttbýlis er liggur á milli 0% og 50% fá hlutfallslegan stuðul þar á milli.

Þéttbýli 50% - 90%

Sveitarfélög fá stuðul frá 1,0 (50% þéttbýli) upp í 1,2 (90% þéttbýli).

Sveitarfélög þar á milli fá hlutfallslegan stuðul.

Þéttbýli 90% - 100%

Sveitarfélög fá stuðulinn 1,2 (90% þéttbýli) niður í stuðulinn 0 (100% þéttbýli) og hlutfallslega þar á milli.

Í þeim sveitarfélögum þar sem fleiri en einn þéttbýliskjarni er og annar eða einn þeirra er verulega stór skal eingöngu litið á stærri eða stærsta þéttbýliskjarnann sem þéttbýli en á hinn eða hina sem dreifbýli.

Í þeim sveitarfélögum þar sem einn þéttbýliskjarni er og hlutfall íbúafjölda í þeim kjarna er verulega lágt skal líta á það sem dreifbýli (sjá nánar fylgiskjal 1).

Nýtist framlög samkvæmt viðmiðun um fjarlægðir/vegakerfi ekki að fullu er heimilt að verja því fé sem óráðstafað er til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. a-lið 8. gr.

E. Skerðing þjónustuframlaga.

Þjónustuframlögin skal skerða hjá sveitarfélögum sem hafa hlutfallslega háar tekjur á íbúa miðað við önnur sveitarfélög. Skerðingin hefst þegar meðaltekjur á íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 15% yfir viðmiðunartekjum, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar. Þjónustuframlög falla niður þegar meðaltekjur á íbúa eru 30% yfir viðmiðunartekjum. Skerðing innan þessara marka skal vera hlutfallsleg.

F. Greiðslufyrirkomulag.

Í ársbyrjun skal gerð áætlun um úthlutun þjónustuframlaga á árinu. Áætlunin skal byggð á jöfnunarsjóðskafla laganna um tekjustofna sveitarfélaga, upplýsingum um tekjur sjóðsins á fjárlögum ársins og íbúaskrá sveitarfélaganna 1. desember árið á undan, ásamt ákvæðum þessarar greinar.

Framlögin skulu greidd sveitarfélögum í lok hvers ársfjórðungs. Þó skal haldið eftir 10% af áætluðum framlögum til að mæta því ef tekjur sjóðsins verða minni eða útgjöld meiri en áætlað var. Við endanlegt uppgjör framlaganna í árslok skal endurskoða áætlunina á grundvelli upplýsinga um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga árið á undan og í ljósi þess heildarfjármagns sem til ráðstöfunar er til þjónustuframlaga.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 105/1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal 1.**Leiðbeiningar um útreikning þjónustuframlaga.****Íbúatengd framlög.***Gefnar forsendur:*

Íbúafjöldi alls landsins 0-5 ára er 27.200 börn.

Heildaríbúafjöldi alls landsins er 267.800.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda er því 10,2%, þ.e. landsmeðaltal.

Sú fjárhæð, sem skiptist á börn þar sem fjöldi þeirra í sveitarfélaginu er undir landsmeðaltali, 10,2%, er 155 millj. kr.

Fjöldi barna í þeim hópi er 26.240.

Fjárhæð á hvert barn er því 5.907 kr.

Sú fjárhæð, sem skiptist á börn þar sem fjöldi þeirra í sveitarfélaginu er yfir landsmeðaltali, 10,2%, er 35 millj. kr.

Fjöldi barna í þeim hópi er 960.

Fjárhæð á hvert barn er því 36.458 kr.

Sveitarfélag A, íbúafjöldi 1.000.

Í aldurshópnum 0-5 ára í sveitarfélaginu eru 100 börn.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda sveitarfélagsins er 10%, þ.e. undir landsmeðaltali.

Reiknað framlag sveitarfélagsins (óháð stærðarhagkvæmni eða skerðingu vegna tekna) yrði því:

100 börn/26.240 börn => 0,381%

0,381% * 155 millj. kr. => 590.700 kr. eða 5.907 kr. á hvert barn.

Sveitarfélag B, íbúafjöldi 1.000.

Í aldurshópnum 0-5 ára í sveitarfélaginu eru 150 börn.

Hlutfall 0-5 ára barna af heildaríbúafjölda er 15%, þ.e. yfir landsmeðaltali.

Fjöldi barna undir landsmeðaltali er 102 börn (10,2% af 1.000).

Reiknað framlag sveitarfélagsins (óháð stærðarhagkvæmni og skerðingu vegna tekna) yrði því:

Þar sem fjöldi barna er undir landsmeðaltali:

102 börn/26.240 börn => 0,389%

0,389% * 155 millj. kr. => 602.514 kr. eða 5.907 kr. á hvert barn.

Þar sem fjöldi barna er yfir landsmeðaltali:

48 börn/960 börn => 5,0%

5,0% * 35 millj. kr. => 1.749.984 kr. eða 36.458 kr. á hvert barn.

Samtals 2.352.498 kr. eða 15.683 kr. á hvert barn.

Snjómokstursframlög.

Gefnar forsendur:

Vegalengdir samanlagt á öllu landinu, þegar búið er að margfalda þær með vægi vegalengda og viðkomandi stuðlum vegna snjóþyngdar, eru 700 km.

Hlutfall þessara vegalengda miðað við íbúafjölda landsins er um 0,26%, þ.e. landsmeðaltal (700 km/267.800 íbúar).

Af þessum 700 km eru samtals 540 km sem liggja yfir landsmeðaltali.

Fjárhæð í þessum flokki þjónustuframlaga er 55 millj. kr. eða 101.852 kr. á hvern km yfir landsmeðaltali.

Íbúafjöldi sveitarfélags er 1.000.

Sveitarfélagið er á norðanverðu landinu, þ.e. með snjóþyngdarstuðulinn 2.

Vegalengdir í þéttbýli: 10 km

Vegalengdir safnvega: 10 km

Aðrir vegir: 0 km

Þar sem aðeins er reiknað með 5% af vegalengd safnvega og annarra vega er útkoman 10,5 km.

Vegalengdir margfaldaðar með snjóþyngdarstuðli eru: $10,5 * 2 \Rightarrow 21$ km.

Dæmi um útreikning:

Vegalengdir sem eru undir landsmeðaltalinu 0,26%:

$0,26\% * 1.000$ íbúafjöldi $\Rightarrow 2,6$ km.

Vegalengdir yfir landsmeðaltali eru því: 21 km — 2,6 km $\Rightarrow 18,4$ km.

$18,4$ km/ 540 km $\Rightarrow 3,41\%$

$3,41\% * 55$ millj. kr. $1.874.077$ eða 101.852 kr. á hvern km.

Fjarlægðarframlög.

Gefnar forsendur:

Sveitarfélag 1.000 íbúar.

Mældar fjarlægðir í sveitarfélagi skv. 1. mgr. d-liðar 12. gr. er 20 km.

Hlutfall þéttbýlis er 40% og fær sveitarfélagið því stuðulinn 0,82.

Fjarlægðir margfaldaðar með stuðli: 20 km * $0,82 \Rightarrow 16,4$ km.

Samtals fjarlægðir á öllu landinu eftir margföldun með stuðli eru: 2.840 km.

Fjárhæð í þessum flokki þjónustuframlaga er 55 millj. kr.


Dæmi um útreikning.

Framlag:


$16,4$ km/ 2.840 km $\Rightarrow 0,577\%$

$0,577\% * 55$ millj. kr. $\Rightarrow 317.602$ kr. eða 19.366 kr. á hvern km.

Fylgiskjal 2.




Fylgiskjal 3.



Eftirtalin sveitarfélög teljast einnig með nýrsta hluta landsins:
 5200 Sveitarfélagið Skagafljófur, 5508 Sameinabó sveitarfélag í Vestur-Húnavatnssýslu, 6606 Bárðadalshreppur, 6607 Skútustaðahreppur,
 7000 Seyðisfjarðarkaupstaður, 7509 Borgarfjarðarhreppur og 7512 Norður-Hérað.

Fylgiskjal 4.



AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík - Boðagrandi 2.

Samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur borgarráð Reykjavíkur þann 29. september 1998 samþykkt deiliskipulag lóðarinnar Boðagrandi 2, þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 18. janúar 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

20. janúar 1999

Nr. 46

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 10. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveggar.

Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir einnar hæðar hús að Dalshrauni 1 er felldur niður og í stað hans er gert ráð fyrir þriggja hæða húsi, vestan við núverandi byggingu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag, af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, fyrir sama svæði frá 1984.

20. janúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

15. janúar 1999

Nr. 47

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag í Hálsabyggð (Mið-Háls) í landi Ánabrekku, Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. janúar 1999.

Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag leikskólalóðar við Núpaland.

Á fundi bæjarráðs 7. janúar 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi leikskólalóðar við Núpaland í Kópavogi. Í breytingunni felst að leikskólalóð er færð vestar (nær Melalind 10-12) og skólagarðar austur fyrir leikskólalóðina í átt að Lindaskóla. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 9. nóvember til 11. desember 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 18. janúar 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

ARÐSKRÁ

fyrir Veðifélag Apavatns.

<i>Lögbýli</i>	<i>Einingar</i>
Austurey I	29,5
Austurey II	29,5
Útey I	12,5
Útey II	12,5
Efra-Apavatn I	33,0
Efra-Apavatn II	33,0
Neðra-Apavatn	54,6
Vatnsholt	32,5
Hagi I	19,5
Hagi II	19,5
Lækjarhvammur og Gröf	11,1
Þóroddsstaðir	4,5
Mosfell	4,8
Þórisstaðir	0,5
Svínavatn	3,0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjálparstarf kirkjunnar.

1. gr.

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er af Þjóðkirkju Íslands og starfar á hennar vegum. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Biskup Íslands er verndari stofnunarinnar. Merki hennar er fiskur og kross í skál, blátt að lit. Stofnunin er aðili að hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins, Alkirkjuráði og alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna (ACT International). Á erlendum málum er heiti stofnunarinnar: Icelandic Church Aid, skammstafað Icechurchaid, og Kirkens Nødhjelp i Island.

2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 300.000 - þrjú hundruð þúsund krónur.

3. gr.

Hlutverk Hjálparstarfs kirkjunnar er að hafa forgöngu um og samhæfa mannúðar- og hjálparstarf íslensku kirkjunnar innanlands sem utan. Helstu verkefni hennar eru:

A. Innanlands.

- a) Að veita skyndihjálp í neyðartilfellum.
- b) Að veita aðstoð innlendum líknarfélögum.
- c) Að samræma og skipuleggja líknarstarf innan kirkjunnar og vera prestum og söfnuðum til aðstoðar í þeim efnum eftir þörfum.
- d) Að leitast við að afla nákvæmra upplýsinga um einstaklinga og/eða málefni, sem ástæða er til að styrkja hverju sinni. Skal hafa sem nánast samráð við og leita tilstyrks sóknarpresta, fulltrúaráðs, félagsmálastofnana og annarra kunnugra aðila. Á valdi stjórnar er, hvort aðstoð skuli veitt og þá með óafturkræfu framlagi, ávísun á verðmæti eða láni.

B. Erlendis.

- a) Að veita nauðstöddum kirkjum aðstoð og styðja starfsemi þeirra.
- b) Að veita bágstöddum neyðar- og þróunaraðstoð.
- c) Að veita aðstoð flóttafólki sem býr við bág kjör.
- d) Að stuðla að því að mannréttindi séu virt.

C. Fræðsla.

Til þess að ná þessum markmiðum skal Hjálparstarf kirkjunnar standa fyrir fræðslustarfi. Þar skal stefnt að því að fræða landsmenn um neyðar-, þróunar-, mannúðar- og mannréttindamál. Jafnframt skal veita landsmönnum upplýsingar um hjálparstarf stofnunarinnar á hverjum tíma. Ennfremur skal leitast við að fræða um sérstöðu Hjálparstarfs kirkjunnar sem kirkjulegrar stofnunar og kenna grundvallaratriði í afstöðu kristinna manna til þarfandi meðbræðra.

4. gr.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með Lútherska heimssambandinu og Alkirkjuráði. Jafnframt getur stofnunin starfað með innlendum og erlendum kirkjum, innlendum og erlendum félagasamtökum, mannúðar- og hjálparstofnunum.

5. gr.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð sína án tillits til hverjir viðtakendur eru og hver sé orsök neyðarinnar.

6. gr.

Enginn getur krafist aðstoðar frá Hjálparstarfi kirkjunnar.

7. gr.

Tekjur Hjálparstarfs kirkjunnar eru m.a.:

- a) Framlög styrktarmanna, fyrirtækja og opinberra aðila.
- b) Tekjur af almennum söfnunum.
- c) Framlög frá einstaklingum og stofnunum.
- d) Vaxtatekjur og fleira.

8. gr.

Fé, sem safnað er til sérstakra verkefna, skal renna til þeirra óskipt að frádregnum söfnunarkostnaði og framlagi í rekstrar- og fræðslusjóð. Fé stofnunarinnar skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt. Reikningsyfirlit hverrar einstakrar söfnunar, þ.e. yfirlit yfir innkomið söfnunarfé, kostnað, laun og ráðstöfun fjárins, skal fært sérstaklega í bókhaldi stofnunarinnar sem sjálfstæð eining. Stjórn stofnunarinnar skal sjá um að birta reikningsyfirlit einstakra safnana í samræmi við fyrirmæli laga um opinberar fjársafnanir nr. 5/1977.

9. gr.

Rekstrar- og stjórnunarkostnaður Hjálparstarfs kirkjunnar skal greiddur úr rekstrarsjóði. Tekjur sjóðsins eru:

1. Að jafnaði 8% af öllu söfnunarfé. Hlutfall verði ákvarðað hverju sinni af stjórn.
2. Framlög opinberra aðila.
3. Framlög fyrirtækja, stofnana, sókna og sóknarpresta.
4. Fjármagn, sem fæst eftir sérstökum fjáröflunarleiðum.
5. Vextir.

Allt annað söfnunarfé skal renna í almennan söfnunarsjóð. Í bókhaldi skal tilgreint í hvaða verkefni söfnunarfé skuli varið.

Um fulltrúaráð og stjórn.

10. gr.

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs, sem þannig er skipað:

- a) Fimm menn skipaðir af Kirkjuráði til tveggja ára, þannig að tvö sæti séu laus þegar ártal stendur á oddatölu og þrjú sæti, þegar ártal stendur á jafnri tölu. Tveir varamenn eru skipaðir með sama hætti og ganga þeir úr fulltrúaráðinu sitt árið hvor, en í fyrsta skipti er annar þeirra skipaður til eins árs. Ekki má endurskipa menn í fulltrúaráð oftari en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.
- b) Hvert prófastsdæmi landsins kýs einn mann í fulltrúaráð og annan til vara. Skulu þeir kjörnir á héraðsfundum til tveggja ára í senn. Ekki má kjósa menn í fulltrúaráð oftari en svo að samfelld seta þeirra í fulltrúaráði verði lengri en sex ár.

11. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins skal kosin á aðalfundi stofnunarinnar. Kjósa skal formann og 2 aðra til eins árs í senn. Formaður skal vera úr hópi þeirra sem skipaðir eru af Kirkjuráði.

Í varastjórn skal kjósa 2 menn til eins árs í senn. Endurkjósa má mann í stjórn, þó aldrei oftari en svo, að samfelld seta hans sé lengri en sex ár. Fulltrúaráð kýs 2 skoðunarmenn til eins árs í senn. Fulltrúaráðið setur stjórninni og skoðunarmönnum starfsreglur.

12. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Hún heldur eigi færri en átta fundi árlega. Afl atkvæða ræður úrslitum á öllum fundum.

13. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar til fjögurra ára í senn, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar, gætir fjár hennar og annast greiðslur hennar samkvæmt ákvörðun stjórnar, svo sem nánar er tilgreint í erindisbréfi hans. Framkvæmdastjóri gerir ár hvert í samráði við stjórn, starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Aðalfundur afgreiðir áætlunina hverju sinni, sbr. 14. gr.

14. gr.

Reikningsárið er frá 1. október til 30. september og skulu reikningar endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum, lagðir fram á aðalfundi til umræðu og úrskurðar.

Um aðalfund og aðra fundi.

15. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman til fundar a.m.k. tvisvar sinnum á ári, á fyrra og síðara árhelmingi og skal síðari fundurinn vera aðalfundur stofnunarinnar. Til aðalfundar skal boðað með bréfi til hvers fulltrúa með 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef rétt er til hans boðað og a.m.k. helmingur fulltrúa mætir.

Rétt til setu á aðalfundi eiga:

- a) Fulltrúaráð.
- b) Verndari stofnunarinnar.
- c) Fráfarandi stjórnarmenn, þeir sem ekki eru lengur í fulltrúaráði, með málfrelsi og tillögurétt, meðan fjallað er um skýrslu stjórnar og reikninga.
- d) Framkvæmdastjóri með málfrelsi og tillögurétt.

Dagskrá aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Lesin upp nöfn þeirra sem rétt eiga til fundarsetu.
3. Starfsskýrslur undanfarins árs.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og úrskurðaðir.
5. Breytingar á skipulagsskrá ef fyrir liggja, enda hafi þess verið getið í fundarboði.
6. Starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs.
7. Stjórnarkjör samkvæmt 11. gr.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga stofnunarinnar.
9. Önnur mál.

Afl atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Aukafund skal halda, þegar þurfa þykir, eða ef helmingur fulltrúaráðs óskar þess.

16. gr.

Fulltrúaráðsmenn skulu leggja fram skýrslu á héraðsfundum um starfsemi Hjálparstarfs

kirkjunnar, og það sem varðar viðkomandi prófastsdæmi sérstaklega. Kjörnir fulltrúar skulu ásamt sóknarprestum, vera tengiliðir safnaða og Hjálparstarfs kirkjunnar, þeir skulu skipuleggja og stjórna aðgerðum á sínu svæði, eftir því sem þörf krefur.

17. gr.

2/3 hlutar fulltrúaráðs geta ákveðið að leggja Hjálparstarf kirkjunnar niður. Skulu þá allar eigur hennar renna til líknarmála á vegum kirkjunnar, eftir nánari ákvörðun stjórnar og fulltrúaráðs.

18. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á aðalfundi stofnunarinnar 30. júní 1989. Breytingar voru gerðar á aðalfundi 25. apríl 1992 og aðalfundi 31. október 1998.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Hjálparstofnun kirkjunnar nr. 327 frá 24. ágúst 1992.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarfélag klúbbsins Geysis.

1. gr.

Styrktarfélag klúbbsins Geysis er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum og öllum eigum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 500.000 kr. sem er höfuðstóll bankabókar sem stofnuð er í þessu skyni. Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni, sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema 500.000 kr.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að auka tengsl geðfatlaðra við samfélagið með því að reka klúbbinn Geysi þar sem veitt er aðstoð við að útvega geðfötludum húsnæði og atvinnu og stuðla þannig að því að þeir gerist virkir þátttakendur í samfélaginu.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórn stofnunarinnar heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð tólf mönnum og skal fyrsta stjórn stofnunarinnar skipuð þannig: Ingólfur H. Ingólfsson, Ólafur Ólafsson, Styrmir Gunnarsson, Þórunn J. Hafstein, Ögmundur Jónasson, Jón Snorrason, Anna Guðrún Arnardóttir, Lára Björnsdóttir, Hallgrímur Gunnarsson, Helgi S. Guðmundsson, Gunnhildur Sigurðardóttir og Guðrún Hannesdóttir. Heimilt er að fjölga stjórnarmönnum og skipa að auki varamenn ef meirihluti stjórnar samþykkir. Stjórnin skiptir með sér verkum. Starfstími stjórnarinnar skal vera til tveggja ára í senn. Stjórnarmenn velja sér eftirmenn að starfstíma sínum loknum, kjósi þeir ekki að sitja í stjórninni næsta starfstímabil.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar. Hún ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eigum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ákveður starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Stjórnin heldur minnst fjóra fundi á ári. Fundargerðir skulu haldnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin skal árlega boða til opinbers fundar og veita þar upplýsingar um starfsemina. Fundurinn skal auglýstur í dagblöðum.

5. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru auk vaxta af stofnframlagi:

- a) Frjáls framlög frá ríki og sveitarfélögum.
- b) Frjáls framlög einstaklinga, fyrirtækja og sjóða.
- c) Áheiti og gjafir.
- d) Leigutekjur, vaxtatekjur og fleira.

Fjármunir þeir sem stofnunin á eða eignast skulu ávaxtaðir í nafni stofnunarinnar á sem hagstæðastan hátt í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjum og eigum stofnunarinnar má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum hennar.

6. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra til þess að annast daglegan rekstur klúbbsins Geysis og stjórnun hans í sínu umboði og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjórinn skal sjá til þess að klúbburinn Geysis sé rekinn í samræmi við markmið stofnunarinnar og meginreglur Fountain House hugmyndafræðinnar. Framkvæmdastjórinn ber ábyrgð á starfsemi klúbbsins Geysis gagnvart stjórn.

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr.

Reikningar sjálfseignarstofnunarinnar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem skipaður er af stjórn til að minnsta kosti tveggja ára í senn. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní fyrir hvert næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvarðanir um að hætta rekstri stofnunarinnar skulu samþykktar af 2/3 hluta stjórnarmanna og staðfestar af dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður skulu upphaflegar eigur hennar sem lagðar voru til sjálfseignarstofnunarinnar renna til málefna er varða bættu félagslega aðstöðu geðfatlaðra.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SAMÞYKKT

fyrir **Veiðifélag Laxár og Krákár.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Laxár og Krákár. Heimili þess og varnarþing er Skútustaðir, Skútustaðahreppi.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, frá stíflu Laxárvirkjunar 2 að mörkum Laxár og Mývatns, ásamt Arnarvatnsá, Arnarvatni, Helluvaðsá, Gautlandalæk og Kráká. Mörk Laxár og Mývatns skv. yfirmatsgerð 22. september 1975 eru: Í fyrsta lagi við Geirastaðakvísl við Óshóla, í öðru lagi um Mjó-sund. Jarðirnar eru: Presthvammur, Kasthvammur, Árhvammur, Hólar, Árhólar, Hamar, Hofstaðir, Nónbjarg, Geirastaðir, Haganes, Arnarvatn I, II, III og IV, Litlaströnd, Baldursheimur I og II, Þórólfsvoll, Heiði, Bjarnastaðir, Gautlönd I og II, Helluvað I og II, Laxárbakki, Brettingsstaðir, Ljósstaðir, Auðnir, Þverá, Halldórsstaðir I, II, III og IV, Birningsstaðir, Brúar, Hvoll, Staðarhóll, Grenjaðarstaður, Búvellir, Aðalból, Álftagerði I, II, III og IV, Skútustaðir I, II og III og Grænavatn I, II, III og IV.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður og fjórir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið. Stjórn félagsins kýs varaformann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem henta þykir.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í mars eða apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari falla undir réttarfars- og refsíákvæði gildandi laga um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

8. janúar 1999

Nr. 53

REGLUR

um breytingu á reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfafjónustu nr. 348/1996.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirfarandi skilgreining:

Samningsbundin skuldajöfnun (e. contractual netting): Samningur milli tveggja eða fleiri aðila sem eiga eina eða fleiri kröfur hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu sérstaklega, skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins nettómismunur (*jaðargreiðsla*) komi til uppgjörs og greiðslu.

2. gr.

1. ml. undir *Aðferð 1 (markaðsvirði)* í 1. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar. Þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli er eingöngu reiknaður endurnýjunarkostnaður en ekki framtíðaráhætta við útreikning á útlánaígildi.

3. gr.

Við 14. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar, sem verða 3.-5. mgr. og hljóði svo:

Við útreikning á eiginfjárlutfalli er lánastofnunum og fyrirtækjum í verðbréfafjónustu, heimilt að taka tillit til samningsbundinnar skuldajöfnunar vegna samninga sem taldir eru upp í 16. gr.

Heimild samkvæmt 3. mgr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Stofnunin hafi gert samning um skuldajöfnun við mótaðila sinn þannig að ný lagaskylda stofnist sem taki til allra viðskipta sem undir samninginn falla og ef mótaðili stendur ekki við skuldbindingar sínar vegna vanefnda, gjaldþrots, félagsslita eða annarra viðlíka aðstæðna, eigi lánastofnun aðeins rétt til að krefjast greiðslu eða beri skylda til að greiða nettófjárhæð í umræddum viðskiptum.
2. Samningar samkvæmt 1. tl. skulu ávallt hafa fullgilda lagastoð hvað varðar efni og réttaráhrif í því ríki eða þeim ríkjum sem aðilar sammingsins hafa skráð aðsetur. Sama á við ef erlent útibú fyrirtækis á í hlut. Viðkomandi stofnanir skulu afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn þar að lútandi, staðfest af lögbærum yfirvöldum í því ríki sem mótaðili samkvæmt samningnum hefur skráð aðsetur.

Við útreikning á útlánaígildi sammingsbundinnar skuldajöfnunar skal beitt markaðs-virðisaðferð sbr. 1. mgr. Sé um að ræða framvirka gjaldeyrisamninga og aðra sambærilega samninga, þar sem reiknaður höfuðstóll samsvarar sjóðstreymi, er við útreikning á fram-tíðarútlánaáhættu eingöngu heimilt að taka mið af einstökum nettófjárhæðum, þegar fjárhæðir sem krafist er eða greiða á falla í gjalddaga á sama gildisdegi og í sama gjaldeyri.

4. gr.

Viðauki II hljóði svo:

VIÐAUKI II

Listi yfir opinber fyrirtæki og stofnanir á Íslandi, sbr. tölulið 2. c. í 1. mgr. 12. gr. reglnanna o.fl.

Þau fyrirtæki sem hér eru talin upp geta fyrirvaralaust fallið út af listanum, uppfylli þau ekki lengur þau skilyrði sem fram koma í skilgreiningu 2. gr. reglnanna.

Áhættuvog 0.0:

Ríkissjóður
Seðlabanki Íslands
Landsvirkjun

Áhættuvog 0.2:

Flugmálastjórn
Hitaveita Suðurnesja
Lánasjóður sveitarfélaga
Orkubú Vestfjarða
Rafmagnsveitur ríkisins
Ríkisspítalar
Sjúkrahús Reykjavíkur
Vegagerð ríkisins
Þróunarsjóður sjávarútvegsins
Önnur opinber fyrirtæki og stofnanir sem falla undir skilgreiningu 2. gr. reglnanna samkvæmt skriflegri yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins.

Áhættuvog 1.0:

Öll önnur opinber fyrirtæki og stofnanir sem ekki uppfylla skilyrði skilgreiningar 2. gr. reglnanna.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, 10. gr. laga nr. 123/1993 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 og öðlast þegar gildi.

8. janúar 1999.

*Fjármálaeftirlitið,***Páll Gunnar Pálsson.****Ragnar Hafliðason.****REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld
í Hafnarfirði nr. 507/1975, sbr. reglugerð nr. 659/1994.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 659/1994,

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald sem nemur allt að 0,20% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. janúar 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.
SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur
og Hákonar Jónssonar.**

1. gr.

Minningarsjóður hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, fyrrum ábúenda á Hnjóti í Örlýgshöfn, er stofnaður af syni þeirra Guðmundi Jóni Hákonarsyni, kt. 110110-4219, Böllum 6 á Patreksfirði, sem áður var búsettur á Hnjóti. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Patreksfirði, Vesturbyggð.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er líknarstarfsemi innan Vesturbyggðar í V-Barðastrandarsýslu eða innan V-Barðastrandarsýslu verði sveitarfélögin í sýslunni gerð að einu sveitarfélagi. Skulu styrkir úr sjóðnum veittir sem hér segir:

- 1) Til fátækra fjölskyldna eða einstaklinga þar sem fátækt stafar af örorku eða ill- eða ólæknandi sjúkdómi.
- 2) Til munaðarlausra barna sem ekki njóta öruggar framfærslu.

- 3) Til þeirra sem orðið hafa fyrir fráfalli fyrirvinnu.
- 4) Til þeirra sem orðið hafa fyrir fjárhagslegum áföllum vegna náttúruhamfara, eldsvoða, slysa eða veikinda.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000,00 -tíumilljónir 00/100- sem Guðmundur Jón Hákonarson leggur fram til minningar um foreldra sína.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitleikum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að ofan.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibússtjóra Landsbanka Íslands hf. á Patreksfirði, sem skal varðveita hann á verðtryggðum sparireikning í útibúi bankans á Patreksfirði á hæstu mögulegu vöxtum slíks reiknings, í dag Landsbók - 60 mánaða binding (5 ár).

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Formaður stjórnar skal vera útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni sóknarpresturinn á Patreksfirði og sýslumaðurinn á Patreksfirði.

7. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega. Aldrei má úthluta meiru en sem nemur vaxtatekjum, án verðbóta, næstliðins árs, auk gjafa, áheita og annarra tekna þess árs, eftir að kostnaður við sjóðinn, s.s. við reikningagerð og endurskoðun, hefur verið greiddur. Auglýsa skal eftir umsóknnum eða ábendingum um styrki úr sjóðnum í júní ár hvert á þeim stöðum sem venja er að birta opinberar auglýsingar í Vesturbyggð, í fyrsta skipti í júní árið 2000. Berist engin umsókn eða ábending, eða engin þeirra uppfyllir skilyrði 2. gr. að mati stjórnar sjóðsins, leggjast vextir, gjafir, áheiti og aðrar tekjur síðasta árs við stofnfé sjóðsins. Sama á við verði árlegu styrkfé ekki úthlutað að fullu, þá leggst afgangur þess við stofnfé sjóðsins á sama hátt.

8. gr.

Sjóðstjórnin lætur semja reikninga sjóðsins að loknu hverju almanaksári og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnarinnar samþykkur breytingunum. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á breytingum. Samþykki meirihluti stjórnar að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til líknarmála.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa í atvinnuskyni gildir ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1/1999.

2. gr.

Í stað: „skv. 6. gr.“ í 1. mgr. 6. gr. komi: samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða við lög nr. 1/1999.

3. gr.

Í stað: „veiðileyfi þess og aflahlutdeild“ í 1. ml. 4. mgr. 9. gr. komi: aflahlutdeild þess. Orðin: „eða veiðileyfis“ í lokamálslið 4. mgr. 9. gr. falli niður.

4. gr.

Við 5. mgr. 9. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Heimilt er með samþykki Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings aflamarks í þeim tilvikum að um breytingar á skipastól viðkomandi útgerðar sé að ræða og aflahlutdeildin sé jafnframt flutt milli viðkomandi skipa.

5. gr.

12. - 18. gr. reglugerðarinnar falla niður.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1, 14. janúar 1999, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 449, 16. júlí 1998,
um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1998/1999.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fiskveiðiárinu 1998/1999 skal fjöldi sóknardaga vera 32 hjá þeim bátum, sem stunda veiðar með línu og handfærum með dagatakörkunum. Um skerðingu daga fyrir þá báta, sem stunda veiðar með línu, gilda ákvæði 6. gr. Fjöldi sóknardaga skal vera 40 hjá þeim bátum, sem stunda veiðar með handfærum eingöngu.

Þorskaflí hvers báts, sem veiðar stundar samkvæmt 1. mgr. má ekki fara yfir 30 lestir, miðað við óslægðan fisk frá 1. september 1998 til 31. ágúst 1999.

2. gr.

Við 3. málsgrein 9. gr. bætast orðin: og þorskafla, skv. 2. mgr. 7. gr.

3. gr.

Í stað 11. gr. komi 5 nýjar greinar 11.-15. gr. og breytist talnaröð þeirra greina, sem eftir fara í samræmi við það. Hinar nýju greinar eru svohljóðandi:

Endurnýjun krókabáta.

11. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi krókabáts til annars báts, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess að veiðileyfi sé flutt til annars báts er að eigandi krókabáts sem veiðileyfi lætur hafi skriflega óskað eftir því að veiðileyfið sé flutt til fiskiskips, sem sé á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands, hafi gilt haffærisskírteini og hafi ekki haft veiðileyfi í öðru veiðikerfi á fiskveiðiárinu eftir gildistöku laga nr. 1/1999.

Sé bátur sá, sem veiðileyfi á að fá stærri, en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er það því aðeins heimilt að flutt sé veiðileyfi frá öðrum krókabáti eða krókabátum, sem eru að minnsta kosti þrefalt stærri, en stærðarmuninum nemur. Sé bátur sá sem veiðileyfi á að fá minni, en krókabátur sá sem veiðileyfi lætur, er heimilt að flytja þriðjung þess sem umfram er til annars báts.

12. gr.

Við mat á stærð þiljaðra krókabáta skal leggja til grundvallar rúmtölu þeirra, sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás, og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl og efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna krókabáta ákvarðast rúmtala sem $4.3 * \text{brúttótonn}$, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt grein 6.2 reglugerðar nr. 527 18. ágúst 1997, um mælingu skipa með lengd allt að 24 metrum.

13. gr.

Við útreikning rúmtölu samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar skal Fiskistofa byggja á upplýsingum frá Siglingastofnun Íslands, að svo miklu leyti sem unnt er.

Heimilt er að meta það sérstaklega ef lögum báts er ekki hefðbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

14. gr.

Sé veiðileyfi flutt frá báti fellur niður umframrúmtala sem ekki nýtist við þann flutning.

15. gr.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki flutt til eins báts, fær sá bátur krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Séu veiðileyfi tveggja eða fleiri báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, fær sá bátur sams konar krókaleyfi ásamt ónýttum sóknardögum og þorskaflaþaki, sem sá bátur hafði, sem grunnur veiðileyfisins kom frá.

Séu krókaleyfi báts eða báta sem stundað hafa veiðar með þorskaflahámarki og báts eða báta sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga flutt til eins báts, skal bátnum úthlutað krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki þess báts eða þeirra báta sem leyfi höfðu til veiða með þorskaflahámarki.

Aldrei er heimilt að flytja krókaleyfi til báts sem er stærri en 6 brúttótonn.

Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með þorskaflahámarki, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi af öðrum krókabáti eða bátum sem eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Óheimilt er að gera breytingar á báti sem stundar veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga, þannig að rúmtala hans aukist, nema flutt sé veiðileyfi frá öðrum báti eða bátum sem stundað hafa veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og eru þrefalt stærri að rúmtölu en sem stækkuninni nemur. Krókabáti má aldrei breyta þannig að hann verði stærri en 6 brúttótonn.

Tilkynna skal Fiskistofu um fyrirhugaðan flutning veiðileyfis og breytingar á bátum samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Aftan við síðustu grein reglugerðarinnar komi ákvæði til bráðabirgða er orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. gefst þeim fiskibátum, sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakmrörkunum kostur á að stunda handfæraveiðar eingöngu í 23 sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999 án takmarkana á heildarafla á tímabilinu 1. apríl til 31. ágúst 1999.

Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar þessarar um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim.

Útgerðir þeirra fiskibáta, sem velja að stunda veiðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar, skulu fyrir 1. mars 1999 tilkynna það til Fiskistofu. Tilkynning sem berst eftir þann tíma verður ekki tekin til greina.

Hafi bátur nýtt sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999 fyrir 1. mars 1999 koma þeir til frádráttar þeim sóknardögum, sem honum er heimilt að nýta samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, sbr. lög nr. 1, 14. janúar 1999, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða í gjaldskrá fyrir afnot flugvalla nr. 544/1998.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að þyngdarviðmið í grein 2.3. í gjaldskrá fyrir afnot flugvalla nr. 544/1998 verði 2.000 kg fram til 1. janúar 2000, en breytist þá í 1.500 kg.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 71. gr. laga um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar, sem eingöngu er notaðar utan vega eða á lokuðum vinnu-svæðum, eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts er eftirfarandi:

<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>	<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>
Allt að 1.000	94.273	2.800 - 2.999	175.770
1.000 - 1.499	113.163	3.000 - 3.199	183.589
1.500 - 1.999	136.675	3.200 - 3.399	191.408
2.000 - 2.199	144.494	3.400 - 3.599	199.227
2.200 - 2.399	152.313	3.600 - 3.799	207.046
2.400 - 2.599	160.132	3.800 - 3.999	214.865
2.600 - 2.799	167.951		

b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Árlegt fast gjald þungaskatts með 25% álagi er eftirfarandi:

<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>	<i>Eigin þyngd bifreiðar, kg</i>	<i>Þungaskattur kr.</i>
Allt að 1.000	117.841	2.800 - 2.999	219.713
1.000 - 1.499	141.454	3.000 - 3.199	229.486
1.500 - 1.999	170.844	3.200 - 3.399	239.260
2.000 - 2.199	180.618	3.400 - 3.599	249.034
2.200 - 2.399	190.391	3.600 - 3.799	258.808
2.400 - 2.599	200.165	3.800 - 3.999	268.581
2.600 - 2.799	209.939		

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- Orðin „og eftirvögnum“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Þó skal ekki greitt fast árgjald þungaskatts af slökkvibifreiðum sem falla undir vörulið 8705.3009 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987.
4. mgr. orðast svo:
Kílómetragjald bifreiða skal vera sem hér segir:

<i>Gjaldþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetragjald, kr.</i>	<i>Gjaldþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetragjald, kr.</i>
4.000—4.999	6,97	18.000—18.999	13,40
5.000—5.999	7,41	19.000—19.999	14,43
6.000—6.999	8,01	20.000—20.999	15,20
7.000—7.999	8,42	21.000—21.999	16,08
8.000—8.999	8,78	22.000—22.999	17,09
9.000—9.999	9,17	23.000—23.999	17,90
10.000—10.999	9,73	24.000—24.999	18,71
11.000—11.999	10,10	25.000—25.999	19,63
12.000—12.999	11,38	26.000—26.999	20,50
13.000—13.999	12,44	27.000—27.999	21,41
14.000—14.999	10,14	28.000—28.999	22,32
15.000—15.999	10,92	29.000—29.999	23,23
16.000—16.999	11,79	30.000—30.999	24,14
17.000—17.999	12,64	31.000 og yfir	25,05

- Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, 5. mgr., er orðast svo:
Kílómetragjald eftirvagna skal vera sem hér segir:

<i>Gjaldþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetragjald, kr.</i>	<i>Gjaldþyngd ökutækis, kg</i>	<i>Kílómetragjald, kr.</i>
6.000—6.999	7,63	19.000—19.999	17,31
7.000—7.999	8,01	20.000—20.999	18,24
8.000—8.999	8,36	21.000—21.999	19,29
9.000—9.999	8,73	22.000—22.999	20,51
10.000—10.999	9,28	23.000—23.999	21,49
11.000—11.999	9,62	24.000—24.999	22,46
12.000—12.999	10,83	25.000—25.999	23,55
13.000—13.999	11,85	26.000—26.999	24,59
14.000—14.999	12,17	27.000—27.999	25,70
15.000—15.999	13,10	28.000—28.999	26,79
16.000—16.999	14,15	29.000—29.999	27,87
17.000—17.999	15,18	30.000—30.999	28,96
18.000—18.999	16,08	31.000 og yfir	30,07

5. gr.

7. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrir sögn orðast svo:

95.000 km fast kílómetragjald.

Eigendur eða umráðamenn ökutækja geta, þrátt fyrir ákvæði 5. gr., valið áður en nýtt gjaldár hefst að greiða gjald sem tekur mið af kílómetrafjölda er samsvari 95.000 km akstri á gjaldárinu í stað gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra. Upphæð fasts kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækis. Við nýskráningu ökutækis er einnig heimilt að velja fast kílómetragjald og skal gjaldið þá reiknað í hlutfalli við fjölda mánaða sem eftir eru af gjaldári. Velji eigandi eða umráðamaður að greiða fast kílómetragjald á bifreið skal hann að auki greiða 100.000 kr. fast árgjald, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Ákvörðun um fast kílómetragjald verður ekki breytt vegna viðkomandi ökutækis eftir að gjaldár er hafið, nema ökutæki lendi í altjóni, sem staðfest er af váttryggingafélagi. Niðurfelling fasts kílómetragjalds miðast þá við innlög skráningarmarkja. Verði viðkomandi ökutæki sett í umferð að nýju áður en gjaldári er lokið er niðurfelling fasts kílómetragjalds afturkölluð frá og með niðurfellingardegi.

Umsókn um fast kílómetragjald skal send ríkisskattstjóra í því formi sem hann ákveður.

Þeir sem fá heimild samkvæmt þessari grein eru undanþegnir ökumælisskyldu, sbr. 15. gr., skráningu í akstursbók skv. 16. gr. og að mæta í álestur á álestrartímabili skv. 18. gr.

6. gr.

Í stað 7. og 8. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 8. gr., ásamt fyrir sögn er orðast svo:

Gjald af ökutækjum skráðum erlendis.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og af eftirvögnum sem eru 6.000 kg eða meira af leyfðri heildarþyngd skal greiða þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. Ef nýting bifreiðar fellur undir skilgreiningu 2. mgr. 4. gr., skal vikugjaldið vera 25% hærra. Af bifreiðum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 4.000 kg eða meira og af eftirvögnum, sem að leyfðri heildarþyngd eru 6.000 kg eða meira og nýtt eru í atvinnuskyni skal ákvörðun þungaskatts fara eftir ákvæðum 5. gr.

Af ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

<i>Eigin þyngd ökutækis, kg</i>	<i>Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.</i>	<i>Eigin þyngd ökutækis, kg</i>	<i>Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.</i>
Allt að 1.000	1.813	2.800 - 2.999	3.380
1.000 - 1.499	2.176	3.000 - 3.199	3.531
1.500 - 1.999	2.628	3.200 - 3.399	3.681
2.000 - 2.199	2.779	3.400 - 3.599	3.831
2.200 - 2.399	2.929	3.600 - 3.799	3.982
2.400 - 2.599	3.079	3.800 - 3.999	4.132
2.600 - 2.799	3.230		

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

Við brottflutning ökutækis sem gjaldskyld er skv. lokamálslið 1. mgr. skal toll- eða löggæslumaður lesa af ökumæli og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Þungaskatt skv. 2. og 3. mgr. skal greiða við komu ökutækisins til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að ökutæki verði hér á landi.

7. gr.

Í stað orðsins „þrjátíu“ í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar kemur: fimmtán.

8. gr.

Við 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður er orðast svo: Óheimilt er að skrá eigendaskipti nema fast kílómetragjald skv. 7. gr. hafi verið greitt til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.

9. gr.

Í stað orðsins „þrjátíu“ í 1. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar kemur: fimmtán.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar á 12. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sé almenningsvagn að hluta notaður utan áætlunarferða skal þungaskattur greiddur að fullu vegna heildaraksturs og hluti hans síðan endurgreiddur. Senda skal ríkisskattstjóra greinargerð þar sem koma skal fram fjöldi kílómetra sem almenningsvagni er ekið í föstum áætlunarferðum á gjaldtímabili. Endurgreiða skal 70% af þeim hluta greidds þungaskatts, sem rekja má til aksturs í áætlunarferðum.

b. 4. mgr. fellur brott.

c. Orðin „eða 4. mgr.“ í 5. mgr. falla brott.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 11. febrúar 1999.

Fjármálaráðuneytinu, 26. janúar 1999.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Eggert J. Hilmarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,05 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftan en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,45 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftan en 13 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 33,40 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 3.580,00 á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 2.340,00 á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum undanþegnir vörugjaldi.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 123,50 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 237,50 pr. tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 256,50 pr. tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr. 707,00 pr. tonn:
 - a) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
 - b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.
5. fl.: Gjald 1,00%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Hámarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 1.580,00 pr. tonn.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 65,70.

Einstökum hafnarstjórnnum eru þó heimiluð frávík til lækkunar á 12. gr. gjaldskrárinnar vegna umskipunar, lestunar og losunar á sjávarafla.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 6. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4., 5., 7. og 8. tl.

14. gr.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem störf forseta bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúans og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

Peir aðalfulltrúar og varafultrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs og sér um að ráðið sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann ráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhags- áætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag

sveitarstjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Starfsmaður nefndar í samráði við formann, eða varaformann í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti þar til bæjarstjórn hefur kosið aðalmann að nýju og eftir atvikum annan varamann.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Starfsmaður nefndar skal sjá um að rita fundargerð og færa hana í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Allar

fundargerðir nefnda og ráða sem bæjarstjórn kýs að öllu leyti, skv. ákvæðum 57. gr., koma til afgreiðslu bæjarráðs og samþykktar bæjarstjórnar. Fundargerðir annarra nefnda og ráða, skulu að öllu jöfnu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til kynningar, nema fundargerðin innihaldi ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar. Er fundargerðin þá lögð fram til afgreiðslu og samþykktar bæjarstjórnar sbr. 29. gr.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem tilgreind eru í samþykktum þessum hefur bæjarráð yfirumsjón með vatnsveitum, fráveitum, brunavörnum og sorpeyðingu sveitarfélagsins og samningum við launafólk sveitarfélagsins.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar*. Kjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
3. *Fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi*, skv. samþykktum þar að lútandi.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Félagsmálaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru jafnframt falin verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og jafnréttisnefndar skv. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
4. *Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Stjórnin er jafnframt rekstrarstjórn hafnarinnar.
5. *Heilbrigðis- og öldrunarráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.
6. *Húsnæðisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Landbúnaðarnefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með hlutverk gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og tilnefnir búfjárefirlitsmenn sem ráðnir eru af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
8. *Menningarmálanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu og bókasafns skv. ákvæðum laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.
9. *Samgöngunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
10. *Skólanefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd fer með hlutverk leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.
11. *Umhverfisnefnd*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996 og stjórn fólkvangs í Óslandi, sbr. auglýsingu nr. 427/1982.

12. *Æskulýðs- og tómstundaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara.

C. Aðrir fulltrúar kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd*. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Heilbrigðisnefnd Austurlands*. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
5. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar*. Í yfirkjörstjórn þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara. Heimilt að kjósa síðar.
6. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
7. *Þjónustuhópur aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu*. Fjórir skipa þjónustuhópin, sem er samstarfshópur starfsliðs Heilsugæslustöðvarinnar og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélagsins.

58. gr.

Bæjarstjórn setur fastanefndum skv. B-lið 57. gr. erindisbréf, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk hvers nefndar og helstu verkefni hennar.

Þá getur bæjarstjórn kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði og bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarstjórnar. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem framkvæmdastjóra málefna sviða, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarstjóri, í samráði við bæjarráð, ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett. Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum hvaða störf skulu talin föst störf hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess, auk þeirra starfa sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 3. mgr., svo og starfssvið þeirra.

Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

63. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana. Um ráðningu fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar nr. 688/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1999.

F. h. r.

Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 252/1995 um hámark dýrallyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Í stað viðaukakafla reglugerðar kemur eftirfarandi kafli:

I. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem hámarks magn leifa hefur verið ákveðið fyrir.

1. Sýkingalyf

1.1. Efnaöferðarefni (Chemotherapeutics)

1.1.1. Súlfoonamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Öll efni í súlfónamíð flokknum	Móðurefni	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Heildarmagn leifa allra efna úr súlfónamíð flokknum má ekki vera meira en 100 µg/kg

1.2. Sýklalyf

1.2.1. Penisillín

1.2.1.1. Bensýlpenisillín	Bensýlpenisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.2. Ampisillín	Ampisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.3. Amoxisillín	Amoxisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.4. Oxasillín	Oxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.5. Kloxasillín	Kloxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.6. Díkloxasillín	Díkloxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.7. Penepamant	Bensýlpenisillín	Nautgripir	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

1.2.2. Sefalósporín

1.2.2.1. Sefkínóm	Sefkínóm	Nautgripir	200 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita	
			20 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.2. Sefasólín	Sefasólín	Nautgripir	50 µg/kg	Mjólk	

1.2.3. Kínólón

1.2.3.1. Enrófloxasín	Til samans enrófloxasín og síprófloxasín	Nautgripir, svín, alifuglar	30 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	
1.2.3.2. Dífloxasín	Dífloxasín	Kjúklingar, kalkúnar	1900 µg/kg	Lifur	
			600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Vöðvi	
			400 µg/kg	Hamur og fita	

1.2.4. Makrólíðar

1.2.4.1. Tilmíkósín	Tilmíkósín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Lifur, nýra	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk	

1.2.5. Flórfenikól og skyld sambönd.

1.2.5.1. Flórfenikól	Summa flórfenikóls og umbrotsefna þess mæld sem flórfenikólamín 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitrás	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi	
			300 µg/kg	Nýra	
			3000 µg/kg	Lifur	

1.2.6 Tetrasýklín

1.2.6.1. Tetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	
1.2.6.2. Oxýtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	
1.2.6.3. Klórtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	

2. Sníklalyf

2.1 Innsníklalyf

2.1.1. Avermektín

2.1.1.1. Ívermektín	22,23 Díhýdró-avermektín B 1a	Nautgripir	100 µg/kg	Lifur	
		Sauðfé	15 µg/kg	Lifur	
		Hófdýr	20 µg/kg	Fita	
		Svín	40 µg/kg	Fita	
2.1.1.2. Abamektín	Avermektín B 1a	Nautgripir	20 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Fita	
2.1.1.3. Doramektín	Doramektín	Nautgripir	150 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Vöðvi	

2.1.2. Salísýlanilíó

2.1.2.1. Klósantel	Klósantel	Nautgripir	1000 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			3000 µg/kg	Nýra, fita	
		Sauðfé	1500 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			5000 µg/kg	Nýra	
			2000 µg/kg	Fita	

2.3.1. Tetra-hýdró-ímídasól (ímídasólþiasól)

2.1.3.1. Levamisól	Levamisól	Nautgripir, sauðfé, svín og alifuglar	10 µg/kg	Vöðvi, nýra, fita	
			100 µg/kg	Lifur	

2.2. Útsníklalyf

2.2.2. Formamídín

2.2.2.1. Amitras	Summa amitras og allra umbrotsefna sem innihalda 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitras	Svín	400 µg/kg	Fita + húð	
			200 µg/kg	Lifur, nýra	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

2.3. Inn- og útsníklalyf

2.3.1. Avernemektín

2.3.1.3. Dóramektín	Dóramektín	Nautgripir	150 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Vöðvi	
2.3.1.4. Eprínómeztín	Eprínómeztín B 1a	Nautgripir	30 µg/kg	Vöðvi	
			30 µg/kg	Fita	
			600 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Nýra	
			30 µg/kg	Mjólk	
2.3.1.5. Moxídektín	Moxídektín	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, nýra	

4. Bólguýðandi lyf

4.1. Steralaus bólguýðandi lyf

4.1.1. Afleiður arýlprópsínsýru

Vedaprófen	Vedaprófen	Hófdýr	1000 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi	
			20 µg/kg	Fita	

II. VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem falla ekki undir takmörkun á hámarks magni leifa.

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
1.1 Vemisperoxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.2 Brennisteinn	Nautgripir, svín, sauðfé, geitur, hófdýr	
1.3. Joð og ólífræn joð: sambönd þar með talin:	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
Natríum og kalíum joðið		
Natríum og kalíumjoðat		
Joðófor þar með talin pólývínýlpynólidónjoð		
1.4. Natríumklórít	Nautgripir	Aðeins til staðbundinnar notkunar
1.5. Kalsíum asetat*	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
Kalsíum bensóat*		
Kalsíum karbónat*		
Kalsíum klórít*		
Kalsíum glúkónat*		
Kalsíum hýdroxíð*		
Kalsíum hýpófosfit*		
Kalsíum malat*		

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Kalsíum oxít*		
Kalsíum fosfat*		
Kalsíum pólyfosfat*		
Kalsíum própíónat*		
Kalsíum sílíkat*		
Kalsíum stearat*		
Kalsíum súlfat*		
1.8. Bórsýra og bóröt	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.9. Magnesium	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.10. Magnesiumsúlfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.11. Magnesiumhýdroxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.12. Magnesiumsterat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.13. Magnesiumglútamát	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.14. Magnesiumórótat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.15. Magnesiumálsílíkat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.16. Magnesiumoxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.17. MagnesiumkARBónat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.18. Magnesiumfosfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.19. Magnesiumglýserófosfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.20. Magnesiumaspartat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.21. Magnesiumsítrat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.22. Magnesiumasetat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.23. Magnesiumtrísílíkat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.24. Sinkasetat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.25. Sinkklóríð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.26. Sinkglúkónat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.27. Sinkóleat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.28. Sinksterat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

2. Lífræn efнасambönd

2.1. Etípróstóntrómetamín	Nautgripir	
	Svín	
2.2. Ketanserintartrat	Hófdýr	
2.3. Fertirelinasetat	Nautgripir	
2.4. Gónadótrófin úr þvagi kvenna eftir tíðahvörf	Nautgripir	
2.5. Mjólkursýra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.6. Melatónín	Sauðfé, geitur	
2.7. Lífræn jóðsambönd	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
-Jóðform		
-pólyvínýlpýrrólíðon-jóð		
2.8. Asetýl systeín	Öll dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis	
2.9. Loshormón gónadótrófans	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.10. Gónadótrófin úr blóði fylfullra hryssa	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
2.11. 176 Östradíól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.12. Romifidín*	Hófdýr	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.13. Detómídín*	Nautgripir, hófdýr	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.14. Brótísólám*	Nautgripir	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.15. Manna kóríongónadótrófin* (HCG)	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.28. Ólífraen vetniskolefni, lítil eða mikil seigja, að örkristölluðu vaxi meðtöldu, u.þ.b. C10-C60; alifatísk sambönd, sundurgreind alifatísk sambönd og alíhringasambönd	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Að undanskildum arómátískum og ómettuðum efnasamböndum.
2.29. Büserelín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.30. Ketóprófen	Svín	
2.31. Kaffín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.32. Þeófyllín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.33. Þeóbróm	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.34. Fjölsúlfaþettað glýkósamínóglýkan	Hestar	
2.35. Rifaximín	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla - nema þegar nota má júgríð til manneldis - og í leg.
2.36. Tá-flúvalíant	Hunangsflugur	
2.37. Própan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.38. n-bútan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.39. Ísóbútan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.40. Fenól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.41. Papaverín	Nautgripir	
2.42. Pólíkresúlen	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.43. Papaín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.44. Dímetýlftalat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.45. Díetýlftalat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.46. Etýllaktat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.47. Heptamínól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.48. Mentól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.49. Flóróglúsínól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.50. Trímetylflóróglúsínól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.51. Peredíksýra	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.52. Karbetósín	Allar tegundir spendýra sem nýttar eru til matar	
2.53. Kvillæjasapótín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.54. Bútýl-4-hýdroxybensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.55. Natríum-bútýl-4-hýdroxybensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
2.56. Natríum-bensýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.57. Setrímið	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.58. Lóbelín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.59. Pankreatín	Allar tegundir spendýra sem nýttar eru til matar	Aðeins til staðbundinnar notkunar
2.60. Klórókresól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.61. Þýmól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.69. Klórhexidín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Aðeins til staðbundinnar notkunar
2.70. Glýserólformal	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.71. Herperidín	Hestar	
2.72. Hesperidínmetýlkalkón	Hestar	
2.73. Menbútón	Nautgripir, sauðfé, geitur, svín, hestar	
2.74. Kvatresín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni með styrk upp að 0,5%
2.75. Alfaprostól	Nautgripir, svín og hestar	
2.76. Sefasólín	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla (nema þegar nota má júgríð til manneldis)
2.77. Medroxýprógesterón asetat	Sauðfé	Til notkunar í leggöng og einungis í tengslum við dýrækt
2.78. Própýlenglýkól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.79. Ísoxsuprín	Nautgripir, hófdýr	Aðeins til lækninga í samræmi við tilskipun ráðsins 96/22/EBE (*)
2.80. Prasíkvantel	Sauðfé	Aðeins fyrir kindur sem eru ekki mjólkandi
2.82. Þíómersal	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni í fjölskammta bólu efni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
2.83. Tímerefónar	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni í fjölskammta bólu efni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
2.85. D-Phe ⁶ -leysihormón gulbúshormóns	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.86. Neóstigmín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

(*) Stjttíð. EB nr. L. 125, 23.5. 1996, bls. 3.

3. Efni sem almennt eru talin skaðlaus

3.1. Absintímseyði	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.2. Asetýlmeþíónín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.3. Álhýdroxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.4. Álmónósterat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.5. Ammóníumsúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.6. Bensóýlbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.7. Bensýl p-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
3.8. Kalsíumbóróglúkónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.9. Kalsíumsítrat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.10. Kamfóra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Aðeins til notkunar útvortis
3.11. Kardemommuseyði	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.12. Díetýlsebakat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.13. Dímetítkón	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.14. Dímetýlasetamíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.15. Dímetýlsúlfoxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.16. Etýlendíamínetraedíksýra og sölt hennar	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.17. Evkalyptól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.18. Adrenalín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.19. Etýlóeat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.20. Formaldehýð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.21. Maurasýra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.22. Eggbússtýrihormón (ESH) (náttúrulegt ESH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.23. Glútaraldehýð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.24. Gvæjakól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.25. Heparín og sölt þess	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.26. Æðabelgskynhormónavaki manna (HCG) (náttúrulegt HCG og nýmyndanir þess)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.27. Jámmamóníumsítrat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.28. Járdextran	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.29. Jámgglúkóheptónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.30. Ísóprópánól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.31. Lanólín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.32. Gulbússtýrihormón (GSH) (náttúrulegt GSH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.33. Magnesíumklóríð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.34. Magnesíumglúkónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.35. Magnesíumhýpófosfit	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.36. Mannítól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.37. Montaníó	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.38. Metýlbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.39. Mónóþíóglýseról	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.40. Myglýól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.41. Orgótín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.42. Póloxalen	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.43. Póloxamer	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.44. Pólýetýlenglýkól 200	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.45. Pólýetýlenglýkól 400	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.46. Pólýetýlenglýkól 600	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
3.47. Pólýetýlenglýkól 3500	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.48. Pólýsorbat 80	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.49. Serótónín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.50. Natríumklóríd	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.51. Natríumkrómóglýkat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.52. Natríumdíoktýlsúlfósúksínat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.53. Natríumformaldehýðsúlfóxylat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.54. Natríumlárylsúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.55. Natríumpýrórsúlfít	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.56. Natríumsterat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.57. Natríumbíósúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.58. Tragant	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.59. Þvagefni	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.60. Sinksúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.61. Sinkoxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.62. Pólýetýlenglýkól (með mólþunga frá 200 upp í 10 000)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

4. Efni sem eru notuð í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf)

4.1. Öll efni sem notuð eru í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf), að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10 000	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
---	---	--

5. Efni notuð sem aukefni í matvæli

5.1. Efni með E-númeri	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Einungis efni viðurkennd sem aukefni í matvæli að undaskildum rotvarnarefnum sem eru talin upp í C-hluta III. viðauka við tilskipun ráðsins 95/2/EB (*)
(*) Stjtið. EB nr. L 61, 18. 3. 1995, bls. 1		

III. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem notuð eru í dýralyf og hámarks magn lyfjaleifa hefur verið ákveðið fyrir til bráðabirgða.

1. Sýkingarlyf

- 1.1. Efnaeðferðarefni
- 1.1.1. Súlfónamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Öll efni í súlfónamíðflokknunum	Móðurefni	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. janúar 1996. Heildarmagn leifa allra efna úr súlfónamíðflokknunum má ekki vera meira en 100 µg/kg

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

1.1.2. Díamínó-pýrimídín-afleiður

1.1.2.1. Trímétóprím	Trímétóprím	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 1998
1.1.2.2. Bakvílóprím	Bakvílóprím	Nautgripir	300 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998
			150 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998.
			50 µg/kg	Nýra	
			40 µg/kg	Fita og húð	

1.1.3. Nítrófúran

1.1.3.1. Fúrasólídón	Allar leifar með óskerta 5-nítró byggingu	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	5 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1995
----------------------	---	---	---------	--------------------------	--

1.1.4. Nítróímídasól

1.1.4.1. Dímetrídasól	Allar leifar með óskerta nítróímídasól byggingu	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. jan. 1995
-----------------------	---	---	----------	--------------------------	--

1.1.5. Bensensúlfónamíð

1.1.5.1. Klórsúlón	Klórsúlón	Nautgripir	50 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 2000
			150 µg/kg	Lifur	
			400 µg/kg	Nýra	

1.2. Sýklalyf

1.2.1. Tetrasýklín

Öll efni í tetrasýklínflokknunum	Móðurefni	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. jan. 1996. Heildarmagn leifa allra efna úr tetrasýklínflokknunum má ekki fara yfir tilgreind mörk.
			300 µg/kg	Lifur	
			200 µg/kg	Egg	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Mjólk	

1.2.2. Makrólíðar

1.2.2.1. Spíramýsín	Spíramýsín	Nautgripir, svín	300 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1998.
---------------------	------------	------------------	-----------	-------	---

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			200 µg/kg	Nýra	MRL fyrir lifur, nýra og vöðva gildir bæði fyrir nautgripir og svín.
			50 µg/kg	Vöðvi	
		Nautgripir	150 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.2. Tylósín	Tylósín	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1997
		Svín	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð, fita	
		Alifuglar	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð, fita	Gildir ekki um varphænsni sem einungis gefa af sér egg til manneldis.
		Nautgripir	50 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.4. Jósamýsín	Jósamýsín	Kjúklingar	400 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2000
			200 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	
			200 µg/kg	Egg	

1.2.3. Þíamfeníkól og skyld efnasambönd

1.2.3.1. Þíamfeníkól	Þíamfeníkól	Nautgripir og alifuglar	40 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. janúar 1996
----------------------	-------------	-------------------------	----------	--------------------------	--

1.2.4. Sefalóspórín

1.2.4.1. Sefíófúr	Summa allra leifa sem halda betalaktambyggingu sinni, gefin upp sem desfúróylsefíófúr	Nautgripir	2000 µg/kg	Nýra, lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL rennur út 1. júlí 1997
			200 µg/kg	Vöðvi	
			600 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Mjólk	
		Svín	4000 µg/kg	Nýra	
			3000 µg/kg	Lifur	
			500 µg/kg	Vöðvi	
			600 µg/kg	Fita	
1.2.4.2. Sefapírín	Summa sefapíríns og desaketýl-sefapíríns	Nautgripir	100 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1999
			50 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
			10 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

1.2.5. Amínóglýkosið

1.2.5.1. Spektínómýsín	Spektínómýsín	Nautgripir	5000 µg/kg	Nýra	
		Svín	2000 µg/kg	Lifur	
		Alifuglar	300 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Fita	
		Nautgripir	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.2. Streptómýsín	Streptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
		Alifuglar	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.3. Dihýdróstreptómýsín	Dihýdróstreptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
		Alifuglar	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.4. Gentamísín	Gentamísín	Nautgripir, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
			200 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Nautgripir	100 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.5. Neómýsín (einnig framsetín)	Neómýsín	Nautgripir, sauðfé, geitur	5000 µg/kg	Nýra	
		Svín, kjúklingar, kalkúnar, endur	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé, geitur	500 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	500 µg/kg	Egg	
1.2.5.6. Amínósídín	Amínósídín	Nautgripir, svín, kanínur	500 µg/kg	Vöðvi	
		Kjúklingar	1500 µg/kg	Lifur, nýra	

1.2.6. Kínólón

1.2.6.2. Dekókinat	Dekókinat	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2000
1.2.6.3. Marbófloxasín	Marbófloxasín	Nautgripir	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998.
			50 µg/kg	Fita	
			75 µg/kg	Mjólk	
		Svín	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	
50 µg/kg	Fita, húð				
1.2.6.4. Flúmekvín	Flúmekvín	Nautgripir, sauðfé, svín, kjúklingar	50 µg/kg	Vöðvi, fita eða fita/húð	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 2000

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			100 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Nýra	
		Laxfiskar	150 µg/kg	Vöðvi/roð	

1.2.7. Ansamýsín með naftalínhring

1.2.7.1. Rifaximín	Rifaximín	Nautgripir	60 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 1998
--------------------	-----------	------------	----------	-------	--

1.2.8. Fjölmyxín

1.2.8.1. Kólistín	Kólistín	Nautgripir, sauðfé, svín, kjúklingar og kanínur	200 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2000
			150 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	300 µg/kg	Egg	

1.2.8.* Tetrasýklín * (Þetta kemur á sama nr. og fjölmyxín, sbr. 17/97/EC, og þess vegna er þetta stjómumerkt)

1.2.8.1.* Doxýsiklín	Summa móðurefnisins og 4-epímers þess.	Svín, alifuglar	600 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
			300 µg/kg	Lifur, húð/fitu	
			100 µg/kg	Vöðvi	
		Nautgripir	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	

1.2.9. Penísillín

1.2.9.1. Penicpamat	Bensýlpénisillín	Sauðfé	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
			4 µg/kg	Mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	

1.2.10. Beta-laktamasa-hemlar

1.2.10.1. Klavúlansýra	Klavúlansýra	Nautgripir, sauðfé, svín	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1999
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

2. Sníklalyf

2.1. Innsníklalyf

2.1.1. Bensímídasól- og pró-bensímídasól

2.1.1.1. Febantel 2.1.1.2. Fenbendasól	Heildarmagn leifa oxfendasóls, oxfendasólsúlfóns og fenbendasóls	Allar tegundir sem nýttar eru til matar.	1000 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1995. MRL tekur til allra leifa febantels, fenbendasóls og oxfendasóls.
			10 µg/kg	Vöðvi, nýra, fita Mjólk	
2.1.1.3. Oxfendasól	Heildarmagn leifa oxfendasóls oxfendasól-súlfóns, þíabendasól og 5-hýdroxý-þíabendasól				
2.1.1.4. Albendasól	Til samans albendasól og umbrotsefni þess, mæld sem 2- aminó-bensímídasól-súlfón.	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk	Bráðabirgða MRL rennur út 1. jan. 1996
			500 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Lifur	
2.1.1.5. Þíabendasól	Summa þíabensóls og 5-hýdroxí-þíabensól	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
2.1.1.6. Tríklabendasól	Til samans þær leifar sem hægt er að draga út og oxa við ketó-tríabendasól	Nautgripir	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	Bráðab. rennur út 1. júlí 1995
		Sauðfé	50 µg/kg	Fita	
2.1.1.7. Flúbendasól	Flúbendasól	Alifuglar	500 µg/kg	Lifur	Bráðab. rennur út 1. jan. 1996
		Villifuglar	200 µg/kg	Vöðvi	
			400 µg/kg	Egg	
		Svín	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
2.1.1.8. Oxíabendasól	Oxíabendasól	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Svín, hófdýr	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
2.1.1.9. Netóbimín	Summa netóbímíns, albenda- sóls og umbrotsefni albendasóls mæld sem 2- amínó- bensímídasól- súlfón	Nautgripir, sauðfé, geitur	1000 µg/kg	Lifur	Bráðab. rennur út 31. júlí 1997
2.1.1.10. Albendasól- súlfoxíð	Summa albendasóls, albenda- sólsúlfoxíðs, albendasól- súlfóns og albendasól-2- amínósúlfóns, gefið upp sem albendasól	Nautgripir, sauðfé og fashani	1000 µg/kg 500 µg/kg 100 µg/kg	Lifur Nýra Vöðvi, fita	Bráðabirgða MRL fellur úr gildi 1. jan. 1998
		Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Mjólk	

2.1.2. Tetra-hýdró-imídasól (imídasólþíasól)

2.1.2.1. Levamisól	Levamisól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1995
--------------------	-----------	---	----------	---------------------------------	--

2.2. Útsniklalyf

2.2.1. Formamídín

2.2.1.1. Amítras	Summan af amítras og umbrots- efnunum sem eru mæld sem 2,4- dímetýlanilín	Svín	50 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Nýra, lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1996
	Summa amítrass og allra umbrotsefna sem innihalda 2,4-DMA- hlutann, gefið upp sem Amítras	Nautgripir	200 µg/kg 10 µg/kg	Lifur, nýra, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998
		Sauðfé	400 µg/kg	Fita	
			200 µg/kg	Lifur, nýra	

2.2.2. Lífræn fosföt

2.2.2.1. Asameþífos	Asameþífos	Laxategundir	100 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 1997
---------------------	------------	--------------	-----------	-------------------------------------	--

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

2.2.3. Afleiða imínófenýl-þíasólídín

2.2.3.1. Sýmíásól	Sýmíásól	Hunangsflugur	1000 µg/kg	Hunang	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1999
-------------------	----------	---------------	------------	--------	--

2.3. Inn- og útsníklalyf

2.3.1. Avermektín

2.3.1.1. Moxidektín	Moxidektín	Nautgripir	1000 µg/kg	Fita	Bráðabirgða MRL rennur út 1. júlí 1997
		Sauófé	1000 µg/kg	Nýra, lifur	
2.3.1.6. Ívermektín	22,23-Díhýdró- avermektín B 1 a	Hjartardýr, þar með talin hreindýr	20 µg/kg	Vöðvi, nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1999
			100 µg/kg	Fita	
			50 µg/kg	Lifur	

3. Lyf sem hafa áhrif á taugakerfið

3.1. Lyf sem hafa áhrif á miðtaugakerfið

3.1.1. Róandi lyf sem innihalda bútýrófenón

3.1.1.1. Asaperón	Asaperól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	100 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1996
			50 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	

3.2. Lyf sem hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið

3.2.1. And-adrenvirk lyf

3.2.1.1. Karasólól	Karasólól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	30 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða MRL renna út 1. júlí 1995
			5 µg/kg	Nýra, vöðvi, fita	

3.2.2. β₂ aðrenhermandi lyf

3.2.2.1. Klenbúteról- hýdróklóríð	Klenbúteról	Nautgripir	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	Bráðab.gildi falla 1. jan. 2000 Ábending: Einnig til hríðarstöðvunar fyrir kýr með kálfasótt.
			0,1 µg/kg	Vöðvi	
			0,05 µg/kg	Mjólk	
		Hestar	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	Bráðab.gildi falla 1. júlí 2000 Ábending: Hríðarstöðvun og meðferð við öndunar-sjúkdómum
			0,1 µg/kg	Vöðvi	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
--------------------------	------------	--------------	-----	-----------	--------------

4. Barksterar

4.1. Sykursterar

4.1.1. Dexametasón	Dexametasón	Nautgripir, svín, hófdýr	2,5 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997
			0,5 µg/kg	Vöðvi, nýra	
		Nautgripir	0,3 µg/kg	Mjólk	

5. Bólguæðandi lyf

5.1. Steralaus bólguæðandi lyf

5.1.1. Arýlprópiónsýra

piperófos	Xn	22	(2)	24151-93-7		015-133-00-X	
pírimífos-metyl	Xn	22	(2)	29232-93-7	249-528-5	015-134-00-5	
prófenófos	Xn	20/21/22	(2)-36/37	41198-08-7	255-255-2	015-135-00-0	
próflúralín	Xi	36	(2)	26399-36-0	247-656-6	613-059-00-8	
própargít	Xn	22-36	(2)-24	2312-35-8	219-006-1	607-151-00-7	
própazín	Xn	40	(2)-36/37	139-40-2	205-359-9	613-067-00-1	
S-própylprópyltíókarbamát	Xn	22	(2)	1929-77-7	217-681-7	006-066-00-7	
própylentíópvagefni	Xn	40	(2)-36/37	2122-19-2		613-070-00-8	
prótkarbhýdróklórót	Xn	22	(2)	19622-19-6	243-193-9	006-061-00-X	
pýrazon	Xi	43	(2)-24-37	1698-60-8	216-920-2	606-035-00-3	
pýrazófos	Xn	22	(2)	13457-18-6	236-656-1	015-137-00-1	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas.-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Afhuga- semdir
resmetrín	Xn	22	(2)	10453-86-8	233-940-7	613-060-00-3	
ryania	Xn	21/22	(2)-36/37	15662-33-6	239-732-2	613-061-00-9	
sabadilla	Xi	36/37/38	(2)-36/37/39	8051-02-3		613-062-00-4	
sekbúmeton	Xn	22-36	(2)	26259-45-0	247-554-1	613-063-00-X	
simetrín	Xn	22	(2)	1014-70-6	213-801-7	613-065-00-0	
stífúryíðflúoríð	T	23/25-36/37/38	(1/2)-23-37/39-45	2699-79-8	220-281-5	009-015-00-7	Ú
syánófenfos	T	21-25-36-39/25	(1/2)-36/37-45	13067-93-1		015-110-00-4	Ú
O-4-sýanófenýl-O- etýlfenýlíósfónat	T	21-25-36-39/25	(1/2)-36/37-45	13067-93-1		015-110-00-4	Ú
4-sýklóóðekeyl-2,6- dímetýlmoorfólín	Xi	36/37/38	(2)-26	1593-77-7	216-474-9	613-057-00-7	
N-sýklóhexýl-N-metoxý-2,5- dímetýl-3-túramíð	Xn	40	(2)-36/37	60568-05-0	262-302-0	006-070-00-9	
N-(sýklóprópylmetýl)- α,α,α - triflúor-2,6-dínítro-N-própyl-p- tóbúdífn	Xi	36	(2)	26399-36-0	247-656-6	613-059-00-8	
tallíum(D)stífat	Tx	28-38-48/25	(1/2)-13-36/37-45	7446-18-6	231-201-3	081-003-00-4	Ú
2,3,6-TBA	Xn	22	(2)-22	50-31-7	200-026-4	607-152-00-2	
tebúdíúrón	Xn	22	(2)-37	34014-18-1	251-793-7	616-020-00-3	
teknazen	Xi	43	(2)-24-37	117-18-0	204-178-2	609-044-00-0	
terbúfos	Tx	27/28	(1/2)-36/37-45	13071-79-9	235-963-8	015-139-00-2	Ú
terbúmeton	Xn	22	(2)	33693-04-8	251-637-8	613-066-00-6	
tetraklór-p-bensókinon	Xi; N	36/38-50/53	(2)-37-60-61	118-75-2	204-274-4	602-066-00-1	
1,2,4,5-tetraklór-3-nítrobenzen	Xi	43	(2)-24-37	117-18-0	204-178-2	609-044-00-0	
tíazflúron	Xn	22	(2)	25366-23-8	246-901-4	616-021-00-9	
tíóbenkarb	Xn	22	(2)	28249-77-6	248-924-5	006-063-00-0	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Hættusetningar	Varnaðarsetningar	Cas.-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
tíofanat-metyl	Xn	40	(2)-36/37	23564-05-8	245-740-7	006-069-00-3	
tíofanox	Tx	27/28	(1/2)-27-36/37-45	39196-18-4	254-346-4	006-064-00-6	Ú
tíonazín	Tx	27/28	(1/2)-36/37/39-38-45	297-97-2	206-049-6	015-112-00-5	Ú
tíósýklam-oxalat	Xn	21/22	(2)-36/37-46	31895-22-4	250-859-2	607-170-00-0	
m-tólylmetylkarbamat	Xn	22	(2)	1129-41-5	214-446-0	006-056-00-2	
tris(1-dódekyl-3-metyl-2-fenylbenzimidazólium)-hexasýanóferat	Xn	22	(2)-24	7276-58-6		615-014-00-8	
triadimefon	Xn	22	(2)	43121-43-3	256-103-8	606-037-00-4	
triazófos	T	24/25	(1/2)-23-36/37-45	24017-47-8	245-986-5	015-140-00-8	Ú
trifenmorf	Xn	22	(2)-22-24	1420-06-0	215-812-2	613-052-00-X	
1,1,1-trifluór-N-(4-fenylsúlfónyl- <i>o</i> -tólyl)metansúlfonamíó	Xn	22-36	(2)	37924-13-3	253-718-3	616-019-00-8	
triflúralín (inniheldur < 0,5 ppm NPDA)	Xi	36-43	(2)-24-37	1582-09-8	216-428-8	609-046-00-1	
2,3,6-triklórbenzósýra	Xn	22	(2)-22	50-31-7	200-026-4	607-152-00-2	
1,7,7-trimetylþisýkló[2.2.1]hept-2-ýltisýanatóasetat	Xn	22	(2)-24/25	115-31-1	204-081-5	615-015-00-3	
5-(3,6,9-trioxa-2-undekýloxy)benzó[d]-1,3-dioxólan	Xn	22	(2)	51-14-9		613-064-00-5	
trisýklazól	Xn	22	(2)	41814-78-2	255-559-5	611-007-00-9	
4-tritylímorfólín	Xn	22	(2)-22-24	1420-06-0	215-812-2	613-052-00-X	
veratrínn	Xi	36/37/38	(2)-36/37/39	8051-02-3		613-062-00-4	
vernólat	Xn	22	(2)	1929-77-7	217-681-7	006-066-00-7	
xýlýlkarb	Xn	22	(2)	2425-10-7	219-364-9	006-055-00-7	
3,4-xýlýlmetylkarbamat	Xn	22	(2)	2425-10-7	219-364-9	006-055-00-7	

Heiti efna	Varnaðar- merki	Heftusetningar	Varnaðarsætningar	Cas-nr.	EB-nr.	Raðnúmer	Athuga- semdir
3,5-xýl/Imetýlkarbamát	Xn	22	(2)	2655-14-3		006-067-00-2	

III. VIÐAUKI

Heiti efna	CAS-nr.	EB-nr.	Raðnúmer
dí(2-etylhexýl)talat	117-81-7	204-211-0	
díkamba	1918-00-9	217-635-6	607-043-00-x
metoxuron	19937-59-8	243-433-2	006-033-00-7
1-naftýledíksýra	86-87-3	201-705-8	607-087-00-x
sýklúron	2163-69-1	2163-69-1	006-027-00-4
tríbútylínínóleat	24124-25-2	246-024-7	050-015-00-1
tríbútylínnaftíenat	85409-17-2	287-083-9	050-016-00-7
tríbútylínóleat	3090-35-5	221-433-3	050-014-00-6

IV. VIÐAUKI

Sérákvæði um merkingar.*1. Allar efnavörur.*

Eftirfarandi ákvæði gilda um efnavöru óháð því hvort varan er flokkuð sem hættuleg eða ekki.

1.1. Málning og lökk sem innihalda blý.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðum umbúða fyrir málningu og lökk sem innihalda meira en 0,15% blý (gefið upp sem styrkur málsins) miðað við heildarþunga efnablöndunnar. Blýmagnið skal ákvarðað í samræmi við ISO-staðal 6503/1984:

Inniheldur blý. Notist ekki á yfirborð sem ætla má að börn nagi eða sjúgi.

Ef umbúðir eru 125 ml eða minni mega upplýsingarnar vera sem hér segir:

Viðvörðun. Inniheldur blý.

1.2. Lím sem inniheldur sýanóakrýlöt.

Eftirfarandi áletrun skal standa á innri umbúðum líms sem inniheldur sýanóakrýlöt:

Sýanóakrýlat.

Hætta.

Límur saman húð og augu á svipstundu.

GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Nauðsynlegar notkunar- og öryggisleiðbeiningar skulu fylgja umbúðum.

1.3. Efnavörur sem í eru ísósýanöt.

Eftirfarandi áletrun skal standa á merkimiðum umbúða fyrir efnavörur sem innihalda ísósýanöt (einliður, fáliður, fjölliður o.s.frv. eða blöndur þeirra):

Inniheldur ísósýanöt.

Sjá upplýsingar frá framleiðanda.

1.4. Efnavörur sem í eru epoxýsambönd.

Eftirfarandi áletrun skal standa á merkimiðum umbúða fyrir efnavörur sem innihalda epoxýsambönd með meðalmólþunga ≤ 700 :

Inniheldur epoxýsambönd.

Sjá upplýsingar frá framleiðanda.

1.5. Efnavörur með virkum klór.

Eftirfarandi áletrun skal standa á umbúðum fyrir efnavörur sem seldar eru almenningi og innihalda meira en 1% af virkum klór:

Viðvörðun!**Notist ekki með öðrum efnavörum.****Getur gefið frá sér hættulegar lofttegundir (klór).***1.6. Málmblöndur með kadmíum*

Eftirfarandi áletrun skal standa á umbúðum fyrir efnavörur sem innihalda kadmíum og eru ætlaðar til málmsuðu eða lóðunar:

Viðvörðun!**Inniheldur kadmíum.****Hættulegar gufur myndast við notkun.****Sjá upplýsingar frá framleiðanda.****Fylgið öryggisleiðbeiningum.***1.7. Úðabrúsar.*

Allir úðabrúsar skulu merktir eftirfarandi áletrunum, sbr. þó einnig reglur nr. 98/1996 um úðabrúsa:

Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi og hita yfir 50°C. Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.

Eftirfarandi áletranir skulu vera á úðabrusum ef innihaldið er eldfimt:

Úðið ekki á eld eða glóandi hluti.**Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.****GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.***2. Hættulegar efnavörur.*

Eftirfarandi gildir um efnavörur sem flokkast hættulegar, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar.

2.1. Efnavörur sem seldar eru almenningi.

Ef ekki er mögulegt að koma varnaðarsetningum V1, V2, V45 eða V46 fyrir á umbúðum fyrir efnavörur sem flokkaðar eru ætandi (C) skulu nákvæmar og auðskildar leiðbeiningar fylgja umbúðunum og auk þess, ef þörf krefur, leiðbeiningar um förgun umbúða.

2.2. Efnavörur sem ætlaðar eru til úðunar/sprautunar.

Á merkimiðum umbúða fyrir efnavörur sem ætlaðar eru til úðunar/sprautunar skal standa varnaðarsetningin V23 ásamt annað hvort V38 eða V51 og eru þær valdar samkvæmt leiðbeiningum um val á varnaðarsetningum.

2.3. Efni sem geta valdið krabbameini, stökkbreytingum eða haft skaðleg áhrif á æxlun.

Efni sem geta valdið krabbameini, stökkbreytingum eða haft skaðleg áhrif á æxlun, í

flokki 1 eða 2, og vörutegundir sem í eru þessi efni í þeim styrk að varan flokkist sem „Eitur“ (T) eða „Sterkt eitur“ (Tx) skulu merktar eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu lettri:

Notist einungis af fagmönnum. Varúð - forðist snertingu eða innöndun - leitið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.

Þetta gildir þó ekki um málningu til listiðkunnar.

2.4. Efni og efnavörur sem fá hættusetninguna H65.

Efnavörur sem flokkaðar eru sem hættulegar heilsu (Xn) þar eð hætt er við að þær valdi lungnaskaða við inntöku, þarf ekki að merkja sem hættulegar heilsu (Xn) með hættusetningunni H65 ef þær eru markaðssettar í úðabrúsum eða í kútum sem búnir eru lokuðum úðunarbúnaði.

3. Ný efni og efnavörur sem innihalda ný efni.

- 3.1 Ný efni sem koma á markað og falla undir reglugerð nr. 815/1998 um tilkynningaskyldu varðandi ný efni, skal merkja í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar að svo miklu leyti sem mögulegt er. Ef efni hefur ekki verið rannsakað að fullu skal að auki merkja með eftirfarandi setningu:

Varúð — efni sem ekki hefur verið rannsakað að fullu.

- 2 Efnavörur sem innihalda $\geq 1\%$ af efni sem ekki hefur verið rannsakað að fullu skulu merktar með eftirfarandi setningu:

Varúð — þessi vara inniheldur efni sem ekki hefur verið rannsakað að fullu.

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota.

I. KAFLI Gildissvið.

1. gr.

Rafknúnum sambyggðum þvottavélum og þurrkurum til heimilisnota, sem nefnd eru tæki hér á eftir, skulu við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin gildir ekki um tæki sem nota aðra orkugjafa en raforku og hún nær ekki til endursölu notaðra tækja eða tækja sem hætt er að framleiða við gildistöku hennar.

II. KAFLI Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi tækja, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi tækja eða sá sem markaðssetur tækin á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum tæki.

III. KAFLI Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Tæki skal merkt með merkimiða sem sýnir orkunotkun þess o.fl. Merkimiðinn skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EBE. Skal miðanum komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tæki sem boðið er til sölu eða leigu eða er til sýnis þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim tækjum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 1. mgr. má ekki setja á tæki ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að tækjum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi tæki. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal vera í samræmi við II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EBE.

Upplýsingablöð um tæki, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3. gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi tæki.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á tækinu sem nægir til að bera kennsl á það;
3. upplýsingar, þar með talið teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar;
4. skýrslur um viðeigandi mælingarpróf sem gerð hafa verið á grundvelli staðla skv. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EBE;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá tæki, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3. - 6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasali skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á tæki næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir tæki út til sýnis, skal festa merkmiða skv. 3. gr. við tækið. Seljandinn skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað um tækið skv. 4. gr.

10. gr.

Séu tæki boðin til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið útstíllt og neytendur eru hvattir til að panta tækið til afhendingar beint, skal orðsending hafa að geyma allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka (póstverslun og önnur fjarsala) við tilskipun 96/60/EBE, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablöð skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi tæki.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala tækið sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákvæðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram tæki til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);

2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EBE frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);

3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22 frá 1998 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. janúar 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

AUGLÝSING**ríkisskattstjóra nr. 6/1999 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila.**

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 30. október 1998.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs 31. mars 1999 í stað 31. janúar 1999.

Reykjavík, 29. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.

Útboðsþjónusta.

Lágmarksgjald fyrir útboð	kr. 75.000
Innifalið: Minniháttar útboðslýsing og tilboðsblað (verklýsing aðsend)	
Gerð auglýsingar vegna samauglýsingar	
Sala og kynning útboðsgagna	
Meðhöndlun fyrirspurna (minniháttar)	
Móttaka tilboða	
Opnun tilboða	
Mat tilboða	
Frágangur pöntunar og/eða samnings	
Gjald fyrir stærri verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald:	
Útboðsfulltrúi	kr./klst. 2.500
Verkefnastjóri	3.300
Deildarstjóri	4.000
kr.	
Gjald fyrir gerð fyrirspurnar (í útboðsformi)	30.000
Gjald fyrir gerð verðkönnunar (án útboðs)	15.000
Auglýsingakostnaður vegna sérauglýsinga er ekki innifalinn í grunngjaldi og greiðist hann sérstaklega samkvæmt reikningi.	

2. gr.

Innflutningur.

Kostnaðarverð sendingar	Þjónustugjald
0 — 500.000	7%
500.001 — 900.000	6%
900.001 — 3.000.000	4%
3.000.001 — 6.000.000	3%
6.000.001 — 11.000.000	2%
11.000.001 — 99.999.999	1,5%
Annist Ríkiskaup innflutning er útboðsþjónusta skv. 1. gr. innifalin.	

3. gr.

Innlend vörukaup almenn.

Þjónustugjald	3%	Lágmark kr. 500
(bætist við kostnaðarverð vöru)		
Annist Ríkiskaup innlend vörukaup er útboðsþjónusta skv. 1. gr. innifalin.		

4. gr.
Sala fasteigna.
 Þjónustugjald Hámark 1,7% Lágmark kr. 65.000
 Innifalið:
 Auglýsing (samauglýsing)
 Varsla og umsjón fasteigna
 Núvirðing tilboða
 Skjalagerð

5. gr.
Kaup fasteigna.
 Þjónustugjald 1% Lágmark kr. 65.000
 Innifalið: Sama og í 4. gr.

6. gr.
Kaup bifreiða.
 Þjónustugjald 2%
 Innifalið: Sama og í 4. gr.

7. gr.
Sala bifreiða.
 Þjónustugjald 2,5% Lágmark kr. 18.000
 Innifalið: Sama og í 4. gr.

8. gr.
Sala véla og tækja.
 Þjónustugjald 3% Lágmark kr. 5.000
 Innifalið: Sama og í 4. gr.

9. gr.
Sala notaðra muna.
 Þjónustugjald 20% Lágmark kr. 1.000
 Innifalið: Sama og í 4. gr.

10. gr.
Lögfræðilegar álitserðir.
 Tímagjald lögfræðings 4.000 kr./klst.

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 289 18. apríl 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 25. janúar 1999.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Guðmundur Ólason.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206, 11. apríl 1991 um Jöfnunarsjóð sókna.

1. gr.

Orðin í 2. tl. 2. gr. „sbr. 3. gr. laga nr. 25/1985“ og „skv. 8. gr. sömu laga“ falli brott.

2. gr.

1. ml. 4. gr. orðist svo: Umsóknir um framlög úr Jöfnunarsjóði sókna skulu berast biskupsstofu fyrir 10. nóvember ár hvert og skal stjórn sjóðsins hafa lokið úthlutun fyrir 20. desember sama ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 9. gr. laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91 frá 29. desember 1987, öðlast þegar gildi. Skal fyrst úthlutað úr Jöfnunarsjóði sókna samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar fyrir 20. desember 1999 vegna ársins 2000. Úthlutun vegna ársins 1999 fer eftir eldri reglum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvítársíðuhreppi.

Hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps, Mýrasýslu, hefur samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Sámsstaði.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 318/1985.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

2. febrúar 1999.

F.h. hreppsnefndar,

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli þar sem sorphreinsun fer fram:	kr.
	1. Sorphreinsigjald	5.800
	2. Sorpeyðingargjald	2.700
B)	Íbúðir í dreifbýli þar sem sorphreinsun fer ekki fram:	
	1. Sorpeyðingargjald	2.700
	2. Gámagjald	2.700
C)	Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram:	
	1. Sorpeyðingargjald	1.600
	2. Gámagjald	2.700
D)	Fyrirtæki:	
	1. flokkur sorphreinsun	5.500
	sorpeyðing	2.500
	2. flokkur sorpeyðing	15.000
	3. flokkur sorpeyðing	30.000
	4. flokkur sorpeyðing	60.000
	5. flokkur sorpeyðing	120.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eftirfarandi forsendum:

- i) Í 1. flokk fara fyrirtæki þar sem áætlað magn úrgangs er það sama og frá heimilum.
- ii) Í 2. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn úrgangs allt að 12 m³ á ári.
- iii) Í 3. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs milli 12 - 48 m³ á ári.
- iv) Í 4. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs milli 48 - 96 m³ á ári.
- v) Í 5. flokk fara fyrirtæki með áætlað magn urðaðs úrgangs 96 m³ eða meira á ári.

Bæjarstjórn er einnig heimilt að setja fyrirtæki í hærri flokk en magn úrgang frá því gefur tilefni til ef úrgangurinn er sérstaklega erfiður í meðhöndlun og eyðingu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87/1998 um sorphirðu í Snæfellsbæ.

Umhverfisráðuneytinu, 28. janúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda á árinu 1999.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1998 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1999. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1999 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum, sbr. 1. gr., er honum bar að greiða á árinu 1998. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1999 en tekjuskatt, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Ekki skal innheimta fyrirframgreiðslu skv. 1. mgr. ef hún er undir 1.000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1999 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um er að ræða hafi lækkað svo mjög milli árána 1997 og 1998 að þeir séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 1997. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa einstaklinga í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. 1. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. sbr. og 113. gr. sömu laga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þínggjalda á árinu 1999 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110., 113. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 11. janúar 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

REGLUR

um hámark útjöfnunarskuldar váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og um útreikning þess.

1. gr.

Váttryggingafélög sem hafa starfsleyfi í frumtryggingum eða endurtryggingum skv. 22. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og gera ársreikning skv. reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga geta lagt í útjöfnunarskuld skv. ákvæðum þeirrar reglugerðar og þessara reglna.

Útjöfnunarskuld er sá hluti váttryggingaskuldar sem svarar til skuldbindinga váttryggingafélags vegna sveiflna í tjónareynslu frá ári til árs og óvissu í mati tjónaskuldar.

Útjöfnunarskuld félags í heild er samanlögð útjöfnunarskuld einstakra greinaflokka samkvæmt 1. og 2. mgr. 77. gr. reglugerðar nr. 613/1996. Í einstökum greinafloknum váttrygginga má útjöfnunarskuldin mest nema hámarki sem reiknað er skv. 2. gr.

2. gr.

Hámark útjöfnunarskuldar H, í lok reikningsárs í tilteknum greinaflokki váttrygginga er reiknað samkvæmt eftirfarandi reglu:

$$H = a \times B + b \times T$$

þar sem B eru bókfærð iðgjöld félagsins á reikningsárinu í viðkomandi greinaflokki samkvæmt rekstrarreikningi án frádráttar á hluta endurtryggjenda, og T er tjónaskuld greinaflokksins í lok reikningsárs samkvæmt efnahagsreikningi án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og a og b eru stuðlar sem bókfærð iðgjöld og tjónaskuld eru margfölduð með, sbr. 2. mgr.

Eftirfarandi stuðla skal nota til að reikna hámark útjöfnunarskuldar samkvæmt 1. mgr.:

*Greinaflokkar:**Stuðlar:*

	a	b
1. Eignatryggingar	0,16	0,21
1.a Viðlagatrygging, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1992	20,00	0,00
2. Sjó- og flugtryggingar	0,25	0,26
3. Farntryggingar	0,36	0,45
4. Lögboðnar ökutækjatryggingar	0,12	0,13
5. Aðrar ökutækjatryggingar	0,08	0,13
6. Ábyrgðartryggingar	0,23	0,31
7. Greiðslu- og efndaváttryggingar	0,69	0,95
8. Slysa- og sjúkratryggingar	0,29	0,17
9. Réttaraðstoðartryggingar	0,16	0,21
10. Ferðamannaaðstoðartryggingar	0,16	0,21
11. Erlendar endurtryggingar	0,69	0,95

Í innlendum endurtryggingum skal gengið út frá stuðlum viðkomandi greinaflokka samkvæmt 1. - 10. tölul. Endurtryggingar líftrygginga skal telja með endurtryggingum slysa- og sjúkratrygginga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má útjöfnunarskuld skaðatryggingafélags vera í heild allt að því sem hærra er, 25 millj. kr. eða þrefaldri eigin áhættu félags í einu tjonstílviki enda sé eigin áhætta ekki hærri en 8% af gjaldþoli félagsins. Félagið getur valið til hvaða greinaflokks viðbót samkvæmt þessari mgr. skuli talin.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá hámarki sé tjonareynsla vátryggingafélags í greinaflokki eða greinafloknum mjög óregluleg eða starfsemin takmörkuð þannig að hámarkið teljist ekki veita nægilegt svigrúm til útjöfnunar. Félag skal í slíku tilviki leggja fram umsókn um undanþáguna ásamt rökstuddri greinargerð.

3. gr.

Vátryggingafélag sem hyggst leggja í útjöfnunarskuld skal setja sér reglur um hvernig útjöfnunarskuldin skuli reiknuð með hliðsjón af 2. mgr. 54. greinar reglugerðar nr. 613/1996. Reglur félagsins skulu sendar Fjármálaeftirlitinu.

4. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 3. mgr. 54. gr. reglugerðar nr. 613/1996 og gilda í fyrsta sinn fyrir reikningsárið 1998. Reglur nr. 154 frá 21. febrúar 1997 með sama heiti falla hér með úr gildi.

1. febrúar 1999.

Fjármálaeftirlitið,

Helgi Þórsson.

Páll Gunnar Pálsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1999

7. febrúar 1999

241

Nr. 86

REGLUGERÐ

um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samnings milli Íslands og Færeyja frá 20. mars 1976 með síðari breytingum, um heimildir færeyskra skipa til línu- og handfæraveiða við Ísland.

2. gr.

Veiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu og er færeyskum skipum óheimilt að hefja veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skipa, skrásetningarnúmer, stærð, kallmerki og veiðarfæri.

Leyfi til línu- og handfæraveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð skulu miðast við árlegar veiðiheimildir færeyskra skipa og falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem færeyskum stjórnvöldum er árlega tilkynnt um.

3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til handfæraveiða eru heimilar veiðar utan fjögurra sjómílna frá grunnlínu og utan 6 sjómílna frá Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu skv. reglugerð nr. 299, 15. júlí 1975, um fiskveiðilandhelgi Íslands, á tveim svæðum sem afmarkast þannig:

- a) Að vestan af línu norður frá Horni ($66^{\circ}27'4$ N - $22^{\circ}24'3$ V) og að austan af línu réttvísandi norður frá Rauðanúpi ($66^{\circ}30'7$ N - $16^{\circ}32'4$ V).
- b) Að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi ($66^{\circ}22'7$ N - $14^{\circ}31'9$ V) og að sunnan af línu réttvísandi austur frá Glettinganesi ($65^{\circ}30'5$ N - $13^{\circ}36'3$ V).

Á tímabilinu 1. janúar - 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði sem afmarkast að austan af línu réttvísandi suður frá Surtsey ($63^{\circ}17'6$ N - $20^{\circ}36'3$ V) og að vestan af línu réttvísandi í vestur frá Skálasnaga ($64^{\circ}51'3$ N - $24^{\circ}02'5$ V).

4. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða eru heimilar veiðar utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

5. gr.

Færeysk skip sem leyfi fá til veiða innan fiskveiðilandhelginnar skv. reglugerð þessari, skulu tilkynna sig til Landhelgisgæslunnar með eftirfarandi hætti:

1. Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu með 6 klst. fyrirvara.
2. Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla eftir tegundum síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.
3. Tilkynna skal siglingu út úr íslenskri lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð eftir tegundum með 6 klst. fyrirvara.

6. gr.

Færeysk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

7. gr.

Færeyskum skipum sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með afla og veiðarfærum um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi færeyskum skipum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Færeyskum skipum er skylt að halda afladagbók og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

8. gr.

Staðfestar aflatölur hvers mánaðar skulu sendar Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir mánaðamót, sundurliðaðar eftir bátum og tegundum.

9. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjótí útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.500 kr. á hvert sorpílát.
Sorpeyðingargjald	3.500 kr. á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 33/1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um tóbaksvarnir á vinnustöðum.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

- 1.1 Markmið þessara reglna er að tryggja að starfsmenn sem ekki reykja verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum og jafnframt að veita fólki sem kemur á vinnustað vegna viðskipta eða þjónustu slíka vernd.
- 1.2 Ákvæði 2. greinar reglna þessara varða sérstaklega stofnanir og staði þar sem reykingar eru bannaðar samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.
- 1.3 Ákvæði 3. til 5. greinar varða sérstaklega atvinnuhúsnæði þar sem reykingar eru ekki bannaðar með öllu samkvæmt 10. grein laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996. Ákvæðin gilda meðal annars um þann hluta vinnustaðar sem sérstaklega er ætlaður starfsfólki á stöðum sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu eða þjónustu og falla því undir 9. grein sömu laga.

2. gr.

Skólar og heilbrigðisstofnanir.

- 2.1 Reykingar eru með öllu óheimilar í grunnskólum, leikskólum og hvers konar dagvistum barna. Nær bannið til húss og lóðar. Einnig eru reykingar bannaðar í húsa- kynnum sem ætluð eru til félags-, íþrótt- og tómstundastarfa barna og unglinga innan 18 ára. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar á þessum stöðum.
- 2.2 Reykingar eru bannaðar í framhaldsskólum og sérskólum. Með framhaldsskólum og sérskólum er átt við skóla sem þannig eru skilgreindir í lögum eða af menntamálaráðuneytinu. Nær bannið til allra húsakynna og lóða á vegum skólanna. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar í þessum skólum.
- 2.3 Reykingar eru með öllu bannaðar á heilsugæslustöðvum. Nær bannið til allra húsa- kynna stöðvanna og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar á heilsugæslustöðvum. Sama gildir um lækna- stofur, tannlækna- stofur, sjúkrahús- stofur og aðra staði sem veita heilbrigðisþjónustu.
- 2.4 Reykingar eru bannaðar á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Nær bannið til allra húsa- kynna þeirra og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Vistmönnum er þó heimilt að reykja í herbergjum sínum og leyfa þar reykingar, öðrum en starfsmönnum.
- 2.5 Reykingar eru bannaðar á sjúkrahúsum. Nær bannið til allra húsakynna sjúkrahúsanna og skal ekki reykt á svölum og ekki í eða við anddyri. Ekki er heimilt að hafa neins konar afdrep fyrir reykingar starfsmanna, en heimilt er að leyfa sjúklingum að reykja í vissum tilvikum í sérstöku vel loftræstu afdrepi, sem til þess er ætlað. Séu reyk- ingaafdrepi fyrir sjúklinga á sjúkrahúsum er starfsfólki óheimilt að reykja þar.

3. gr.

Staðir sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu eða þjónustu.

- 3.1 Í þeim hluta af húsnæði stofnana, fyrirtækja og annarra þar sem almenningur leitar aðgangs vegna afgreiðslu eða þjónustu eru reykingar öllum óheimilar. Undir þetta falla meðal annars afgreiðslusvæði, forstofur, gangar, biðstofur, snyrtiherbergi og hvers konar áhorfendasvæði.
- 3.2 Um þann hluta atvinnuhúsnæðis samkvæmt grein 3.1 sem eingöngu er ætlaður starfsmönnum á þessum stöðum gilda ákvæði 4. og 5. greinar. Þess skal þó gætt að reykur berist ekki inn á þau svæði er ætluð eru viðskiptavinum eða þjónustuþegum.

4. gr.

Annað atvinnuhúsnæði.

- 4.1 Í vinnurými eru tóbaksreykingar óheimilar, sbr. þó grein 4.2.
- 4.2 Sé starfsmaður einn um vinnurými sem tengist öðru vinnurými einungis með lokanlegum dyrum, og sinni hann ekki afgreiðslu eða þjónustu, sbr. grein 3.1, getur atvinnurekandi/forstöðumaður á vinnustaðnum heimilað honum að reykja í vinnurýminu meðan hann er þar einn. Vinni tveir eða fleiri í sama rými má með sömu skilyrðum heimila þeim að reykja þar, séu þeir báðir/allir reykingamenn og samþykki hver og einn þeirra þá tilhögun. Starfsmaður getur ávallt afturkallað samþykki sitt og það fellur sjálfkrafa úr gildi hætti starfsmaður að reykja. Óheimilt er að nýta vinnurými sem reykingaafdrepp skv. grein 4.11 enda þótt reykingar séu leyfðar þeim sem þar vinna.
- 4.3 Ekki skal leyft að reykja í vinnurými sé ekki unnt að koma í veg fyrir að reykloft berist þaðan til annarra svæða á vinnustað, þ.m.t. með loftræstikerfi. Ef efni sem geta verið krabbameinsvaldandi, önnur en tóbaksreykur, eru í andrúmslofti í vinnurými (sem gufa, reykur, ryk eða smásæir dropar), skal heldur ekki leyft að reykja þar.
- 4.4 Ákvæði greina 4.1 til 4.3 gilda um bifreiðir fyrirtækja og stofnana.
- 4.5 Í kaffi- og matstofum eru reykingar óheimilar.
- 4.6 Á fundum sem haldnir eru á vinnustað er óheimilt að reykja. Tekur það bæði til starfsmanna á vinnustaðnum og annarra sem fundinn kunna að sækja.
- 4.7 Í forstofum, göngum og lyftum eru tóbaksreykingar óheimilar.
- 4.8 Óheimilt er að reykja í búnings- og fataherbergjum, snyrtiherbergjum og salernum.
- 4.9 Ákvæði greina 4.1 til 4.8 gilda um vinnuskúra, tjöld og annað færanlegt húsrými á vegum fyrirtækja og stofnana.
- 4.10 Ef starfsmenn sofa í svefnskálum, tjöldum eða annars konar búðum sem tilheyra vinnustað eru reykingar óheimilar í svefnrými sem tveir eða fleiri eru saman um. Í öðru sameiginlegu rými eru reykingar óheimilar ef einhver starfsmaður sem það notar hefur á móti því að þar sé reykt.
- 4.11 Heimilt er að hafa afdrepp fyrir reykingar á vinnustað. Skal það vel loftræst og þannig fyrir komið að tóbaksreykur berist ekki til annarra svæða á vinnustaðnum. Einnig skal þess gætt að tóbaksreykur berist ekki inn í vistarverur fólks í nærliggjandi húsnæði vegna fyrirkomulags loftræstingar, sbr. byggingareglugerð og heilbrigðisreglugerð.
- 4.12 Atvinnurekandi/forstöðumanni er heimilt að takmarka reykingar starfsmanna í húsnæði og á lóð meira en fram kemur í greinum 4.1 til 4.10, þar með talið að banna þær með öllu.
- 4.13 Á veitingastöðum og skemmtistöðum sem eru að öllu leyti eða hluta til undanþegnir reykingabanni skv. 9. gr. laga nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996, skulu reglur þessar gilda um allt húsnæði sem starfsmenn hafa einir aðgang að.
- 4.14 Í opinberum stofnunum, öðrum en þeim sem falla undir ákvæði greina 2.1 til 2.4, skulu forstöðumenn gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar

fyrir árslok árið 2000 í samráði við starfsfólk. Skal þá vera búið að takmarka reykingar í þeim öllum, jafnt stofnunum ríkis og sveitarfélaga, við sérstök afdrep sem ætluð eru fyrir reykingar, eða banna þær með öllu. Einnig er forstöðumanni opinberrar stofnunar heimilt að takmarka eða banna reykingar á lóð stofnunar. Þar til þetta hefur verið gert gilda ákvæði 4.1 til 4.12 um þessar stofnanir.

- 4.15 Ákvæði 4. greinar gilda hvorki um atvinnustarfsemi fólks á einkaheimili né heldur í einkabifreið, enda um að ræða húsnæði eða bifreið sem nýtt er einvörðungu af einstaklingum í sömu fjölskyldu eða öðrum á heimili hennar. Eftir sem áður gilda ákvæði 2. og 3. greinar um þessa staði.

5. gr.

Loftræsting.

- 5.1 Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting að mati eftirlitsaðila.

6. gr.

Ágreiningur, eftirlit og viðurlög.

- 6.1 Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd 2. til 4. greinar skal leitast við að leysa innan vinnustaðanna sjálfra í öryggisnefnd eða með viðræðum vinnuveitenda, yfirmanna og þeirra starfsmanna sem í hlut eiga.
- 6.2 Telji starfsmaður reglur þessar brotnar og náist ekki að leysa ágreining sbr. grein 6.1 getur viðkomandi kært það til öryggistrúnaðarmanns eða öryggisnefndar á viðkomandi vinnustað. Sætti starfsmaður sig ekki við úrlausn getur hann skotið málinu til Vinnueftirlits ríkisins eða heilbrigðiseftirlits eftir því sem við á.
- 6.3 Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins geta þó gert með sér samkomulag um það að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga annist eftirlitið á tilteknum vinnustöðum, að höfðu samráði við heilbrigðisnefndir.
- 6.4 Um brot á reglum þessum fer skv. lögum nr. 74/1984 um tóbaksvarnir sbr. lög nr. 101/1996 og, eftir því sem við á, ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Gildistaka.

- 7.1 Reglur þessar eru settar samkvæmt 12. og 16. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir með síðari breytingum, sbr. lög nr. 101/1996, og samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins. Að því leyti sem reglur þessar heimila að reykt sé á vinnustað víkja þær fyrir öðrum reglum og lögum sem banna reykingar vegna hreinlætis eða öryggis svo sem vegna framleiðslu matvæla, eldhættu eða öryggis í flugi. Sérstakar reglur gilda um reykingar í skipum.
- 7.2 Reglur þessar öðlast gildi 15. júní 1999. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 487 frá 24. desember 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Kaldrananeshrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Kaldrananeshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu sbr. og V. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Oddviti sveitarfélagsins, sbr. þó 8. og 15. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki ákveðið það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Oddviti sveitarfélagsins semur dagskrá sveitarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði, sbr. þó 8. gr.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem oddviti telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Oddviti sveitarfélagsins skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sem íbúarnir hafa greiðan aðgang að, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórnin ákveður.

14. gr.

Oddviti sveitarfélagsins skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundu skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmatúr ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmatúr.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

1.2 Í kjarna eru sölutegundir¹⁾ (vörunúmer) sem flust hafa úr reynsluflokki í kjarna og vorur sem voru í þeim flokki 1. mars 1994 og eigi hafa fallið úr kjarna samkvæmt ákvæðum reglna ÁTVR um innkaup og sölu áfengis. Kjarninn er endurmetinn í mánuði hverjum. Um brottfellingu vöru úr kjarna fer eftir ákvæðum tl. 1.10. Verði sú breyting á smásöluverði að vara flytjist milli verðflokka byrjar varan nýtt viðmiðunartímabil í nýja vöruflokknum. Viðmiðunartíminn sé 3 mánuðir, þó ekki skemmri en svo að varan hafi náð 12 mánaða veru í kjarna. Birgðir sölutegundar, sem felld hefur verið úr kjarna, má selja sem um vöru í kjarna væri að ræða. Séu tvær eða fleiri sölutegundir sömu áfengistegundar¹⁾ boðnar til sölu og hvorug eða engin þeirra nær áskildu söluhlutfalli en samanlögð sala áfengistegundar nær söluhlutfallinu, þá skal sú sölutegundin, sem birgir velur, haldast áfram í kjarna en aðrar sölutegundir falla úr kjarna.

1.3 Áfengi í kjarna er til sölu í öllum verslunum ÁTVR. Í verslunum ÁTVR í Ólafsvík, Stykkishólmi, á Patreksfirði, Blönduósi, Siglufirði, Dalvík, Húsavík, Þórshöfn, Seyðisfirði, Neskaupstað og Höfn er nægilegt að hafa a.m.k. 5 mest seldu áfengistegundir bjórs falar. Í sömu verslunum skulu a.m.k. 3 mest seldu áfengistegundir úr öðrum vöruflokkum falar. Hafi heildarsala tegundarinnar í öllum verslunum ÁTVR eigi náð 3000 lítrum undanfarið almanaksár þarf ekki að hafa hana í birgðum þeirra verslana sem hér um ræðir.

1.4 Í reynsluflokki eru að jafnaði 30% af tölu sölutegunda sem eru í kjarna. Sem næst helmingur sölutegundanna skal seldur í vínbúðunum í Holtagörðum, á Eiðistorgi, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Hinn helminginn skal selja í vínbúðunum í Austurstræti, Mjódd, Kópavogi og Hafnarfirði, í Vestmannaeyjum og í Keflavík. Allar sölutegundirnar skulu seldar í Heiðrónu og Kringlunni. Vara í þessum flokki er í reynslusölu 6 mánuði. Upphaf sölutíma skal telja það sama og tilgreint er í samningi, sbr. tl. 5.11. Að loknu því tímabili flyst sölutegundin í kjarna, nái hún söluhlutfalli sem áskilið er skv. ákvæðum tl. 1.10. Við útreikning skal miða við sölu í 4 heila mánuði er næstir koma fyrsta mánuði sölutímans og salan borin saman við heildarsölu vöruflokksins á sama tímabili í þeim verslunum ÁTVR sem hafa viðkomandi vöru í reynslusölu að frátalinni sölu í sérflokki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. nr. 205/1998.

Sé vöruflokkur deilt í verðflokka skal sölutegundin vera í sama verðflokki allan reynslusölutímamann. Vara, sem fellur úr reynslusölu vegna ónógrar eftirspurnar, verður ekki tekin aftur til reynslu fyrr en 12 mánuðir hafa liðið frá því sölu hennar var hætt. ÁTVR tekur aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til reynslusölu eða á biðlista til reynslusölu frá sama framleiðanda.

1.5 Nái sölutegund í sérpöntunarþjónustu, sbr. 4. tl. þessara reglna, lágmarkshlutfalli til að haldast í kjarna, sbr. tl. 1.10, getur birgir óskað þess að hún flytjist í kjarna. Við útreikning hlutfalls skal nota heildarsölu viðkomandi vöruflokks í vínbúðinni Heiðrónu

1) Sjá orðskýringar í tl. 1.13.

þ.m.t. sölu í sérpöntunarþjónustu í stað heildarsölu skv. tl. 10. Það er skilyrði, að sölutegundin hafi náð tilskildum árangri næstu 4 mánuði, áður en óskað er flutnings svo og að sýnishorn vörunnar hafi verið látin í té og samningur gerður svo sem áskilið er um vöru í reynslusölu. Tímamörk tl. 2.3 eiga ekki við í þessu tilviki. Sala vörunnar í kjarna hefjist innan tveggja mánaða frá samningsgerð.

- 1.6 Vara, sem flyst úr sérpöntunarþjónustu í kjarna, hefur ekki áhrif á tölu þeirra sölutegunda er veljast í reynsluflokk hverju sinni.
- 1.7 Sérflokkur tekur til vöru sem er keypt inn til að auka fjölbreytni í úrvali. Vöruvalsnefnd ÁTVR ákveður hvaða tegundir áfengis eru faltar í sérflokki.
- 1.8 Í mánaðarflokk fer áfengi sem framleiðandi ætlar til sölu í ákveðnum mánuðum. Mánuðirnir eru þessir: Þorri, páskamánuður, október og jólamánuður. Sölutími mánaðarvöru verður að hámarki 6 vikur. Dreifing fer fram í öllum verslunum ÁTVR. Tekið verður við mánaðarvöru frá þeim framleiðendum sem hafa vöru í kjarna enda sé mánaðarvaran framleiðsla þeirra. Mánaðarvara þarf að hafa efnainnihald sem er frábrugðið allri annarri vöru sama framleiðanda. Sé mikill fjöldi sölutegunda boðinn til sölu í mánaðarflokki getur ÁTVR ákveðið að taka aðeins eina tegund í hverjum vöruflokki til sölu frá sama framleiðanda.
- 1.9 Áfengi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, má sérpanta.
- 1.10 Í mánuði hverjum leggur ÁTVR fram sölutölur undanfarinna 12 mánaða eftir vöruflokkum/verðflokkum. Tölurnar eru yfir samanlagða sölu í þeim vínbúðum, sem hafa allar tegundir í kjarna, að frátalinni sölu vöru í sérflokki, mánaðarflokki, sérpöntunum og sölu skv. 2. mgr. 25. gr. rg. nr. 205/1998. Lágmarksfjöldi lítra til þess að sölutegund fari í kjarna eða haldist í kjarna er sem hér segir:

Sala vöruflökks/verðflökks í lítrum		Lágmarkssala sölutegundar til þess að haldast í kjarna
Frá	Til og með	
100	1.000	50 lítrar + 7,5% af heildarsölu umfram 100 lítra
1.000	10.000	117,5 lítrar + 2,5% af heildarsölu umfram 1.000 lítra
10.000	100.000	342,5 lítrar + 1,25% af heildarsölu umfram 10.000 lítra
100.000		1.467,5 lítrar + 1,0% af heildarsölu umfram 100.000 lítra

- 1.11 Samsvarandi mörk eru fyrir vöru í reynsluflokki. Sala á þeim 4 mánuðum, sem mæling tekur til, þarf að ná hlutfallslega sama söluárangri og væri hún í kjarna.
- 1.12 Áfengi í kjarna og reynsluflokki er skipt í eftirfarandi vöruflokkka:
 - 01 (1) Rauðvín, verð undir 1.200 kr. á lítra
 - 01 (2) Rauðvín, verð frá 1.200 – 1.499 kr. á lítra
 - 01 (3) Rauðvín, verð frá 1.500 – 1.799 kr. á lítra
 - 01 (4) Rauðvín, verð frá 1.800 kr. á lítra
 - 02 (1) Hvítvín, verð undir 1.200 kr. á lítra
 - 02 (2) Hvítvín, verð frá 1.200 – 1.499 kr. á lítra
 - 02 (3) Hvítvín, verð frá 1.500 – 1.799 kr. á lítra
 - 02 (4) Hvítvín, verð frá 1.800 kr. á lítra
 - 03 (1) Rósavín, verð undir 1.200 kr. á lítra
 - 03 (2) Rósavín, verð frá 1.200 kr. á lítra
 - 04 (1) Freyðivín, verð undir 1.200 kr. á lítra
 - 04 (2) Freyðivín, verð frá 1.200 – 1.499 kr. á lítra
 - 04 (3) Freyðivín, verð frá 1.500 kr. á lítra
 - 05 (1) Styrkt vín, verð undir 2.400 kr. á lítra
 - 05 (2) Styrkt vín, verð frá 2.400 kr. á lítra

- 08 Kryddvín
- 10 (1) Brandí, verð undir 7.500 kr. á lítra
- 10 (2) Brandí, verð frá 7.500 kr. á lítra
- 13 Viskí
- 14 Snafs
- 15 Vodka
- 16 Einiberjabrennivín
- 17 Romm
- 20A Líkjör, vínandi minni eða jafn 22% m.v.r.
- 20B Líkjör, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 21A Bitter, vínandi minni eða jafn 22% m.v.r.
- 21B Bitter, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 22A Ávaxtabrandí
- 22B Ávaxtavín
- 23A Annað áfengi, vínandi yfir 22% m.v.r.
- 23B Annað áfengi, vínandi frá 6,5% - 22% m.v. r.
- 23C Annað áfengi, vínandi undir 6,5% m.v. r.
- 26 Ávextir lagðir í vínanda.
- 60A (1) Ljós lagerbjór, verð undir 380 kr. á lítra (undirgerjaður bjór, oftast framleiddur úr byggi, styrkleiki minni eða jafn 8%)
- 60A (2) Ljós lagerbjór, verð frá 380 kr. á lítra (undirgerjaður bjór, oftast framleiddur úr byggi, styrkleiki minni eða jafn 8%)
- 60B Annar lagerbjór (dökkur bjór, bjór framleiddur með sérstökum aðferðum – t.d. frystingu, sterkur bjór, yfir 8%)
- 60C Öl (yfirgerjaður bjór – að mestu úr byggi)
- 60D Annar bjór (t.d. hveitibjór, lambic, og aðrar þær tegundir sem ekki falla í aðra bjórflokka)

1.13 Orðskýringar.

Söluflokkur: Röðun vöru í hóp eftir aðgengi hennar að verslunum ÁTVR. Dæmi: Kjarni.

Vöruflokkur: Skipan vöru í hóp eftir megineinkennum sem oftast tengjast mismunandi hráefnum eða framleiðsluáferðum. Dæmi: Rauðvín, viskí.

Verðflokkur: Undirflokkur vöruflökks. Dæmi: Rauðvín á 1.200 – 1.499 kr.

Áfengistegund: Vara sömu gerðar að efni til þótt einstakar einingar hennar geti verið breytilegar eftir umbúðum. Dæmi: Mateus rósavín.

Sölutegund: Vara sem er svo frábrugðin öðrum vörum að hún fær sérstakt númer og verð í söluskrá ÁTVR. Dæmi: 750 ml flaska af Mateus rósavíni.

2. Um meðferð tilboða á vöru í reynslusölu.

- 2.1 Færa skal tilboð í skrá í þeirri röð sem þau berast. Skráin sýni nafn tilboðsgjafa, heiti vöru og umbúðastærð. Skráin sé til sýnis í afgreiðslu ÁTVR, Stuðlahálsi 2, Reykjavík. Sé tilboðsgjafi annar en framleiðandi vörunnar, þarf formlegt samþykki framleiðanda að fylgja boðinu.
- 2.2 Tilboð og sýnishorn fara til vöruvalnefndar sem metur vöruna og gefur skriflega umsögn, leggist hún gegn reynslusölu. Umsögn er fól þeim sem bauð fram vöruna.

- 2.3 Að fengnu mati vöruvalsnefndar skal tilkynna þeim, sem tilboð gaf, niðurstöðu. Hafi nefndin ekki mælt gegn reynslusölu, tilkynnir ÁTVR birgi hvenær reynslusala eigi að hefjast og gengur frá samningi við tilboðsgjafa í samræmi við tilboðið og innkaupaskilmála ÁTVR. Samningur skal gerður a.m.k. 3 mánuðum áður en reynslusala hefst. Takist samningur eigi fyrir þau mörk vegna tómlætis birgis, fellur tilboð hans af tilboðsskrá.
- 2.4 Pöntun á vöru fari fram skv. ákvæðum viðskiptasamnings, sbr. lið 2.3.

3. Um samning um sölu vöru í kjarna.

- 3.1 Þegar sýnt er, að vara í reynslusölu hefur selst í nægilegu magni til að komast í kjarna, sbr. tl. 1.10, skal gerður nýr samningur um sölu vörunnar í kjarna. Berist ÁTVR boð um betra verð í vöru en samningsaðili býður skal ÁTVR segja samningnum upp með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara og óska verðboðs í vöruna hjá þeim, sem leyfi hafa til að selja ÁTVR áfengi. Vara á nýju verði, sem þannig er boðið, komi eigi í sölu fyrr en viðskiptasamningur um vöruna er úr gildi fallinn, nema vara reynist ófáanleg.
- 3.2 Samningi um vöru í kjarna, sem gerður hefur verið í beinu framhaldi af reynslusölu, verður ekki slitið vegna verðboða frá öðrum aðila, fyrr en varan hefur verið a.m.k. 6 mánuði í kjarna.

4. Um sérpantanir.

- 4.1 ÁTVR heldur uppi pöntunarþjónustu á áfengi, sem ekki er boðið fram í öðrum sölu-flokkum.
- 4.2 Allar verslanir ÁTVR veita pöntunum á áfengi frá innlendum birgjum viðtöku enda sé vara sú sem eftir er leitað á verðskrá yfir sérpantanir. Af hverri sölueiningu greiðir kaupandi 75 kr. í pöntunarkostnað sem eru óafturkræfar nema því aðeins að sölu-tegundin sé ekki fáanleg. Varan verður afhent kaupanda í þeirri verslun sem hún var pöntuð. Sérpantaðri vöru verður ekki skilað nema hún teljist ónothæf vegna galla.

5. Skilmálar í viðskiptum við birgja.

- 5.1 Reglur fyrir birgja sem selja vilja áfengi í kjarna, í reynsluflokki eða í mánaðarflokki.
- 5.2 Senda skal ÁTVR tilboð um vöru, verð og staðfestingu þess að þeim séu kunnir innkaupaskilmálar ÁTVR og þeir séu reiðubúnir að hlíta þeim. Birgi á EES svæði er heimilt að bjóða verð vöru í mynt lands innan svæðisins að eigin vali. Birgir utan svæðisins skal bjóða verð í USD eða GBP. Allir verðþættir vöru skulu vera í sömu mynt.
- 5.3 Tilboði skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem ÁTVR lætur í té.
- 5.4 Sýnishorn, tvær sölueiningar og vöruvottun, skulu send ÁTVR án endurgjalds, þegar þess er óskað, að jafnaði 4 mánuðum áður en reynslusala hefst. Merkimiðar séu samkvæmt almennum reglum og beri með sér stærð umbúða og magn vínanda miðað við rúmmál. Sömu reglur gilda um mánaðarvöru að því frátöldu að um dagsetningu skila á sýnishornum fer eftir ákvörðun ÁTVR hverju sinni.
- 5.5 Áletranir og umbúðir verða að vera í samræmi við íslensk lög og reglur og reglur og staðla Evrópusambandsins. Strikamerki – EAN eða UPS – verða að vera á hverri sölueiningu.
- 5.6 Merking á smásöluumbúðum bjórs verði þessi:
Nafn vöru.
Nafn og heimili framleiðanda er fyllir á umbúðir eða selur ÁTVR.
Magn vínanda miðað við rúmmál eða þyngd. Viðmiðun við rúmmál er ákjósanleg.
Innihald mælt í millílítrum eða sentílítrum.

Endingartími: „best fyrir“. Bjór í flöskum eða dósnum hafi a.m.k. 6 mánaða geymsluþol.

Innihaldslýsing, t.d. vatn, malt, maís, humlar, ger, sykur, geymsluþolsauki E....., litarefni E....., hleypir E..... .

- 5.7 Vara, sem ÁTVR kaupir, skal vera óbreytt að gerð samningstímanna nema ÁTVR samþykki annað. Það telst breyting á vöru fá hún nýtt efnainnihald, þ.m.t. vín- andastyrkleika, breytta gerilsneyðingu, stærð og útlit umbúða og gerð söluveiningar.
- 5.8 Bjór í reynslusölu og kjarna verður að eiga a.m.k. 4 mánuði eftir af geymsluþoli þegar hann berst í vöruhús ÁTVR.
- 5.9 Hámarksstærð söluveiningar er 5 lítrar. Dósir séu með föstum flipa. Varan sé afhent á vörubretti. Mesta þyngd vöru og brettis sé 900 kg og mesta hæð þess 150 sm.
- 5.10 Þeir, sem bjóða vöru í reynslusölu, skuldbinda sig til að lána ÁTVR vöruna á heildsöluverði, að frádregnu áfengisgjaldi, reynslutímanna. ÁTVR greiðir eiganda mánaðarlega innkaupsverð seldrar vöru. Birgjar skuldbinda sig og til að taka til baka þá vöru sem óseld kann að vera við lok reynslutímans og endurgreiða ÁTVR áfengisgjald sem ÁTVR greiddi af þeirri vöru. Verði varan valin í kjarna fer samkvæmt samningi birgis og ÁTVR hversu mikið af hinni óseldu vöru ÁTVR kaupir. Reglur þessar gilda eftir því sem við á um vörur í mánaðarflokki.
- 5.11 Í samningi skal tilgreina hvenær fyrsta afhending vöru til ÁTVR fari fram og hvenær sala skuli hefjast. Pöntun skal staðfesta með formlegum hætti innan 9 daga. Pöntun á kjarnavöru telst ekki staðfest nema staðfestingunni fylgi upplýsingar um afhendingarviku. Berist staðfesting ekki innan 30 daga frá pöntun eða verði vara í kjarna ekki afhent innan 90 daga frá pöntun, fellur samningur um vöruna úr gildi svo og allar óafgreiddar pantanir á vörunni.
- 5.12 Um greiðslu á verði vöru fer eftir því sem um semst milli birgja og ÁTVR. Greiðslufrestur skal þó aldrei vera skemmri en til næsta greiðsludags aðfanga, en greiðsludagar ÁTVR eru 16. hvers mánaðar og síðasti dagur mánaðar. Beri greiðsludag upp á frídag er næsti vinnudagur greiðsludagur. Reikningi skal framvísa a.m.k. degi fyrir greiðsludag.
- 5.13 Birgjar geta hækkað verð sitt þrisvar á ári: 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Tilkynna skal verðhækkun skriflega með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, þ.e. eigi síðar en 1. desember, 1. apríl og 1. ágúst. Óheimilt er birgi að breyta verði á áfengi sem er í reynslusölu.

6. Reglur fyrir birgja er bjóða áfengi á pöntunarlista.

- 6.1 Verð: Verð skal vera í íslenskum krónum. Verði sérpantana er aðeins hægt að breyta við gildistöku nýrrar verðskrár ÁTVR.
- 6.2 Verðskrá: ÁTVR birtir verðskrá yfir vörur þær sem hér um ræðir 1. febrúar, 1. júní og 1. október. Upplýsingar um vöru, þ.m.t. afskráningu, skulu berast ÁTVR eigi síðar en 1. desember, 1. apríl og 1. ágúst.
- 6.3 Ferill vöru: Birgir afhendir ÁTVR vöruna án endurgjalds en fær andvirði hennar greitt samkv. ákv. tl. 5.12.
- 6.4 Frestur birgis til að afhenda vöru frá því hann fær pöntun ÁTVR er 3 virkir dagar.
- 6.5 Birgir skal afhenda vöruna til þjónustudeildar Heiðrúnar, Stuðlahálsi 2, Reykjavík.
- 6.6 Leysi sá er pantaði vöruna hana ekki til sín innan 4 virkra daga frá því varan var tilbúin til afhendingar í verslun ÁTVR endursendir ÁTVR vöruna til birgis.
- 6.7 Birgir skal tilkynna ÁTVR líklegan endingartíma birgða 10. dag hvers mánaðar og tafarlaust sé sýnt að birgðir þrjóti. ÁTVR áskilur sér rétt til að hætta viðskiptum við birgi sé upplýsingaskylda vanrækt.

- 6.8 Í þeim tilvikum þegar verðbreyting tekur gildi milli pöntunar viðskiptavinar ÁTVR og afhendingar vöru til hans mun varan afhent á nýja verðinu og uppgjör við birgi vera í samræmi við það verð.
- 6.9 ÁTVR getur samið við birgi um að nokkurt magn vöru hans sé vistað hjá ÁTVR til að flýta megi afhendingu áfengis til kaupanda.
- 6.10 Um samningsgerð gilda að öðru leyti ákv. skilmála í viðskiptum við birgja, sbr. 5. kafla.

7. Ábyrgð á vöru.

- 7.1 Um ábyrgð gagnvart þriðja aðila gilda almennar reglur.
- 7.2 Birgir taki til sín og endurgreiði við móttöku vöru sem er ósöluhæf vegna gallaðra umbúða eða innihalds.
- 7.3 Taki birgir eigi til sín gallaða vöru eða vöru sem ekki hefur selst nægilega í reynsluflokki eða mánaðarflokki áskilur ÁTVR sér rétt til að krefjast geymslugjalds fyrir vöruna. ÁTVR er heimilt að láta eyða vörunni á kostnað birgis þegar tvær vikur eru liðnar frá því birgi var tilkynnt að hann ætti að taka vöruna til sín. Heimilt er að skuldajafna kostnaði við andvirði sölu.
- 7.4 Reglur þessar koma í stað reglna nr. 117/1998 og taka gildi 1. mars 1999. Ákvæði tl. 1.4 í rg. nr. 117/1998 um hlutfall áfengistegunda og verslanir, er selja vörur í reynslusölu, halda og gildi til 31. júlí 1999 um þær vörur sem komu í reynslusölu fyrir 1. mars 1999.

Reykjavík, 5. febrúar 1999.

Í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Árni Tómasson

Með vísan til 13. gr. reglugerðar nr. 205/1998, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, staðfestast reglur þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 16. febrúar 1999.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1999

17. febrúar 1999

281

Nr. 106

AUGLÝSING

um breytingu á skipan prestakalla.

Kirkjuþing 1998 hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipan prestakalla: Bergþórshvolsprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi sameinast Holtsprestakalli í sama prófastsdæmi. Prestakallið nefnist Holtsprestakall. Prestssetur er Holt.

Sóknir prestakallsins eru: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála-, Stóradals-, Akureyjar- og Kross-sóknir.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.

Samþykkt þessi er hér með kunngerð almenningi.

Reykjavík, 17. febrúar 1999.

F.h. kirkjuráðs,
Karl Sigurbjörnsson,
biskup Íslands.

18. febrúar 1999

Nr. 107

REGLUR

um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í Seðlabankanum skv. reglum þar um:

1. Viðskiptareikningar og bindireikningar.

1.1 Innstæður á viðskiptareikningum.

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega sé um annað samið. Seðlabankinn getur án fyrirvara breytt kjörum viðskiptareikninga.

1.2 Innstæður á bindireikningum.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi í hverjum mánuði sem svarar til bindiskyldrar fjárhæðar greiðast vextir bundinna innstæðna skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans sem færast mánaðarlega en af innstæðu umfram þá fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga sbr. lið 1.1 að ofan sem færast í árslok. Við útreikning á meðalstöðu bindireikninga skal miða við 30 daga vaxtamánuð.

1.3 Yfirdráttur.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi lánastofnun án tafar gera ráðstafanir til að eyða honum. Það getur hún gert með því að fá daglán hjá Seðlabanka Íslands, sbr. 4. tölulið, og fá lánið vaxtafært („validerað“) með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur lánsins. Við slíka „valideringu“ greiðist 0,01% gjald fyrir hvern dag sem það er gert. Ef yfirdráttur myndast á frídegi skal lánstíminn við það miðaður að lánið endurgreiðist næsta virka dag. Hlutaðeigandi lánastofnun skal óska eftir fyrirgreiðslunni eigi síðar en kl. 10.30 á fyrsta bankaafgreiðsludegi eftir að yfirdráttur myndaðist. Til tryggingar dagláninu skal stofnunin setja að veði samskonar verðbréf og hæf eru til endurhverfra viðskipta skv. lið 3. Bréfin skulu varðveitt í Seðlabanka Íslands.

2. Innstæðubréf.

Seðlabanki Íslands selur 14 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 14 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega. Reglur og uppboðsskilmálar verða kynntir lánastofnunum í síðasta lagi tveimur dögum fyrir uppboð.

Innstæðubréf með 90 daga binditíma verða seld hverju sinni að ósk kaupanda, en Seðlabanki Íslands getur þó fyrirvaralaust hætt sölu þeirra. Af innstæðubréfum þessum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Beiðni um kaup þeirra skal berast peningamálasviði bankans og verður hún afgreidd samdægurs ef hún berst fyrir kl. 15.00. Loki bankar almennt kl. 12.00 skal beiðni um kaup innstæðubréfa berast fyrir kl. 11.30.

3. Endurhverf verðbréfavíðskipti.

Seðlabanki Íslands efnir að jafnaði vikulega, á þriðjudögum, til uppboða á endurhverfum verðbréfasamningum. Samningstími endurhverfra víðskipta er 14 dagar. Beri þriðjudag upp á dag sem innlánsstofnanir eru ekki almennt opnar til víðskipta fer uppboðið fram næsta virkan dag á eftir og styttest þá samningstíminn sem því nemur. Beri gjalddaga upp á dag sem innlánsstofnanir eru almennt ekki opnar til víðskipta skal gjalddaginn vera næsti virki dagur þar á eftir og lengist þá samningstíminn sem því nemur.

Seðlabanki Íslands mun í hverju tilviki tilkynna þátttakendum skilmála uppboðsins þar á meðal hvort bankinn býðst til að kaupa eða selja verðbréf. Í síðara tilvikinu kunna einnig að vera boðin til sölu 14 daga innstæðubréf. Uppboðin verða ýmist fastverðsuppboð, þ.e. að ávöxtun er ákveðin fyrirfram, eða verðuppboð, en þá ræðst ávöxtun af tilboðum.

Hæf verðbréf í endurhverfum víðskiptum Seðlabanka Íslands eru innstæðubréf bankans, ríkisvíxlar svo og önnur ríkistryggð verðbréf úr markflokkum eins og þeir eru skilgreindir á hverjum tíma, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða annarri kauphöll. og Hæfir verðbréfaflokkar eru taldir upp í viðauka með reglum þessum og er hann breytanlegur af hálfu Seðlabankans án fyrirvara. Skilyrði er að verðbréfin séu í íslenskum krónum. Verðbréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans. Séu bréf dregin út á samningstímanum, skal fyrirgreiðslan gerð upp þá þegar og skal þá miðað við sömu ávöxtun og samið var um.

Frágangur endurhverfra víðskipta eða sölu 14 daga innstæðubréfa skal fara fram samdægurs, ef gengið hefur verið frá afhendingu verðbréfa fyrir kl. 15.00, en annars næsta virkan dag að því tilskildu að gengið hafi verið frá afhendingu verðbréfa.

Þegar ávöxtun ræðst af tilboðum lánastofnana skal miðað við lægstu ávöxtun sem samþykkt er af Seðlabanka Íslands sé um endurhverf verðbréfa kaup að ræða en hæstu ávöxtun sé um að ræða endurhverfa verðbréfasölu eða sölu innstæðubréfa (hollenskt uppboð).

Út frá ávöxtun tekinn tilboða skal reiknuð forvaxtaþrósentu með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaþrósentu, A ávöxtun, d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur(^) táknað veldi, stjarna (*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir:

$$F = [1 - 1/(1+A/100)^{(d/360)}] * 36000/d$$

3.1 Almenn ákvæði verðbréfavíðskipta gegn endurkaupasamningi.

Seðlabanki Íslands og þeir aðilar, sem gera tilboð sem verða samþykkt, þurfa að gera með sér sérstakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

- Lýsing á verðbréfum sem notuð eru í viðskiptunum. Fram komi m.a. heiti bréfanna, eftirstöðvatími svo og upphafs- og lokaverð viðskiptanna sbr. Lýsingu hér á eftir. Með lokaverði er átt við endurgreiðsluna, þ.e. þá fjárhæð sem seljandi greiðir kaupanda á endursöludegi. Upphafsverð er lokaverð að frádrögnum forvöxtum. Lokaverð er markaðsverð verðbréfanna að frádrögnum frádragi sem fer eftir eftirstöðvatíma bréfanna: Frádrag frá markaðsverði verðbréfanna verður:
 - 2% af þeim verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er 0 til eitt ár.
 - 5% af þeim verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er 1 til 5 ár.
 - 7% af þeim verðbréfum þar sem eftirstöðvatími er lengri en 5 ár.
 Ekki skal beitt frádragi þegar Seðlabankinn er seljandi verðbréfa. Með markaðsverði er átt við verð í síðustu viðskiptum á síðasta viðskiptadegi fyrir uppboð á Verðbréfaþingi Íslands eða annarri kauphöll hvort sem um er að ræða sölu Seðlabanka Íslands eða kaup. Sé slíkt verð ekki fyrir hendi skal miða við lægsta kaupverð þann dag.
- Ákvæði um að kaupandi bréfanna eigi rétt á að selja þau fyrir eigin reikning verði ekki staðið við endurkaup þeirra á lokadegi viðskiptanna.
- Ákvæði um geymslustað bréfanna, sem getur verið í Seðlabanka Íslands eða hjá seljanda, enda lýsi hann yfir að hann felli sig við eftirlit ytri endurskoðanda með geymslunni.

4. Daglán.

Seðlabanki Íslands veitir lánastofnun daglán gegn handveði að ósk hennar og skal umsókn um slíkt lán berast á sérstöku eyðublaði þar sem fram kemur m.a. að Seðlabanki Íslands taki að handveði skráð ríkistryggð verðbréf og innstæðubríf Seðlabankans sem eru í vörslu hans. Hæfir verðbréfaflokkar eru taldir upp í viðauka með reglum þessum og er hann breytanlegur af hálfu Seðlabankans án fyrirvara. Fjárhæð útistandandi daglána skal þó aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsverði handveðsettra verðbréfa skv. lið 3.1. Beiðni um daglán skal berast peningamálasviði Seðlabanka Íslands fyrir kl. 15.00 ef afgreiðsla á að fara fram samdægurs. Loki bankar almennt kl. 12.00 skal beiðni um daglán berast fyrir kl. 11.30. Daglán bera forvexti. Samningstíminn er einn dagur nema gjalddaginn falli á dag sem innlánsstofnanir eru almennt ekki opnar til viðskipta, en þá skal miðað við næsta virka dag þar á eftir. Kjör daglána skulu fyrirfram tilkynnt þeim lánastofnunum sem aðgang hafa að þeim. Seðlabankinn getur breytt kjörum eða takmarkað aðgang lánastofnana að daglánum án fyrirvara.

5. Tilkynningar.

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabanka Íslands um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda í faksi eða tölvupósti að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þar til bærra aðila skv. undirskriftarlista hlutaðeigandi lánastofnunar. Seðlabanki Íslands getur ávallt krafist þess að lánastofnun staðfesti á tryggan hátt tilkynningu sem borist hefur með þessum hætti. Gagnkvæm regla gildir um tilkynningar Seðlabanka Íslands til lánastofnana.

Þær lánastofnanir sem ekki hafa komið sér upp undirskriftalistum skulu staðfesta sérstaklega undirskriftir hlutaðeigandi starfsmanna gagnvart Seðlabanka Íslands.

6. Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þessara reglna.

7. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/1986, taka gildi 21. febrúar 1999. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við bindiskyldar lánastofnanir nr. 499 frá 19. ágúst 1998.

Reykjavík, 18. febrúar 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Yngvi Örn Kristinsson.

VIÐAUKI

með reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með tilvísan til reglna um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nú frá 18. febrúar 1999, að eftirfarandi verðbréfaflokkar séu hæfir til endurhverfra verðbréfaviðskipta og sem trygging vegna daglána til viðkomandi lánastofnana.

RB00-1010/KO	BH16-0115/H
RB03-1010/KO	BH18-0415/H
RS00-0210/K	BH20-0115/H
RS01-0201/K	BH21-0115/H
RS02-0401/K	BH22-1215/H
RS03-0210/K	BH36-0115/H
RS04-0410/K	BH37-1215/H
RS05-0410/K	BN21-0403/N
RS10-0115/KI	BN38-0101/N
RS15-1001/K	SFLAN12/KU
Innstæðubréf SÍ	SFLAN13/K
Ríkisvæxlar	

Reykjavík, 18. febrúar 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Yngvi Örn Kristinsson.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi.

1. gr.

Menntamálaráðherra getur veitt skólum á framhaldsskólastigi sem reknir eru af einkaðílum eða samtökum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla enda miðist starfsemi þeirra við að:

- a. veita nemendum undirbúning til starfa í atvinnulífinu í samræmi við almennar kröfur og/eða
- b. starfrækja nám á framhaldsskólastigi, annaðhvort heildstætt nám skv. aðalnámskrá, eða hluta þess.

Viðurkenning á starfsemi einkaskóla felur í sér staðfestingu á að námskrá skólans og starfsemi uppfylli almenn skilyrði framhaldsskólalaga. Viðurkenningin felur ekki í sér framlag til starfseminnar af almannafé. Ríkissjóður ber enga ábyrgð, hvorki fjárhagslega né rekstrarlega, á starfsemi skólans.

2. gr.

Ábyrgðaraðili einkaskóla sækir um viðurkenningu skólans á sérstöku umsóknareyðublaði.

Umsækjandi skal leggja fram eftirgreindar upplýsingar með umsókn um viðurkenningu:

- a. námskrá skólans sem lýsir markmiðum og innihaldi námsins, skipulagi þess svo og tilhögun námsmats og námslokum.
- b. lýsingu á stjórnun skólans svo og hæfiskröfum sem gerðar eru til starfsmanna þ.m.t. til þeirra sem gegna kennslustörfum.
- c. staðfestingu á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð sé háttað og hvernig fjárhagslegt rekstraröryggi skólans sé tryggt.
- d. lýsingu á starfsaðstöðu, þ. e. húsnæði skólans og búnaði, ásamt vottorðum frá heilbrigðiseftirliti og brunamálastofnun.
- e. yfirlýsingu ábyrgðaraðila um að hann veiti menntamálaráðuneytinu upplýsingar um starfsemi skólans á hverjum tíma.

3. gr.

Skilyrði þess að einkaskóli geti hlotið viðurkenningu eru:

- a. að námið sé skipulagt sem a.m.k. einnar annar heildstætt nám,
- b. að inntöskuskilyrði hafi verið skilgreind.
- c. að réttindi og skyldur nemenda séu sambærileg við almennar reglur aðalnámskrár framhaldsskóla.
- d. að starfsaðstaða skólans sé fullnægjandi að mati ráðuneytisins.

Ef um er að ræða viðurkenningu á skóla sem starfrækir nám samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla skal af hálfu skólans gætt ákvæða laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra við ráðningar í kennslu og stjórnunarstörf.

4. gr.

Viðurkenning er veitt skriflega og þar skal lýst þeim skilyrðum sem sett eru. Viðurkenning einkaskóla er veitt til tiltekins tíma.

5. gr.

Þeim aðila er ábyrgð ber á rekstri viðurkennds einkaskóla er skylt að senda menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemina og veita allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi skólans þegar óskað er.

Ráðuneytinu er heimilt að höfðu samráði við ábyrgðaraðila að gera úttekt á starfsemi skólans. Ráðherra getur afturkallað viðurkenningu ef rekstraraðili uppfyllir ekki sett skilyrði.

6. gr.

Einkaskólar eiga ekki kröfu á framlögum af almannafé. Alþingi ákveður framlög ríkis-sjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um greiðslu fjárframlaga svo og annarra skilyrða sem framlagið er háð að mati samningsaðila.

7. gr.

Ef sótt er um viðurkenningu á skóla sem ekki hefur hafið starfsemi sína, er heimilt að veita viðurkenningu til allt að eins árs að uppfylltum skilyrðum sem sett eru í reglugerð þessari. Að þeim tíma liðnum fari fram úttekt á vegum ráðuneytisins á starfsemi skólans.

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. getur menntamálaráðuneytið veitt ábyrgðaraðila einka-skóla tímabundið vilyrði fyrir viðurkenningu í samræmi við 41. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla, ef fyrir liggur fullnægjandi námskrá skólans að mati menntamálaráðuneytisins, sem lýsir innihaldi og markmiðum námsins svo og skipulagi, bæði bóklegu og verklegu; lýsing á tilhögun námsmats og námslokum.

8. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 41. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 137/1997 um viðurkenningu einkaskóla.

Menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Þórshafnarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Þórshafnarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyritæki sem vinna skal endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarskóp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra hreppsins og skytt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri hreppsins, sbr. þó 15. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsinguinni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri hreppsins semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.
2. Fundargerðir, nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri hreppsins skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri hreppsins skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þeir eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra hreppsins sem boðar þá varamann hans á fund. Þar sem hreppsnefnd hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri hreppsins skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknum fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra hreppsins né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Hreppsnefndarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftár til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri hreppsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftár en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra hreppsins. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal

oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskrá fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem

hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar

hreppsnefndar, getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fulltrúa á Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalamaður og annar til vara skv. 4. gr. laga Sambands ísl. sveitarfélaga.
2. *Fulltrúa á aðalfund Eyþings.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 4.1. í lögum Eyþings - sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
3. *Fulltrúa í héraðsnefnd Þingeyinga.* Einn aðalamaður og annar til vara skv. 6. gr. samþykka héraðsnefndar Þingeyinga.
4. *Almannavarnarnefnd Þingeyinga.* Þórshafnarhreppur er aðili að samstarfssamningi um almannavarnir á vegum héraðsnefndar Þingeyinga skv. 7. gr. laga um almannavarnir nr. 94/11962.
5. *Byggingarnefnd Norður-Þingeyinga.* Einn aðalamaður og annar til vara skv. 6 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
6. *Félags- og barnaverndarnefnd Norður-Þingeyinga.* Einn aðalamaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
7. *Íþrótt- og tómstundaráð.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. samstarfssamnings Þórshafnar- og Svalbarðshrepps. Hreppsnefnd Svalbarðshrepps kýs einn aðalmann og annan til vara.
Ráðið fer með yfirstjórn málaflokksins í umboði hreppsnefndar, þ.m.t. umsjón með þeim mannvirkjum sem honum tilheyra skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
8. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
9. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnirnar á Norðurlandi eystra kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
10. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

11. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 12. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að almennum umhverfismálum og umhverfisnefnd í hreppnum skv. sérstöku erindisbréfi hreppsnefndar.
 13. *Skoðunarmenn*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 14. *Skólamálaráð*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 3. gr. erindisbréfs fyrir Skólamálaráð Þórshafnarhrepps. Svalbarðshreppur kýs einn fulltrúa og annan til vara. Ráðið fer með málefni skólanefndar grunnskólans á Þórshöfn, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, verkefni skólanefndar tónlistarskólans á Þórshöfn sbr. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, og verkefni skólanefndar leikskóla, sbr. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 15. *Stjórn Sparisjóðs Þórshafnar og nágr*. Héraðsnefnd Þingeyinga skipar í stjórnina skv. 36. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993.
 16. *Bókasafnsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 17. *Stjórn heilsugæslustöðvanna í Norður-Þingeyjarsýslu*. Einn aðalmaður í samráði við hreppsnefnd Svalbarðshrepps, sbr. 2. gr. sammings um sameiginlega stjórn og rekstur heilsugæslustöðvanna á Kópakeri, Raufarhöfn og Þórshöfn skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 18. *Landbúnaðarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi fyrir landbúnaðarnefnd Þórshafnarhrepps. Nefndin fer með málefni fjallskila- og riðunefndar skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar nr. 399/1993, sbr. einnig fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár nr. 170/1996, ásamt fleiri verkefnum á sviði landbúnaðarmála skv. erindisbréfi. Nefndin tilnefnir búfjárefirlitsmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
 19. *Þjónustuhópur aldraðra*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.
 20. *Ferðamálanefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er hreppsnefnd til ráðgjafar varðandi ferðamál og ferðaþjónustu skv. erindisbréfi þar um.
- C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum alþingiskosningum:
1. *Stjórn dvalar og hjúkrunarheimilisins Nausts*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30 gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra hreppsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Sveitarstjóri hreppsins undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Sveitarstjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

55. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

56. gr.

Sveitarstjóri og/eða forstöðumenn ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 55. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem hreppsnefnd hefur sett.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum hans.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og sveitarstjóri hreppsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps nr. 486/1994, sbr. samþykkt nr. 121/1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. febrúar 1999.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar Garðabæjar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Garðabæjar er skipuð 7 bæjarfulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Garðabæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarbúa.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bærinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Garðabæjar er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 sbr. og IV. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga bæjarins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækni sem vinna skal endurskoðun hjá bænum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnarinnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi tvisvar í hverjum mánuði fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00, nema bæjarstjórn ákveði annað. Bæjarstjóri í samráði við forseta getur þó ákveðið að fella niður fundi eða halda aðeins einn fund í janúar og desember. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta og bæjarstjóra og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum bæjarins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils bæjarstjórnar tekur bæjarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum bæjarins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá bænum.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarfulltrúum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi einum og hálfum sólarhring fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum bæjarins þegar hún hefur verið samin, svo sem á skrifstofu bæjarins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti stjórnar kjöri tveggja varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Tilkynna skal kjör forseta og varaforseta til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu. Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnaði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmatgur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn og getur bæjarstjórn enga bindandi ályktun gert nema bæjarstjórnarfundur sé lögmatgur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt

sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga bæjarins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmat forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann boða varamann í sinn stað. Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundum bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn bæjarins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga bæjarins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera

stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala a.m.k. þrisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti óskar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða

bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti móttakvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi óskar þess og bæjarstjórn samþykkir.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meiri-hlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við forsetakjör.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig

skal forseti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmat forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum bæjarins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samvirkusemi og gæta hagsmuna bæjarins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn og skal hún lögð fram skriflega.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúa og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum bæjarins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Bæjarráð, önnur ráð, nefndir og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráðið.

Bæjarstjórn getur heimilað framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku á þriðjudögum kl. 8.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðsins eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarstjóri boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af bæjarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum bæjarins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal setja nefndum erindisbréf þar sem kveðið er á um hlutverk þeirra og valdsvið.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundum. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir til afgreiðslu. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórna, sem hefur í för með sér útgjöld, skal atíð send bæjarráði í sérstöku erindi til endanlegrar afgreiðslu.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir til að fara með tiltekin málefni eftir því sem lög eða reglur mæla fyrir um:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

B. **Til eins árs.** Á fyrsta fundi í júní ár hvert kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Fulltrúaráð Almenningsvagna bs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins frá 2. febrúar 1990.
2. *Stjórn Almenningsvagna bs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins frá 2. febrúar 1990.

- C. **Til tveggja ára.** Á fyrsta fundi í júní að afloknum bæjarstjórnarkosningum og tveimur árum síðar kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:
1. *Stjórn Sorpu bs.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. samkomulagi aðildarsveitarfélaga frá 25. júlí 1990.
- D. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum skulu eftirtaldar fastanefndir kosnar:
1. *Atvinnuþróunarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum um atvinnuþróunarnefnd frá 15. september 1994.
 2. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn búfjáreftirlitsmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl.
 3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Byggingarnefnd skal sjá um ferlimál fatlaðra.
 4. *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin skv. lögum nr. 58/1992 og lögum nr. 28/1991.
 5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
 6. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 7. *Íþrótt- og tómsundaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð samþykkt í bæjarstjórn þann 26. nóvember 1987.
 8. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 9. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
 10. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 7. maí 1991.
 11. *Skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
 12. *Skodunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 13. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
 14. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
 15. *Starfshópur um staðardagskrá 21.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
 16. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 17. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
 18. *Umhverfismálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.
- E. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kýs bæjarstjórn fulltrúa bæjarins í eftirtaldar samstarfsnefndir:
1. *Afréttarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annast afréttarmál fyrir Garðabæ, Bessastaðahrepp og Hafnarfjarðarkaupstað.
 2. *Almannavarnarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985, svo og samkomulagi við Hafnarfjarðarkaupstað um skiptingu kjörinna fulltrúa.

3. *Bláfjallanefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga.
4. *Fjallskilaneftnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin annast fjallskil fyrir Garðabæ, Bessastaðahrepp og Hafnarfjarðarkaupstað.
5. *Fulltrúaráð Sorpu bs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga frá 15. febrúar 1988.
6. *Heilbrigðisneftnd*. Einn aðalmaður og annar til vara. Bæjarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
7. *Hússtjórn safnaðarheimilis*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi samstarfsaðila.
8. *Samstarfsneftnd um ferlimál fatlaðra*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 34. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.
9. *Starfskjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. kjarasamningi STAG og Garðabæjar frá 1. apríl 1997.
10. *Stjórn Hjálparsjóðs Garðasóknar*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. staðfestri samþykkt aðalsafnaðarfundar frá 1. apríl 1987.
11. *Stjórn Heilsugæslunnar í Garðabæ*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
12. *Stjórn Reykjanesfólkvangs*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samningi aðildarsveitarfélaga.
13. *Stjórn þinghúss*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin skal hafa umsjón með rekstri þinghúss (Garðaholts).
14. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
15. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. september 1990.
16. *Launamálaráðstefna LS*. Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt launanefndar.

58. gr.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu

fasteigna bæjarins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni bæjarins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs bæjarins.

6. Rafgirðingar og aðtaugar þeirra skulu ekki vera í leiðnu sambandi við málmhluta, sem ekki tilheyrir girðingunni, t.d. byggingahluta, handrið á brúm og þess háttar.
7. Aðtaugar rafgirðinga skulu festar á einangrara með fullnægjandi einangrunarhæfni og efnisstyrk.

Inni í byggingum skulu aðtaugar rafgirðinga með meira en 1 kV rekstrarspennu vera sérstaklega einangraðar frá byggingahlutum, sem eru í beinu leiðandi sambandi við jörðu.

Þetta skal gert annaðhvort með nægilegu loftbili eða með háspennustrengjum, sem gerðir eru a.m.k. fyrir þá spennu, sem notuð er.

Einangrurum skal komið þannig fyrir, að aðtaugar og strengir girðingarinnar verði minnst í 3 sm fjarlægð frá byggingahlutum, pípum, leiðandi hlutum og öðru þvílíku, þannig að ekki verði óbeint leiðið samband við byggingahluta, sem geta brunnið t.d. um nagla og aðra leiðandi hluti.

Aðtaugum spennugjafa, sem eru með leiðandi umgerð, skal komið þannig fyrir, að ekki myndist leiðið samband við umgerðina.

8. Ef nauðsynlegt er að leggja aðtaugar girðinga neðanjarðar, skal tryggja örugga einangrun þeirra gagnvart jörðu með pípum úr einangrunarefni eða háspennustrengjum.
9. Rekstrarjarðskauti girðingar skal helst komið fyrir, þar sem jarðvegur er rakur, til þess að tryggja sem besta jarðtengingu. Ef notuð eru stafskaut, skal nota jarðskautsteina af viðurkenndri gerð og skulu þeir ekki vera styttri en 2 metrar skv. ákvæðum 242. gr. þessarar reglugerðar um fyrirkomulag og gerð jarðskauta og jarðskautstauga.

Ekki skal vera skemmra milli samtengdra stafskauta (teina) en nemur tvöfaldri lengd þeirra. Tengivírar milli skautsteina skulu tengdir með tengiklemmum og tengivírararnir grafnir niður milli teinanna.

Viðnám rekstrarjarðskauta rafgirðinga skal hið hæsta vera 30 ohm.

Í stafskaut skal nota a.m.k. þrjá teina og reka þá niður þannig, að þeir myndi þríhyrning, og hringtengja.

Vír eða borðaskaut skulu grafin niður á a.m.k. 0,5 metra dýpi. Dýpt jarðskauts má þó vera minni þegar um er að ræða afllitla spennugjafa, sem fá afl sitt frá rafgeymum.

2. gr.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 31. desember 1971, með áorðnum breytingum, er sett samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Þórður Friðjónsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1999.

1. gr.

Á tímabilinu 6. - 20. apríl 1999, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'N og 19°57'V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'V og þaðan í 64°43'7 N og 24°26'V og síðan í punkt í 24.3ja sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði, sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesaukavita.
3. Innan þriggja sjómílna fjarlægðar frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru grásleppuveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim, sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynna vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá Markakletti á Hraunsnesi, vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um björgunarbáta sem gerðir eru út frá landi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um björgunarbáta sem hafin er smíði á eða koma til landsins eftir gildistöku reglugerðar þessarar og eru gerðir út frá landi. Þó gilda ákvæði í IV. kafla, um öryggisbúnað, fyrir alla björgunarbáta við fyrstu aðalskoðun eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *Björgunarbátur* er bátur sem er gerður til björgunar- og hjálparstarfa.
- b) *Þilfarsbátur* er bátur sem hefur þétt þilfar ofan hleðsluvatnslínu stafna á milli, frá síðu til síðu, nema þar sem þilfarið er rofið af veðurþéttri yfirbyggingu og lúgum, eða síðuvösum til að ná manni úr sjónum.
- c) *Opinn bátur* er bátur sem er ekki þilfarsbátur.
- d) *Yfirbyggður bátur* er bátur sem er yfirbyggður að einhverju leyti þannig að bátsverjar geti leitað skjóls.
- e) *Lengd* er skráningarlengd eins og hún er skilgreind í reglum nr. 527/1997 um mælingu skipa með lengd allt að 24 m.
- f) *Mesta lengd* er lengd bátsins mæld í metrum, frá öftustu brún til fremstu brúnar. Undanskildir eru slitlistar sem ekki teljast til flothólfa eða eru fastur hluti bátsins.

3. gr.

Viðurkenningar og skoðanir.

Reglugerð þessi er einkum miðuð við samþykkt á raðsmíðuðum bátum, þar sem fyrsti bátur hvernar bátsgerðar er skoðaður nákvæmlega og prófaður, en eftirlit með smíði annarra báta viðkomandi bátsgerðar fari fram með skyndiskoðunum.

Þegar bátsgerð hefur fengið viðurkenningu skal hver bátur bátsgerðarinnar vera eins og frumgerð hennar. Fyrir hverja bátsgerð skal framleiðandi setja upp gæðaeftirlit sem tryggir að bátarnir verði af sömu gæðum og frumgerðin.

Bátar sem eru sérsmíðaðir og ekki eintak í raðsmíði skulu skoðaðir og prófaðir á sama veg og frumgerð.

Allar breytingar og endurbætur á björgunarbátum eru háðar samþykki Siglingastofnunar Íslands.

Hver bátur skal skoðaður með tilliti til laga nr. 35/1993 um eftirlit með skipum. Búnaður sem ætlað er að rétta við báta á hvolfi skal prófaður árlega og loftslöngur sem reiknast sem flotholt skulu skoðaðar og þrýstiprófaðar minnst þriðja hvert ár.

4. gr.

Jafngildi og prófanir.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að samþykkja jafngilda smíði, búnað eða fyrirkomulag og reglur þessar mæla fyrir um.

Siglingastofnun Íslands getur tekið gildar prófanir og samþykktir sem gerðar eru hjá stofnunum eða flokkunarfélögum sem viðurkennd eru.

5. gr.

Merking og öryggislitur.

Björgunarbátur skal merktur samkvæmt ákvæðum reglna nr. 493/1986 um merkingu skipa.

Auk þeirra merkinga sem tilgreindar eru í 1. mgr., skal björgunarbátur merktur með nafni skipasmíðastöðvar, smíðanúmeri og smíðaðári.

Báturinn skal vera með öryggislit samkvæmt gildandi reglum.

II. KAFLI

Smíði og sjóhæfni.

6. gr.

Smíði og fyrirkomulag.

Bolur björgunarbáta úr hörðum efnum s.s. tré, stáli, áli eða trefjaplasi skal smíðaður skv. reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglum) um vinnubáta með mestu lengd allt að 15 m, með áorðnum breytingum eða sambærilegum reglum.

Vegna sérstakra nota björgunarbáta, skal við hönnun á undirstöðum og styrkingum fyrir vélar og annan búnað, taka tillit til þess álags sem þeir verða fyrir, svo sem við það að hvolfi og rétta sig við.

Hver bátur skal búinn föstum sætum fyrir áhöfn bátsins. Fyrir aðra bátsverja nægir að þeir geti setið á tryggan hátt innan skjólborðsklæðningar.

Þar sem gert er ráð fyrir sjúkrabörum, skulu vera tryggar festingar fyrir börurnar.

7. gr.

Fastur búnaður.

Hver björgunarbátur allt að 8 m að lengd skal búinn griplínu úr flothæfu efni, sem fest er utan á allan bátinn. Undanskilin eru svæði við stýri og skrúfu/drif.

Heimilt er að samþykkja annað fyrirkomulag en framangreint, sem gefur sömu möguleika til að ná handfestu á björgunarbátinum, hvort sem hann er á réttum kili eða á hvolfi.

Hver bátur skal búinn fullnægjandi handriði frá stjórnækjum bátsins fram að stefni, ef Siglingastofnun Íslands telur það nauðsynlegt.

8. gr.

Stöðugleiki.

Þegar björgunarbátur allt að 8 m að lengd er hlaðinn helmingi af heildarfjölda þeirra manna sem bátinum er ætlað að bera, sitjandi á þeim stöðum sem þeim eru ætlaðir annars vegar miðlínu, skal fríborð þeim megin mælt frá vatnslínu að efri brún þilfars, flothylkja eða slangna vera minnst 1,5% af mestu lengd, þó aldrei minna en 100 mm.

Björgunarbátur skal geta rétt sig við á innan við 5 mínútum. Ef nota þarf sérstakan búnað til að rétta bátinn við skal búnaðurinn þannig gerður að hægt sé að ræsa hann handvirk af manni sem er í sjónum.

Við ræsi réttibúnaðar skulu vera handföng til að maður sem ræsir búnaðinn geti haldið sér í bátinn.

9. gr.

Flotholt.

Sérhver opinn björgunarbátur skal búinn flotholtum sem nægja til að halda bátinum sem næst láréttum á floti, fullum af vatni.

Flotholt eiga að vera úr frauðplasti sem varið er fyrir ákomu og vatni, hvort heldur það er í innbyggðum hólfum eða utanáliggjandi slöngum. Þó mega flotholtin vera

innbyggðir geymar eða ófylltar slöngur, en þannig flotholtum skal skipt upp í hluta, sem hver um sig er ekki lengri en 20% af mestu lengd bátsins.

10. gr.

Slöngur.

Slöngur sem notaðar eru sem flotholt á björgunarbáta, skulu uppfylla viðeigandi ákvæði í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.689(17) og í dreifibréfi stofnunarinnar nr. MSC/Circ. 809.

III. KAFLI

Vélbúnaður.

11. gr.

Almennt.

Vélbúnaður og tengd kerfi björgunarbáta skulu uppfylla ákvæði reglna nr. 592/1994 (Norðurlandareglna) um vélbúnað vinnubáta og viðbótarákvæði við þær reglur, með áorðnum breytingum. Þó er heimilt að nota utanborðsbensínvélar.

Bátar sem knúnir eru utanborðsvél eða utanborðsdrifi skulu búnir hólk, grind eða öðrum jafngildum búnaði umhverfis skrúfuna til að koma í veg fyrir að fólk sem er í sjónum lendi í skrúfunni.

12. gr.

Eldsneytiskerfi.

Eldsneytiskerfið skal þannig gert að sjór komist ekki í kerfið, þó að bátnum hvolfi.

13. gr.

Smurolúkerfi.

Smurolúkerfi skal þannig gert að vélin missi ekki smurolúu við að bátnum hvolfi og skal vera hægt að ræsa vélina eftir að báturinn hefur rétt sig við, án þess að hætta sé á að hún skemmist.

14. gr.

Kælivatnskerfi.

Í bátum með tvær vélar skulu kælivatnsinntökin vera tvö, eitt fyrir hvora vél, og skulu þau staðsett svo langt frá hvoru öðru sem mögulegt er.

15. gr.

Austur- og slökkvibúnaður.

Austurbúnaður skal uppfylla ákvæði reglna nr. 592/1994 (Norðurlandareglna) um austurbúnað vinnubáta, með áorðnum breytingum.

Slökkvibúnaður skal uppfylla ákvæði reglna nr. 592/1994 (Norðurlandareglna) um slökkvibúnað vinnubáta, með áorðnum breytingum.

16. gr.

Rafbúnaður.

Rafbúnaður skal uppfylla ákvæði reglna nr. 592/1994 (Norðurlandareglna) um rafbúnað vinnubáta, með áorðnum breytingum.

Aðalrafkerfi skal geta starfað við allar aðstæður jafnvel eftir að báti hefur hvolft og hann rétt sig við aftur.

Rafgeymar skulu þola að snúast 360° um láréttan ás sinn og skulu ekki losna úr sæti sínu. Jafnframt skulu rafgeymar þola að vera á hvolfi í allt að 8 mínútur án þess að geymasýra leki úr þeim.

Þegar báturinn er í notkun má sjór ekki geta komist í rafgeymarými eða rafgeymakassa.

IV. KAFLI Öryggisbúnaður.

17. gr.

Almennt.

Allur búnaður björgunarbáta skal vera tryggilega fastur eða geymdur í sérstökum vatnsheldum skápum eða rýmum. Búnaðinn má ekki geyma í rýmum sem með tilliti til sjóhæfni bátsins eiga að vera lokað til sjós.

18. gr.

Ljós og tæki til hljóðmerkja.

Björgunarbátur skal búinn siglingaljósum og hljóðgjöfum skv. alþjóðasiglingareglum, sbr. lög nr. 7/1975.

Björgunarbátur skal búinn bláu blikkljósi og leitarljósi. Báturinn skal einnig búinn tveimur vatnspéttum rafmagnsljósum sem nota má til morsmerkjagjafa.

19. gr.

Legufæri og tóg.

Legufæri björgunarbáta skulu vera skv. reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglum) um legufæri vinnubáta. Ákvæði um legufæri 15 m báta í línuriti á mynd 16.1, í reglum nr. 592/1994 (Norðurlandareglum), gilda fyrir björgunarbáta með mestu lengd 15 m og allt að 24 m að mestu lengd. Fyrir stærri björgunarbáta skal ákveða legufæri sérstaklega.

20. gr.

Talstöðvar.

Hver björgunarbátur skal búinn VHF talstöð fasttengdri við bátinn og skal talstöðin annað hvort vera vatnsheld eða vera í vatnsheldum kassa (IP 67) eða í stýrishúsi.

21. gr.

Sjúkrakassar.

Hver björgunarbátur skal búinn a.m.k. einum sjúkrakassa, þeirrar gerðar sem reglugerð nr. 365/1998, um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknishöld um borð í íslenskum skipum, mælir fyrir um.

22. gr.

Flugeldar og blys.

Hver björgunarbátur skal búinn flugeldum og blysum í samræmi við reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994.

23. gr.

Gúmmíbjörgunarbátar.

Hver björgunarbátur skal búinn gúmmíbjörgunarbáti, samkvæmt grein 5.2. í reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa, nr. 189/1994.

Sjálfréttandi björgunarbátar og björgunarbátar búnir réttibúnaði eru undanþegnir kröfum um gúmmíbjörgunarbáta, þó skulu björgunarbátar sem eru 10 m að lengd og lengri búnir gúmmíbjörgunarbát sem rúmar áhöfn björgunarbátsins.

24. gr.

Annar búnaður.

Hver björgunarbátur skal búinn eftirgreindum búnaði:

- Áttavita.
- Sjónauka.
- Flotvinnubúningi fyrir hvern mann í áhöfn.
- Krókstjaka.
- Neti til að ná manni úr sjónum.
- Tveimur kast- eða björgunarhringjum með minnst 30 m langri línu.

Hver opinn björgunarbátur skal auk þess búnaðar sem tilgreindur er í 1. mgr. búinn:

- Hnífi.
- Rekakkeri með hanafæti og minnst 30 metra langri línu með 10 kN slitþoli.

V. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

25. gr.

Viðurlög.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, með áorðnum breytingum.

26. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. og 5. mgr. 3. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 5. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarskóp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. 25. gr. samþykktarinnar kemur: sjö.

2. gr.

36. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjórn kýs eftirtaldar nefndir til að fara með tiltekin mál eftir því sem lög mæla fyrir:

A. **Til eins árs:**

1. Sjö borgarfulltrúa í borgarráð og sjö til vara.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Tvo menn í almannavarnarnefnd.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara.

3. Fimm menn í byggingarnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
4. Fimm menn í stjórn Dagvistar barna og fimm til vara.
Formannskjör.
5. Fimm menn í félagsmálaráð og fimm til vara.
Formannskjör.
6. Fimm menn í fræðsluráð og fimm til vara.
Formannskjör.
7. Fimm menn í hafnarstjórn og fimm til vara.
Formannskjör.
8. Fimm menn í heilbrigðis- og umhverfisnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
9. Fimm menn í húsnæðisnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
10. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara.
11. Þrjú menn í stjórn Landsvirkjunar og þrjú til vara.
12. Fimm menn í menningarmálanefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
13. Fimm menn í skipulags- og umferðarnefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
14. Tvo skoðunarmenn ársreiknings Reykjavíkurborgar og tvo til vara.

C. Kjörstjórnir:

Kjörstjórnir við borgarstjórnarkosningar: Þrjú menn í yfirkjörstjórn og þrjú til vara, þrjú menn í hverja hverfiskjörstjórn, þrjú menn í hverja undirkjörstjórn. Kjörstjórnir við alþingiskosningar og forsetakosningar skulu kosnar í samræmi við lög um kosningar til Alþingis og lög um framboð og kjör forseta Íslands.

D. Borgarstjórn kýs til eins árs: Tvo menn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og tvo menn í stjórn Sparisjóðs vélstjóra skv. samþykktum þessara sparisjóða.

E. Borgarstjórn kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir skv. ákvæðum laga eða reglugerða.

3. gr.

37. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjórn kýs eftirtaldir nefndir skv. sérstökum samþykktum sínum:

A. Til eins árs:

1. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara.

B. Til fjögurra ára:

1. Fimm menn í atvinnu- og ferðamálanefnd og fimm til vara.
Formannskjör.
2. Fimm menn í stjórn Innkaupastofnunar og fimm til vara.
Formannskjör.
3. Fimm menn í íþróttá- og tómstundaráð og fimm til vara.
Formannskjör.
4. Tvo menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og tvo til vara.
5. Tvo menn í samstarfsnefnd um lögreglumálefni og tvo til vara.
Formannskjör.
6. Tvo menn í skólanefnd Klébergsskóla og leikskólans Kátakots og tvo til vara.
7. Fimm menn í stjórn SVR og fimm til vara.
Formannskjör.

8. Fimm menn í stjórn veitustofnana og fimm til vara.
Formannskjör.
9. Þrjú menn í stjórn Vinnuskólans og þrjú til vara.
Formannskjör.
- C. Þá kýs borgarstjórn í ýmsar nefndir skv. sérstökum samþykktum sínum, nefndir til tímabundinna verkefna og í nefndir sem stofnaðar kunna að verða.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Eftir gildistöku breytinga þessara, sbr. 25. gr. og A-lið 36. gr., skulu kosnir tveir borgarfulltrúar í borgarráð til viðbótar þeim sem kjörnir voru 18. júní sl. og er kjörtímabil til júní nk.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett, samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, sbr. þó 4. gr.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Akranesveitu nr. 665 27. desember 1995.

1. gr.

33. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hitastig og leiðréttingar.

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennislismæla.

AV leiðréttir gjald fyrir vatnsnotkun með tilliti til hitastigs, þannig að fyrir hverja gráðu á Celsius, sem reiknað hitastig við húsvegg víkur frá 77°C, breytist gjaldið um 2% til lækkunar sé hiti lægri en 77°C, en annars til hækkunar.

Útreikningarnir miðast við að ná meðalleiðréttingu hjá notendum. Þannig verði sama magn ofleiðrétt og vanleiðrétt.

Við útteikninga er gengið út frá eðlilegu jafnvægisástandi í aðveitu og dreifikerfi. Ekki er leiðrétt vegna tímabundinna hitasveiflna í aðveitu, en búast má við hærri vatnshita í þurrviðri og lægri hita í bleytutíð.

Hjá þeim notendum, sem einungis kaupa neysluvatn og þar sem notkun er lítil eða mjög óregluleg, skal leiðrétting vera meðalleiðrétting viðkomandi sveitarfélags.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Fastagjaldið miðast við flatarmál samkvæmt fasteignamati. Fastagjald er ekki greitt af bifreiðageymslum nema þær séu nýttar í annað. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði, en þeir sem ekki greiða fastagjald þetta skulu greiða 33,33% herra verð fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fyrir hvern mæli skal greiða fast gjald á mánuði, mælaleigu, háð stærð mælis.

Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald. Viðbótarstofngjald skal greiða af viðbyggingum húsa.

Fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, skal greiða sérstakt gjald. Ef óskað er fleiri en einnar mælagrindar í húsi, þar sem greitt hefur verið sameiginlegt stofngjald, skal greiða sérstakt mælagrindargjald á hverja mælagrind sem bætist við.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem stjórn Akranesveitu og bæjarstjórn Akraness hafa samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. mars 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr./klst.
1. Rannsóknamaður	3.091
2. Sérfræðingur I	4.076
3. Sérfræðingur II	5.271

2. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að nauðsynleg sé vinna utan dagvinnutíma.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að veita afslátt af útseldri þjónustu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi 2. gr. gjaldskrár fyrir efnarannsóknir og aðra þjónustu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins nr. 591, 11. nóvember 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur í fæðingarorlofi, nr. 296/1998.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Rétt til greiðslna í fæðingarorlofi samkvæmt reglugerð þessari á foreldri sem búið hefur hér á landi undanfarna 12 mánuði fyrir fæðingu barns. Uppfylli foreldri ekki búsetuskilyrðið er heimilt að taka mið af búsetutíma maka eða skráðs sambýlismanns/konu, enda hafi viðkomandi búið hér á landi undanfarna 12 mánuði.

Hafi verið gerðir samningar við önnur ríki (samningsríki) varðandi rétt til greiðslna úr almannatryggingum skal taka til greina búsetu- eða starfstímabil í þeim ríkjum, síðustu 12 mánuði fyrir fæðingu barns að því marki sem nauðsynlegt er til að uppfylla búsetuskilyrðið, enda hafi foreldri jafnframt verið tryggt vegna meðgöngu og fæðingar í samningsríki á sama tíma.

Ef hvorugt foreldra uppfyllir skilyrði um 12 mánaða búsetu hér á landi er heimilt að taka til greina þann tíma sem eftir er af greiðslutíma fæðingarorlofs þegar 12 mánaða tímabilinu er náð.

2. gr.

9. gr. orðist svo:

Vegna heilsufars- eða öryggisástæðna.

9. gr.

Sé barnshafandi konu nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að leggja niður launuð störf meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma, þó aldrei lengur en í 60 daga. Hið sama á við ef kona tefst í námi eða getur ekki hafið vinnu að námi loknu vegna veikinda á meðgöngu. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til framlengingar samkvæmt ákvæði þessu niður frá þeim tíma.

Með heilsufarsástæðum er hér átt við:

1. Sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni.
2. Sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni.
3. Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni.

Með öryggisástæðum er átt við þegar mat vinnuveitanda og Vinnueftirlits ríkisins leiðir til þess að barnshafandi konu er veitt leyfi frá störfum, sbr. reglugerð nr. 679/1998 um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Umsókn um lengingu fæðingarorlofs samkvæmt þessari grein skal fylgja staðfesting vinnuveitanda. Í þeirri staðfestingu þarf að koma fram hvenær launagreiðslur féllu niður. Þegar barnshafandi kona leggur niður störf af öryggisástæðum skal að auki fylgja með umsókninni álit Vinnueftirlits ríkisins á mati atvinnurekanda.

Ef fyrir hendi er réttur til hærri greiðslna sjúkradagpeninga en fæðingardagpeninga getur viðkomandi valið að fá greidda sjúkradagpeninga auk fæðingarstyrks. Réttur til greiðslna fæðingardagpeninga fellur þá niður þann tíma.

3. gr.

Í 1. mgr. 29. gr. breytist orðið lögheimilisskilyrði í búsetuskilyrði.

4. gr.

Í 1. mgr. 33. gr. fellur orðið lífeyrstryggingadeild brott og orðið Tryggingastofnunar breytist í Tryggingastofnun.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15., 16. gr. a, 54. og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu er taki gildi 1. mars 1999.

Gjaldskrá Akranesveitu, nr. 455 17. júlí 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Vegna sölu á heitu vatni.

D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast úr frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fastagjald á mánuði = $F \times 11,60$ kr./m² ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fastagjald á mánuði = $1.508 + (F - 130) \times 6,98$ kr./m² ef F er stærra en 130 m².

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- a. Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 77,11 fyrir hvern rúmmetra vatns.
 - b. Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: kr. 103,06 fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6m³/klst.: 280 kr./mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6m³/klst.: 502 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 1.543. Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 558.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald kr.:
Allt að 250 m ³	73.250
251 - 500 m ³	73.250 fyrir 250 m ³ + 174,57 kr./m ³ yfir 250 m ³
501 - 1500 m ³	116.892 fyrir 500 m ³ + 102,45 kr./m ³ yfir 500 m ³
1501 - 6000 m ³	219.342 fyrir 1500 m ³ + 65,73 kr./m ³ yfir 1500 m ³
yfir 6000 m ³	515.127 fyrir 6000 m ³ + 51,64 kr./m ³ yfir 6000 m ³

Lágmarks stofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 55.206. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald.

Mælagrindargjald er 16.698 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.344 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysliverðs í júlí 1998 sem er 183,6 stig.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma.

Um skráningarskyldu.

1. gr.

Sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir því að haldin sé smitsjúkdómaskrá. Skráin tekur til smitsjúkdóma og ónæmisáðgerða. Gæta skal fyllsta trúnaðar um allar einkalífssupplýsingar sem fram koma í smitsjúkdómaskrá og gilda um skrána sömu reglur og aðrar sjúkraskrár. Ítrustu varúðar skal gætt við meðferð, vörslu og sendingu upplýsinga um tilkynningaskylda sjúkdóma.

2. gr.

Smitsjúkdómar eru skráningarskyldir og þeir smitsjúkdómar sem ógnað geta almannaheill eru jafnframt tilkynningarskyldir.

Með skráningarskyldu er átt við skyldu til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda persónugreindar upplýsingar um sjúkdómstilvik.

3. gr.

Læknum er skylt að skrá upplýsingar um smitsjúkdóma á þar til gerð eyðublöð eða með rafrænum hætti samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis. Sama gildir um forstöðumenn rannsóknastofa, sjúkradeilda og annarra heilbrigðisstofnana. Skrá um smitsjúkdóma skal senda sóttvarnalækni mánaðarlega eða oftar ef hann telur þörf á því.

Læknum og hjúkrunarfræðingum er skylt að skrá í sjúkraskrá, samkvæmt nánari fyrirmælum sóttvarnalæknis, allar ónæmisáðgerðir sem þeir framkvæma. Læknar tilkynna sóttvarnalækni um ónæmisáðgerðir sem gerðar hafa verið.

Skráningarskyldir sjúkdómar.

4. gr.

Skráningarskyldir sjúkdómar eru:

afbrigðilegar berklasýkingar	lungnabólga
bráður niðurgangur	Lyme sjúkdómur (borreliosis)
condyloma genitalis	matareitrun af völdum sýkla eða eiturfna þeirra
eyrnabólga	mislingar
flatlús	mýrarkalda (malaria)
hálsbólga	njálgur
heilabólga (encephalitis/meningoencephalitis)	psittacosis
heilahimnubólga af völdum sýkla	rauðir hundar
heilahimnubólga af óþekktum toga	ristill (herpes zoster)
hettusótt	skarlatssótt
hlaupabóla	stífkrampi
höfuðlús	streptókokkahálsbólga
inflúensa	toxóplasmasyking
kíghósti	þvagrásarbólga af óþekktri orsök
kláðamaur	

Tilkynningarskyldir sjúkdómar.

5. gr.

Tilkynningarskyldir sjúkdómar eru:

barnaveiki	lekandi
berklar	lifrabólga A
blóðkreppusótt	lifrabólga B
bótúlismi	lifrabólga C
Creutzfeldt Jacob veiki og afbrigði hennar	lifrabólga E
enterohemorrhagisk E. coli sýking	lifrabólga vegna annarra veira
gulusótt	linsæri
HIV-sýking	listeríusýking
holdsveiki	lömunarveiki
hundaæði	meningókokkasjúkdómur
kampýlóbactersýking	miltisbrandur
klamydíusýking	salmonellusýking
kólera	sárasótt
legiónellusýking	svarti dauði

6. gr.

Tilkynningu um tilkynningaskyldan sjúkdóm skal senda sóttvarnalækni án tafar. Afrit tilkynningar skal samtímis senda héraðslækni þess héraðs þar sem hinn sýkti dvelst. Sóttvarnalækni er heimilt að fela göngudeildum smitsjúkdóma, sbr. 1.-3. gr. reglugerðar nr. 131/1999 um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga, að halda skrá yfir tilkynningaskyld sjúkdómstílfelli.

Á eyðublaði skal m.a. koma fram:

1. Heiti sjúkdóms og greiningarnúmer samkvæmt alþjóðlegu sjúkdóma- og dánarmeina-skránni sem er gildandi.
2. Hvenær, hvernig og hvaða sjúkdómsgreining var staðfest.
3. Persónuauðkenni og kyn hins sýkta.
4. Í hvaða læknihéraði hinn sýkti býr, dvalarstaður.
5. Nafn tilkynnanda, læknisnúmer, vinnustaður, undirskrift og dagsetning tilkynningar.

Gildistaka.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 3. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er taki gildi 1. mars 1999.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 87 frá 1. janúar 1997 breytist þannig:

1. Taxi C1, rofin daghitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.
Taxi C4, rofin iðnaðarhitun, orkugjald 3,00 kr./kWh.
2. Aðalheimtaug 125 A. verður 100 A.
3. Í kaflanum ýmis ákvæði fellur grein 2 út. Í staðinn kemur:

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafli hjá raforkunotendum, ef fassviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef fassviksstuðull er lægri en 0,9 er Rafveitunni heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundradshluta sem fassviksstuðullinn er lægri en 0,9.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

REGLUGERÐ

um göngudeildir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og um undanþágu frá greiðsluhlutdeild sjúklinga.

Göngudeildir smitsjúkdóma.

1. gr.

Göngudeildir smitsjúkdóma fyrir fullorðna skulu vera á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítalanum og fyrir börn á göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringins, sbr. þó 2. og 3. gr. Þær annast sjúklinga sem þangað er vísað eða þangað leita vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma eða annarra alvarlegra smitsjúkdóma eða gruns um slíka sjúkdóma. Hlutverk deildanna er einnig að rekja smit manna á milli og hafa upp á þeim einstaklingum sem kunna að hafa smitast af tilkynningaskyldum sjúkdómum.

2. gr.

Göngudeild kynsjúkdóma skal reka á vegum húð- og kynsjúkdómadeildar Landspítalans sem stundar greiningu og meðferð sjúklinga sem þangað sækja vegna kynsjúkdóma eða gruns um kynsjúkdóm, þ.e. tilkynningaskyldra sjúkdóma sem smitast aðallega með kynmökum. Hlutverk deildarinnar er einnig að rekja smit manna á milli og hafa upp á þeim einstaklingum sem kunna að hafa smitast af kynsjúkdómum.

3. gr.

Göngudeild sem sinnir berklaeftirliti skal reka á lungna- og berklavarnadeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Hlutverk deildarinnar er að greina og meðhöndla berklasmitun og berklaveiki, rekja smit og hafa upp á þeim einstaklingum sem kunna að hafa smitast af berklum og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu. Göngudeildin skal einnig hafa umsjón með berklaeftirliti í skólum í samráði við sóttvarnalækni.

Læknisrannsókn á umsækjendum um dvalarleyfi á Íslandi.

4. gr.

Göngudeild smitsjúkdóma á Barnaspítala Hringins, Landspítalanum, skal sjá um læknisskoðun barna undir 16 ára aldri frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins og sótt er um dvalarleyfi fyrir á Íslandi. Þar skal fara fram almenn læknisrannsókn, berklaskoðun og annað smitsjúkdómaeftirlit samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis. Einnig skal kannað ástand bólusetninga og gerðar ráðstafanir til að farið verði að íslenskum reglum um bólusetningar.

5. gr.

Göngudeild berklaeftirlits á Heilsuverndarstöðinni skal sjá um læknisskoðun á þeim einstaklingum sem eru 16 ára eða eldri frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins og sækja um dvalarleyfi á Íslandi. Þar skal fara fram almenn læknisrannsókn, berklaskoðun og annað smitsjúkdómaeftirlit samkvæmt fyrirmælum sóttvarnalæknis.

Göngudeildir smitsjúkdóma skulu taka við einstaklingum til framhaldsmeðferðar og eftirlits frá berklaeftirliti Heilsuverndarstöðvarinnar vegna annarra smitsjúkdóma en berkla og sömuleiðis verði börnum, þegar þau ná 16 ára aldri, vísað til annarra göngudeilda smitsjúkdóma en barnadeildar til frekara eftirlits vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma.

6. gr.

Verði ekki við komið að vísa umsækjendum um dvalarleyfi á göngudeild Barnaspítala Hringins eða til berklaeftirlits Heilsuverndarstöðvarinnar, sbr. 4. og 5. gr., skal eftirlitið fara fram á heilsugæslustöð en hafa skal samráð við göngudeildir smitsjúkdóma eftir því sem við á, sbr. 1.-3. gr.

Læknisrannsókn á einstaklingum sem dvelja skemur en sex mánuði á Íslandi.

7. gr.

Einstaklingur, sem dvelur á Íslandi í skemmri tíma en sex mánuði og íslensk heilbrigðisyfirvöld krefjast að undirgangist skoðun og/eða rannsókn vegna gruns um alvarlegan smitsjúkdóm, eða ef staðfest er að viðkomandi hafi veikt af slíkum sjúkdómi og nauðsynlegt er að hefja meðferð án tafar, getur sótt um undanþágu frá sex mánaða búsetuskilyrðinu í 32. gr. almannatryggingalaga, sbr. d-lið 2. gr. reglugerðar nr. 261/1995 um undanþágur frá lögheimilisskilyrði sjúkratrygginga. Ef slík undanþága er veitt gilda almennar reglur um greiðsluhlutdeild sjúklinga.

Undanþágur frá greiðsluhlutdeild.

8. gr.

Greining og meðferð tilkynningaskyldra smitsjúkdóma, sbr. reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma, skal vera sjúklingi, sem leitar til göngudeilda smitsjúkdóma, að kostnaðarlausu. Sama gildir um þá sem kvaddir eru til rannsóknar til leitar að smiti.

9. gr.

Verði ekki við komið að vísa einstaklingum, sem leita til heilsugæslustöðva vegna gruns um tilkynningaskylda sjúkdóma, til göngudeilda smitsjúkdóma skal greining og meðferð á heilsugæslustöð vera einstaklingnum að kostnaðarlausu í samræmi við 8. gr.

10. gr.

Læknisskoðun ásamt greiningu og meðferð tilkynningaskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð nr. 129/1999 um skýrslugerð vegna smitsjúkdóma, skal vera einstaklingum frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins sem sækja um dvalarleyfi á Íslandi að kostnaðarlausu.

Gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr., sbr. 16. og 17. gr., sóttvarnalaga nr. 19/1997, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa.

1. gr.

Yfirstjórn og eftirlit.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til. Yfirdýralæknir er ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis og hefur undir sinni stjórn dýralækni hrossasjúkdóma sem starfar samkvæmt erindisbréfi sem staðfest er af landbúnaðarráðherra. Dýralæknir hrossasjúkdóma skal stuðla að góðri meðferð og heilbrigði hrossa í samvinnu við dýralækna, ráðunauta, búfjárefirlitsmenn og hrossaeigendur. Hann skal með almennri fræðslu og leiðbeiningarstarfi auka skilning á hrossasjúkdómum og vinna að vörnum gegn þeim og gera í samvinnu við dýralækna árlega skrá um hrossasjúkdóma.

Héraðsdýralæknar og búfjárefirlitsmenn skulu hver í sínu umdæmi hafa eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt.

2. gr.

Umhverfi.

Umhverfi hrossa skal vera þrífalegt. Í gerðum skal afrennsli vera svo gott að ekki myndist svað og skipta skal um yfirborðslag eftir þörfum. Girðingar skulu vera traustar og þannig gerðar að þær valdi ekki slysum. Óheimilt er að nota gaddavír í girðingar umhverfis gerði og hólf þar sem hross hafa ekki aðgang að beit eða í aðhald fyrir hross. Sama á við um háspenntar rafgirðingar.

Frágangi taðþróa og haughúsa skal þannig háttað að ekki valdi mengun umhverfis eða hættu fyrir menn og skepnur. Frárennsli frá salernum og vöskum í hesthúsum skal leiða í sérstaka rotþró.

3. gr.

Aðbúnaður og innréttingar.

Aðbúnaði hrossa skal haga þannig að þörfum þeirra og eðli sé fullnægt hvort sem þau eru á húsi eða á beit. Í húsum þar sem hross eru hýst skal frágangur dýra og ganga vera þannig að fljótlegt sé að rýma þau í neyðartilvikum. Innréttingar og annar útbúnaður skal vera þannig að hross verði ekki fyrir meiðslum eða heilsutjóni. Í byggingar og innréttingar skal nota efni sem auðvelt er að þrifa og sótthreinsa. Óheimilt er að nota hættuleg efni, svo sem fúavarnar- eða sótthreinsiefni, sem eru heilsuspillandi. Hrossum á húsi skal hleypt út daglega nema sjúkdómar eða óveður hamli.

Loftræsting skal vera góð og koma skal í veg fyrir dragsúg í húsum, en loftskipti næg til að magn skaðlegra lofttegunda sé að jafnaði innan viðurkenndra hættumarka sbr. viðauka I með reglugerð þessari. Hita og rakastigi skal haldið jöfnu og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðauka I með reglugerð þessari. Á hesthúsum skulu vera gluggar sem tryggja að þar gæti dagsbirtu. Önnur lýsing skal vera næg svo að ávallt sé hægt að fylgjast með hrossunum. Glugga, ljós og rafmagnsleiðslur skal verja þannig að ekki valdi hrossum skaða. Óheimilt er að hafa hross í stöðugum hávaða og varast ber að þau verði fyrir óvæntum hávaða. Hljóðstyrkur skal vera innan þeirra marka sem um getur í viðauka I með reglugerð þessari.

Gólf skulu vera með óskreipu yfirborði sem auðvelt er að þrifa. Steypt gólf í básum skulu klædd mjúku undirlagi, þar sem hrossin standa, svo sem gúmmímottum eða sambærilegum efnum. Í stúfum skal borið undir hrossin til að koma í veg fyrir bleytu og hálfu. Ganga skal frá niðurföllum þannig að þau valdi ekki slysum eða óþægindum.

Í eða við hesthús skal vera hlaða eða geymsla, þar sem hey eða annað fóður er geymt svo að það skemmist ekki vegna raka eða á annan hátt. Heimilt er að geyma utandyra plastpakkað hey og önnur vel frágengin hey, enda séu þau varin skemmdum og ágangi dýra.

4. gr.

Fóðrun og umhirða.

Hross skulu ávallt hafa nægan aðgang að hreinu og ómengduðu drykkjarvatni. Fóður skal að magni, gæðum og næringarinnihaldi fullnægja þörfum hrossa til vaxtar, viðhalds og framleiðslu. Forðast skal allar snöggar fóðurbreytingar, sérstaklega þegar sleppt er eða tekið á hús og þegar flutt er á milli beitarhólfa. Myglu í heyi skal fjarlægja sem kostur er og mjög rykugt hey skal bleytt fyrir gjöf. Hrossum ber að gefa ormalyf eftir þörfum, a.m.k. einu sinni á ári, og ungvíði oft. Hrossum skal haldið hreinum og þau varin óvær, einnig skal fax og tagl klippt og hófar snyrtir.

Óheimilt er að hafa hross í gerði eða gróðurlitlum hólfum lengur en 12 klst. án fóðurs. Standi hross í gerði lengur en fjórar klst. skulu þau hafa aðgang að drykkjarvatni. Um folaldshryssur gildir að óheimilt er að hafa þær í gerði lengur en tvær klst. án vatns og fóðurs. Eftir notkun skulu hross ávallt fá aðgang að nægu drykkjarvatni.

5. gr.

Útigangur hrossa.

Hross sem ganga úti að vetri til skulu geta leitað skjóls í sérstöku húsi, eða skýli sem hefur þrjá veggj hið minnsta nema jafngilt náttúrulegt skjól sé fyrir hendi að mati eftirlitsaðila sbr. 1. gr. Þar skal vera nægilegt fóður og vatn. Umhverfi, hönnun og viðhald húsa og skýla skal vera þannig að ekki valdi slysum og gripir haldist hreinir. Ætíð skal vera aðstaða innanhúss fyrir hross á útigangi sem þurfa sérstaka aðhlyningu. Á veturnum skal fylgjast daglega með hrossum í girðingum í heimalöndum og vikulega á sumrum. Þar sem hross eru í hagagöngu, skal eigandi þeirra tilkynna viðkomandi sveitarstjórn skriflega um nafn þess aðila innan sveitarfélagsins, sem er ábyrgur fyrir eftirliti og umsjá hrossa hans, og skal sá aðili vera samþykktur af sveitarstjórninni. Sveitarstjórn er heimilt að fengnum tillögum búfjárefirlitsmanns og héraðsdýralæknis að banna útigöngu á svæðum þar sem framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt.

6. gr.

Beit og landvernd.

Við beit hrossa skal þess ætíð gætt að næringaþörf þeirra sé fullnægt í hvívetna, að þau fái næga hreyfingu og ekki sé of þröngt í högum. Sérstaklega skal þess gætt að folaldshryssur, folöld og tryppi eins til þriggja vetra, hafi ávallt aðgang að nægu beitolandi. Allir sem nýta land til beitar skulu gæta þess að beit rýri ekki landgæði og ekki sé beitt á land sem er illa farið vegna jarðvegsrofs eða er hætt við rofi. Við mat á beitarþoli hrossahaga og aðgerðum til úrbóta skal taka mið af ástandsflokkun lands samkvæmt mati Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins, sbr. viðauka II með reglugerð þessari.

Búfjárefirlitsmenn sveitarfélaga skulu fylgjast með ástandi hrossahaga í byggð, einnig á eyðibýlum og öðrum stöðum þar sem ekki er stöðug búseta.

7. gr.

Rekstur og flutningur.

Eingöngu skal nota heilbrigð hross til reiðar, burðar eða dráttar. Álag á hross má aldrei vera meira en þrek þeirra leyfir.

Við rekstur eða flutning skal ávallt sýna hrossum fyllstu nærgætni svo að þeim líði eins vel og kostur er. Þurfi að reka hross um langan veg skal járna þau áður en lagt er af stað. Óheimilt er að ofgera hrossum í rekstri eða flutningi. Þau skal hvíla reglulega. Í flutningum skal litið til hrossanna á a.m.k. fjögurra klst. fresti og oftar við erfiðar aðstæður. Við flutning á hrossum skal flutningatæki vera með traustum hliðum og yfirbyggt. Gæta skal þess að loftræsting sé góð. Ef háлка er á flutningapalli skal strá sandi, heyi, hálmur eða tréspónum á pallinn.

Græðhestum og ógeltum folum eldri en 12 mánaða skal haldið sér og þeir bundnir ef þörf krefur. Fólaldshryssum og sjúkum hrossum skal ávallt haldið sér í flutningum. Sérstök aðgæsla skal höfð við flutning á merum nærri köstun og fyrstu fjórar vikurnar á eftir og þær ekki fluttar nema brýna nauðsyn beri til. Skal brynna þeim a.m.k. á þriggja stunda fresti. Bundin hross og hross í stíum skulu geta hreyft sig svo að þau haldi jafnvægi.

Á gangbrettum sem notuð eru þegar hross eru leidd af eða á flutningatæki skulu vera þverrimlar til að koma í veg fyrir að hrossin skriki eða renni út af brettinu. Halli gangbrettis skal ekki vera umfram 30°, bil milli efsta hluta brettisins og flutningapalls ekki vera meiri en 6 sm og hæð frá enda brettis og upp á pall vera mest 25 sm.

8. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, með síðari breytingum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Frestur til að uppfylla skilyrði 1. málslíðar 5. gr. þessarar reglugerðar um hús eða skýli fyrir hross, sem ganga úti að vetri til, skal vera til ársloka 2000.

II.

Eigendur hesthúsa sem uppfylla ekki kröfur þessarar reglugerðar varðandi básastærðir og rými í hesthúsum sbr. viðauka I skulu breyta þeim til samræmis við þær fyrir árslok 2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

VIÐAUKI I

A. Básastærðir og rými í húsum (lágmarksmál):

Básar þar sem hross eru bundin:

Lengd	165 sm
Breidd	110 sm

Stíur þar sem hross eru laus:

Hross, fjögurra vetra og eldri	3,0 m ²
Tryppi	2,2 m ²
Folöld	1,8 m ²

B. Básastærðir og stíurými í flutningum á landi (lágmarksmál):

Fullorðin Básar
hross þar sem hross eru bundin
Lengd 180 sm.
Breidd 60 sm.

Stíur
1 m²

Folöld Stíur skulu það rúmar að þau geti lagst og staðið upp.

C. Loftræsting o.fl.

Magn eftirtalinna lofttegunda skal að jafnaði ekki vera meira en hér segir:

Ammóníak (NH ₃)	10 ppm
Koltvísýringur (CO ₂)	3000 ppm
Brennisteinsvetni (H ₂ S)	0,5 ppm

Við hönnun loftræstiskerfis skal leitast við að lofthraði umhverfis hrossin fari ekki yfir 0,2 m/sek.

Rakastig í einangruðum húsum skal ekki fara yfir 80%.

Rakastig í óeinangruðum húsum skal að jafnaði ekki fara umfram 10% þess sem er úti.

Hljóðstyrkur skal ekki fara yfir 65 dB (A).

VIÐAUKI II Hrossahagar.

Aðferð til að meta ástand lands:

Flokkur	Ástand	Einkenni	Aðgerðir
0	Ágætt	Rofdílar eru nær engir (0-2% þekja). Þúfur eru vart merkjanlegar. Lítill eða engin ummerki beitar, (svarðhæð ~ 20-50 sm). Land er loðið. Puntur er mikill að hausti. Sina er mikil í sverði. Uppskera er mikil (gróðurnýting < 10%).	
1	Gott	Rofdílar eru hverfandi litlir (< 5% þekja). Þúfur eru vart merkjanlegar. Gróður er rjóðurbittinn og toppóttur, (svarðhæð minnst 15 sm). Puntur er áberandi að hausti. Sina er talsverði í sverði. Uppskera er talsvert mikil (gróðurnýting < 40%).	Engar sérstakar.
2	Sæmilegt	Rofdílar eru hverfandi litlir (< 5% þekja). Þúfur eru nokkuð áberandi. Gróður er jafnbittinn, (svarðhæð ~ 10-20 sm). Puntur er nokkur að hausti. Sina sést í sverði. Uppskera er nokkur (gróðurnýting 40-60%).	Ekki nauðsynlegar. Aðgátar þörf, t.d. í köldum árum.
3	Slæmt	Rofdílar eru merkjanlegir (~ 5-10% þekja). Þúfur eru áberandi. Gróður er snöggur og jafnbittinn, (svarðhæð ~ 5-15% sm). Puntur er lítill að hausti. Land er nær sinulaust. Uppskera er lítil (gróðurnýting 60-80%).	Dregið úr beit. Áburðargjöf.
4	Mjög slæmt	Rofdílar eru nokkuð áberandi (~ 10% þekja). Þúfur eru mjög áberandi. Gróður er mikið bitinn, (svarðhæð < 10 sm). Puntur er lítill sem enginn að hausti. Land er sinulaust. Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting > 80%).	Friðun. Dregið verulega úr beit. Áburðargjöf.
5	Land óhæft til beitar	Rofdílar eru mjög áberandi (> 10% þekja). Þúfur eru mjög áberandi. Gróður er allur rónagaður, (svarðhæð ~ 5 sm). Puntur sést ekki að hausti. Land er sinulaust. Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting > 80%).	Friðun. Uppgræðsla þar sem við á.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 192 27. mars 1998.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til 31. desember 2009 er skráningarstofu ökutækja heimilt að undanþiggja ökutæki sem skráð voru fyrir 31. desember 1998 og notuð hafa verið til að flytja hættulegan farm skv. ákvæðum um viðurkenningu samkvæmt ADR-reglum á farmgeymi og ákvæðum ADR-reglna um sérstaka vörn á rafleiðslum, sérstaka raftengingu við ökurita, vörn fyrir farmgeymi, læsivörn á hemlum og aukahemla (útblásturshemla og/eða drifskafthemla), enda uppfylli ökutækið ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Slíkum búnaði, sem fyrir er á ökutæki sem flytur hættulegan farm, skal haldið við þannig að hann sé í fullkomnu lagi.

Eftirvagn, sem ekki er búinn hemlum með læsivörn og er meira en 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, er óheimilt að tengja við bifreið sem búin er hemlum með læsivörn.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ökutæki sem eru í fjölpjódlegri umferð.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 667/1995, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með breytingum skv. reglugerðum nr. 588/1996 og 375/1997.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. tölul. 2. mgr. orðast svo: Aðila sem skráðir eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
- b. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir er verða 7. og 8. tölul. og orðast svo:
 1. Hlutafélaga skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og samvinnufélaga skv. lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög.
 2. Aðila sem eru að endurhefja starfsemi, þ.e. hafa áður verið skráðir á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og gert upp skv. 1. gr.
- c. 5. mgr. orðast svo:

Aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. er heimilt að gera skil á virðisaukaskatti viðkomandi árs á gjaldþaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á.

d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi aðili sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil sætt áætlun virðisaukaskatts vegna undanfarins almanaksárs skal hann gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr. Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Í stað orðanna „uppgjör skv. 4. eða 5. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: uppgjör skv. 4. mgr. 3. gr., uppgjör skv. lokamálslið 2. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu landbúnaðarskrá í 3. másl. 1. mgr. kemur: og aðila í nytjaskógrækt skv. 2. másl. 2. gr.
- b. Í stað orðanna „15. mars“ í 2. másl. 2. mgr. 8. gr. kemur: 5. febrúar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu til skattaðila sem gera upp virðisaukaskatt skv. 3. gr. ef meðfylgjandi virðisaukaskattsskýrslu er afrit af ársreikningi eða hreyfingarlistar inn- og útskatts eða ljósrit af bókhaldshefti skv. 28. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

5. gr.

Orðin „eða 5.“ í 2. mgr. 15. gr. falla brott.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði d-liðar 1. gr. og b-liðar 3. gr. gilda ekki um ársuppgjör virðisaukaskatts á árinu 1999 vegna viðskipta ársins 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

36. gr., sbr. reglugerð nr. 533/1998, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðalaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af 1. og 45. f. tölul. I. hluta og 1. tölul. II. hluta II. viðauka við EES samninginn (tilskipun 70/156/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipunum 92/53/EBE, 93/81/EBE, 95/54/EB, 96/27/EB, 96/79/EB og

98/14/EB, tilskipun 92/61/EBE og tilskipun 74/150/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipun 97/54/EB).

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES gerðir S4, bls. 1-30 og S5, bls. 1-21, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 2, bls. 297-387 og 517-518, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 16. hefti 1997, bls. 1-74, 5. hefti 1998, bls. 1-40, 6. hefti 1999, bls. 90-136 og ... hefti 1999, bls. ... (óbirt hefti).

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. í viðauka, sbr. reglugerð nr. 291/1998, bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

3. gr.

4. gr. í viðauka, sbr. reglugerð nr. 291/1998, breytist þannig:

- a. Á eftir 92/53 í 1. másl. 1. mgr. komi: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.
- b. Á eftir 92/53 í 2. mgr. komi: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

4. gr.

Við 5. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

5. gr.

Við 6. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

6. gr.

Við 7. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

7. gr.

Við 25. gr. í viðauka bætist ný mgr. sem orðast svo:

Áður en ökutæki sem ætlað er til að flytja hættulegan farm er skráð þannig skal ganga úr skugga um að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíks ökutækis. Skrá skal fyrir hvaða hættulegan farm ökutækið er viðurkennt, sbr. reglugerð um flutning á hættulegum farmi, og hvernig viðurkenningu á ökutækinu er háttáð.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. mars 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um störf örnefnanefndar.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Örnefnanefnd starfar á grundvelli laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953 með síðari breytingum, sbr. og 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Örnefnanefnd hefur aðsetur í húsakynnum Örnefnastofnunar Íslands.

Kostnaður við störf örnefnanefndar greiðist úr ríkissjóði.

Fundir örnefnanefndar og verkaskipting.

2. gr.

Fundi örnefnanefndar skal halda eftir þörfum. Formaður boðar til fundar og er það skylt ef meiri hluti nefndarmanna krefst þess. Nefndarmaður skal án tafar tilkynna formanni um forföll. Skal formaður þá boða varamann í hans stað. Varaformann skal jafnan boða til funda og situr hann þá án atkvæðisréttar nema hann gegni starfi formanns í forföllum hans. Örnefnanefnd er ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Falli atkvæði jafnt sker atkvæði formanns úr.

Formaður stýrir fundum og undirritar bréf og önnur skjöl fyrir hönd nefndarinnar. Nefndin velur sér fundarritara sem skráir fundargerðir.

Verkefni örnefnanefndar.

3. gr.

Verkefni örnefnanefndar eru:

- 1) að taka við tilkynningu um nafn nýbýlis og fjalla um það til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
- 2) að fjalla um beiðni um breytingu á nafni býlis til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafnbreytingu til þinglýsingarstjóra;
- 3) að fjalla um beiðni sveitarstjórnar um lögfestingu á nafni á nýju þéttbýli eða þorpi, sem myndast hefur í landi jarðar eða jarða, til samþykktar eða synjunar og senda samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra;
- 4) að úrskurða hvaða örnefni skuli sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra, sé ágreiningur eða álitamál um það efni;
- 5) að úrskurða um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags, hafi risið ágreiningur um efnið;
- 6) að úrskurða um nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, hafi risið ágreiningur um efnið og honum hafi verið skotið til nefndarinnar;
- 7) að veita umsögn um fyrirhugað nafn á nýju sveitarfélagi eða nafnbreytingu og um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nafns þess.

Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga utan nefndarinnar ef þurfa þykir.

Nefndin birtir árlega skýrslu um störf sín og ákvarðanir og er heimilt að koma upp vefsíðu með þeim upplýsingum, sem hún telur við eiga, um nefndina og verkefni hennar. Nefndin sendir ár hvert Stjórnartíðindum til birtingar skrá um nöfn þau sem tekin hafa verið upp á árinu.

Örnefnanefnd skal í störfum sínum miða að varðveislu íslensks menningararfs og örnefnavernd og að því að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju.

Nöfn nýrra býla.

4. gr.

Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal hafa nafn.

Eigandi skal tilkynna örnefnanefnd um nafn á nýbýli. Í tilkynningu eiganda skal hann greina frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali hans á nafni. Sé nafn dregið af staðháttum eða örnefni í nágrenni skal því lýst. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt eiganda á býlinu eða húseigninni.

Við nafngiftir býla skal þess gætt að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki má nafngjöf leiða til samnefna á fasteignum í sama umdæmi sýslumanns. Jafnframt skal sneiða hjá nöfnum sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í umdæminu að það geti valdið ruglingi.

Telji örnefnanefnd í ljósi framantalinna skilyrða ekkert athugavert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra.

Nú telur örnefnanefnd að nafn, sem henni hefur verið tilkynnt, sé ónothæft eða andstætt nafngiftahefð og skal hún þá tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býlið. Þeirri tilkynningu skulu fylgja skýringar nefndarinnar á því hvað gerir nafnið óhæft eða óheppilegt og eftir atvikum leiðbeiningar um heppilegri nafngift.

Hafi málsaðili ekki valið nýtt nafn innan sex mánaða, tilkynnt það örnefnanefnd og hún fallist á, ber örnefnanefnd að úrskurða um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurð sinn sendir nefndin málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra.

Nafnbreytingar á býlum.

5. gr.

Nöfnum á býlum utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá Fasteignamati ríkisins, má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar. Í beiðni til örnefnanefndar um nafnbreytingu skal eigandi skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlis verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa nema alveg sérstaklega standi á svo sem að býlið sé samnefnt öðru lögbýli í sama umdæmi sýslumanns eða því um líkt, t.d. að eldra nafn sé mjög óviðeigandi eða óheppilega myndað eða þannig að það geti skaðað þá starfsemi sem fram fer á býlinu.

Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Nafn á nýju þéttbýli eða þorpi.

6. gr.

Nú myndast þéttbýli - þorp - í landi einhvernjar jarðar eða jarða og er þá rétt að sveitarstjórn sækji um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til. Örnefnanefnd sendir samþykkt nafn til þinglýsingarstjóra. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

Þéttbýlisstaðir eða þorp, er myndast hafa í landi einnar eða fleiri jarða, geta fengið nafn af viðkomandi jörð ef það þykir ekki líklegt til að valda ruglingi eða óþægindum.

Nafnsetningar á landakort.

7. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefnar sé ágreiningur eða álitamál um hvaða örnefni verða sett á landakort sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands eða með leyfi þeirra. Málshefjandi skal ásamt úrskurðarbeiðni senda örnefnanefnd greinargóða lýsingu á ágreinings- eða álitafninu.

Örnefnanefnd birtir auglýsingu um þau örnefni sem ágreiningur er um, þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi komi gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og dagblöðum og jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli ábendingum og innan hvaða tímamarka. Frestur til að koma á framfæri vitneskju eða ábendingum skal ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

Örnefnanefnd fjallar um nafnsetninguna í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram kunna að hafa komið og úrskurðar í málinu þegar frestur til ábendinga er liðinn. Málsniðurstaða skal tilkynnt Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og félagsmálaráðuneyti sem og málshefjanda og öðrum þeim sem sent hafa nefndinni skriflega ábendingu um úrskurðarefnið eftir birtingu auglýsingar um það.

Ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga.

8. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefndar ef ágreiningur rís um nýtt götunafn eða sambærilegt örnefni innan sveitarfélags. Með úrskurðarbeiðni skal málshefjandi senda örnefnanefnd greinargóða lýsingu á ágreiningsefninu.

Örnefnanefnd auglýsir þau götunöfn eða sambærileg örnefni sem ágreiningur er um þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum er að haldi komi gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Auglýsing skal birt í Lögbirtingablaði og dagblöðum og jafnframt send Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum, menntamálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Tekið skal fram í auglýsingu hvert skila skuli ábendingum og innan hvaða tímamarka. Frestur til að koma á framfæri vitneskju eða ábendingum skal ekki vera skemmri en fjórar vikur frá birtingu auglýsingar.

Örnefnanefnd fjallar um nafnið í ljósi eigin athugunar og þeirrar vitneskju og ábendinga sem fram kunna að hafa komið og úrskurðar í málinu þegar frestur til ábendinga er liðinn.

Málsniðurstaða skal tilkynnt Landmælingum Íslands, Örnefnastofnun Íslands, hlutaðeigandi landeiganda eða landeigendum, hlutaðeigandi sveitarstjórn, menntamálaráðuneyti, umhverfissráðuneyti og félagsmálaráðuneyti sem og málshefjanda og öðrum þeim sem sent hafa nefndinni skriflega ábendingu um úrskurðarefnið eftir birtingu auglýsingar um það.

Nýtt eða breytt nafn húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi.

9. gr.

Æskja má úrskurðar örnefnanefndar ef ágreiningur rís um nafngift húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953 með síðari breytingum.

Málsniðurstaða skal tilkynnt eiganda og þinglýsingarstjóra.

Nafn sveitarfélags.

10. gr.

Sveitarstjórn ákveður nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Ef könnun er gerð á viðhorfi íbúa sveitarfélags til nýs nafns eða breytingar á eldra nafni, t.d. vegna sameiningar sveitarfélaga, skal leita umsagnar örnefnanefndar um þau nöfn sem greiða skal atkvæði um.

Nefndin skal skila rökstuddu álitinu til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna innan þriggja vikna. Nefndin sendir afrit af álitinu til félagsmálaráðuneytis.

Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og íslenskri málvenju.

Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu félagsmálaráðuneytis.

Birting úrskurðar.

11. gr.

Þegar úrskurður örnefnanefndar í máli er tilkynntur skal honum að jafnaði fylgja rökstuðningur. Það á þó ekki við ef umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti. Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem úrskurðurinn er byggður á. Einnig skal aðila skýrt frá rétti hans til að skjóta úrskurðinum til menntamálaráðuneytis samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga. Að því marki, sem úrskurðurinn byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

Gildistaka.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 35/1953 með síðari breytingum, um bæjanöfn o.fl., og með hliðsjón af 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1999

24. febrúar 1999

361

Nr. 137

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum ásamt síðari breytingu nr. 384/1997.

1. gr.

18. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skráning kæli- og varmadælukerfa.

Sérhvert fyrirtæki eða atvinnurekstur sem hefur yfir að ráða kæli- og varmadælukerfi með samanlagða kælimiðlafyllingu yfir 30 kg, skal fylla út þar til gerð eyðublöð um rekstur kerfanna sem Hollustuvernd ríkisins lætur í té og senda eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert fyrir árið á undan.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. tl. 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustu-hætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. febrúar 1999.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 18 – 1999

Nr. 138

362

2. mars 1999

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 343, 19. júní 1998,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 1998/1999.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Leyfilegur heildarafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 1998/1999 er 994.700 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 19 – 1999

15. febrúar 1999

363

Nr. 139

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu flugöryggisviðs Flugmálastjórnar.

	Kr.
1. Afgreiðslugjöld.	
1.1 Útgáfa eða endurútgáfa íslensks skírteinis einstaklings. Gildir um hverja tegund	5.000
1.2 Endurnýjun skírteina einstaklinga, þ.m.t. endurútgáfa glataðra skírteina sem eru í gildi	1.000
1.3 Breyting á skírteinum einstaklinga, þ.m.t. innfærsla viðbótarréttinda í skírteini	1.800
1.4 Fullgilding erlendra skírteina einstaklinga og útgáfa JAA-skírteina	14.000
1.5 Endurútgáfa, breyting og endurnýjun annarra skírteina en skírteina einstaklinga, t.d. lofthæfiskírteini vélknúinna loftfara, skírteini viðurkenndra viðhaldsstöðva (JAR-145) og flugrekendaskírteini (AOC)	8.000
1.6 Skráning loftfars til atvinnuflugs (skráningarskírteini)	60.000
1.7 Skráning loftfars til einkaflugs (skráningarskírteini)	30.000
1.8 Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	5.000
2. Eftirlitsgjöld loftfara.	
2.1. Eftirlitsgjöld loftfara miðast við skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.	
2.2. Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis er það sama og árlegt eftirlitsgjald.	
2.3. Gjald fyrir útgáfu lofthæfiskírteinis til útflutnings er helmingur árlegs eftirlitsgjalds.	
2.4. Gjald fyrir tímabundið lofthæfiskírteini (t.d. framlengingu lofthæfiskírteinis eða ferjuheimild) fer eftir gildistíma sem hlutfall af árgjaldi fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.5. Hálf árlegt eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem loftfarið hafði gilt íslenskt lofthæfiskírteini og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð.	
2.6. Fari eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.	
2.7. Árleg eftirlitsgjöld fyrir vélknúin loftför eru:	Kr.
a) fyrir loftför allt að 2700 kg	11.400
+	7,80/kg
b) fyrir loftför 2701-5700 kg	17.000
+	6,50/kg
c) fyrir loftför 5701-50000 kg	80.000
+	7,00/kg
d) fyrir loftför yfir 50000 kg	400.000
+	4,00/kg

- 2.8. Árleg eftirlitsgjöld loftfara sem ekki eru vélknúin eru 25% af gjaldi fyrir vélknúin loftför. Tilsvarandi gildir um lið 1.5.
Gjöld skv. lið 2.2 skal endurgreiða hlutfallslega eftir skráningartíma loftfars hér á landi, ef skráning varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði. Þó þannig að lágmarksgjald sé 3/12 fulls gjalds.

3. Eftirlitsgjöld flugrekenda.

- 3.1 Eftirlitsgjöld flugrekenda miðast við fjölda þeirra loftfara, sem flugrekandi rekur í starfsemi sinni og skráðan hámarksflugtaksmassa þeirra.
- 3.2 Gjald við fyrstu útgáfu flugrekendaskírteinis (AOC) er það sama og árlegt eftirlitsgjald og miðast þá við fyrirhugaðan rekstur sem sótt er um hvað varðar fjölda og massa loftfaranna.
- 3.3 Hálf árlegt eftirlitsgjald skal greiða í maí og nóvember ár hvert fyrir næstliðið hálf ár eða hluta úr ári sem flugrekandi hafði gilt flugrekstrarleyfi og reiknast þá hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð sem hvert loftfar var í rekstri hjá flugrekanda á tímabilinu.
- 3.4 Fari eftirlit fram erlendis greiðir eigandi eða umráðandi (notandi) fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

3.5 Árleg eftirlitsgjöld flugrekenda eru sem hér segir:	Kr.
a) fyrir hvert loftfar undir 2700 kg	25.000
b) fyrir hvert loftfar 2701-5700 kg	45.000
c) fyrir hvert loftfar 5701-50000 kg	120.000
d) fyrir hvert loftfar yfir 50000 kg	180.000

4. Prófgjöld.

4.1 Fyrir bókleg próf greiðast eftirtalin gjöld:	Kr.
a) einkaflugmannspróf	8.500
b) atvinnuflugmannspróf	12.500
c) atvinnuflugmannspróf 1. fl. (ATP)	24.500
d) blindflugspróf	11.000
e) flugkennarapróf	11.000
f) flugumsjónarmannspróf	11.000
g) flugvéltækispróf	11.000
h) flugrekstrarstjóra- og tæknistjórapróf	11.000
j) fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	2.750
4.2. Verklegr próf eru tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af Flugmálastjórn/flugöryggissviði. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til Flugmálastjórnar.	

5. Ýmis þjónustugjöld.

5.1 Fyrir útgáfu leyfis til handa loftfari með takmarkað lofthæfiskírteini til að fljúga um íslenska lofthelgi	Kr. 5.000
5.2 Vottunar- og staðfestingarþjónusta. Flugmálastjórn skal endurkrefja umsækjanda um leyfi, heimildir og skírteini um útlagðan kostnað vegna sérfræðiþjónustu, t.d. lögfræði- og endurskoðunarþjónustu sem stofnunin kaupir að til yfirferðar og stað-	

festingar á gögnum, sem varða umsókn hans. Það á þó ekki við liði 2.2, 2.3 og 2.4 samkvæmt gjaldskrá þessari.

Flugmálastjórn skal innheimta þóknun fyrir úttektarstörf sem stofnunin vinnur í tengslum við vottun eða viðurkenningu á starfsemi á sviði flugsamgangna, enda hafi hlutaðeigandi óskað þess. Hér er t.d. átt við árlega vottun á starfsemi eins og t.d. JAR-145 viðhaldsstöðva, skóla sem kenna til tegundaráritunar, flugskóla, fluglæknasetra og staðfestingu á flugrekstrarleyfi.

Miða skal við tímagjald	Kr. 4.000
þó að hámarki á dag á mann	32.000

5.3 Sérstök þjónusta sem óskað er eftir.

Heimilt er að taka gjald fyrir þjónustu sem innt er af hendi fyrir aðila sem tengjast flugrekstri hafi viðkomandi bæði óskað eftir þjónustunni og samþykkt greiðslur fyrir hana, t.d. að hafa eftirlitsmann viðstaddan próf í flughermi erlendis.

Miða skal gjald við tímagjald	4.000
þó að hámarki á dag á mann	32.000

5.4 Fari próf, eftirlit eða úttekt fram erlendis greiðir viðkomandi fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

6. Greiðsla gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast hjá gjaldkera Flugmálastjórnar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60, 10. júní 1998, sbr. og lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88, 31. desember 1991 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. mars 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 627, 28. nóvember 1994.

Samgönguráðuneytinu, 15. febrúar 1999.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Hríseyjarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Hríseyjarhrepps er skipuð 5 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Hríseyjarhepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda séu þau ekki falin öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Hríseyjarhepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu skv. V. kafla þessarar samþykktar.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi, mánaðarlega, annan þriðjudag í hverjum mánuði eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 18.00.

Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 15. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórnin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórnin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggilegum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákvæðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi fjórum sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórnin ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórnin enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkyppingu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja sveitarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn getur heimilað einstaklingi utan sveitarstjórnar að taka til máls á sveitarstjórnarfundi.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórnin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigsalum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddviti að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. tveir sveitarstjórnarmenn óska þess. Við nafnakall skal farið

eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarrítara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvitastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldprotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða sveitarstjórnin ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir sveitarstjórnina.

51. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir.

A. **Til eins árs.** Á fundi í febrúar ár hvert:

1. *Fulltrúa í fulltrúaráð Sparisjóðs Svarfdæla.* Tvo fulltrúa til eins árs samkvæmt samþykktum um Sparisjóð Svarfdæla frá 15. apríl 1993. (Sjá lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 113/1996).

B. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert.

1. *Oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita.*
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

1. *Skodunarmenn sveitarstjórnarkosninga.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
3. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
4. *Umhverfis- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um fegrun staðarins og málefni ferðaþjónustu.
5. *Hafnarsamlag Eyjafjarðar.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
6. *Meningarmálanefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin sér um rekstur bókasafns skv. 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997 og vinnur að öðrum menningarmálum á vegum sveitarfélagsins.
7. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin vinnur að og kemur með ábendingar til sveitarstjórnar um atvinnumál.
8. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

9. *Skólanefnd grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, lögum nr. 78/1994 um leikskóla og lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
10. *Æskulýðsnefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum sveitarfélagsins sbr. íþróttalög nr. 64/1998 og lög um æskulýðsmál nr. 24/1970.
11. *Samninganefnd*. Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin semur við starfsmenn sveitarfélagsins um kaup og kjör.
12. *Búfjáreftirlitsmaður*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
13. *Fulltrúa í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs*. Einn aðalmann í stjórn og annan til vara á móti Dalvíkurbyggð sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
14. *Fulltrúa í byggingarnefnd Eyjafjarðar, vestursvæðis*. Einn aðalmann og annan til vara sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 16. mars 1994 og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
15. *Heilbrigðisnefnd Norðurlandskjördæmis eystra*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 7/1998. Sveitarstjórnir í héraðsnefnd Eyjafjarðar skipa einn aðalmann og einn til vara. Akureyrarkaupstaður tvo aðalmenn og tvo til vara. Húsavíkurkaupstaður skipar einn aðalmann og einn til vara. Héraðsnefnd Þingeyinga einn aðalmann og einn til vara. Samtals fimm aðalmenn og fimm til vara.
16. *Fulltrúa í héraðsnefnd Eyjafjarðar*. Einn aðalmann og annan til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
17. *Fulltrúa á aðalfund Eyþings*. Einn aðalmann og annan til vara, sbr. samþykktir Eyþings - sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
18. *Fulltrúa í samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar*. Einn aðalmann og annan til vara.
19. *Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Einn aðalmann og annan til vara.
20. *Fulltrúa á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmann og annan til vara.
21. *Fulltrúa á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar*. Einn aðalmann og annan til vara.
22. *Fulltrúa á aðalfund Vélbátatryggingar Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmann og annan til vara.
23. *Sveitarstjórn* fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

52. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

53. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Áráðning skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

54. gr.

Auk samvinnu skólustjóra og kennara leikskóla og grunnskóla, geta gagnkvæmar heimsóknir barnanna stuðlað að hnökralausri færslu milli skólastiga. Leikskólabörn geta haft mikið gagn af að heimsækja væntanlegan grunnskóla þar sem þau fá tækifæri til að kynnst skólastofu, leikvelli, kennurum og nemendum. Á sama hátt getur heimsókn sex ára barna í gamla leikskólann sinn orðið til þess að styrkja tengsl leikskóla og grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.

Grunnskólinn þarf einnig að huga að skólabyrjun barna sem ekki eru í leikskólum. Skólinn þarf að kynna sig fyrir þeim og foreldrum þeirra, útskýra hvers er að vænta, hvaða kröfur eru gerðar í upphafi skólagöngu og hvernig skólinn hyggst styðja við uppeldi og sinna námi og kennslu.

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Langflestir nemendur hefja nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Um ýmsa kosti er að velja. Nemendur, sem hyggja á bóknám, eiga kost á námi á málbrautum, félagsfræðabrautum eða náttúrufræðabrautum framhaldsskólanna. Þeir sem hyggja á starfsnám geta valið úr fjölda starfsnámsbrauta sem leiða til starfsréttinda í ýmsum starfsgreinum.

Til þess að komast inn á tiltekna brautir þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru um undirbúning. Inntökuskilyrði segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Inntökuskilyrðin miðast bæði við frammistöðu á samræmdum prófum og einnig einkunnir sem skólinn gefur.

Það er afar mikilvægt að nemendum sé ljóst strax í 9. bekk hvað tekur við að loknum grunnskóla til þess að þeir geti nýtt sér valkosti sem þeim bjóðast í 9. og 10. bekk. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að í þeim bekkjum fái nemendur að ákveða sjálfir í samráði við foreldra og kennara og með tilliti til framtíðaráforma á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu. Nemandi, sem t.d. hyggst fara á málbraut, á að geta lagt aukna áherslu á erlend mál með því að leggja stund á 3. erlenda málið í grunnskóla. Hann á líka að eiga þess kost að velja t.d. náttúrufræði eða listgreinar til að breikka menntun sína og reynslu áður en kemur að sérhæfingu framhaldsskólans. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur geti varið allt að þriðjungu námstímans í 9. og 10. bekk í valfrjálst nám.

Með auknu valfrelsi nemenda í 9. og 10. bekk er stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Þeir þurfa að horfa fram á veginn, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum. Um leið er horfið frá því að skylda alla til að gangast undir öll samræmd próf í lok 10. bekkjar. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 9. og 10. bekk leiðir til þess að nemandinn ákveður sjálfur hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla.

Inntökuskilyrði fela í sér að nemandi þarf að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í vissum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna braut. Við ákvörðun inntökuskilyrða er tekið tillit til námsárangurs bæði á samræmdum prófum og skólaprófum. Miðað er við að einkunnir á samræmdum prófum séu í formi staðal-einkunna, þ.e. að árangur nemanda sé settur fram með hliðsjón af frammistöðu annarra nemenda. Við mat á umsóknum er miðað við svokallaða viðmiðunareinkunn í einstökum greinum, sem er meðaltal staðaleinkunnar á samræmdu prófi og skólaeinkunnar.

Á þessum forsendum eru sett eftirfarandi inntökuskilyrði:

- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.
- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki inntökuskilyrði annarra brauta eiga kost á að hefja nám í sérdeild eða á almennri braut. Á almennri námsbraut geta nemendur m.a. valið stutt, hagnýtt nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa, nám sem gefur þeim kost á að bæta fyrri námsárangur í bóklegum greinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum sem gera kröfur um góðan undirbúning í einstökum námsgreinum svo og nám sem nemendur skilgreina sjálfir í samræmi við áhugamál sín í samstarfi við námsráðgjafa og foreldra.
- Nemandi, sem lokið hefur skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, þ.m.t. samræmdum prófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærri viðmiðunareinkunn í þessum greinum, getur innritast á skilgreindar brautir framhaldsskólans svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum. Vakin er athygli á að þróunin virðist vera í þá átt að eftir eins til tveggja ára grunnnám á skilgreindu sviði starfsnáms verði haldin próf til þess að ákvarða um frekara nám nemenda.
- Til að hefja nám á bókknámsbraut framhaldsskóla þarf nemandinn að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum sem tilgreindar eru fyrir hverja braut. Til að hefja nám á málabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, ensku og dönsku og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í stærðfræði. Á félagsfræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, ensku og samfélagsgreinum og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í stærðfræði. Á náttúrufræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, stærðfræði og náttúrufræðum og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í ensku.
- Til að hefja nám á listnámsbraut þarf nemandinn að hafa fengið ákveðna viðmiðunareinkunn í íslensku og stærðfræði ásamt því að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.
- Skólameistari getur heimilað nemanda, sem uppfyllir ekki inntökuskilyrði brautar, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að nemandinn standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur á brautinni enda hafi nemendum, sem

uppfylla inntökuskilyrðin, ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt sky. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemanda, sem orðinn er 18 ára gamall, inn-göngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.

- Vilji nemandi tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þarf hann að ná viðmið-unareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla.
- Inntökuskilyrði samkvæmt framanrituðu taka gildi frá og með skólaárinu 2001-2002.

Hlutverk og markmið grunnskóla.

Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á nán tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

Menntakerfið á að vera sveigjanlegt til að mæta nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda þess er þó að veita nemendum góða, alhliða menntun. Almenn menntun er besta veganesti sérhvers einstaklings í þekkingar- og upplýsingasamfélaginu. Einstaklingurinn verður strax á ungum aldri að búa sig undir þá staðreynd að menntun er æviverk. Námskrá verður heldur aldrei sett í eitt skipti fyrir öll. Þarfir og aðstæður breytast. Breytingar á fjölskyldu- og heimilislífi og í atvinnulífi kunna að gera nýjar og breyttar kröfur til skólanna.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásíggkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt.

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili. Aðalnámskrá grunnskóla lýsir helstu áhersluatriðum í menntun barna og unglinga á skólaskyldualdri.

Almenn menntun.

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Í síbreytilegu umhverfi samtímans reynir á hæfni til þess að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, náungakærleik og verðmætamat. Fjölbreytni í kennsluháttum og heilbriggt félagslíf stuðlar m.a. að þessum

markmiðum. Í grunnskólum ber að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Almenn menntun á að skapa tækifæri til listnáms. Auk þess að vera þáttur í að stuðla að alhliða þroska nemenda er með listnámi lagður grunnur að skapandi þætti lista og að rækta hæfileika til þess að njóta menningar og lista.

Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur, að efla siðferðisvitund og stuðla að ábyrgri umgengni við allt líf og umhverfi.

Almenn menntun á að styrkja einstaklinga til þess að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf og umhverfi. Þessar skyldur skólans falla m.a. undir hugtakið lífsleikni og miða að því, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi og að dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því. Þar má nefna skilning á sögulegum forsendum samfélagsins, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð, fjármálaskyldum, skyldum einstaklingsins og rétti hans. Undir þetta falla einnig skyldur skólans til þess að stuðla að forvörnum gegn hvers konar vá með fíknivörnum, slysavörnum og umferðarfræðslu.

Jafnrétti til náms.

Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

Grunnskólinn skal stuðla að menntun hvers og eins. Veita skal nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Jafnframt skal leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til heilbrigðs samstarfs og samkeppni við aðra.

Skólinn þarf að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með því að leggja áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni. Einnig er mikilvægt að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar og kunningi jafnframt að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.

Starfshættir í grunnskólum.

Til að standa undir þeim skyldum sem markmiðsgrein grunnskólalaganna (2. gr.) setur, þ.e. að búa nemendur undir líf og starf, verður skólinn að bjóða fram metnaðarfull náms-tækifæri við hæfi allra nemenda. Í því felst m.a. að skólar verða að leggja áherslu á að byggja sérhvern nemanda upp sem heilsteypant einstakling með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og félagslífi. Í þessu skyni verður skólinn að bjóða margvísleg en jafngild námstækifæri þannig að komið sé til móts við sérstöðu einstaklinga. Hver nemandi á að geta fundið nám við sitt hæfi sem eflir hann og þroskar.

Grunnskólinn skal stuðla að því að nemendur temji sér víðsýni og efla skilning sinn á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, skyldum einstaklingsins við samfélagið og rétti hans innan þess.

Forsenda lýðræðis er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Hin siðferðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllum skólastarfi. Umfjöllun um siðfræðileg gildi og forsendur þeirra á heima í öllum námsgreinum.

Starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis. Helstu gildi lýðræðislegs samstarfs eru: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingum og samábyrgð. Helstu gildi kristins siðgæðis, sem skólinn á að miðla og mótast af, eru: ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur.

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast. Á sama hátt ber kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að vera nemendum fyrirmynd um þessi atriði.

Áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni verði sjálfsagt hjálpartæki í öllum námsgreinum. Stórstígar framfarir á þessu sviði hafa breytt ýmsum samfélagsháttum og atvinnuháttum. Í sérhverri námsgrein verður að nýta þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur til að ná markmiðum greinarinnar.

Allir kennarar eru íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna. Leggja ber áherslu á að þjálfun í notkun íslensku er lykill að árangri í öllu námi.

Þau grundvallaratriði, sem fjallað er um í þessum kafla, fela í sér að lögð skal rækt við ýmis almenn, uppeldisleg markmið í skólastarfinu. Almenn uppeldis- og menntunarmarkmið grunnskólans ná ekki fram að ganga nema hugað sé sérstaklega að þeim markmiðum sem ganga eins og rauður þráður gegnum allt skólastarf en eru ekki flokkuð undir einstakar námsgreinar eða námssvið. Allar námsgreinar og kennsla verða að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð. Ekki þarf síður að hafa þessi markmið að leiðarljósi á öðrum sviðum skólastarfsins svo sem í frímínútum og skólaferðum, í starfi nemendaráða og félags- og tómstundastarfi og samskiptum umsjónarkennara við nemendur sem hann hefur umsjón með.

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA.

Hlutverk aðalnámskrár.

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Aðalnámskrá tekur til allra nemenda og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Aðalnámskrá er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og gegnir margvíslegu hlutverki. Hún er allt í senn, stjórntæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðslufirvalda um að ákveðinni skólastefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar.

Aðalnámskrá er ætlað að þjóna mörgum aðilum. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur og starfsmenn grunnskóla. Hún er jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð

og kennaramenntun og grundvöllur skólanámskrágerðar og sjálfsmats skóla. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra til þess að þeir geti fylgst grannt með vinnubrögðum og árangri skólustarfsins og velferð og líðan nemenda.

Sömu markmið fyrir alla.

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Markmið aðalnámskrár eiga því hvorki að skoðast sem hámark né lágmark. Það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að nemendum hverju sinni. Nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu þeirra og hæfni.

Athygli manna beinist í vaxandi mæli að nemendum með sértæka námsörðugleika. Margir þessara nemenda eiga í erfiðleikum við að ná tókum á lestri. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika er nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda með öflugri skimun og greiningu sem allra fyrst á skólagöngunni. Í ljósi slíkrar greiningar getur skólinn, í samvinnu við forráðamenn nemandans, brugðist við á markvissan hátt. Í aðalnámskrá grunnskóla eru settar fram skýrar kröfur til skóla um greiningu á lestrarörðugleikum. Þessir nemendur eiga einnig rétt á því að tekið sé tillit til lestrarörðugleika þeirra við próf og annað námsmat.

Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ítrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausir nemendur.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru í fyrsta sinn sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig eru ný ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta nemendur og táknmálkennslu fyrir heyrnarlausra. Markmið fyrir íslenskukennslu nýbúa og heyrnarlausra og táknmálkennslu falla undir námssvið íslensku í grunnskóla.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Nemendurnir eiga rétt á því að fá sérstaka íslenskukennslu í grunnskólum með það að markmiði að þeir verði hæfir til að taka fullan þátt í skólustarfi og íslensku samfélagi.

Heyrnarlaus börn læra ekki íslensku á sama hátt og heyrandi börn. Þau heyra ekki málið í umhverfinu og þurfa því að reiða sig á tilbúna aðstæður til að eignast sitt fyrsta mál. Í aðalnámskránni eru kröfur um að skólar bjóði heyrnarlausum börnum að læra og þroskast á eigin forsendum til að þau geti tileinkað sér íslensku. Táknmál hefur grundvallarþýðingu fyrir þroska máls, persónuleika og hugsunar heyrnarlausra nemenda. Hjá heyrnarlausum er táknmálið mikilvægasta uppspretta þekkingar og leið til að taka þátt í íslenskri menningu og menningu heyrnarlausra. Táknmálið hefur mikla þýðingu fyrir alla vinnu í skólanum og fyrir líf og starf nemendanna.

Sérstök íslenskukennsla fyrir nýbúa og heyrnarlosa þarf að taka mið af stöðu nemenda almennt í námi og mállegum og menningarlegum bakgrunni þeirra. Af þeim ástæðum er eðlilegt að þessir nemendur eigi þess kost að fá undanþágur frá því að stunda tiltekna námsgreinar, undanþágur frá því að taka samræmd próf og möguleika á frávikum frá prófreglum.

Markmið og markmiðssetning.

Skýr markmið eru grundvallarþáttur skólustarfs. Markmið eru leiðarvísir í öllu skólustarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats á gæðum skólustarfs.

Skýr framsetning markmiða er undirstaða þess að allir leggi í þau sama skilning þannig að þau dugi sem viðmið í skólustarfi. Markmið aðalnámskrár eru sett fram með þetta að leiðarljósi. Í þeim felst skólustefna, þau eru nemendamiðuð og segja til um hvað nemendum er ætlað að geta og kunna við ákveðin skil í grunnskólanáminu, þau taka til alhliða þroska nemandans, allra þátta námsgreina og einnig til þverfaglegra þátta sem eru sameiginlegir öllum námsgreinum. Markmið námsgreina eða skyldra námssviða eru flokkuð saman og gefin út í sérstökum heftum. Almennur hluti myndar ásamt öllum heftunum aðalnámskrá grunnskóla. Í heftum um einstakar námsgreinar eða námssvið er að finna rök fyrir nauðsyn greinarinnar í grunnskóla og lýst stöðu hennar og hlutverki. Sett eru fram lokamarkmið greinarinnar sem eiga að lýsa í meginatriðum hvaða kunnáttu, skilnings og færni er krafist af nemendum almennt að loknu grunnskólanámi í greininni og sett eru fram markmið við ákveðin skil í náminu.

Markmið aðalnámskrár grunnskóla eru sett fram í þremur flokkum:

- Lokamarkmið.
- Áfangamarkmið.
- Þrepamarkmið.

Lokamarkmið.

Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunnskólanum. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Í námskránni eru lokamarkmið greind niður í áfangamarkmið sem aftur eru greind í þrepamarkmið. Þessi undirmarkmið eru sett fram sem nákvæmari útlistun á einstökum markmiðum eftir aldurstigum. Áfanga- og þrepamarkmið eru þannig í beinu sambengi við lokamarkmið. Til þess að ná áfangamarkmiðum þarf að ná þrepamarkmiðunum. Til þess að lokamarkmiðum verði náð þarf að ná áfangamarkmiðum.

Áfangamarkmið.

Aðalnámskráin gerir ráð fyrir því að áfangamarkmið verði meginviðmið í öllu skólustarfi. Áfangamarkmiðum er deilt niður á þrjú stig. Í fyrsta lagi er um að ræða áfangamarkmið eftir nám í 1.-4. bekk, í öðru lagi eftir nám í 5.-7. bekk og að síðustu áfangamarkmið eftir nám í 8.-10. bekk. Áfangamarkmiðin gefa heildarmynd af því sem ætlast er til að nemendur hafi almennt tileinkað sér við lok áfanganna. Áfangamarkmiðin eru þannig orðuð að tiltölulega auðvelt á að vera að mæla eða meta hvort eða að hvaða marki þeim hefur verið náð. Áfangamarkmið mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmdra prófa við lok grunnskóla.

Þrepamarkmið.

Þrepamarkmiðin eru safn markmiða/viðfangsefna til að ná áfangamarkmiðum. Þau eiga að lýsa skipulagi, samfellu og stígandi í kennslu hverrar námsgreinar og sýna hvernig unnt er að útfæra áfangamarkmiðin nánar og raða þeim á einstök þrep eða lotur sem geta verið námsár grunnskólans. Aðalnámskráin setur þrepamarkmið fram kennurum, foreldrum og nemendum til leiðsagnar. Skóli getur ákveðið að raða þrepamarkmiðum með öðrum hætti og birt það skipulag í skólanámskrá.

SKÓLANÁMSKRÁ.

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrir mæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga þessi sérkenni fram og nýta þau til eflingar námi og kennslu.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla. Sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er hins vegar hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist. Í skólanámskrá útfærir skólinn t.d. ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum, t.d. varðandi umgengni, aga og aðgang að ráðgjöf og stuðningi af ýmsu tagi. Þar kemur m.a. fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna, hvaða kennsluáðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati í skólanum.

Brýnt er að skóli rækti tengsl við ýmsa aðila utan skólans. Því þarf að lýsa í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum, fyrirtækjum, félögum, stofnunum og öðrum aðilum utan skólans að því sameiginlega verkefni að veita öllum nemendum haldgóða menntun. Í skólanámskrá þarf m.a. að koma fram áætlun skólans um tengsl við atvinnulíf og áætlun um starfsfræðslu og starfs- og námskynningar.

Við framsetningu markmiða í aðalnámskrá er miðað við að þorri nemenda nái þeim markmiðum á svipuðum tíma. Hins vegar er ljóst að sumir nemendur ná settum markmiðum á mun skemmri tíma, aðrir þurfa lengri tíma. Þessum nemendum þarf að finna verkefni við hæfi og lýsa þeim úrræðum í skólanámskrá.

Aðalnámskrá segir ekki fyrir um röðun eða blöndun í bekki. Bekkjaskipting og röðun í bekki er ákvörðun hvers skóla. Í skólanámskrá þarf því að koma fram lýsing á bekkja-skipan og samsetningu námshópa og rök skólans fyrir þeirri skipan. Vönduð skólanámskrá er ein forsenda þess að markmiðum aðalnámskrár verði náð og skólar njóti trausts foreldra og almennings.

Í skólanámskrám þarf m.a. að gera grein fyrir:

- stefnumiðum skólans og starfsáætlun, m.a. árlegum starfstíma og skóladagatali
- kennsluskipan, röðun þrepamarkmiða, samfellu í náminu, skipan í bekki og námshópa
- kennslufræðilegri stefnu skólans, sérkennsluúrræðum, kennslu langveikra barna
- tilhögun námsmats, prófafyrirkomulagi, einkunnaskala
- skólareglum sem m.a. skulu kveða á um umgengni, samskipti, mætingar og meðferð agamála og lýsa því hvernig skólinn hyggst taka á málum ef skólareglur eru brotnar
- upplýsingum um starfslið skólans, menntun þess og starfsreynslu
- skipulagi samskipta við foreldra
- þátttöku foreldra í skólastarfi, heimanámi o.fl.
- lífsleikniáætlun, hvernig skólinn hyggst skipuleggja lífsleikninámið og standa að forvörnum
- félags- og tómskundastörfum á vegum skólans

Skylt er að leggja skólanámskrá fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert. Til þess að umsagnaraðilar geti nýtt umsagnarrétt sinn er augljóst að leggja verður skólanámskrá fram til umsagnar svo tímanlega að unnt sé að taka tillit til athugasemda áður en til framkvæmda kemur.

KENNSLUTÍMI.

Grunnskólalög segja til um þann lágmarkstíma sem nemendur eiga að vera í skóla. Sá tími er jafnframt skilgreining á lágmarkskennslu sem nemandi á rétt á. Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur í 1.-4. bekk rétt á 30 kennslustundum á viku miðað við níu mánaða skólatíma og fjórtíu mínútna kennslustundir, nemendur í 5.-7. bekk eiga rétt á 35 kennslustundum á viku og nemendur í 8.-10. bekk 37 kennslustundum. Þetta á við frá og með skólaárinu 2001-2002 þegar ákvæði grunnskólalaga um kennslutíma verða að fullu komin til framkvæmda. Sveitarfélög geta boðið nemendum lengri viðveru í skóla utan daglegs skólatíma.

Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 170 á skólaári.

Heildartímanum, sem er til ráðstöfunar í hverjum bekk, er skipt niður á skyldunámsgreinar í svokallaðri viðmiðunarstundaskrá. Hún segir til um vægi námsgreina innbyrðis og sýnir lágmarkskennslu sem hver nemandi á rétt á í einstökum námsgreinum.

Námssvið	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b.	Alls	% af bundnum stundum
Íslenska	6	6	6	6	5	5	5	5	5	5	54	19
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	50	17
Danska							3	3	4	4	14	5
Enska					2	2	2	3	3	4	16	6
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	2	2			12	4
Íþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	30	10
Listir	4	4	4	4	4	4	4	4			32	11
Lífsleikni				1	1	1	1	1	1	1	7	2
Náttúrufræði	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3	26	9
Samfélagsgreinar og kristinfræði	3	3	3	3	4	4	3	3	2	2	30	10
Upplýsinga- og tæknimennt	2	2	2	2	2	2	2	2			16	6
Bundnar stundir	26	26	26	27	31	31	33	34	26	27	287	100
Val	4	4	4	3	4	4	2	3	11	10	49	
Vikustundir alls	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	336	

Í viðmiðunarstundaskránni fá íslenska og stærðfræði mestan tíma eða um 36% heildartímans í grunnskólum. Þessar námsgreinar eru skilgreindar sem kjarnagreinar vegna mikilvægis þeirra sem undirstöðu náms í öðrum greinum. Einnig er lögð áhersla á þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og öllu starfi nemenda í skóla.

Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Í 1.-8. bekk er þetta svigrúm um 12% og er ætlast til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í kjarnagreinum eða öðrum skyldunámsgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla.

Val og valgreinar.

Í 9. og 10. bekk er gert ráð fyrir að einstakir skólar skipuleggi tæplega 30% heildartímans. Ætlast er til að í þessum bekkjum sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að

þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Með þessu vinnst einkum þrennt. Í fyrsta lagi er ekki horfið frá sjónarmiðum um nauðsyn almennrar menntunar á grunnskólastigi, samanber ákvörðun um kjarnagreinar og viðmiðunarstundaskrá. Í annan stað er nemendum gefinn kostur á því með vali að nálgast tiltekin greinasvið eftir áhuga eða fyrirætlunum um framhaldsnám. Í þriðja lagi gefst nemendum kostur á að velja sig frá greinum eða námssviðum sem ekki höfða til þeirra eða minni þörf er á miðað við framtíðaráform.

Inntak valnáms í 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tækninám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Grunnskólar skulu skilgreina og skýra markmið valgreina sem boðnar eru fram, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat og kynna nemendum og foreldrum að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR.

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennsla er því leið að fyrir fram settu marki.

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluáðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluáðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri.

Kennsluáðferðirnar og vinnubrögðin í skólanum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmiðum, sem lúta að eflingu félagsþroska, verður t.d. því aðeins náð að nemendur fái tækifæri til samvinnu. Markmiðum, sem lúta að því að þjálfva nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum, verður best náð með því að skipuleggja nám og kennslu og önnur samskipti út frá þeim.

Markmið skólastarfs eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða sem skólum er ætlað að sinna og einstaklingar halda áfram að vinna að eftir að skólagöngu lýkur. Grunnskólinn á að skila af sér sjálfstæðum nemendum sem hafa öðlast sjálfstraust og öryggi. Þeir eiga að kunna að læra, hafa kjark til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða, geta unnið með öðrum og kunna að tjá sig skýrt og skilmerkilega í töluðu og rituðu máli. Á þessa þætti ber að leggja áherslu í öllu starfi skólans allt frá upphafi skólagöngu. Val á kennsluáðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum námfýsi og vinnugleði. Kennsluáðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

NÁMSGÖGN.

Námsgögn, kennsluáðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmatið á allt að taka mið af settum markmiðum og vera þannig útfært

að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ítrasta. Námsgögn gegna því mjög þýðingarmiklu hlutverki sem leið að markmiðum aðalnámskrár og skóla. Sem dæmi um námsgögn má nefna prentað efni, s.s. námsbækur, handbækur og leiðbeiningarrit af ýmsu tagi, myndefni ýmiss konar, s.s. ljósmyndir, kvikmyndir, myndbönd, veggspjöld, hljóðefni eins og hljómbönd og hljómdiska, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu o.fl.

Samkvæmt lögum eiga grunnskólanemendur að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Óheimilt er að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota í náminu samkvæmt aðalnámskrá.

Námsgögn eru til að ná markmiðum. Aðalnámskráin verður því leiðarljós námsgagnahöfunda og viðmiðun við val á námsgögnum. Jafnframt er aðalnámskráin viðmiðun fyrir mat og úttektir á gæðum og notagildi námsgagna.

Námsgögn, sem sérstaklega eru gerð eða valin til notkunar í grunnskólum, verða að höfða til nemenda, vera aðlaðandi, efni þeirra skýrt og skipulega fram sett og taka mið af því sem ætla má að nemendur hafi áður tileinkað sér. Námsgögn eiga að vera fjölbreytt og vönduð, auka þekkingu nemenda, dýpka skilning þeirra á sjálfum sér og umheiminum, þjálf þá í margvíslegum vinnubrögðum og stuðla að því að þeir móti sér heilbrigð og holl lífsviðhorf. Námsgögn, sem nýta nýjustu upplýsingatækni, gera hvorttveggja í senn að miðla þekkingu og þjálf nemendur í vinnubrögðum sem nýtast þeim í lífi og starfi.

Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu.

NÁMSMAT.

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat miðar að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Aðferðir við námsmat.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá sem gleggstar upplýsingar um námsárangur.

Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Mat á námi og framförum er því hluti skólastarfsins. Með námsmati er reynt að komast að því hvort nemandi hefur náð þeim markmiðum sem að er stefnt eða hversu vel hann hefur nálgast þau. Þar sem markmiðin eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim, er augljóst að matsaðferðir verða að vera fjölbreytilegar. Þær verða að hæfa markmiðunum og endurspegla áherslur í kennslu. Þess er enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis óformlegum aðferðum verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á óformlegu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s. prófum og könnunum. Hafa verður hugfast

að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en seinna í lífinu hvort þeim varð náð eða ekki. Þau verða því ekki alltaf metin með venjulegu námsmati í skóla.

Námsmat á að vera óhlutrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta verður alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá vega í samræmi við áherslur í náminu. Ekki er t.d. nægilegt að meta eingöngu hvaða þekkingu nemandi hefur tileinkað sér þar sem hluti kennslunnar beinist óhjákvæmilega einnig að öðrum tegundum markmiða. Mikilvægt er að meta bæði verklega og bóklega þætti og prófa ýmist skriflega, verklega eða munnlega eftir því sem við á.

Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og gera námið markvissara. Námsmat þarf einnig að fara fram jafnt og þétt á námstímanum. Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Upplýsinga um námsgengi verður því að afla jöfnum höndum með mati sem fram fer í hverri kennslustund og mati sem nær til lengri tímabila, t.d. skólaárs.

Samræmd og stöðluð próf.

Auk óformlegra matsaðferða eins og huglægs mats kennara og formlegra mælinga, t.d. með skólaprófum, könnunum og skipulegum athugunum, eru gerðar samræmdar mælingar á námsárangri í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk og í nokkrum námsgreinum í 10. bekk. Samræmdum prófum í þessum bekkjum er einkum ætlað að mæla hvort áfangamarkmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum og starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.

Niðurstaða skólamats og niðurstaða samræmdra prófa geta bætt hvor aðra upp og saman lagt til heildstæðar upplýsingar sem auðvelda nemendum að leggja mat á frammistöðu sína og árangur, veikar hliðar og sterkar og auðvelda skólum að skipuleggja kennslu við hæfi.

Í vaxandi mæli eiga skólar og einstakir kennarar aðgang að greinandi prófum og öðrum mælitækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu. Stöðluð lestrarpróf, stærðfræðipróf, hreyfiproskapróf, lesskimunarpróf sem spá fyrir um hugsanlegan lestrarvanda, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík mælitæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina vandamál snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

Notkun niðurstaðna.

Starfsmönnum skóla ber að gera nemendum og foreldrum/forráðamönnum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum.

Færa ber einkunnir nemenda og annan vitnisburð um skólagöngu þeirra reglulega, ekki sjaldnar en árlega, inn í sérstakar vitnisburðarbækur sem nemendur hafa heim með sér.

Vitnisburð verður að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að nemendur og foreldrar skilji hvað við er átt. Nota má tölur, bókstafi, orð eða aðra framsetningu en ljóst þarf að vera hvaða markmið eiga í hlut og hvaða viðmiðun um frammistöðu var notuð. Einnig er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir takmörkunum námsmats. Einkunn í tölustöfum segir t.d. lítið ef ekki fylgir skrifleg eða munnleg skýring á því hvernig hún er fengin og hvað hún þýðir. Lögð er áhersla á munnlegan vitnisburð auk skriflegs vitnisburðar, einkum á fyrstu námsárunum.

Skólum er frjálst að ákveða sjálfir með hvaða hætti niðurstöður námsmats skólans eru birtar nemendum og foreldrum þeirra. Samræmi er æskilegt í framsetningu vitnisburðar í hverjum skóla. Nauðsynlegt er að gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar, hvernig skólinn hyggst mæla eða meta hvort þær eru uppfylltar og hvers konar vitnisburðarkerfi eða einkunnaskali er notaður.

Þeir sem í hlut eiga, nemendur, foreldrar og starfsmenn skóla, verða allir að geta skilið niðurstöður námsmats á sama hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu. Það er í þágu nemenda og forráðamanna þeirra að sem skýrastar upplýsingar liggi fyrir um hvar nemandi stendur í námi, bæði út frá eigin getu og einnig í samanburði við aðra nemendur.

Þegar mat er lagt á framfarir eða frammistöðu nemenda með hliðsjón af markmiðum grunnskóla er nauðsynlegt að hafa tvennt til viðmiðunar. Annars vegar þann nemanda sem í hlut á; þá er lagt mat á framfarir hans, ástundun og árangur miðað við eigin forsendur. Hins vegar samanburð við aðra, t.d. jafnaldra í skólanum eða landinu öllu. Til þess að upplýsingar þær sem námsmat gefur verði trúverðugar, réttlátar og heildarlegar og byggji upp raunhæft sjálfsmat nemenda, verður að nota báðar þessar viðmiðanir.

Þegar um samræmd próf er að ræða gefur sá aðili, sem falin er framkvæmd prófanna, út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og dreifir til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla eftir prófum, meðaltöl allra skóla og aðrar upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og túlka þær. Heimilt er að láta öðrum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

Mat á skólastarfi.

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í gildandi lögum um grunnskóla er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Sjálfsmat.

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir úrbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímaáhrif en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögnum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Viðmið fyrir sjálfsmat.

Þau atriði, sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, eru að sjálfsmatið sé:

Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir því hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórná verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggist á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á skráðum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum, og mat á stjórnun og kennslu.

Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt, hnitmiðuð lýsing á starfsemi skólans (texti, myndir, töflur). Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrkleika- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

Opinbert. Fyrir fram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla er ætlað að veita upplýsingar um hvernig grunnskólar uppfylla ákvæði laga um mat á skólastarfi. Þessar úttektir fela ekki í sér að fjalla eigi efnislega um einstaka þætti skólastarfsins eða bera saman skóla heldur er þeim ætlað að kanna hvort þær aðferðir, sem beitt er við sjálfsmat, uppfylli faglegar kröfur og styðji umbætur í skólum.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og

nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, sem fjallað er um hér að ofan, liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektir á skólastarfi.

Sem hluta af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið gera úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. kennslu í ákveðinni faggrein, en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

TENGL HEIMILA OG SKÓLA.

Þrír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sækji skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans.

3056	P.N. Marine Foods Products Co., Ltd.	MUANG SAMUTSAKORN		PP

Af lista yfir starfstöðvar í **Tælandi** falla eftirtaldar starfstöðvar:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1023	Thailuxe Enterprise Public Company Limited	SAMUTSONGKRAM		PP
1035	Kingfisher Holdings Ltd (Songkhla Branch)	SONGKHLA		PP
1046	Sea Horse Public Co., Ltd Krabi Branch	KRABI		PP
1050	S.K. Foods Co., Ltd	SAMUTSAKORN		PP
1051	Spi Canning Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
1062	Transiam Food Co., Ltd	SAMUTSAKORN		PP
1065	Yeenin Frozen Foods Company Ltd.	RAYONG		PP
1069	Man A. Frozen Foods Co., Ltd.	SONGKHLA		PP
1072	Ampai Frozen Foods Co. Ltd.	SAMUTSAKORN		PP
1076	United Cold Storage Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
1077	Patarat Tanakorn Co., Ltd	RATCHBURI		PP
1078	Pacific Kaneka Foods Co., Ltd	SONGKHLA		PP
1079	Sethachon Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
1086	T.S. Processing Co., Ltd	SAMUTSAKORN		PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1089	Sea Royal Marine Food Product Co., Ltd	SAMUTSAKORN		PP
1091	H.A.M. International Co., Ltd	SAMUTSAKORN		PP
1093	C.P. Food Products Co., Ltd	BANGKOK		PP
1095	Inter-Oceanic Resources Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
1096	Lotus Blue Co., Ltd	CHONBURI		PP
1098	Trang Sure Co., Ltd	TRANG		PP
1102	Pan Asia (1981) Co., Ltd	SURATTHANI		PP
1104	First World Import & Export Co., Ltd.	SAMUTPRAKARN		PP
1106	Tipwanchai Seafoods Co., Ltd.	CHOLBURI		PP
1107	Haitai Seafood Co. Ltd.	SONGKHLA		PP
1112	Mahachai Marine Products Co., Ltd.	CHACHERNGSAO		PP
1115	Kingfisher Holdings Limited	SAMUTSAKORN		PP
1116	Paiboon Marine Foods Ltd.	SAMUTSAKHON		PP
1123	Vanguard Foods (Thailand) Co., Ltd.	NAKHONRATCHASIMA		PP
1132	Punnalal Marine Product Ltd., Pan	MAHACHAI SAMUTSAKHORN		PP
1134	Phuket Shrimps Co., Ltd.	MUANG PHANG NGA		PP
1135	MA Corporation Limited	MUANG SONGKHLA		PP
2008	R S Cannery Co Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
2016	Surat Canning Public Company Limited	SURATTHANI		PP
2028	The Peace Canning (1958) Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
2034	Do Food Co., Ltd.	SAMUTPRAKARN		PP
3011	First World Import bExport Co., Ltd	BANGKOK		PP
3030	Thai Excel Foods Co., Ltd	SAMUTPRAKARN		PP
3034	Shing Ha Thai's Fish Sauce Factory	RAYONG		PP
3045	Akesaovaros Co., Ltd.	RATCHABURI		PP
3046	Oriental Food Co., Ltd.	BANGKOK		PP

Breyting verður á eftirtalinni starfstöð í **Tælandi**:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1018	O.M. Foods Co., Ltd.	CHANA, SONGKHLA		PP

Flokkur I-II

Eftirtalin ríki bætast við lista yfir ríki sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum Evrópusambandsins við framleiðslu sjávarafurða og annarra afurða samkvæmt tilskipun 91/493/EEC.

Alsír
Angóla
Antígua og Barbuda*
Hollensku Antillaeyjar
Aserbaídsan**
Bahamaeyjar
Kýpur
Eritrea
Íran

Kenía
Sri Lanka
Myanmar
Mósambík
Rúmenía
Salómonseyjar
St. Helena
St. Vincent og Grenadines*
Zimbabve

* Aðeins er heimilt að flytja inn ferskan fisk.

** Aðeins er heimilt að flytja inn kavíar.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. mars 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

REGLUGERÐ

**um heimild færeyskra, norskra og rússneskra skipa
til síldveiða við Ísland á árinu 1999.**

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk, norsk og rússnesk stjórnvöld um heimildir skipa frá þessum löndum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1999.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

3. gr.

Sunnan 67°00'N er færeyskum og norskum skipum óheimilt að stunda síldveiðar vestan 11°30'V.

Ekki skulu fleiri en 20 rússnesk skip hafa veiðileyfi og er þeim óheimilt að stunda síldveiðar innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°00'N - 09°00'V
2. 67°00'N - 09°00'V
3. 69°25'N - 13°00'V

Óheimilt er norskum skipum að veiða innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi meira en 144.000 lestir, færeyskum skipum meira en 71.000 lestir og rússneskum skipum meira en 5.600 lestir af síld á árinu 1999.

4. gr.

Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri um borð, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Um tilkynningar fiskiskipa, sem leyfi hafa fengið til veiða innan fiskveiðilandhelginnar samkvæmt 2. gr., skulu gilda eftirfarandi reglur:

Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu og afla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.

Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.

Tilkynna skal siglingu út úr íslenskri lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.

Heimilt er ráðuneytinu að ákveða að skipin skuli sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelginni á tilteknum athugunarstöðvum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara.

Landi skip afla sínum í íslenskum höfnum skal tilkynna heildarafla þegar eftir löndun.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Nr. 176

17. mars 1999

REGLUGERÐ

um framleiðslu, innflutning og heilðsölu áfengis í atvinnuskyni.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Leyfi ríkislögreglustjóra þarf til innflutnings, heilðsölu og framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Reglugerð þessi gildir ekki um þá sem leyfi hafa til reksturs almennra tollvöru-geymslna, tollfrjálsra forðageymslna eða frísvæða þar sem áfengi er geymt. Um þá starfsemi gilda ákvæði tollalaga.

Um sendiráð og aðra sem úrlendisréttar njóta gilda ákvæði sérлага, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. skiptast í eftirtalda flokka:

- Innflutningsleyfi sem veitir heimild til innflutnings og sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.
- Heilðsöluleyfi sem veitir heimild til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr. og innkaupa í því skyni.
- Framleiðsluleyfi sem veitir heimild til framleiðslu áfengis. Leyfið veitir ennfremur rétt til innflutnings á áfengi til framleiðslunnar, svo og til sölu áfengis, sbr. 1. mgr. 5. gr.

Almenn skilyrði leyfisveitingar.

3. gr.

Leyfi til innflutnings, heilðsölu og framleiðslu áfengis skal einungis veitt þeim sem;

- stundar í atvinnuskyni innflutning og/eða heilðsölu enda hafi hann til þess verslunarleyfi,
- stundar í atvinnuskyni framleiðslu áfengra drykkja enda hafi hann til þess iðnaðarleyfi,
- stundar veitingarekstur í atvinnuskyni og hefur almennt leyfi til áfengisveitinga, sbr. 14. gr. áfengislaga eða
- hefur leyfi til reksturs tollfrjálsrar verslunar.

Leyfi skal einungis veitt þeim sem tilkynnt hefur Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og verið færður á fyrirtækjaskrá samkvæmt lögum um fyrirtækjaskrá og hefur tilkynnt skattstjóra um starfsemi sína samkvæmt lögum um virðisaukaskatt.

Auk þeirra skilyrða sem um getur í 1. og 2. mgr. verður einstaklingur sem leyfi er veitt að hafa náð 20 ára aldri. Ef umsækjandi er félag með ótakmarkaðri ábyrgð skulu eigendur og framkvæmdastjóri þess vera orðnir 20 ára. Ef um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð skulu allir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fullnægja aldursskilyrðinu.

Leyfi skal bundið við nafn og kennitölu leyfishafa. Taki nýr aðili við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi.

Umsókn, gildistími leyfis og gjaldtaka.

4. gr.

Umsókn um leyfi skal senda ríkislögreglustjóra og skulu fylgja henni nauðsynleg gögn. Leyfi sem gefið er út í fyrsta sinn gildir í eitt ár. Ef leyfi er endurnýjað er gildistími þess ótímabundinn, sbr. þó 12. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu leyfis og endurnýjun þess, svo og eftirlitsgjald, sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Sala áfengis.

5. gr.

Handhafa leyfis til innflutnings, heildsölu og framleiðslu á áfengi er einungis heimilt að selja eða afhenda áfengi til:

- a. Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins;
- b. þeirra sem heimild hafa til framleiðslu áfengis;
- c. þeirra sem heimild hafa til heildsölu áfengis;
- d. veitingastaða, sem hafa almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga, þó einungis það áfengi sem slíkt leyfi kveður á um;
- e. þeirra sem leyfi hafa til reksturs tollfrjálsra verslana og tollfrjálsra forðageymslna;
- f. sendiráða og annarra sem njóta úrlendisréttar hér á landi; og
- g. sölu úr landi.

Leyfishafa er óheimilt að afhenda öðrum áfengi til endursölu hafi sá ekki tilskilin leyfi. Skal leyfishafi leita upplýsinga þar um hjá lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi sem veitir upplýsingar um hverjir hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari eða almennt leyfi til áfengisveitinga samkvæmt 14. gr. áfengislaga.

Varsla og ábyrgð.

6. gr.

Um vörslu og ábyrgð á ótollafgreiddu áfengi, þ.m.t. áfengi sem tollafgreitt hefur verið til útflutnings, gilda ákvæði tollalaga. Rýrnun áfengisbirgða í vörslu leyfishafa er á ábyrgð leyfishafa.

Húsnæði og búnaður.

7. gr.

Húsnæði, sem leyfishafi notar til geymslu og framleiðslu áfengis skal vera nægilega traust til geymslu á öllum algengum varningi og búið þeim öryggis- og/eða eftirlitsbúnaði sem tryggir að óviðkomandi verði ekki veittur aðgangur.

Sá sem leyfi fær til framleiðslu áfengis skal áður en framleiðsla áfengis hefst fullnægja þeim kröfum sem gilda um framleiðslu matvæla, sbr. lög um matvæli, og skal gengið frá framleiðslutækjum og -búnaði, svo sem bruggtækjum, eimingartækjum, leiðslum, átöpp-unarbúnaði og rennislismælum, þannig að komið verði í veg fyrir óeðlilega rýrnun.

Merkingar.

8. gr.

Leyfishafi skal sjá til þess að umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um það áfengi sem framleitt er hér á landi, eða flutt er inn, beri með sér að um áfengi sé að ræða. Á umbúðum skal með skýrum hætti greina hvert áfengisinnihald vörunnar er. Þá skulu umbúðir, jafnt innri sem ytri umbúðir, um áfengi merktar nafni og heimilsfangi framleiðanda eða dreifanda þeirra.

Um merkingar fer að öðru leyti samkvæmt lögum um matvæli.

Bókhald og skráning viðskipta.

9. gr.

Handhafa innflutnings- og/eða áfengisheildsöluleyfis er skylt að halda birgðabókhald fyrir áfengi.

Handhafa framleiðsluleyfis er skylt að halda framleiðsluskýrslur og birgðabókhald fyrir áfengi. Framleiðsluskýrslur skal halda með þeim hætti að hægt sé með auðveldum og öruggum hætti að rekja hverja átöppun á áfengi til einstakra áfengistegunda og umbúða.

Birgðabókhald skal haldið með þeim hætti að hægt sé að rekja sérhverja átöppun eða innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi og hvenær sem er bera saman vörubirgðir og niðurstöðu birgðabókhalds. Í birgðabókhaldi skal koma fram á aðgengilegan hátt ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands, útflutnings, rannsóknna, rýrnunar og skýringar á henni eða annarra atriða.

Leyfishafi skal skrá sérhverja sölu áfengis á sölureikninga til samræmis við ákvæði reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Leyfishafi skal veita ríkislögreglustjóra upplýsingar um heildarsölu sína, skipt niður á viðskiptamenn og tímabil, telji hann slíkt nauðsynlegt vegna eftirlits. Kaupendur áfengis sem um ræðir í 5. gr. skulu halda sérstaka innkaupareikninga í bókhaldi sínu og veita ríkislögreglustjóra sams konar upplýsingar um innkaup sín sé þess óskað.

Um bókhald fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga um bókhald.

Tölfræðilegar upplýsingar.

10. gr.

Leyfishafi skal senda Hagstofu Íslands skýrslu um framleiðslu og sölu áfengis í því formi sem Hagstofan ákveður.

Skýrsla samkvæmt 1. mgr. skal send 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október og skal taka til viðskipta í undanfarandi ársfjórðungi en í henni skal gerð grein fyrir framleiðslu og sölu áfengis miðað við tegund, magn í lítrum og hlutfall vínanda í því.

Eftirlit.

11. gr.

Lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfsstöð leyfishafa er hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa enda hafi ríkislögreglustjóri ekki ákveðið að sérstakir eftirlitsmenn á hans vegum annist eftirlitið.

Leyfishafa ber að veita eftirlitsmönnum aðgang að öllum húsakynnum, sem nýtt eru til áfengisframleiðslu og birgðahalds, svo og bókhaldsgögnum er sýna hráefnisnotkun og birgðir vöru. Leyfishafi skal láta eftirlitsmönnum í té fullnægjandi aðstöðu að mati ríkislögreglustjóra þegar þeir sinna eftirlitsstörfum í atvinnuhúsnæði leyfishafa.

Ríkisskattstjóri getur ákveðið að átöppun áfengis skuli fara fram undir eftirliti og skal því aðeins taka tillit til rýrnunar að förgun úrgangsefna og skemmdirar eða gallaðrar óselldrar framleiðslu fari fram undir eftirliti. Hann getur einnig ákveðið að innsigla skuli framleiðslutæki og -búnað, svo og geyma og kúta sem notaðir eru undir áfengi sem selt er í miklu magni, m.a. til veitingastaða. Ríkisskattstjóri ákveður gerð og notkun innsigla. Hann getur sett eftirlitsmönnum nánari starfsfyrirmæli.

Um eftirlit ríkisskattstjóra að öðru leyti gilda ákvæði laga um virðisaukaskatt.

Um almennt eftirlit lögreglu með framleiðslu, sölu og meðferð áfengis í landinu gilda ákvæði áfengisлага.

Um eftirlit tollstjóra með innflutningi áfengis gilda ákvæði tollalaga.

Brottfall leyfis og leyfisvipting.

12. gr.

Hafi eftirlitsgjald ekki verið greitt til innheimtumanns ríkissjóðs innan 30 daga frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Nú missir leyfishafi skilyrði til að fá útgefið leyfi samkvæmt 3. gr. og fellur þá leyfið úr gildi. Leyfishafi skal innan 30 daga frá því leyfi þau, sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr., falla úr gildi senda ríkislögreglustjóra staðfestingu á að slíkt leyfi hafi verið endurnýjað.

Verði leyfishafi uppvís að broti gegn ákvæðum áfengislaga, laga um gjald af áfengi, reglugerð þessari eða skilyrðum leyfis, sbr. þó 1. mgr., skal svipta hann leyfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef brot er margítrekað eða stórfellt.

Nú hefur leyfi fallið úr gildi eða leyfishafi verið sviptur leyfi og skal honum þá heimilt að selja það áfengi sem framleitt hefur verið eða flutt inn og tollafgreitt áður en leyfið féll úr gildi eða leyfissvipting tók gildi.

Gildistaka o.fl.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 75 frá 15. júní 1998, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Arnar Þór Jónsson.

17. mars 1999

Nr. 177

REGLUGERÐ**um smásölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

Um smásölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og veitingar áfengis á veitingastað fer eftir gildandi lögum og ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt reglugerð þessari áfengi sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín telst áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.

Smásala áfengis.

3. gr.

Afgreiðslutími útsölastaða áfengis skal aldrei vera lengri en frá klukkan 8.00 til klukkan 23.00.

Áfengisútsölastaðir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

4. gr.

Umsókn um leyfi til rekstrar áfengisútsölu skal senda sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi. Áður en sveitarstjórn veitir leyfi skal hún leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefndar, sem lætur í té umsögn um fyrirhugaða staðsetningu áfengisútsölu.

Sveitarstjórn er heimilt að binda veitingu leyfis til rekstrar útsölastaðar áfengis skilyrðum um staðsetningu, afgreiðslutíma og önnur málefnaleg atriði.

Húsnæði og rekstur áfengisútsölu skal vera afmarkaður og aðgreindur frá öðrum verslunarrekstri. Þannig sé t.d. húsnæðið afmarkað með skilrúmum og sala áfengis fara um sérstaka sjóðvél.

Veitingar áfengis.

5. gr.

Sveitarstjórn hver í sínu umdæmi ákveður heimilan afgangslutíma áfengis á veitingastöðum er hafa leyfi til áfengisveitinga, þó með þeim takmörkunum sem greinir í lögum um helgidagafrið.

6. gr.

Umsókn um almennt leyfi fyrir veitingastað til áfengisveitinga skal send sveitarstjórn í viðkomandi sveitarfélagi. Leyfi verður einungis veitt þeim sem hefur gilt veitingaleyfi samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði og skal koma fram í umsókn um hvers konar veitingastað er að ræða.

Umsókn skal fylgja sakavottorð þeirra sem að umsókninni standa, auk vottorða þess efnis að hlutaðeigandi skuldi ekki skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóð umfram það sem segir í 3. mgr. 14. gr. áfengislaga. Þá skulu fylgja umsókn yfirlýsingar þess efnis að sá sem er tilnefndur stjórnandi samkvæmt 5. mgr. 13. gr. laganna uppfylli þau skilyrði sem þar greinir.

Gjald fyrir leyfisbréf, sem innheimta ber samkvæmt þeim reglum er um það gilda á hverjum tíma, skal greitt þegar umsókn er lögð fram.

7. gr.

Sveitarstjórn skal leita eftir umsögn heilbrigðisnefndar sem meta skal innréttingar og annað svipmót veitingarekstrar. Þá skal sveitarstjórn leita álits byggingar- og skipulagsnefndar og viðkomandi lögreglustjóra. Heimilt er nefnd að fela því embætti sem fer með þann málaflokk, sem undir nefndina heyrir, afgreiðslu slíkra mála, enda verði þeim skotið til ákvörðunar nefndarinnar.

Þegar sveitarstjórn hefur mótttekið umsagnir þessar metur hún hvort efni séu til að gefa út leyfi, með hvaða skilyrðum og til hve langs tíma, sbr. þó 3. mgr. 13. gr. áfengislaga. Sveitarstjórn er m.a. heimilt að binda leyfi því skilyrði að það nái einungis til sölu á áfengu öli og léttu víni.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði sem sótt er um leyfi fyrir.

8. gr.

Áður en leyfi er gefið út skal umsækjandi setja tryggingu fyrir greiðslu krafna á hendur honum sem stofnast vegna veitingarekstursins ef til gjaldþrotaskipta eða rekstrarstöðvunar kemur.

Trygging getur verið fólgin í ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs, eða öðrum sambærilegum tryggingum.

9. gr.

Tryggingarfjárhæðir skulu vera sem hér segir:

- a. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 100 eða færri, 500.000 krónur.
- b. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 101 til 200, 750.000 krónur.
- c. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 201 til 300, 1.000.000 krónur.
- d. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 301 til 400, 1.250.000 krónur.
- e. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 401 til 500, 1.500.000 krónur.
- f. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 501 til 749, 2.000.000 krónur.
- g. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 750 til 1000, 2.500.000 krónur.
- h. Áfengisveitingastaður með leyfðan fjölda gesta 1001 eða fleiri, 3.000.000 krónur.

Innheimtumaður ríkissjóðs hver í sínu umdæmi varðveitir tryggingarfé og vottar að það hafi verið lagt fram.

10. gr.

Komi til gjaldþrots leyfishafa skal tryggingarfé ráðstafað til þrotabúsins.

Eigi er heimilt að fella úr gildi tryggingu eða skerða tryggingarfé nema vottorð sveitarstjórnar þess efnis að leyfi sé fallið úr gildi liggja fyrir. Innheimtumaður ríkissjóðs skal þó ekki heimila að trygging sé felld úr gildi fyrir en sex mánuðum eftir að rekstri veitingastaðar er hætt, enda hafi verið lögð fram vottorð þess efnis að leyfishafi skuldi ekki skatta, opinber gjöld eða iðgjöld í lífeyrissjóði vegna reksturs veitingastaðarins, auk vottorðs sýslumanns og héraðsdóms þess efnis að ekki hafi verið gerð aðför í eignum leyfishafa eða gjaldþrotaskipta krafist yfir honum, vegna rekstursins.

11. gr.

Á veitingastað þar sem leyfðar eru áfengisveitingar skal liggja frammi verðskrá sem gestir eiga aðgang að um verð á þeim áfengistegundum sem þar eru á boðstólum. Þar skal og liggja frammi verðskrá um verð á öðrum veitingum, mat og óáfengum drykkjum, sem á boðstólum eru.

Áfengisskammtur fyrir sterka drykki skal miðaður við 3 cl. Nota skal eingöngu mæl-itæki sem hlotið hafa löggildingu.

12. gr.

Lögreglustjóri skal gæta þess að áfengisveitingar fari eigi fram á veitingastað eftir að leyfi er fallið úr gildi. Nú er sótt um endurnýjun leyfis til áfengisveitinga og má þá sveitarstjórn framlengja fyrri leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar með sömu skilyrðum og eldra leyfi.

Taki nýr aðili við rekstri veitingastaðarins eða ef breytt er um heiti eða kennitölu leyfishafa skal sótt um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar má sveitarstjórn gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrri leyfi.

Ef veitingastaður er stækkaður skal sótt um viðbótarleyfi vegna hins nýja húsnæðis. Ef fyrirhugað er að breyta verulega rekstri veitingastaðar, svo sem að breyta veitingahúsi í skemmtistað, skal sótt um leyfi vegna hins breytta rekstrar.

Um meðferð umsókna samkvæmt þessari grein fer að öðru leyti eins og um nýja umsókn væri að ræða.

13. gr.

Sveitarstjórn, þar sem heimahöfn skips er, getur veitt leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í skipulögðum hópferðum innan landhelgi og í hópferðum sem farnar eru af sérstöku tilefni.

Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar Siglingastofnunar Íslands og viðkomandi lögreglustjóra. Leyfi skal því aðeins veitt að fullnægt sé ákvæðum laga um veitinga- og gístistaði til að fá útgefið veitingaleyfi og að viðkomandi skip hafi leyfi Siglingastofnunar Íslands til að flytja farþega í atvinnuskyni.

Um umsókn um leyfi og gildistíma þess fer að öðru leyti eftir almennum ákvæðum reglugerðarinnar.

14. gr.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að veita ábyrgðarmanni húsnæðis leyfi til áfengisveitinga af sérstöku tilefni, enda uppfylli hann lögbundin skilyrði til þess.

Sækja skal um slíkt leyfi með a.m.k. 10 daga fyrirvara til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur heimilað embættisafgreiðslur slíkra leyfa.

Ekki er þörf á leyfi til áfengisveitinga, ef um einkasamkvæmi er að ræða. Samkoma telst einkasamkvæmi ef tilefni samkomunnar er sérstakt og persónulegt.

15. gr.

Um gjald fyrir leyfi til áfengisveitinga fer eftir ákvæðum áfengislaga.

Almenn ákvæði.

16. gr.

Sveitarstjórn skal afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt reglugerð þessari ef leyfishafi fullnægir ekki lengur skilyrðum þeirra til að fá útgefið slíkt leyfi.

17. gr.

Verði leyfishafi uppvís að vanrækslu á skyldum sem á honum hvíla eða uppfyllir ekki skilyrði sem um reksturinn gilda skal veita honum skriflega áminningu. Áminningu veitir viðkomandi sveitarstjórn eða lögreglustjóri. Lögreglustjóri hver í sínu umdæmi skal halda skrár yfir áminningar. Áminning hefur gildi í tvö ár frá því hún hefur verið birt leyfishafa.

Verði leyfishafi uppvís að frekari vanrækslu meðan áminning er enn í gildi skal það varða sviptingu leyfis um ákveðinn tíma. Sveitarstjórn ber að svipta leyfi telji lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi að skilyrði 1. málsl. 2. mgr. séu uppfyllt. Ef vanræksla er stórfelld eða ítrekuð skal lengd sviptingar ákveðin með hliðsjón af því.

18. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 75 15. júní 1998, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sölu og veitingar áfengis, nr. 425 8. september 1989, með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Arnar Þór Jónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um löggæslu á skemmtunum
og um slit á skemmtunum og öðrum samkvæmum, nr. 587 23. desember 1987.**

1. gr.

13. gr. orðast svo:

Lögreglustjóri ákveður hvenær skemmtun skal slitið. Um slit á skemmtun sem fram fer á veitingastað sem leyfi hefur til áfengisveitinga samkvæmt áfengislögum fer þó eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

2. gr.

14. og 15. gr. falla brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, nr. 120 22. desember 1947, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Arnar Þór Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 24 – 1999

17. mars 1999

521

Nr. 179

REGLUGERÐ

um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999.

1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Aðeins koma til greina skip, sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands við lok umsóknarfrests. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni innan fiskveiðilandhelginnar fellur jafnframt úr gildi leyfi þess til síldveiða.

Heimilt er að hefja síldveiðar 5. maí 1999.

2. gr.

Umsóknarfrestur um leyfi til síldveiða er til og með 10. apríl 1999. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

3. gr.

Leyfi til veiða tekur til veiða á síld í lögsögu Íslands, Færeyja og Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Við veiðar í lögsögu Færeyja og Jan Mayen skal farið að reglum sem viðkomandi þjóðir setja um veiðarnar.

4. gr.

Á árinu 1999 skal þeim skipum sem veiðileyfi hljóta heimilt að veiða samtals 202 þúsund lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum. Skál þessu magni skipt þannig að a.m.k. 90% komi í hlut skipa sem stundað hafa síldveiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árunum 1995, 1996 og 1997, en allt að 10% í hlut annarra skipa.

Þeim heimildum, sem koma í hlut skipa sem síldveiðar hafa áður stundað sbr. 1. mgr. skál skipt milli einstakra skipa þannig að 40% sé skipt jafnt milli þeirra en 60% skál skipt miðað við burðargetu þeirra. Burðargeta nótaskipa reiknast í þessu sambandi sem meðaltal tveggja aflahæstu veiðiferðanna við síldveiðar eða loðnuveiðar frá 1. maí 1997 að telja, samkvæmt upplýsingum Fiskistofu. Burðargeta annarra skipa miðast við meðaltal tveggja aflahæstu veiðiferðanna frá 1. maí 1997 að telja. Hafi burðargeta skips aukist skál hún áætluð miðað við rúmmál lesta, liggi hún ekki fyrir. Sama gildir hafi skip sem rétt á til síldveiða samkvæmt reglum þessum verið endurnýjað með nýju skipi liggi ekki fyrir burðargeta þess, samkvæmt þessari málsgrein.

Úthlutun aflahámarks samkvæmt þessari grein skál bundin því skipi sem aflann veiddi, án tillits til þess hvort eigendaskipti hafi orðið á því innan viðmiðunartímans eða síðar. Hafi skip komið í stað annars skips, sem stundað hefur síldveiðar á viðmiðunarárunum, er eiganda þess heimilt að flytja réttindin til síldveiða milli skipa, enda tilkynni hann um flutninginn til Fiskistofu fyrir lok umsóknarfrests, sbr. 2. gr.

Skipta skal allt að 10% heildaraflans, sbr. 1. mgr., milli skipa á grundvelli burðargetu þeirra, sbr. 2. mgr. Þó skal aldrei meira magn koma í hlut hvers skips en sem nemur 25% af meðaltalsaflahámarki samkvæmt 2. mgr.

5. gr.

Á árinu 1999 er heimilt að framselja af einu skipi til annarra skipa, sem leyfi hafa samkvæmt reglugerð þessari, magn sem svarar til 50% af sama hlutfalli heildarveiðiheimilda og nam hlutdeild sama skips í heildarafla síldarvertíðanna 1996, 1997 og 1998 úr norsk-íslenska síldarstofninum. Að öðru leyti er óheimilt að flytja aflahámark milli skipa.

6. gr.

Hafi skip, sem leyfi hefur fengið til síldveiða, ekki hafið veiðar fyrir ákveðinn tíma eða ekki veitt ákveðið lágmark og ástæða er til að ætla, að mati ráðherra, að heildarveiðiheimildir síldarskipanna nýtist ekki að fullu, er ráðherra heimilt að fela Fiskistofu að endurúthluta óframseljanlegum aflaheimildum þeirra skipa, sem ekki hafa veitt umfram ákveðið lágmark, til þeirra skipa, sem veitt hafa yfir ákveðið hlutfall af veiðiheimildum sínum.

Ráðherra skal með a.m.k. viku fyrirvara auglýsa hvaða viðmiðanir skuli gilda við ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. Heimilt er að endurúthluta oftar en einu sinni með þessum hætti sé þess talin þörf.

7. gr.

Megi ætla að veiðimöguleikar séu ekki lengur fyrir hendi í lögsögu Færeyja, Íslands eða Jan Mayen eða á opna hafsvæðinu milli Íslands og Noregs og heildarveiðiheimildir íslensku skipanna eru ekki fullnýttar, er ráðherra heimilt að fela Fiskistofu að veita tilteknum fjölda skipa leyfi til veiða á allt að 9.000 lestum af síld í lögsögu Noregs norðan 62° N. Úthlutun óveidds aflahámarks samkvæmt 4. og 6. gr. skerðist hlutfallslega. Um úthlutun leyfa og skilyrði í þeim fer samkvæmt reglum ráðherra.

8. gr.

Skipstjórar skipa er stunda veiðar samkvæmt þessari reglugerð, skulu senda eftirfarandi tilkynningar til Fiskistofu, með skeyti eða símbréfi, sem hér segir:

1. Þegar haldið er til veiða skal senda tilkynningu er ber heitið *upphafstilkynning* þar sem fram komi aflamagn um borð eftir tegundum í lestum.
2. Hvern mánudag skal senda tilkynningu er ber heitið *aflatilkynning* þar sem fram komi upplýsingar um afla síðustu viku eða frá því að skipið hélt til veiða. Enn fremur skal koma fram hversu mikill hluti aflans er fenginn í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlegu hafsvæði.
3. Um leið og veiðum lýkur og haldið er til hafnar skal senda tilkynningu er ber heitið *lokatilknning* þar sem fram kemur heildarafla um borð. Enn fremur skal koma fram hversu mikill hluti aflans er fenginn í lögsögu Íslands, Færeyja, Jan Mayen og á alþjóðlegu hafsvæði.

Auk þeirra upplýsinga sem talin eru upp í töluliðum hér að framan skulu eftirtalin atriði koma fram á hverri tilkynningu:

- a) Tegund, sem veidd er.
- b) Heiti tilkynningar.
- c) Nafn skips og skráningarnúmer.
- d) Skipaskrárnúmer.
- e) Kallmerki.
- f) Númer tilkynningar í viðkomandi veiðiferð.
- g) Dagsetning, tími og staðsetning þegar tilkynning er send.

9. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsværsmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að landa síld til manneldis í erlendri höfn, enda sé síldin seld á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

Um vigtun afla gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla. Óheimilt er að landa óvigtuðum afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip. Heimilt er þó skipum, sem leyfi hafa til síldveiða og slíkar veiðar stunda, að miðla afla sín á milli í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna afla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmarks sjávarafla. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík,
nr. 625 22. desember 1987.**

1. gr.

29. gr. hljóði svo: Veitingastaði er heimilt að hafa opna allan sólarhringinn.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Arnar Þór Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 25 – 1999

Nr. 181

524

17. mars 1999

AUGLÝSING

um breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1998 - 1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998.

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum og samþykktar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna hinn 16. mars 1999 staðfest svohljóðandi breytingu á grein 3.1.1. úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1998-1999, sbr. auglýsingu nr. 322/1998:

Grein 3.1.1. orðist svo:

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1998 - 31. maí 1999 miðist við grunnframfærslu á Íslandi sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð hækkar frá og með mars 1999 úr 57.600 krónum í 60.500 krónur.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 182

22. mars 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 449, 16. júlí 1998, um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1998/1999, sbr. reglugerð nr. 57/1999.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina, sbr. rg. nr. 57/1999 orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. gefst þeim fiskibátum, sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum eða handfærum eingöngu með dagatakörkunum, kostur á að stunda handfæraveiðar eingöngu í 23 sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, án takmarkana á heildarafla á tímabilinu 1. apríl til 31. ágúst 1999. Um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim gilda að öðru leyti almenn ákvæði reglugerðar þessarar um sóknardagabáta. Útgerðir þeirra fiskibáta sem velja að stunda veiðar í samræmi við ákvæði 1. mgr. skulu, fyrir 15. apríl 1999, tilkynna það til Fiskistofu. Tilkynning sem berst eftir þann tíma verður ekki tekin til greina. Hafi bátur nýtt sóknardaga á fiskveiðiárinu 1998/1999, fyrir 15. apríl 1999, koma þeir til frádráttar þeim sóknardögum sem honum er heimilt að nýta samkvæmt þessari grein.

Þá er og heimilt að veita báti, sem stundað hefur veiðar með tilteknum fjölda sóknardaga og kýs að stunda veiðar með krókaafلامarki frá og með fiskveiðiárinu 2000/2001, leyfi til að stunda veiðar með þorskaflahámarki frá og með 15. apríl 1999 og til upphafs fiskveiðiársins 2000/2001, enda hafi eigandi bátsins tilkynnt um það val til Fiskistofu fyrir 15. apríl 1999. Úthlutað þorskaflahámak hvers báts skal vera sama og reiknað krókaafلامark hans í þorski skv. ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 1/1999. Hafi bátur aflað meira fram til 15. apríl 1999 en sem nemur reiknuðu þorskaflahámarki er honum óheimilt að stunda veiðar fyrir en flutt hefur verið til hans þorskaflahámak sem samsvarar umframveiði bátsins. Um veiðar þessara báta, endurnýjun og breytingar á þeim gilda að öðru leyti almenn ákvæði reglugerðar þessarar um þorskaflahámaksbáta. Við útreikning þorskaflahámaksbáta, sem velja þorskaflahámakskerfi, samkvæmt þessari málsgrein, skal miða við aflaupplýsingar í gagnagrunni Fiskistofu þann 15. apríl 1999.

Við útreikning krókaafلامlutdeilda, samkvæmt ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 1/1999, skal miða við aflaupplýsingar í gagnagrunni Fiskistofu en eigendum fiskibáta gefst kostur á að koma athugasemdum við þær á framfæri við Fiskistofu fyrir 15. júlí 1999. Hafi veiðileyfi verið flutt til báts skal aflareynsla hans fyrir flutning veiðileyfis miðast við aflareynslu þess báts/báta, sem veiðileyfi var flutt frá, enda hafi sá bátur/bátar stundað veiðar eftir sama veiðikerfi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1999

Nr. 183

526

24. mars 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 796/1998 um verðtilfærslugjald af mjólk.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo: Á tímabilinu 1. september til 31. desember 1998 skal verðtilfærsla skv. 13. og 22. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, fara eftir verklagsreglum Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um verðtilfærslu frá 24. ágúst 1995. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir verðtilfærslugjald sem tekið er yfir þetta tímabil skv. 1. gr. til afurðastöðva að fullu.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

Nr. 184

25. mars 1999

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 160/1999
um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9001	Hvítkál	29.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	29.03.-11.04.99	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	12.04.-30.06.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. mars 1999.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.*Hjördís Halldórsdóttir.*

15. mars 1999

Nr. 185

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 7/1999 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/1999 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.

Frá og með 1. mars 1999 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja sem launaður fær greiddar vegna ferða í þágu launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Fjárhæðirnar verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) *Almennt gjald:*

Fyrir:	1 - 10.000 km	verður	kr. 38,20
	10.001 - 20.000 km	verður	kr. 34,40
	20.001 - >	verður	kr. 30,55

b) *Sérstakt gjald.*

Sérstakt gjald verður 15% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 43,93
	10.001 - 20.000 km	kr. 39,56
	> 20.001 km	kr. 35,13

c) *Torfærugjald.*

Torfærugjald verður 45% hærra en almennt gjald samkvæmt a) eða sem hér greinir:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 55,39
	10.001 - 20.000 km	kr. 49,88
	> 20.001 km	kr. 44,30

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. mars 1999.

Reykjavík, 15. mars 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tekur ákvörðun samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða og götuæða um Bakkagerðiskaupþún.

Holræsagerð staðarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar sem holræsi hefur verið lagt í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið og halda við sinni heimæð.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsi kaupsins varðar, svo sem nýlagnir, viðhald og endurbætur, skulu unnin af aðila er hreppsnefnd felur þau. Er óheimilt að leggja ræsi í aðalræsið nema að fengnu leyfi þessa aðila og undir umsjón hans. Er mönnum og skylt að hlíta í öllu fyrirmælum hans um gerð og lögn ræsisins og annað þess háttar er máli skiptir í sambandi við það.

4. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að yfirtaka núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati ef ágreiningur verður.

5. gr.

Eigi er heimilt að láta renna í holræsakerfið sýrur, sterkan lút, olíur, kvikasilfur eða önnur efni sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða torvelað rotun í rotþróum. Á þeim stöðum sem slík hætta er fyrir hendi skal koma fyrir síum, gildrum eða öðru, sem hindrar það að þessi efni komist út í holræsakerfið og standi húseigandi straum af kostnaði við þá framkvæmd.

Óheimilt er að láta regnvatn, yfirborðsvatn eða grunnvatn í holræsakerfið.

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð kaupsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 140,00 pr. m³ íbúðarhúsa og kr. 70,00 pr. m³ annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu 231. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu, greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,13% af álagningar-

stofni fasteignamats húss og lóðar, sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lágmark holræsagjaldsins og hámark þess innan marka álagningarinnar. Auk þess er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækkka gjaldskrána í heild um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

7. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjald dagar holræsagjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Borgarfjarðarhreppi nr. 95/1978.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. mars 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Sturlaugur Tómasson.

REGLUGERÐ

um halónslökkvikerfi.

Markmið.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að minnka losun halóns út í andrúmsloftið og draga þannig úr eyðingu ósonlagsins.

Skilgreiningar og gildissvið.

2. gr.

Reglugerðin nær til slökkvikerfa með halón 1301 (brómtríflúormetan, CF₃Br).

Takmörkun á notkun halóna.

3. gr.

Óheimilt er að setja upp og endurhlaða halónslökkvikerfi. Notkun halónslökkvikerfa er bönnuð frá og með 1. október 2000. Þann dag skal vera búið að setja viðurkenndan slökkvibúnað í öll vélarrúm skipa sem reglur þessar ná til. Lokið skal við að fjarlægja halónslökkvikerfi fyrir 1. júní 2001.

Bann við notkun eða endurhleðslu með endurunnu halóni, sbr. 1. mgr., á ekki við um flugvélar og skip allt að 60 m að lengd.

Prófun halónslökkvikerfa.

4. gr.

Ekki er heimilt að prófa halónslökkvikerfi þannig að losun halóns eigi sér stað.

Undanþágur.

5. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita skipum sem eru 60 m eða lengri, sem skipta eiga um slökkvikerfi fyrir 1. október 2000, sbr. 3. gr., frest til endurnýjunar á slökkvibúnaði allt til 1. janúar 2003 ef fyrirhugaðar eru breytingar í vélarrúmi skipsins innan þessa tíma, svo sem aðalvélaskipti og stækkun vélarrúms, sem hefur í för með sér uppsetningu á nýju slökkvikerfi.

Ef sérstakar ástæður mæla með því getur umhverfisráðherra veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæðum 3. gr. að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins og Siglingastofnunar Íslands þegar við á. Í umsóknum um undanþágur skal gerð grein fyrir notkun efnisins og hvers vegna ekki er unnt að nota efni sem eru minna skaðleg umhverfinu.

Eftirlit með slökkvikerfum.

6. gr.

Þeir aðilar sem hafa halónslökkvikerfi sem þessi reglugerð nær til skulu fyrir 1. nóvember 1999 skila inn til Hollustuverndar ríkisins áætlun um fyrirhugaða endurnýjun slökkvikerfisins, hvaða slökkvikerfi eða búnaður verði settur upp í staðinn og við hvaða tíma er miðað. Þar skal gera grein fyrir aldri og gerð slökkvikerfis og magni halóns sem bundið er í kerfinu svo og í varabirgðum.

Þegar slökkvikerfi eru tekin niður skal tryggja að ekki eigi sér stað losun á halóni út í umhverfið. Jafnframt skal tryggja að halón sem var á kerfinu verði fargað á viðurkenndan hátt eða það endurnýtt. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins að kerfið hafi verið tekið niður og hvernig halóninu hafi verið ráðstafað. Samþykki Hollustuverndar ríkisins þarf fyrir fyrirhugaðri endurnotkun efnisins og fyrir flutningi þess úr landi.

Eigi sér stað losun halóns, hvort sem er vegna elds eða óhapps, skal tilkynna það innan 2 vikna til Hollustuverndar ríkisins.

Eftirlit.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirmensjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar, sbr. þó eftirlit sem er í höndum Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar Íslands og Brunamálastofnunar ríkisins.

Viðurlög.

8. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Brot gegn reglugerðinni varða sektum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur þá refsing varðað varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eitrefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og samkvæmt 4. tl. 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra

sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998, og samgönguráðuneytið um þátt Siglingastofnunar Íslands og Flugmálastjórnar.

Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 534/1995, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins, um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerðar, sbr. 1. tölul. XIX. kafla II. viðauka EES-samningsins, sbr. tilskipun ráðsins nr. 83/189/EBE.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

11. mars 1999

Nr. 188

REGLUGERÐ

um Íþróttasjóð.

1. gr.

Framlög úr Íþróttasjóði má veita til eftirtalinna verkefna á sviði íþróttar:

1. Sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar.
2. Útbreiðslu- og fræðsluverkefna og skal einkum lögð áhersla á að styrkja verkefni sem uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:
 - a) stuðla að nýsköpun og eflingu íþróttastarfs fyrir börn og unglinga
 - b) efla þekkingu þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarfi
 - c) auka gildi íþróttastarfs í forvörnum gegn neyslu hvers kyns fíkniefna
 - d) auka veg og virðingu íþróttastarfs í samfélaginu.
3. Íþróttarannsóknar. Tilgangur styrkja til rannsóknar- og þróunarverkefna er að efla nýsköpun þekkingar á íþróttum. Við mat á umsóknum um styrk til slíkra verkefna skal fyrst og fremst farið eftir fræðilegu og hagnýtu gildi þeirra. Heimilt er að styrkja rannsóknar- og þróunarverkefni á sviði íþróttufræði og stoðgreina íþróttufræði, s.s. líffræði, heilsufræði og samfélagsfræði, enda sé markmið þeirra að styrkja fræðilegar undirstöður íþróttastarfs í landinu.
4. Verkefna samkvæmt 13. gr. íþróttalaga.

2. gr.

Auglýst skal árlega eftir umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði. Í auglýsingu skal koma fram hvert verksvið sjóðsins er sbr. 1. gr. Umsóknir skulu berast íþróttanefnd á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 1. maí ár hvert. Í umsókn skulu m.a. koma fram upplýsingar um:

- a) heiti verkefnis
- b) markmið
- c) fræðilegt og hagnýtt gildi verkefnis, eftir því sem við á
- d) verk- og tímaáætlun
- e) kostnaðar- og fjármögnunaráætlun
- f) samstarfsaðila, eftir því sem við á.

Sé sótt um frekari stuðning við verkefni, sem áður hefur hlotið styrk úr Íþróttasjóði, ber umsækjanda að láta fylgja umsókn áfangaskýrslu um stöðu verkefnisins.

3. gr.

Íþróttanefnd metur umsóknir og gerir tillögu til menntamálaráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

Við mat á umsóknum skal m.a. tekið tillit til notagildis verkefnanna í almannabágu og til eigin fjármögnunar umsækjenda.

Íþróttanefnd er heimilt að leita álits þar til bærra sérfræðinga á umsóknum um styrki úr Íþróttasjóði.

4. gr.

Styrkveiting úr Íþróttasjóði felur ekki í sér skuldbindingu um frekari styrkveitingar til sama verkefnis síðar.

5. gr.

Þeir sem hljóta styrki úr Íþróttasjóði skulu skila skýrslu um framkvæmd og fjárhagslegt uppgjör verkefnis til Íþróttanefndar eigi síðar en einu ári eftir að styrkur var veittur.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 8. gr. íþróttalaga nr. 64/1998 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 609/1989, um Íþróttasjóð.

Menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Borgarfjarðarhrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Borgarfjarðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefndin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa hans.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hans sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga hreppsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal endurskoðun hjá hreppnum.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins og ráða framkvæmdastjóra ef ástæða þykir til og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

II. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar árlega.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi í hreppsnefndinni sem á að baki lengsta setu í hreppsnefnd kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í hreppsnefnd átt jafnlengi setu í hreppsnefnd fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins, sbr. þó 15. gr., boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi hreppsnefndin ekki gert það.

10. gr.

Íbúum hreppsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar hreppsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils hreppsnefndar tekur hreppsnefndin ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum hreppsins með tryggunum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins semur dagskrá hreppsnefndarfundar (í samráði við oddvita) og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu oddvita og varaoddvita, kosningu nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, svo og ráðningar framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum.

2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórná á vegum hreppsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og framkvæmdarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það framkvæmdastjóra skriflega með tillögu eða fyrirsögn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg til að hreppsnefndarmenn geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

12. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins skal hafa sent hreppsnefndarmönnum fundarboð hreppsnefndarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

13. gr.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skal vera aðgengileg íbúum hreppsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu hreppsins, skrifstofu hreppsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem hreppsnefndin ákveður.

14. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins skal senda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá hreppsnefndarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í hreppsnefndinni. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Oddviti stjórnar kjöri eins eða tveggja varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaoddviti eða varaoddvitar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti störfum oddvita nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og kosning oddvita fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefndinni.

17. gr.

Hreppsnefndarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlagu og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefndin ákveðið að hreppsnefndarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

18. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er mættur á fundinn og getur hreppsnefndin enga bindandi ályktun gert nema hreppsnefndarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók hreppsnefndarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
2. Ársreikninga hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja alla hreppsnefndarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna

forföllin til framkvæmdastjóra hreppsins sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í hreppsnefnd í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Ef hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnámálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Framkvæmdastjóri hreppsins skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í hreppsnefnd.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingi utan hreppsnefndar að taka til máls á hreppsnefndarfundi.

23. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Hreppsnefndarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum hreppsnefndarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Hreppsnefndarmenn sem jafnframt eru starfsmenn hreppsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir hreppsnefndina eru alltaf vanhæfir þegar hreppsnefndin fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um framkvæmdastjóra hreppsins né þegar hreppsnefndin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga hreppsins.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver hreppsnefndarmanna sé vanhæfur. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á hreppsnefndarfundum. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða framkvæmdastjóra hreppsins, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

25. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Framkvæmdastjóri hreppsins, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykka það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða framkvæmdastjóra hreppsins. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Hreppsnefnd er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykka mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á hreppsnefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu ef tilefni er til, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók nefndarinnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefnd getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók hreppsnefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir hreppsnefndarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

33. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í hreppsnefnd er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum hreppsins. Hver hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndarinnar, svo sem oddvistastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar enda tilkynni hann það framkvæmdastjóra hreppsins skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í hreppsnefnd.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að hreppsnefndarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefndinni án óhæfilegs álags og getur hreppsnefndin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í hreppsnefnd kjörgengi skal hann víkja úr hreppsnefndinni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er hreppsnefndarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal hreppsnefndin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd. Ef um langan veg er að fara milli heimilis hreppsnefndarmanns og fundarstaðar hreppsnefndar, getur hreppsnefndin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Hreppsnefnd setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í hreppsnefndinni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða hreppsnefndin ákveði annað.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af hreppsnefnd. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

45. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefndin ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

46. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

47. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins eftir því sem við á.

48. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

49. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða hreppsnefndarinnar, sbr. 32. gr.

50. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsnefndarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsnefndarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir hreppsnefndina.

51. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Búfjárefnirlitsmaður.* Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994, nema hreppsnefndin ákveði að fara sjálf með alla stjórn hafnamála, sbr. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
4. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, nema hreppsnefnd ákveði að fara sjálf með alla stjórn húsnæðismála, sbr. 2. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
6. *Leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
7. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
8. *Skólanefnd grunnskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
9. *Skólanefnd tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
10. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
11. *Tvo úttektarmenn* og tvo til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Stjórn Fjarðarborgar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglum um félagsheimilið Fjarðarborg
13. *Brunavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa umsjón með brunavarnastarfi í sveitarfélaginu.
14. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um mál sem hreppsnefndin felur henni.
15. *Héraðsskjalasafn Austfirðinga.* Einn aðalfulltrúa í fulltrúaráð og annan til vara skv. 3. gr. stofnsamnings safnsins.

Auk framanritaðs kýs hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps eða tilnefnir fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir, sem hreppurinn á aðild að, svo og fulltrúa á aðalfundi, eftir þeim reglum sem um það gilda á hverjum tíma.

Þessar stofnanir eru m.a.:
Samband íslenskra sveitarfélaga
Hafnasamband sveitarfélaga
Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi
Héraðsnefnd Múlasýslna
Samvinnunefnd um svæðisskipulag á Héraðssvæði
Barnaverndarnefnd á Héraðssvæði
Félagsmálanefnd á Héraðssvæði
Almannavarnanefnd á Héraðssvæði
Minjasafn Austurlands
Skólaskrifstofa Austurlands
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

52. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

53. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjórnann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

54. gr.

Ef ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hreppsins hefur oddviti með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar, annast framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og annarra málefna hreppsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

Laun oddvita þar sem ekki er starfandi framkvæmdastjóri skulu ákveðin sérstaklega af hreppsnefndinni. Skulu launin endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum hreppsins sem oddviti sér um, á hann rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf samkvæmt ákvörðun hreppsnefndarinnar. Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundahalda í þágu hreppsins á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

55. gr.

Framkvæmdastjóri hreppsins undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum hreppsnefndarinnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefndina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Framkvæmdastjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og málefna hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefndin hefur ekki ákveðið annað.

Framkvæmdastjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki hreppsnefndarinnar þarf til. Framkvæmdastjóranum er heimilt með samþykki hreppsnefndarinnar að veita öðrum starfsmanni hreppsins prókúru.

Framkvæmdastjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Framkvæmdastjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

56. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá hreppnum, svo sem yfirmenn stofnana og deilda hreppsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

57. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

58. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna hreppsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

59. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal hreppsnefnd afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Hreppsnefndin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld hreppsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

60. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 59. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin, eða samþykkt af hreppsnefndinni.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

61. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu á hreppsnefndarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í hreppsnefnd með dagskrá viðkomandi hreppsnefndarfundar.

62. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal hreppsnefnd semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammí um árlegar fjárhagsáætlanir hreppsins. Skal hún unnin og afgreidd af hreppsnefnd innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

63. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu hreppsnefndarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 59. gr. og þriggja ára áætlun skv. 62. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 61. gr.

64. gr.

Ársreikningur hreppsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í hreppsnefnd fyrir lok aprílmánaðar.

Hreppsnefndin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana hreppsins og fyrirtækja hans eigi síðar en 1. júní ár hvert. Hreppsnefndarmenn og framkvæmdastjóri hreppsins skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarskóp Borgarfjarðarhrepps nr. 283/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. mars 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Sturlaugur Tómasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar við Þorsteinsvík í landi Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar við Þorsteinsvík í landi Nesjavalla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 17. febrúar 1999.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

1. gr.

Eftir 3. málsl. í 2. tölulið viðauka 9 bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Framangreind ákvæði um ósekkjaða og ópakkaða vöru í fljótandi eða föstu formi eiga þó ekki við um sjóflutning á hráskyri og fljótandi fitum og olíum, samkvæmt því sem fram kemur í viðauka 10.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, viðauki 10, sem orðast svo:

Viðauki 10.

Nánari ákvæði um flutninga.

A. Um sjóflutning á hráskyri.

1. Að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum er leyfilegt að flytja hráskyur, sem aðeins á að nota sem matvæli eða sem hráefni í matvæli að undangenginni hreinsun, í ílátum, gámum eða tönkum sem ekki eru eingöngu ætluð fyrir matvæli:
 - a) ílát, gáma og tanka skal hreinsa vandlega áður en þau eru notuð undir hráskyurfarm;
 - b) síðasti farmur má ekki hafa verið vökvi.
2. Matvælafyrirtæki sem ber ábyrgð á flutningi hráskykursins skal skrá nákvæma lýsingu á síðasta farmi sem fluttur var í ílátunum, gámunum eða tönkunum. Einnig skal skrá hvernig staðið var að hreinsun þeirra og hversu árangursrík hreinsunin var. Skjöl þessa efnis skulu fylgja farminum til sykurhreinsunarstöðvar og skal afriti af þeim haldið eftir þar. Á skjölunum skal eftirfarandi merking einnig koma fram, á einu eða fleiri tungumálum EES-ríkjanna: Þessa vöru þarf að hreinsa áður en hún er notuð til manneldis.

Ef beiðni um slíkt kemur fram ber þeim aðila sem er ábyrgur fyrir flutningi og/eða hreinsun hráskykursins að afhenda opinberum eftirlitsaðila ofangreind skjöl.
3. Hráskyur, sem fluttur er með framangreindum hætti, skal gangast undir fullnægjandi hreinsun áður en hann er notaður til manneldis.

Matvælafyrirtæki sem ber ábyrgð á flutningi og hreinsun hráskykursins skal líta á hreinsun íláta, gáma og tanka sem þýðingarmikinn þátt í öryggi og gæðum sykursins.

B. Um sjóflutning á fljótandi fitum og olíum.

1. Að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum eru sjóflutningar, á fljótandi fitum og olíum sem meðhöndla á frekar og eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til manneldis, leyfilegir í tönkum sem ekki eru einvörðungu ætlaðir til flutninga á matvælum:
 - a) ef fitan eða olían er flutt í tanki úr ryðfríu stáli eða tanki sem er klæddur að innan með epoxýresíni eða efni, sem er tæknilega sambærilegt, skal sá farmur sem síðast var fluttur vera matvæli eða farmur úr listanum yfir leyfilega fyrri farma
 - b) ef fitan eða olían er flutt í tanki úr öðrum efnum en þeim sem um getur í a-lið skal sá farmur, sem fluttur var í tönkunum þrjú næstu skipti á undan, vera matvæli eða farmur úr listanum yfir leyfilega fyrri farma.
2. Að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum eru sjóflutningar, á fljótandi fitum og olíum sem ekki á að meðhöndla frekar og eru ætlaðar eða er líklegt að verði notaðar til manneldis, leyfilegir í tönkum sem ekki eru einvörðungu ætlaðir til flutninga á matvælum:

- a) að tankurinn sé úr ryðfríu stáli eða klæddur að innan með epoxýresíni eða efni sem er tæknilega sambærilegt;
 - b) að sá farmur, sem fluttur var í tönkunum þrjú næstu skipti á undan, hafi verið matvæli.
3. Skipstjóri sem flytur fljótandi fitur og olíur sem eru ætlaðar eða líklegt er að verði notaðar til mannelis, skal hafa undir höndum skjalfestar upplýsingar um þann farm sem var fluttur í viðkomandi tönkum þrjú næstu skipti á undan og skilvirkni þeirra hreinsunaraðgerða sem fóru fram milli þessara farmflutninga.
 4. Hafi farmi verið umskipað skal skipstjóri á móttökuskipinu hafa undir höndum, til viðbótar við upplýsingarnar í tölulið 3, nákvæmar skjalfestar upplýsingar þess efnis að flutningur á fljótandi fitum og olíum hafi verið í samræmi við ákvæði í töluliðum 1 eða 2 hér að framan meðan á fyrri flutningi stóð.
 5. Ef beiðni um slíkt kemur fram ber skipstjóra skipsins að láta opinberum eftirlitsaðila í té skjalfestu upplýsingarnar sem lýst er í töluliðum 3 og 4.

Listi yfir leyfilega fyrri farma.

Efni	CAS-númer
Ediksýra - (etansýra)	64-19-7
Aseton - (própanon; dímetýlketon)	67-64-1
Súrar olíur og fitusýrueimi - úr jurtaolíum og fitum og/eða blöndum þeirra, svo og fita og olíur af dýrum.	
Ammóníumhýdroxíð - (ammóníumhýdrat; ammóníakslausn; ammóníaksvatn)	1336-21-6
Olíur og fitur unnar úr dýrum og jurtum (þó ekki olía úr kasúhnetum og hrá furuolía)	
Bývax	8012-89-3
Bensýlalkóhól (aðeins NF og hreinleiki hvarfefna)	100-51-6
Bútýlasetöt: n-bútýlasetat	123-86-4
sec-bútýlasetat	105-46-4
tert-bútýlasetat	540-88-5
Kalsíumklóríðlausn	10043-52-4
Kalsíumlignósúlfónat	
Kandelillavax	8006-44-8
Karnaubavax - (Brasilíuvax)	8015-86-9
Sýklóhexan - (hexametýlen; hexanaften; hexalhýdróbensen)	110-82-7
Sýklóhexanól - (hexahýdrófenól)	108-93-0
Epoxuð sojabaunaolía (oxíran-súrefnisinnihald minnst 7%)	8013-07-8
Etanól - (etýlalkóhól)	64-17-5
Etýlasetat - (ediksýruetýlester)	141-78-6
2-etýlhexanól - (2-etýlhexýlalkóhól)	104-76-7
Fitusýrur	
Smjörkýra - (bútansýra)	107-92-6
Valerínsýra - (pentansýra)	109-52-4
Kaprónsýra - (hexansýra)	142-62-1
Heptansýra	111-14-8
Kaprýlsýra - (oktansýra)	124-07-2
Pelargónsýra - (nónansýra)	112-05-0
Kaprínsýra - (dekansýra)	334-48-5
Lárínsýra - (dódekansýra)	143-07-7

Efni	CAS-númer
Láróleínsýra - (dódekensýra)	4998-71-4
Mýristínsýra - (tetradekansýra)	544-63-8
Mýristóleínsýra - (tetradekensýra)	544-64-9
Palmitínsýra - (hexadekansýra)	57-10-3
Palmitóleínsýra - (cis-9-hexadekensýra)	373-49-9
Sterínsýra - (oktadekansýra)	57-11-4
Rísínólsýra - (cis-12-hýdroxýoktadek-9-ensýra)	141-22-0
Olíusýra - (oktadekensýra)	112-80-1
Línólsýra - (9,12-oktadekadíensýra)	60-33-3
Línólsensýra - (9,12,15-oktadekatriensýra)	463-40-1
Arakínsýra - (eikósansýra)	506-30-9
Behensýra - (dókósansýra)	112-85-6
Erúkasýra - (cis-13-dókósensýra)	112-86-7
Fítualkóhól - náttúruleg alkóhól	
Bútýlalkóhól - (1-bútánól)	71-36-3
Kapróýlalkóhól - (1-hexanól)	111-27-3
Enantýlalkóhól - (1-heptanól)	110-70-6
Kaprýlalkóhól - (1-oktanól)	111-87-5
Nónýlalkóhól - (1-nónanól)	143-08-8
Dekýlalkóhól - (1-dekanól)	112-30-1
Lárýlalkóhól - (1-dódekanól)	112-53-8
Trídekýlalkóhól - (1-trídekanól)	27458-92-0
Mýristýlalkóhól - (1-tetradekanól)	112-72-1
Setýlalkóhól - (1-hexadekanól)	36653-82-4
Sterýlalkóhól - (1-oktadekanól)	112-92-5
Óleýlalkóhól - (oktadekanól)	143-28-2
Lárýlmýristýlalkóhól - (blanda af C ₁₂ -C ₁₄)	
Setýlstearýlalkóhól - (blanda af C ₁₆ -C ₁₈)	
Fítusýruesterar - allir esterar myndaðir með samsetningu einhverrar af framangreindum fítusýrum og einhers af framangreindum fítualkóhólum. Dæmi: bútýlmýristat, óleýlpalmítat og setýlsterat	
Metýlesterar af fítusýrum	
Dódekansýrumetylester - (metýldódekanat)	111-82-0
Hexadekansýrumetylester - (metýlhexadekanat)	112-39-0
Oktadekansýrumetylester - (metýloktadekanat)	112-61-8
Oktadekensýrumetylester - (metýloktadekenat)	112-62-9
Maurasýra - (metansýra)	64-18-6
Glýseról - (própantríól, glýserín)	56-81-5
Glýkól	
Bútandíól: 1,3-bútandíól	107-88-0
1,4-bútandíól	110-63-4
2,3-bútandíól	513-85-9
Pólýprópýlenglýkól (mólbungi yfir 400)	25322-69-4
Própýlenglýkól - (1,2 própýlenglýkól; 1,2-própandíól; 1,2-díhýdroxýprópan; mónóprópýlenglýkól (MPG); metýlglýkól)	57-55-6
1,3-própýlenglýkól - (trímetýlenglýkól; 1,3-própandíól)	504-63-2
n-heptan	142-82-5
n-hexan: hreint	110-54-3
til iðnaðar (teknískt)	64742-49-0
Ísóbútýlalkóhól - (2-metýl-1-própanól)	78-83-1
Ísóbútýlasetat - (edikskýruísóbútýlester)	110-19-0

Efni	CAS-númer
Ísódekýlalkóhól - (ísódekanól)	25339-17-7
Ísónónýlalkóhól - (ísónónanól)	27458-94-2
Ísóoktýlalkóhól - (ísóoktanól)	26952-21-6
Ísóprópýlalkóhól - (IPA; 2-própanól; ísóprópanól)	67-63-0
Límónen - (dípenten)	138-86-3
Magnesiumklóríðlausn	7786-30-3
Metanól - (metýlalkóhól)	67-56-1
Bútanon - (metýletýlketon)	78-93-3
4-metýl-2-pentanon - (metýlísóbútýlketon)	108-10-1
Metýl-tert.-bútýleter - (MTBE)	1634-04-4
Kísill (míkró)	7631-86-9
Melassi	57-50-1
Montanvax	8002-53-7
Nónan	111-84-2
Paraffín (neysluhæft hvað hreinleika varðar)	
Pentan	109-66-0
Fosfórsýra - (ortófosfórsýra)	7664-38-2
Drykkjarhæft vatn (ef farmur sem fluttur var næst þar á undan er á þessum lista)	
Kalíumhýdroxíð	1310-58-3
Própýlasetat - (edíksýruprópýlester)	109-60-4
Natríumhýdroxíð - (vítissóði)	1310-73-2
Sorbítól - (D-sorbítól)	50-70-4
Brennisteinsýra	7664-93-9
Þvagefnisammóníumnítratlausn - (UAN)	
Víndreggjar	868-14-4

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XII. kafla, II. viðauka, tilskipanir 96/3/EB og 98/28/EB. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 10. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 192

8. mars 1999

AUGLÝSING

um umferð í Búðahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsfundar Búðahrepps hefur verið ákveðið, að hámarkshraði innan þéttbýlis í Búðahreppi skuli vera 40 km pr. klst.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögglustjórinn á Eskifirði, 8. mars 1999.

e.u. **Friðrik Pétursson.**

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 312/1997 um ýmis gjöld varðandi alþjóðlega skráningu vörumerkja.

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:
Grunngjald, einn flokkur innifalinn 12.000

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 2. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 62. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. mars 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

11. mars 1999

Nr. 194

SAMÞYKKT

um kattahald í Hafnarfirði.

1. gr.

Samþykkt þessi er gerð til að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katta fari vel með ketti og tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi eða valdi nágrönnum óþægindum.

2. gr.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

3. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum að takmarka útiveru kattanna. Bæjarstjórn er heimilt vegna fuglalífs að banna kattahald á ákveðnum svæðum sveitarfélagsins. Slíkt bann verður staðfest sem breyting við samþykkt þessa.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að banna eða takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það sbr. 2. gr.

5. gr.

Um kattahald í fjölbýlishúsum vísast að öðru leyti til ákvæða laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING
um nýtt deiliskipulag á Hafnargötu 6, Stokkseyri
(lóð K.Á.) í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulag- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar þann 10. febrúar 1999 nýtt deiliskipulag á Hafnargötu 6, Stokkseyri (lóð K.Á.) í Sveitarfélaginu Árborg.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 22. mars 1999.

Bæjarstjóri Árborgar,

Karl Björnsson.

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013,
Bessastaðir og miðsvæði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. mars 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993 - 2013, Bessastaðir og miðsvæði, frá 26. febrúar 1999.

Aðalskipulagsbreytingin varðar jörðina Bessastaði og miðsvæðisreit sveitarfélagsins. Breytingin felur m.a. í sér breytingu á legu Álftanesvegar. Aðalskipulagsbreytingin var auglýst skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum frá 14. desember 1998 til 15. janúar 1999, athugasemdafrestur var til 29. janúar 1999 og bárust 8 athugasemdir.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er árlegt sem hér greinir:

- | | |
|---|------------|
| A) Á íbúð | 4.500 kr. |
| B) Sumarbústaðir, hvert hús | 1.500 kr. |
| C) Fyrirtæki samkvæmt eftirfarandi flokkun: | |
| Flokkur a) | 20.000 kr. |
| Flokkur b) | 30.000 kr. |
| Flokkur c) | 40.000 kr. |
| Flokkur d) | 50.000 kr. |

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í gjaldflokka m.a. eftir umfangi og áætluðu magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) á Raufarhöfn.

1. gr.

Raufarhafnarhreppi er heimilt að innheimta sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:

- a) Íbúðir.
Sorphirðugjald kr. 5.150 skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu.
- b) Fyrirtæki. kr.
- | | | |
|------------|----------------|---------|
| Flokkur 1: | Sorphirðugjald | 6.180 |
| Flokkur 2: | Sorphirðugjald | 12.360 |
| Flokkur 3: | Sorphirðugjald | 30.900 |
| Flokkur 4: | Sorphirðugjald | 61.800 |
| Flokkur 5: | Sorphirðugjald | 98.800 |
| Flokkur 6: | Sorphirðugjald | 247.200 |

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. með tilliti til magns úrgangs. Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað, greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í staflið b). Gjald dagar fyrir stafliði a) og b) eru þeir sömu og gjalddagar og eindagar fasteignagjalda. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 130/1998.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hveragerði fyrir árið 1999.

1. gr.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald) og skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er árlegt sem hér greinir:

- a) Hver pokaeyning kr. 7.250 fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.
- b) Á alla lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald samkvæmt eftirfarandi:

	Sorpeyðingargjald	Sorphreinsunargjald
	kr.	kr.
1. flokkur	6.000	24.000
2. flokkur	12.000	48.000
3. flokkur	24.000	96.000
4. flokkur	48.000	192.000
5. flokkur	96.000	384.000
6. flokkur	144.000	575.000

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Hveragerðisbær samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi og gilda árið 1999.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

1. gr.

Ábyrgðartrygging sem lögmanni er skylt að hafa samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, skal að lágmarki vera kr. 15.850.000 vegna hvers tryggingartímabils.

Heimilt er að ákveða hámark eigin áhættu váttryggingartaka allt að kr. 5.000.000 vegna einstaks tjónsatburðar.

2. gr.

Lögmaður uppfyllir tryggingarskyldu sína annað hvort með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða með ábyrgðartryggingu banka eða sparisjóðs sem hefur starfsleyfi samkvæmt 4. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, nr. 113/1996, eða erlends banka eða sparisjóðs sem hefur útibú eða starfsstöð hér á landi í samræmi við ákvæði XI. kafla laga nr. 113/1996.

3. gr.

Þegar tveir eða fleiri lögmenn starfa saman með sameiginlega starfsstofu teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega tryggingu enda sé lögð fyrir Lögmannafélag Íslands yfirlýsing um óskipta bótaábyrgð. Lágmark skal þá hækka um 10% fyrir hvern lögmenn umfram einn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfsábyrgðartryggingar lögmannna nr. 657/1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um fjárvörslureikninga lögmannna o.fl.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendum sína, skal halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin fé og jafnframt er honum skylt að veita stjórn LMFÍ upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar er kveðið á um í reglum þessum.

2. gr.

Reglur þessar taka til lögmannna með eigin rekstur og lögmannna sem starfa hjá lög-aðilum um rekstur lögmannsstofu.

Þar sem í reglum þessum er fjallað um lögmennt er einnig átt við lögaðila skv. 1. mgr., eftir því sem við á.

II. KAFLI

Vörslufé.

3. gr.

Lögmaður, sem varðveitir fé umbjóðanda síns, skal færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign umbjóðandans á hverjum tíma. Á reikninginn skal færa allt fé, sem lögmaðurinn tekur við til varðveislu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu kostnaðar og tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og þóknunar lögmannsins. Lögmanni er ekki skylt að færa á reikninginn fé, sem hann tekur við og skilar samdægurs.

Þá skal lögmaður færa sérstakan, sameiginlegan viðskiptareikning, fjárvörslureikning, sem sýni á hverjum tíma samanlagðar innstæður allra umbjóðenda hans á viðskiptareikningum skv. 1. mgr. Þegar sérstakar aðstæður mæla með því er heimilt að færa fjárvörslureikninga vegna einstakra umbjóðenda.

4. gr.

Fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi skv. þessari grein og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaráðar við skipti á búi lögmanns.

5. gr.

Fjárvörslureikninga er einungis heimilt að stofna í viðskiptabönkum eða sparisjóðum, sem með tilkynningu til stjórnar LMFÍ, sem hún metur fullnægjandi, hafa skuldbundið sig til þess að fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að skuldfæra á fjárvörslureikning nokkurn kostnað vegna viðskipta við lögmann eða nota innstæðuna til skuldajöfnunar krafna gegn honum eða einstökum umbjóðendum hans.
- b) Banka eða sparisjóði skal óheimilt að taka peninga af fjárvörslureikningi nema gegn skriflegum eða rafrænum fyrirmælum frá lögmanni. Skulu slík fyrirmæli varðveitt hjá viðkomandi innlánsstofnun eins og bókhaldsgögn.
- c) Banka eða sparisjóði er skylt að senda stjórn LMFÍ staðfest yfirlit yfir stöðu og hreyfingar á fjárvörslureikningi hvenær sem stjórnin kallar eftir slíku yfirliti.
- d) Banka eða sparisjóði er skylt að sæta því að stjórn LMFÍ stöðvi notkun fjárvörslureiknings. Hafi notkun verið stöðvuð er óheimilt að greiða af reikningnum án heimildar trúnaðarmanns, sem stjórn LMFÍ tilnefnir.

6. gr.

Lögmaður skal, án ástæðulauss dráttar, leggja allt fé, sem hann tekur við og honum ber að færa á fjárvörslureikning í bókhaldi sínu skv. 3. gr., á fjárvörslureikning í banka eða sparisjóði.

7. gr.

Út af fjárvörslureikningi má aðeins taka ef og þegar:

- a) fé greiðist til umbjóðanda eða er notað til greiðslu fyrir hans hönd;
- b) lögmaður á fé hjá umbjóðanda samkvæmt rétt bókfærðri stöðu viðskiptareiknings hans, enda sé fullnægt skilyrðum til skuldajöfnunar;
- c) rétt uppgjör og afstemming fjárvörslureiknings hefur farið fram og sannreynt er að á honum er fé, sem er umfram skuldbindingar.

8. gr.

Lögmaður skal á minnst þriggja mánaða fresti bera saman og staðreyna að innstæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal hann bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda hans samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós, að innstæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum lögmanns skv. fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann tafarlaust bæta úr því. Gögn, sem sýna afstemmingu fjárvörslureiknings í banka og bókhaldi, skal lögmaður varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

III. KAFLI

Verðbréf í vörslu lögmannna.

9. gr.

Lögmaður, sem varðveitir og hefur umsýslu með verðbréfum fyrir umbjóðendur sína eða hefur heimild til að ráðstafa verðbréfum, innstæðum á bankareikningum o.þ.h. í eigu þriðja aðila, skal halda skrá um verðmæti þessi. Skráningarskyldan nær til verðbréfa og inn- og útlánsreikninga í hvers kyns inn- og útlánastofnunum og nær því m.a. til skuldabréfa, hlutabréfa, hlutdeildarskírteina, svo og banka-, sparisjóða- og gíróreikninga, þ.m.t. yfirdráttarreikninga.

Skrá skv. 1. mgr. skal vera nákvæm og í henni skýr sundurgreining verðmætanna, þar sem glöggst megi sannreyna frá hverjum þau stafa og hver sé eigandi þeirra. Verðmæti þessi skulu aðgreind frá eigin fé lögmanns.

10. gr.

Fyrir 1. mars ár hvert skal lögmaður senda þeim umbjóðendum sínum, sem hann annast umsýslu fyrir skv. 9. gr., skrá og upplýsingar um verðbréf þessi og fjármunahreyfingar vegna þeirra. Gögnin skulu vera fyrir síðast liðið almanaksár og staðfest með dagsetningu og nafnritun lögmanns. Lögmaður skal varðveita afrit af útsendum upplýsingum skv. þessari grein eins og önnur bókhaldsgögn.

IV. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Lögmaður, sem reglur þessar taka til, skal fyrir 1. september ár hvert senda stjórn LMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári sé ekki lægri en staða vörslufjár skv. bókhaldi. Á sama tíma skal lögmaður senda stjórn LMFÍ samantekt og niðurstöðutölur skrár skv. 9. gr., staðfestar af löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Lögmaður sem opnar nýja lögmannsskrifstofu eða tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið, skal tilkynna það stjórn LMFÍ innan mánaðar.

Áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að lögmaður hefur rekstur lögmannsskrifstofu skal hann senda stjórn LMFÍ yfirlýsingu um heildarfjárhæð vörslufjár fyrir umbjóðendur sína, miðað við dagsetningu sem stjórnin ákveður.

Lögmaður sem tekur við lögmannsskrifstofu sem annar lögmaður hefur rekið skal auk framangreinds tilkynna stjórn LMFÍ innan mánaðar að hann hafi yfirfarið og sannreynt rétta stöðu fjárvörslureikninga og verðbréfa skv. III. kafla sem hann tók við en ella tilkynna um frávik.

Tilkynningar skv. þessari grein skulu útbúnar og staðfestar með sama hætti og tilkynningar skv. 11. gr.

13. gr.

Stjórn LMFÍ getur hvenær sem er krafist þess að lögmaður láti henni í té, með fyrirvara sem stjórnin ákveður, yfirlýsingu og fylgigögn, sem getið er í 11. og 12. gr.

14. gr.

Ef færslu og meðferð lögmanns á fjárvörslureikningi eða verðbréfum er ábótavant eða brjóti lögmaður á annan hátt í bága við reglur þessar um meðferð vörslufjár og verðbréfa getur stjórn LMFÍ krafist þess af lögmanni að hann sendi stjórninni ársfjórðungslega eða oftár yfirlýsingu og nauðsynleg fylgigögn um vörslufé fyrir umbjóðendur sína.

15. gr.

Þegar svo stendur á, sem lýst er í 14. gr., eða stjórn LMFÍ telur sérstaka ástæðu til, getur hún ákveðið að fela trúnaðarendurskoðanda sínum að rannsaka hvort lögmaður fari eftir reglum þessum og fullnægi bókhaldslögum að öðru leyti. Gefi rannsókn tilefni til getur stjórn LMFÍ ákveðið að honum sé óheimilt að ráðstafa innstæðum á fjárvörslureikningum eða verðbréfum, nema með leyfi trúnaðarmanns, sem stjórnin tilnefnir.

16. gr.

Lögmanni, sem stjórn LMFÍ hefur ákveðið að beina rannsókn að eða tilkynningum til, er skylt að láta stjórninni eða trúnaðarmanni hennar í té allar upplýsingar um rekstur sinn

og efnahag, sem krafist kann að verða, svo og að veita aðgang að öllum bókhaldsgögnum og öðrum gögnum, sem sá, sem rannsókn annast, telur hafa þýðingu fyrir rannsóknina.

17. gr.

LMFÍ ber kostnað við rannsókn skv. 15. og 16. gr.

18. gr.

Gerist lögmaður brotlegur við ákvæði reglna þessara og sinnir ekki áskorun um að starfa í samræmi við þær ber stjórn LMFÍ að leggja til við dómsmálaráðherra að hann felli úr gildi réttindi lögmannsins skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn.

19. gr.

Reglur um fjárvörslureikninga og verðbréf gilda þar til innstæðu á reikningi skv. 4. gr. og verðbréfum hefur að fullu verið ráðstafað í samræmi við reglur þessar.

V. KAFLI

Gildistaka.

20. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um fjárvörslur lögmanna o.fl. sem staðfestar voru 6. desember 1995, nr. 626 í B-deild Stjórnartíðinda 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Friðfinnsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina **Upplýsingaþjónusta** **um menningaráætlun Evrópusambandsins á Íslandi.**

1. gr.

Nafn og heimilisfang.

Upplýsingaþjónusta um menningaráætlun Evrópusambandsins á Íslandi er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Heimili og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögáðilum.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Upplýsingaþjónustunnar er að veita upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu vegna starfsemi samkvæmt menningaráætlun Evrópusambandsins og öðrum skyldum áætlunum Evrópusambandsins.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé er kr. 471.000 sem er framlag menntamálaráðuneytisins og er höfuðstóll bankabókar við Búnaðarbanka Íslands, sem sérstaklega var stofnuð í þessu skyni.

4. gr.

Tekjur - ráðstöfun tekna og stofnframlags.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög íslenskra stjórnvalda og annarra aðila, vaxta-tekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má aðeins ráðstafa til greiðslu rekstrarkostnaðar, þ.m.t. kaup og sala eigna, lán og styrkir.

Á hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni, sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 471.000.

5. gr.

Stjórn.

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Skipaðir skulu jafnmargir varamenn.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar og gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir.

Stjórnarfundir skal halda a.m.k. tvisvar á ári. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega.

Stjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og veita fullt prókúrumboð.

6. gr.

Framkvæmdastjóri.

Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn. Hann skal m.a. sjá um bókhald stofnunarinnar og semja ársreikning í samráði við stjórn.

7. gr.

Starfsár - reikningsár.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

8. gr.

Reikningar - ársskýrslur - rekstraráætlanir.

Stjórnin skal hafa ársreikning endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda tilbúinn fyrir lok maí ár hvert. Jafnframt skal stjórnin láta gera skýrslu um starfsemi undangengins almanaksárs sem skal liggja fyrir um leið og ársreikningur.

Milliuppgjör skulu gerð af framkvæmdastjóra tvisvar á ári og þau borin saman við rekstraráætlanir.

Rekstraráætlun fyrir hvert reikningsár skal stjórnin gera í samráði við framkvæmdastjóra. Slík rekstraráætlun skal vera tilbúin fyrir 1. desember næsta reikningsárs á undan.

9. gr.

Endurskoðun.

Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til þess að endurskoða ársreikning. Ársreikningur skal áritaður af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu um hvernig fjármunum hafi verið varið á næstliðnu reikningsári.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna tekjumöguleika er heimilt að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar renna til stuðnings alþjóðlegum menningarsamskiptum á vegum opinberra aðila.

11. gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

Reykjavík, 10. febrúar 1999.

Björn Bjarnason.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. mars 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar.

1. gr.

Fylgiskjal 2 við reglugerð þessa orðast svo:

Fylgiskjal 2
Hafnir í landshluta 1

ADALHÖFN:

REYKJAVÍK

SVÆDISHÖFN:

SNÆFELLSBÆR

- Arnarstapi
- ÓLAFSVÍK (Búnaður)
- Rifshöfn

ALMENNAR HAFNIR:

AKRANES
 BORGARNES
 GARÐABÆR
 GRINDAVÍK
 GRUNÐARFJÖRÐUR
 GRUNÐARTANGI
 HAFNARFJÖRÐUR
 HAFNASAMLAG SUÐURNESJA

- Keflavík
- Njarðvík
- Helguvík
- Hafnir
- Garður
- Vogar

 KÓPAVOGUR
 SANDGERÐI
 SELTJARNARNES
 STYKKISHÓLMUR
 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG
 ÞORLÁKSHÖFN

2. gr.

Fylgiskjal 3 við reglugerð þessa orðast svo:

Fylgiskjal 3**Hafnir í landshluta 2**

AÐALHÖFN:

ÍSAFJARÐARBÆR

- Flateyri
- ÍSAFJÖRÐUR (Búnaður)
- Suðureyri
- Þingeyri

SVÆÐISHAFNIR:

HÓLMAVÍK
 VESTURBYGGÐ

- Bíldudalur
- Brjánslækur
- PATREKSFJÖRÐUR (Búnaður)

ALMENNAR HAFNIR:

BOLUNGARVÍK
 DRANGSNES
 SÚÐAVÍK
 TÁLKNAFJÖRÐUR

3. gr.

Fylgiskjal 4 við reglugerð þessa orðast svo:

Fylgiskjal 4
Hafnir í landshluta 3

ADALHÖFN:

HAFNASAMLAG NORDURLANDS

- AKUREYRI (Búnaður)
- Grenivík
- Hjalteyri
- Svalbarðseyri

SVÆÐISHAFNIR:

SAUÐÁRKRÓKUR

— Hofsós

SIGLUFJÖRÐUR

BÓRSHÖFN

ALMENNAR HAFNIR:

BLÖNDUÓS

BAKKAFJÖRÐUR

GRÍMSEY

HAFNASAMLAG EYJAFJARÐAR

- Árskógssandur, Hauganes
- Dalvík
- Hrísey
- Ólafsfjörður

HÚSAVÍK

HVAMMSTANGI

KÓPASKER

RAUFARHÖFN

SKAGASTRÖND

VOPNAFJÖRÐUR

4. gr.

Fylgiskjal 5 við reglugerð þessa orðast svo:

Fylgiskjal 5
Hafnir í landshluta 4

ADALHÖFN:

FJARÐABYGGÐ

- Eskifjörður
- Neskaupstaður
- REYÐARFJÖRÐUR (Búnaður)

SVÆÐISHAFNIR:

HÖFN

SEYÐISFJÖRÐUR

ALMENNAR HAFNIR

BORGARFJÖRÐUR EYSTRÍ

BREIDDALSVÍK

DJÚPIVOGUR

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

STÖÐVARFJÖRÐUR

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í lögum um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986 með síðari breytingum, og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991
um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Upphæð vasapeninga er kr. 16.829 á mánuði. Tekjur að kr. 3.332 á mánuði skerða ekki þessa upphæð. Tekjur umfram kr. 3.332 skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur kr. 29.223 á mánuði.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er að greiða vasapeninga, sem nemur tvöföldum sjúkradagpeningum einstaklings eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, fyrir hverjar 24 klst. sem sjúklingur dvelst samfellt utan stofnunar án þess að útskrifast. Greiðslur skulu þó að hámarki miðast við 15 sólarhringa í hverjum almanaksmánuði. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir umsókn sjúklings og vottorð sjúkrastofnunar. Greiðslur fara fram mánaðarlega eftir á.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 66. gr., sbr. 5. mgr. 43. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um fjárhæð elli- og örorkulífeyris.

1. gr.

Fullur árlegur ellilífeyrir skal vera kr. 201.948.

Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 201.948.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 11. og 12. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. apríl 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

**vegna sorphirðu (sorphreinsun og sorphörgun)
í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999.**

1. gr.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1999.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 113/1989 um sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 1999 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

<i>Sorphirðugjöld</i>	<i>Sorphreinsun</i>	<i>Urðun á heimilis-úrgangi</i>	<i>Gámavöllur, grófurðun og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>	<i>kr.</i>
Íbúðarhús	6.615	1.385	5.500	13.500
Fyrirtæki, meðaltal	9.317	5.187	5.500	20.004
Sumarhús	1.659	1.213	2.750	5.622

Kostnaði vegna gámavallar, grófurðunar og endurvinnslu er jafnað á alla greiðendur sorphirðugjalda, þó þannig að eigendur sumarhúsa greiða hálf t gjald. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorphiláta og umfangi úrgangs eins og hér segir:

<i>Sorphreinsun</i>	
Pokar	122,50 kr./losun
Tunnur	100,00 kr./losun
Plastgámar	250,00 kr./losun
<i>Flutningur og urðun</i>	285 kr./m ³
<i>Gámavöllur, grófurðun o.fl.</i>	5.500 kr./ein.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Mýrdalshrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1999. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 571/1994 um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

Umhverfisráðuneytinu, 24. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 8.137 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félag og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum og 240 l einingu:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1. (1,0 ein.)	11.330	11. (35,0 ein.)	396.550
2. (2,0 ein.)	22.660	12. (40,0 ein.)	453.200
3. (2,8 ein.)	32.574	13. (45,0 ein.)	509.850
4. (6,0 ein.)	67.980	14. (50,0 ein.)	566.500
5. (9,4 ein.)	107.120	15. (60,0 ein.)	679.800
6. (14,3 ein.)	162.869	16. (75,0 ein.)	849.750
7. (18,7 ein.)	212.438	17. (90,0 ein.)	1.019.700
8. (24,0 ein.)	269.088	18. (105,0 ein.)	1.189.650
9. (28,0 ein.)	318.656	19. (120,0 ein.)	1.359.600
10. (33,0 ein.)	375.306	20. (135,0 ein.)	1.529.550

Aðilar, sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á gámastað greiða sorpeyðingargjald sem nemur 75% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá b.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka, m.a. eftir magni og umfangi úrgangs.

Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.785 með vsk. á ári, kr. 982,12 pr. mánuð. Leiga 1100 lítra kerja er kr. 13.220 með vsk. á ári, kr. 1.101,68 pr. mánuð. Verð er með virðisaukaskatti.

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.060 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.120 fyrir hvern rúmmetra.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.090 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 3.296 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði.

Fyrir blandað sorp greiðast kr. 7.725 fyrir tonnið.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 515 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 ltr. sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Eyrarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Eyrarsveitar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu í Eyrarsveit.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) með fasteignagjöldum ár hvert. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir og íbúðarhúsnæði: Sorphreinsunargjald kr. 5.000 og sorpeyðingargjald kr. 2.000.
- b) Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar: Sorphreinsunargjald er kr. 5.000 á fyrirtæki miðað við hvert sorpílát (sorppoka). Sorphreinsun fer fram hjá aðilum er skipast í flokka 1–3, fyrirtæki í flokki 4–7 sjá sjálf um að koma sorpinu á sorpeyðingarstað.

Flokkur

1	2.000 kr.	Fyrirtæki þar sem áætlað magn sorps er það sama og heimilissorp.
2	9.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps allt að 16 m ³ á ári.
3	15.300 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 16 m ³ – 32 m ³ á ári.
4	26.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 32 m ³ – 48 m ³ á ári.
5	44.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 48 m ³ – 64 m ³ á ári.
6	75.200 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 64 m ³ – 96 m ³ á ári.
7	120.000 kr.	Fyrirtæki með áætlað magn sorps 96 m ³ eða meira á ári.

Sveitarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu mið af umfangi, starfsemi og sorpgerð svo sem kostur er. Sveitarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt frá gjaldskrá.

3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við flokkun sveitarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er sveitarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til athugasemda.

4. gr.

Gjöld sem lögð eru á samkvæmt gjaldskrá þessari hafa lögveðsrétt í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Eyrarsveitar samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, sbr. breytingar nr. 576/1997 og 705/1998.

1. gr.

Í stað orðanna „viðauka 5“ í 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar komi: viðauka 6.

2. gr.

Í stað orðanna „VIÐAUKI 5 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli“ kemur: VIÐAUKI 6 Tafla yfir herma sem velja skal fyrir flæðiþrófanir á plasti sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 22. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Biskupstungnahreppi árið 1999.

1. gr.

Hreppsnefnd Biskupstungnahrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorpreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1999 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðarhús	Kr. 4.500
Sumarhús	Kr. 3.000
Lögbýli og smárekstur	Kr. 10.000

Stærri fyrirtæki sem hafa gám hjá sér borga grunnjald kr. 10.000 en við það gjald bætist síðan kostnaður vegna gámaflutninga og innvegins úrgangs sem er umfram það sem fellur til að jafnaði á lögbýlum og við smárekstur. Það gjald innheimtist eftir á í samræmi við fyrirbyggjandi kostnað.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Biskupstungnahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast þegar gildi og gilda fyrir árið 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur ákveðið listabókstafi stjórnmalasamtaka sem ekki hafa skráðan listabókstaf, sbr. auglýsingu nr. 147 17. febrúar 1999, sem hér segir:

- F Frjálslyndi flokkurinn.
- S Samfylkingin.
- U Vinstrihreyfingin - grænt framboð.
- Z Anarkistar á Íslandi.

Þá hefur ráðuneytið skráð breytingu á heiti stjórnmalasamtaka sem hafa skráðan listabókstaf sem hér segir:

- K Kristilegi lýðræðisflokkurinn.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10 19. mars 1991.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. mars 1999.

Dorsteinn Pálsson.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis Flosa hf. að Svínafelli 1, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 5. nóvember 1998, samþykkt deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis Flosa hf., kt. 710883-0259, að Svínafelli 1, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulagið, sem unnið er af Árna Friðrikssyni, arkitekt hjá Arkitektum Skógarhlíð, Skógarhlíð 18, Reykjavík og dagsett er 30. september 1998 gerir ráð fyrir byggingu lítilla svefnskála ásamt þjónustuhúsi þeim tengdu.

Skipulagið var auglýst samkv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hékk uppi til kynningar frá 4. janúar 1999 til 15. febrúar 1999. Engar athugasemdir bárust. Skipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við að það verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 26. mars 1999.

Byggingarfulltrúi Austur-Skaftafellssýslu,
Hákon Valdimarsson byggingarfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 1999

19. mars 1999

569

Nr. 213

REGLUR

um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

1. gr.

Gildissvið.

Purfi læknir í héraði að vísa sjúkratryggðum frá sér til óhjákvæmilegrar sjúkdómsmeðferðar á opinberum sjúkrastofnunum eða hjá öðrum aðilum heilbrigðiskerfisins sem sjúkratryggingar Tryggingastofnunar hafa samning við, tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í ferðakostnaði hans samkvæmt reglum þessum enda sé um að ræða meðferð sem þær taka þátt í að greiða. Kostnaður vegna ferða til tannréttinga, sem falla undir 5. gr. reglna nr. 29/1999 um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, fellur ekki undir reglur þessar.

2. gr.

Skýrsla læknis.

Til þess að unnt sé að ákvarða um endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal læknir í héraði senda Tryggingastofnun skýrslu um sjúkling á þar til gerðu eyðublaði. Í skýrslu skal koma skýrt fram að læknirinn geti ekki sinnt tilfellinu og skulu rök færð fyrir því. Þegar um er að ræða styttri og ítrekaðar ferðir skv. 4. gr., sérákvæði 5. gr. og ferðir til tannlækna nægir þó skýrsla meðferðaraðila.

Í skýrslu skulu auk nafns, kennitölu og heimilisfangs sjúklings koma fram almennar upplýsingar um hann, sjúkdómsgreining og sjúkdómsgreiningarnúmer (ICD-númer). Þar skal enn fremur gera grein fyrir sjúkrasögu í stuttu máli, nauðsyn meðferðar, tímabilum hennar og fyrirhuguðum fjölda ferða.

Ákvörðun Tryggingastofnunar skal að jafnaði liggja fyrir áður en ferð er farin nema um bráðatilvik sé að ræða.

3. gr.

Langar ferðir.

Tryggingastofnun tekur þátt í kostnaði við tvær ferðir sjúklings á 12 mánaða tímabili, þegar um er að ræða nauðsynlega ferð, a.m.k. 20 km vegalengd á milli staða, til að sækja að tilhlutan læknis í héraði óhjákvæmilega sjúkdómsmeðferð hjá þeim aðilum sem tilgreindir eru í 1. gr. til greiningar, meðferðar, eftirlits eða endurhæfingar. Skilyrði er að þjónustan sé ekki fyrir hendi í heimahéraði og að ekki sé unnt að nota eða bíða eftir skipulögðum lækningaferðum út í héruð á vegum heilbrigðisstjórnar eða annarra aðila.

Tryggingastofnun tekur þátt í ferðakostnaði vegna ítrekaðra ferða, samkvæmt sömu skilyrðum ef um er að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma: illkynja sjúkdóma, nýrnabilun,

alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Ennfremur er á sama hátt heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma, alvarlegra vandamála í meðgöngu og vegna glasafrjógunar meðferðar.

Tryggingastofnun endurgreiðir 2/3 hluta kostnaðar af fargjaldi með áætlunarferð eða sé eigin bifreið notuð 2/3 hluta kostnaðar sem miðast við kr. 10 á ekinn km. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en kr. 1.500 í hverri ferð. Ef hluti sjúklings fer yfir kr. 10.000 á 12 mánaða tímabili skal greiðsluhluti hans aldrei verða hærri en kr. 500 í hverri ferð það sem eftir er tímabilsins.

Ef kostnaður sjúklings vegna hvefrrar ferðar, sbr. 3. mgr., nær ekki kr. 1.500 tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu hans. Ef kostnaður sjúklings fer yfir kr. 10.000 á 12 mánaða tímabili endurgreiðir Tryggingastofnun þó 2/3 hluta þess kostnaðar sem umfram er, það sem eftir er tímabilsins.

Sé um að ræða áætlunarferðir endurgreiðir Tryggingastofnun fargjald fylgdarmanns skv. ákvæðum þessarar greinar ef sjúklingur er yngri en 18 ára eða ef hann er ekki fær um að ferðast á eigin vegum. Greiðsluhluti skal miðast við samanlagðan kostnað sjúklings og fylgdarmanns.

4. gr.

Stuttar og ítrekaðar ferðir.

Þegar um er að ræða nauðsynlegar ítrekaðar ferðir sjúklings vegna meðferðar á þeim alvarlegu sjúkdómum sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr. endurgreiðir Tryggingastofnun 3/4 hluta ferðakostnaðar með leigubifreið milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar samkvæmt framlögðum kvittunum þótt vegalengd sé skemmri en 20 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbifreið eða almenningsvagni. Sé eigin bifreið notuð í slíkum tilvikum endurgreiðir Tryggingastofnun 2/3 hluta kostnaðar sem miðast við kr. 10 á ekinn km. Greiðsluhluti sjúklings er þó að lágmarki kr. 5.000 á 12 mánaða tímabili.

5. gr.

Ýmis sérákvæði.

Taki nauðsynleg sjúkdómsmeðferð fjarri heimili sjúklings a.m.k. fjórar vikur endurgreiðir Tryggingastofnun samkvæmt ákvæðum 3. gr. ferðir sjúklings heim aðra hverja helgi. Sé sjúklingur yngri en 18 ára er heimilt að endurgreiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. ferðir sjúklings heim hverja helgi.

Tryggingastofnun endurgreiðir samkvæmt ákvæðum 3. gr. daglegar bílferðir foreldris eða nánasta aðstandanda, allt að 200 km hvora leið, til að vitja sjúklings yngri en 18 ára á sjúkrahúsi enda sé um að ræða langvarandi eða ítrekaða sjúkrahúsvist. Endurgreiðsla flugferða takmarkast við eina ferð á viku.

Tryggingastofnun endurgreiðir kostnað við ferðir vegna bráðatilvika sem farnar eru samkvæmt ákvæðum læknis og ekki er unnt að sinna í héraði. Með bráðatilviki er átt við slys eða sjúkdóma sem eru þess eðlis að heilsu sjúklings er bráð hætta búin sé þeim ekki sinnt innan mjög skamms tíma (48 stundir). Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Tryggingastofnun endurgreiðir kostnað við ferð sjúklings heim að loknum sjúkrahúsi. Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Tryggingastofnun er heimilt að endurgreiða kostnað við ferðir foreldra eða nánustu aðstandanda alvarlega fatlaðra einstaklinga og sjúklinga sem haldnir eru langvinnug og alvarlegum sjúkdómum til að sækja fræðslunámskeið sem viðurkennd eru af Tryggingastofnun. Endurgreitt er samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Ef sjúklingur/aðstandandi á ekki bifreið og ekki er unnt að nota almenningsfarartæki af heilsufarslegum ástæðum (t.d. vegna sýkingarhættu) endurgreiðir Tryggingastofnun 3/4

hluta í nauðsynlegum kostnaði í ferðum til sjúkdómsmeðferðar vegna leigubifreiðar (skemmri ferðir) eða leigu á bifreið hjá viðurkenndri bílaleigu.

6. gr.

Endurgreiðsla.

Tryggingastofnun ákvarðar um rétt til endurgreiðslu ferðakostnaðar skv. reglum þessum, þ. á m. um gildistíma ferðaheimildar, og sendir sjúklingi ákvörðun sína jafnframt því sem viðkomandi tryggingaumboð fær sent afrit. Sjúklingur þarf að framvísa í tryggingaumboði sínu staðfestingu á hverri komu frá þeim sem meðferðina veitir. Tryggingaumboðið annast síðan endurgreiðslur til sjúklings samkvæmt reglum þessum.

Við endurgreiðslu skal framvísa farseðlum ef ferð er farin með flugi, ferju, áætlunar-bifreið eða öðrum almenningssfarartækjum. Hið sama gildir um kvittanir fyrir greiðslu annars kostnaðar sem reglur þessar taka til, þ. á m. vegna leigu á bifreið, leigubifreiða og fyrir greiðslu vegtolla. Tryggingaumboð getur krafist kvittana fyrir eldsneyti ef eigin bifreið er notuð.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af tryggingaráði á grundvelli staflíðs j. í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., staðfestast hér með og öðlast gildi 30. mars 1999. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 185 frá 28. mars 1996 um ferðakostnað sjúklunga og aðstandenda þeirra innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 179, 17. mars 1999,
um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999.**

1. gr.

2. málslíður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Aðeins koma til greina skip, sem fengið hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands í lok umsóknarfrests og skip, sem samið hefur verið um kaup á fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, enda hafi þau fengið leyfi til veiða í atvinnuskyni fyrir 1. maí 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn fiskveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994, um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Aftan við reglugerðina komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt, frá og með 1. apríl og til og með 20. apríl 1999, að stunda línuveiðar norðan línu, sem dregin er 250° réttvísandi frá Skorarvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1999

29. mars 1999

573

Nr. 216

REGLUR

um laust fé bindiskyldra lánastofnana.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur, með vísan til 4. gr. laga nr. 88/1998, um breytingu á 8. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum, og að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um laust fé bindiskyldra lánastofnana.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, sbr. 6. gr. laga nr. 36/1986 með áorðnum breytingum, og annarra bindiskyldra lánastofnana sem starfa á grundvelli laga nr. 123/1993 og ber að uppfylla reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu, nú nr. 794 frá 30. desember 1998.

2. gr.

Lágmark lauss fjár.

Meðaltal lauss fjár hjá stofnunum og fyrirtækjum skv. 1. gr., eins og laust fé er skilgreint í 3. gr., skal á hverju tímabili, sbr. 5. gr., að lágmarki nema 1,5% af ráðstöfunarfé í lok næstliðins mánaðar eins og ráðstöfunarfé er skilgreint í 4. gr. Sjá þó aðlögunarákvæði í 7. gr.

3. gr.

Skilgreining á lausu fé.

Með lausu fé er átt við eftirfarandi liði í efnahag stofnana og fyrirtækja sem tilgreind eru í 1. gr.:

- a) Innlendir og erlendir peningar í sjóði.
- b) Óbundin nettóstaða gagnvart Seðlabanka, þar með talið mótvirði vegna endurhverfra viðskipta. Mótvirði vegna endurhverfra verðbréfa kaupa skal talið til eigna en mótvirði endurhverfrar verðbréfasölu til skulda.
- c) Óbundin nettóstaða gagnvart stofnunum og fyrirtækjum sem tilgreind eru í 1. gr. í íslenskum krónum eða erlendum gjaldeyri, þar með talið mótvirði vegna endurhverfra viðskipta. Mótvirði vegna endurhverfra verðbréfa kaupa skal talið til eigna en mótvirði endurhverfrar verðbréfasölu til skulda.
- d) Óbundin nettóstaða gagnvart erlendum lánastofnunum í íslenskum krónum eða erlendum gjaldeyri, þar með talið mótvirði vegna endurhverfra viðskipta. Mótvirði vegna

endurhverfra verðbréfakaupa skal talið til eigna en mótvirði endurhverfrar verðbréfasölu til skulda. Ónýtt umsamin erlend veltilánaheimild („committed revolving credit line“), um lán til lengri tíma en 90 daga, skal talin til eignar að því marki sem hlutaðeigandi stofnun skuldar í formi reikningslána erlendis („uncommitted credit line“) og ádráttar veltilána til 90 daga eða skemmri tíma.

- e) Innstæðubréf útgefin af seðlabönkum aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).
- f) Ríkisvixlar útgefnir af aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) . Til lauss fjár skulu teljast kröfur og skuldbindingar skv. a) – f) sé eftirstöðvatími þeirra 90 dagar eða skemmri. Þó skulu hvorki taldar hér eignir né skuldir með upphaflegum bindi- eða lánstíma lengri en eitt ár. Lán vegna afurðalána teljast ekki til lauss fjár, þótt þau séu til 90 daga eða skemmri tíma, enda liggi fyrir samningur um framhald slíkrar lánaþyrirgreiðslu.

4. gr.

Ráðstöfunarfé.

Með ráðstöfunarfé í reglum þessum er átt við niðurstöðutölu efnahagsreiknings stofnana eða fyrirtækja sem tilgreind eru í 1. gr. að meðtöldum tekjum en að frádregnum eftirfarandi efnahags- og rekstrarliðum:

- a) Skuldir við stofnanir eða fyrirtæki sem tilgreind eru í 1. gr. þessara reglna aðrar en markaðsverðbréf sbr. 2. gr. reglna um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994.
- b) Innlán vegna viðbótarlífeyrissparnaðar sbr. lög nr. 129/1997 með áorðnum breytingum.
- c) Afskriftarreikningur útlána enda sé hann meðtalin á skuldahlið efnahagsreiknings.
- d) Eigið fé og víkjandi lán.
- e) Gjöld enda séu þau tilgreind á eignahlið og tekjur meðtaldar á skuldahlið efnahagsreiknings.
- f) Viðskiptareikningur höfuðstöðvar/útibús/veðdeildar.

Þessi liður myndast vegna innbyrðis viðskipta stofnunar eða fyrirtækis t.d. viðskipta útibúa við höfuðstöðvar. Þegar efnahagsreikningar allra rekstrareininga stofnunar/fyrirtækis eru lagðir saman á að koma fram sama fjárhæð slíkra viðskipta á eignahlið og skuldahlið. Séu fjárhæðirnar ólíkar, vegna rangrar bóknunar, er hér í f. lið átt við lægri fjárhæðina.

5. gr.

Útreikningur hlutfalls lauss fjár.

Stofnanir eða fyrirtæki sem þessar reglur ná til skulu daglega meta laust fé skv. 2. – 4. gr. reglna þessara og skila Seðlabanka Íslands fyrir lok hvers mánaðar, eða næsta dag þar á undan ef skiladag ber upp á almennan frídag bankamanna, yfirliti um daglega stöðu lauss fjár á tímabilinu frá 21. degi í næstliðnum mánuði til 20. dags í yfirstandandi mánuði („vaxtamánuði“) í því formi sem Seðlabankinn óskar. Hlutfall lauss fjár á viðkomandi tímabili skal reikna með því að deila í meðalstöðu lauss fjár á tímabilinu með ráðstöfunarfé í lok næst liðins mánaðar.

Útreikningur meðalstöðu skal miðast við 30 daga í hverjum mánuði, þannig að síðasti dagur mánaðar reiknast ávallt sem 30. dagur mánaðar.

6. gr.

Viðurlög.

Viðurlög reiknast á þá fjárhæð sem á vantar að laust fé nái tilskildu lágmarki að meðaltali á hverju tímabili, sbr. 5. gr., sem útreikningur hlutfalls lauss fjár tekur til.

Viðurlögin skulu í hverju tilviki samsvara 30 daga vanskilavöxtum (dráttarvöxtum) eins og þeir eru á hverjum tíma, sbr. ákvæði lokamálsliðar 1. mgr. 70. gr. reglugerðar nr. 470/1986 um Seðlabanka Íslands með áorðnum breytingum.

Seðlabankanum er heimilt að skulda reiknuð viðurlög á viðskiptareikninga stofnunar eða fyrirtækis hjá Seðlabankanum þann 11. hvers mánaðar. Hafi viðkomandi stofnun eða fyrirtæki ekki viðskiptareikning í Seðlabanka skulu viðurlög greiddast til Seðlabanka fyrir 12. dag mánaðar.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar taka gildi nú þegar en fyrsti útreikningur meðaltals lauss fjár fer fram að loknu fyrsta tímabili sem reglurnar ná til, þ.e. 21. mars til og með 20. apríl 1999. Jafnframt falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands nr. 141 frá 24. febrúar 1999 um laust fé bindiskyldra lánastofnana.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglna þessara skal lágmark meðaltalshlutfalls lauss fjár af ráðstöfunarfé vera eftirfarandi fyrir hérgreind tímabil:

21. mars - 20. apríl 1999	-12%
21. apríl - 20. maí 1999	-9%
21. maí - 20. júní 1999	-6%
21. júní - 20. júlí 1999	-3%

Á síðari tímabilum fer að hætti 2. gr.

Reykjavík, 29. mars 1999.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1999

Nr. 217

576

29. mars 1999

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi 1999.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi, skal árið 1999 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Borgarnesi, sbr. staflið c í 2. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 9.000 á árinu.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 500 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 29. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 218

29. mars 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsunar- og sorpeyðingargjald) auk gámagjalds.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að árgjald vegna sorphreinsunar í þéttbýli verði kr. 5.500 og árgjald vegna sorpeyðingar verði kr. 3.000 á hvert heimili. Auk þess hefur bæjarstjórn ákveðið að árgjald frístundahúsa vegna sorpgáma verði kr. 1.800, jafnframt því sem árgjald þeirra vegna sorpeyðingar verði kr. 1.200.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum, öðrum en heimilum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins. Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki.

Flokkunin er sem hér segir:

A	kr. 6.200	urðað magn áætlað að	12 m ³	á ári
B	kr. 15.550	urðað magn áætlað að	12 - 48 m ³	á ári
C	kr. 37.400	urðað magn áætlað að	48 - 96 m ³	á ári
D	kr. 49.800	urðað magn áætlað að	96 m ³	og meira á ári.

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem magn úrgangs fellur til tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Gjaldldagi sorpeyðingargjalds samkvæmt 3. gr. er 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 202/1995.

Umhverfisráðuneytinu, 29. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

a. Korngarðar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi við Reykjavíkurhöfn, austurhöfn, frá nóvember 1994, með síðari breytingum frá 11. nóvember 1997, hvað varðar lóðina Korngarðar 2 – stækkun á viðbyggingu.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi.

b. Kringlan 8-12.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. febrúar 1999 breytingu á deiliskipulagi Kringlusvæðis frá 4. júlí 1994, hvað varðar Kringluna 8-12 – bílastæði og torg.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

c. Áland 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. nóvember 1998 breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands frá 30. desember 1980, hvað varðar lóðina Áland 1 – tillögur um skilmála og afmörkun byggingarreits.

Tillöguuppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

d. Austurstræti 8-10.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar frá 17. nóvember 1986, hvað varðar lóðina Austurstræti 8-10 – breytingar á lóðarmörkum.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta tjón það er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytingu þessa.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

1. gr.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita fé til endurmenntunar kennara í grunnskólum. Sjóðurinn er í vörslu menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Í fjárlögum ár hvert er ákveðið framlag til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, sem úthlutað er samkvæmt reglum þessum til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum t.d. kennaramenntunarstofnana, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, skóla, félaga, fyrirtækja og annarra, sem bjóða endurmenntun fyrir kennara í grunnskólum.

Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og upphalds kennara sem njóta endurmenntunarinnar.

3. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla metur umsóknir um framlög úr sjóðnum og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Í stjórn skulu eiga sæti:

Einn fulltrúi menntamálaráðherra og er hann formaður.

Einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Einn fulltrúi tilnefndur af samtökum kennara og skólastjóra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla auglýsir með venjulegum hætti eftir umsókn um framlög úr sjóðnum. Umsóknir um fjárframlög úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla skulu berast til stjórnar sjóðsins. Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um fyrirhugaða menntun.

Sjóðstjórn getur auglýst eftir aðilum til að taka að sér endurmenntun á sérstökum forgangssviðum.

5. gr.

Við mat á umsóknnum skal miða við að:

- endurmenntunartilboð mæti þörfum grunnskólans
- skólastefna og aðalnámskrá sé höfð að leiðarljósi
- sveitarfélögum og skólum sé ekki mismunað
- kröfur um fagmennsku og gæði séu uppfylltar

6. gr.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla gerir sérstakan samning við styrkhafa um þau endurmenntunarverkefni sem fé er veitt til úr sjóðnum þar sem fram kemur m.a. lýsing á markmiðum og fyrirhugaðri framkvæmd og hvernig greiðslum skuli háttáð.

7. gr.

Stjórn sjóðsins gerir tillögur til ráðherra að starfsreglum sjóðsins og skulu þær birtar í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu ráðherra.

8. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 50. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 17. mars 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á nafni Ölfushrepps.

1. gr.

Nafn sveitarfélagsins skal vera Sveitarfélagið Ölfus.

2. gr.

Framangreind breyting, sem samþykkt er af hreppsnefnd Ölfushrepps, staðfestist hér með skv. 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. mars 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 222

23. mars 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík – Áburðarverksmiðjan í Gufunesi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 9. mars 1999 deiliskipulag á uppfyllingu við bryggju í landi Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi – byggingu sementsgeyma og þjónustuhúss.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

Nr. 223

15. mars 1999

AUGLÝSING

um breytingu á grunnfjárhæð

3. mgr. 9. gr. laga nr. 138/1997, um húsaleigubætur.

Grunnfjárhæð 3. mgr. 9. gr. verður 3.055.000

Breyting þessi tekur gildi 1. janúar 1999 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu bóta fyrir eignir skipverja á íslenskum skipum, sem eyðileggjast við sjóslys eða bruna.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að greiða bætur fyrir eignir skipverja á íslenskum skipum, sem eyðileggjast við sjóslys eða bruna og greiðast bæturnar eftirfarandi reglum.

2. gr.

Bæturnar skulu nema sannvirði eigna þeirra sem eyðilögðust, og þó aldrei fara fram úr upphæðum skv. reglugerð þessari, nema samið hafi verið um hærri bætur.

A. Á skipum í utanlandssiglingum, á flutninga- og farþegaskipum, 75 brúttótonn eða stærri, í innanlandssiglingum, svo og varðskipum ríkisins, björgunarskipum, dæluskipum og dýpkunarskipum:

I. Til skipstjóra	kr. 240.000
II. Til annarra yfirmanna, að meðtöldum brytum og fjar- skiptamönnum	kr. 227.000
III. Til annarra skipverja	kr. 214.000

B. Á togurum og öðrum fiskiskipum, 75 brúttótonn eða stærri í innanlandssiglingum og á veiðum:

I. Til skipstjóra	kr. 211.000
II. Til annarra yfirmanna, að meðtöldum brytum og fjar- skiptamönnum	kr. 199.000
III. Til annarra skipverja	kr. 189.000

C. Á fiskiskipum 18 - 75 brúttótonn í innanlandssiglingum og á veiðum:

I. Til yfirmanna	kr. 146.000
II. Til annarra skipverja	kr. 137.000
III. Á skipum 18 brúttótonn eða stærri, er skipverjar búa ekki í, til skipverja	kr. 73.000

Upphæðir skv. þessari grein skulu breytast skv. vísitölu neysluverðs. Grunnupphæðir miðast við vísitölu neysluverðs í mars 1999.

3. gr.

Nú hefur skipverji misst bækur, sjófræðiáhöld, smíðatól eða annað slíkt, er hann þurfti að hafa á skipi til þess að geta innt þar af hendi starf sitt, og hann átti sjálfur að leggja sér til, og skal þá útgerðarmaður bæta honum þessar eignir, umfram bætur þær er um ræðir í 2. gr.

4. gr.

Nú er sá maður látinn sem átti eignir þær sem bæta skal og ganga þá bæturnar til bús hans eða erfingja. Skal er þannig stendur á greiða hámark bóta skv. 2. gr.

Sé sá sem eignirnar átti, hins vegar á lífi, skal honum skylt að gefa að viðlögðu drengskaparvottorði, skýrslu um muni þá, er hann hefur misst og sennilegt verð þeirra.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 69. gr. sjómannaálag nr. 35/1985 með síðari breytingum öðlast þegar gildi og birtist til efturbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um greiðslur bóta fyrir eignir íslenskra skipverja, þær er farist hafa við sjóslys eða bruna nr. 31/1964.

Samgönguráðuneytinu, 19. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 225

15. mars 1999

REGLUGERÐ

um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til úrræða Íbúðalánasjóðs til þess að bregðast við tímabundnum greiðsluvanda lántakenda vegna lána sem sjóðurinn hefur veitt og vegna lána sem veitt hafa verið í tíð eldri laga um Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.

Orðskýringar.

Fjármálastofnun í reglugerð þessari merkir viðskiptabanki eða sparisjóður, sem Íbúðalánasjóður hefur gert samning við, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 18. gr. laga um húsnæðismál. Um merkingu annarra orða samkvæmt reglugerð þessari fer eftir því sem segir í 2. gr. laga um húsnæðismál.

3. gr.

Úrræði.

Úrræði Íbúðalánasjóðs til þess að bregðast við greiðsluvanda geta verið fólgin í að veita skuldbreytingalán og/eða fresta greiðslum á lánnum sjóðsins.

Lántakendur almennra lána skv. VI. kafla laga um húsnæðismál, viðbótarlána skv. VII. kafla sömu laga og lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið, sbr. 1. gr., geta fengið skuldbreytingalán eða frestun á greiðslum. Heimilt er að beita þessum úrræðum saman.

Félög og félagasamtök sem fengið hafa lán til bygginga eða kaupa á íbúðum til leigu eiga eingöngu kost á frestun á greiðslum.

II. KAFLI

Almenn lán, viðbótarlán og lán samkvæmt eldri lögum.

4. gr.

Skilyrði.

Skilyrði greiðsluerfiðleikaaðstoðar eru eftirfarandi:

1. Að greiðsluerfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysi eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánardrottnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika ef þörf er talin á því.
3. Að greiðslubyrði umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu.

4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu.

Ef ástæða greiðsluerfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom.

5. gr.

Meðferð umsókna.

Félagsmálaráðuneytið og Íbúðalánasjóður gera sérstakt samkomulag við fjármálastofnunar og Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna um form umsókna, um aðstoð vegna greiðsluvanda, meðferð þeirra og úrvinnslu.

Umsókn um aðstoð vegna greiðsluvanda skal senda fjármálastofnun, er fer yfir umsóknina og gerir tillögu til Íbúðalánasjóðs um úrlausn vandans.

Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar vísar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna á málinu gerir hún tillögu til Íbúðalánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn.

Í umsókn um aðstoð vegna greiðsluvanda skal koma fram greinargott yfirlit yfir tekjur, eignir og fjárskuldbindingar umsækjanda ásamt skýringum á ástæðum vandans. Á umsóknareyðublaði, sbr. 1. mgr. 5. gr. skulu tilgreind þau gögn, er fylgja skulu umsókn. Auk þeirra skal umsækjandi leggja fram þau gögn, sem nauðsynleg eru til þess að afgreiða umsókn hans og sérstaklega kann að verða óskað eftir.

Umsækjandi gefur með undirritun yfirlýsingar, fjármálastofnun eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, heimild til að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga, skv. 1. mgr.

7. gr.

Upplýsingar um greiðslubyrði.

Þeir aðilar sem fjalla um umsóknir um aðstoð vegna greiðsluvanda, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr., skulu ávallt gera umsækjanda rækilega grein fyrir greiðslubyrði hans af skuldbreytingalánnum og vegna frestunar á greiðslum til viðbótar við aðrar fjárskuldbindingar að teknu tilliti til framfærslukostnaðar heimilisins í heild sinni.

Að fengnum upplýsingum um fjárhagsstöðu sína, skv. 1. mgr. metur umsækjandi hvort hann telji skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum æskilegasta kostinn.

8. gr.

Ákvörðun Íbúðalánasjóðs.

Að fengnum tillögum fjármálastofnunar eða Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sbr. 3. mgr. 5. gr., tekur Íbúðalánasjóður ákvörðun um aðstoð vegna greiðsluvanda.

Íbúðalánasjóður getur bundið ákvörðun sína, skv. 1. mgr. skilyrðum um að umsækjandi nýti sér greiðsluþjónustu fjármálastofnunar á meðan aðstoð varir.

9. gr.

Skilmálar skuldbreytinga.

Skuldbreytingalán vanskila skal tryggt með sama veðrétti og það lán sem er í vanskilum eða á síðasta veðrétti í óslitinni veðröð lána Íbúðalánasjóðs.

Skilmálar skuldbreytingalána skulu vera þeir sömu og viðkomandi lána sem eru í vanskilum nema að því er varðar lánstímann, sem er allt að 15 ár eftir þörf hverju sinni, og ákvörðun vaxta. Skuldbreytingalán bera meðalvexti lána Íbúðalánasjóðs í vanskilum.

Greiðsla afborgana af skuldbreytingalánunum, ásamt vöxtum og verðbótum, skal vera mánaðarleg og hefjast að jafnaði í byrjun þarnaæsta mánaðar eftir útgáfudag skuldabréfs.

10. gr.

Skilmálar greiðslufrestunar.

Heimilt er að fresta greiðslum af lánunum í allt að 3 ár. Þegar greiðslum af láni er frestað bætast áfallnir vextir við höfuðstól lánsins. Upprunalegur lánstími helst óbreyttur. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet).

Skilmálabreyting vegna frestunar greiðslna er gerð með viðauka við það skuldabréf sem greiðslum er frestað á.

Skilyrði fyrir frestun á greiðslum af láni er að það sé í skilum.

III. KAFLI

Lán til leiguíbúða og eldri lán.

11. gr.

Félög og félagasamtök.

Félög og félagasamtök, sem fengið hafa lán til byggingar leiguhúsnæðis, almenn lán skv. VI. kafla laga um húsnæðismál, lán til leiguíbúða skv. VIII. kafla sömu laga eða lán til leiguíbúða sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið skv. 53. gr. sömu laga, geta fengið frestun á greiðslum vegna tímabundins greiðsluvanda.

12. gr.

Umsóknir.

Með umsókn um frestun lána til Íbúðalánasjóðs skal fylgja greinargerð um eðli greiðsluvandans og orsök hans og á hvern hátt frestun á greiðslum lána sé þáttur í heildarlausn vandans. Jafnframt fylgi þau gögn sem Íbúðalánasjóður telur nauðsynleg.

13. gr.

Skilyrði.

Skilyrði frestunar er að greiðsluvandi sé tilkominn vegna ófyrirséðra atvika eða vegna endurskipulagningar á fjárhag félaga eða félagasamtaka enda þyki slík aðstoð líkleg til að leysa greiðsluvanda.

14. gr.

Skilmálabreyting.

Samþykki Íbúðalánasjóður frestun á greiðslum skal skilmálabreyting vegna frestunarinnar gerð með viðauka við það skuldabréf sem greiðslum er frestað á.

15. gr.

Tímabundin frestun.

Heimilt er að fresta greiðslum af lánunum í allt að 3 ár. Þegar greiðslum af láni er frestað bætast áfallnir vextir við höfuðstól lánsins. Upprunalegur lánstími helst óbreyttur. Að frestun lokinni reiknast ný jafngreiðsla (annuitet).

Skilyrði fyrir frestun á greiðslum af láni er að það sé í skilum.

IV. KAFLI

Meðferð ágreiningsmála.

16. gr.

Telji einhver á rétt sinn hallað með ákvörðun Íbúðalánasjóðs, skv. 8. gr. eða 14. gr., getur hann skotið slíkri ákvörðun til kærunefndar húsnæðismála.

V. KAFLI

Gildistaka.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 16. gr., sbr. 48. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. mars 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

SAMÞYKKT**um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps.**

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps er skipuð 7 sveitarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil sveitarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn Djúpavogshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer sveitarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Sveitarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni, sem varðar íbúa sveitarfélagsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Djúpvogshrepps er:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar, hreppsráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða sveitarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI

Um fundarsköp sveitarstjórnarinnar.

7. gr.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, fyrsta fimmtudag hvers mánaðar að Búlandi 3, fundarsal sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnsmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn kveður sveitarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í sveitarstjórn átt jafnlengi setu í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 15. gr., boðar sveitarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi sveitarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnert með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem dreifibréfi eða auglýsingu í staðbundnu fréttablaði.

11. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, s.s. kosningar oddvita sveitarstjórnar og varaoddvita, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

2. Fundargerðir hreppsráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar og sveitarstjóri og/eða oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver sveitarstjórnarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Sveitarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti undirbúið sig fyrir fund. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta sveitarstjórnarfundar.

12. gr.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samín, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem sveitarstjórn ákveður.

14. gr.

Sveitarstjóri skal senda sveitarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í sveitarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá sveitarstjórnarmaður er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og stýrir honum uns oddviti hefur verið kjörinn.

Oddviti sveitarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef oddviti nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni, skal hann víkja sæti og oddvitakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórninni. Verði þeim atkvæðafjöldi eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri sveitarstjórnarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti sveitarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti sveitarstjórnar stjórnar kjöri varaoddvita sveitarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. 3. mgr. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Tilkynna skal kjör oddvita og varaoddvita til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn oddvita á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

16. gr.

Sveitarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi sveitarstjórnarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í sveitarstjórninni.

17. gr.

Sveitarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Sveitarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur sveitarstjórn ákveðið að sveitarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í sveitarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í sveitarstjórn.

18. gr.

Sveitarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur sveitarstjórnarmanna er mættur á fundinn og getur sveitarstjórn enga bindandi ályktun gert nema sveitarstjórnarfundur sé lögmætur.

19. gr.

Oddviti sveitarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á sveitarstjórnarfundum og er sveitarstjórnarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfríði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á sveitarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða sveitarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á sveitarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Sveitarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Sveitarstjórnarmanni er skylt að sækja alla sveitarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé sveitarstjórnarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn sveitarstjórnarmaður.

Sveitarstjórn getur heimilað að maður utan sveitarstjórnar kveðji sér hljóðs á sveitarstjórnarfundum.

23. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sveitarstjórnarmenn eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum sveitarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Sveitarstjórnarmenn sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir sveitarstjórnina eru alltaf vanhæfir þegar sveitarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um sveitarstjóra né þegar sveitarstjórnin fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmanni sem veit hæfi sitt orka tívælis ber að vekja athygli sveitarstjórnar á því. Sveitarstjórnarmanni er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver sveitarstjórnarmanna sé vanhæfur. Sveitarstjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Sveitarstjórnarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við meðferð og afgreiðslu þess.

24. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema oddviti leyfi annað.

25. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal beina máli sínu til oddvita eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal sveitarstjórnarmaður taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Sveitarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarmanni að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn oddvita. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má sveitarstjórnarmaður lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi oddvita.

26. gr.

Beri sveitarstjórnarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við sveitarstjórn að sveitarstjórnarmaður sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist sveitarstjórnarmaður ekki úrskurði oddvita eða sveitarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Sveitarstjórnarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu hreppsráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður sveitarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótaskvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarmaður óskar og sveitarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jöfn atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

32. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan sveitarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók sveitarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál eru afgreidd. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð sveitarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema sveitarstjórn ákveði annað.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu. Verði það gert skal bóka í gerðabók sveitarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Viðstaddir sveitarstjórnarmenn skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarinnar skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal oddviti og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Sveitarstjórnarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Sveitarstjórn getur ákveðið að umræður á sveitarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal sveitarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanns.

33. gr.

Sveitarstjórnarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem oddvistastörf. Þó getur sá sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í hreppsráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að gegna störfum sínum í sveitarstjórn af alúð og samvisku-semi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er sveitarstjórnarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Sveitarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Sveitarstjórnarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem sveitarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur sveitarstjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá sveitarstjórnarfundar enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Sveitarstjórnarmaður á aðgang að bókuum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Sveitarstjórnarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í sveitarstjórn.

38. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að sveitarstjórnarmaður lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórninni án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórnin þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er sveitarstjórnarmaður af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal sveitarstjórnin þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Sveitarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar, getur sveitarstjórnin auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarstjórnar samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum sveitarstjórnar þannig að sveitarstjórnarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna gilda einnig um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórninni.

IV. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í hreppsráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarmanna óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að flokknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarmenn í hreppsráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í hreppsráð.

Sveitarstjóri situr fundi hreppsráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður og kjörinn í hreppsráð.

Sveitarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn hreppsráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er sveitarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í hreppsráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir sveitarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

45. gr.

Hreppsráð skal að jafnaði halda einn fund í mánuði milli sveitarstjórnarfunda. Aukafundi skal halda ef sveitarstjóri, formaður hreppsráðs eða a.m.k. tveir hreppsráðsmenn óska þess.

46. gr.

Sveitarstjóri undirbýr hreppsráðsfundi í samráði við formann hreppsráðs. Hann sér um að hreppsráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti hreppsráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna sveitarstjóra um forföll og boðar sveitarstjóri varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins hreppsráðs skal kjósa formann, varaformann og ritara hreppsráðs. Formaður hreppsráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í hreppsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver hreppsráðsmaður óskar þess.

Hreppsráð getur ráðið sér fundarritara utan hreppsráðs. Um ritun fundargerða hreppsráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Hreppsráð fer ásamt sveitarstjóra með framvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Hreppsráð hefur umsjón með stjórn-

sýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og fyrirtækja/stofnana sveitarfélagsins að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórnar og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér hreppsráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum fyrirtækja/stofnana sveitarfélagsins lagðir fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Hreppsráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Hreppsráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag hreppssjóðs eða fyrirtækja/stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli hreppsráðsmanna eða við sveitarstjóra um slíka afgreiðslu. Hreppsráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur sveitarstjórn falið hreppsráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi hreppsráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða sveitarstjórn ákveði annað.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það, nema formaður hafi áður verið valinn af sveitarstjórn. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórnar á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið sveitarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá hreppsráðs og/eða sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar hreppsráðs og/eða sveitarstjórnarinnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar hreppsráðs og/eða sveitarstjórnarinnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórna í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktun ætíð lögð fyrir hreppsráð og/eða sveitarstjórnina.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Hreppsráð.* Þrír sveitarstjórnarmenn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Aðalmenn í sveitarstjórn eru einir kjörgengir sem varamenn í hreppsráð.
2. *Kjörstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987. Kjörstjórn fer jafnframt með kosningar til sveitarstjórnar skv. 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð er kosið skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 og fer jafnframt með störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 58/1992. Öldrunarmál skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 og málefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 28/1991.
4. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi í nefndina skv. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkomulagi milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Djúpvogshrepps þar um.
6. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Skólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995. Jafnframt fer skólanefnd með málefni tónlistarskólans skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994.
8. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. samþykktum atvinnu- og ferðamálanefndar frá 2. júlí 1998.
9. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Menningarmálanefnd fer með málefni bókasafnsnefndar skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
10. *Forðagæslu- og fjallskilanefnd.* Fimm aðalmenn og þrír til vara sem fer með málefni búfjárefartilits skv. lögum nr. 46/1991. Fjallskilamál skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991.

11. *Einn úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Almannavarnanefnd* skv. 8. gr. laga nr. 94/1962.
13. *Stjórn Heilbrigðisstofnunar Austurlands* skv. 3. mgr. 30. gr. laga nr. 97/1990.

58. gr.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.

Sveitarstjóri undirbýr fundi hreppsráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og hreppsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Hreppsráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórn.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprilmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 686/1994.

- c) Soðnar afurðir skal frysta tafarlaust eða halda þeim kældum við hitastig sem kemur í veg fyrir gerlafjölgun og setja þær í viðeigandi geymslu.

Framleiðandinn skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðunum með reglulegu millibili og skulu niðurstöður þeirra standast viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í c-lið III. hluta í viðauka 5.

8. *Fiskmarningur.*

Vinnsla fiskmarnings er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Vinnsla marnings úr slægðum fiski skal fara fram án óþarfa tafa eftir að hann hefur verið flakaður, enda hafi innnyfli verið fjarlægð. Sé heill fiskur notaður skal slægja hann og þvo áður en vinnslan hefst.
- b) Marningsvélarnar verður að hreinsa með stuttu millibili og eigi sjaldnar en á tveggja stunda fresti.
- c) Eftir vinnslu skal frysta marninginn svo fljótt sem mögulegt er eða blanda í hann efnunum til að auka geymsluþolið.

V. *Kröfur varðandi sníkjudýr:*

1. Meðan á vinnslu stendur og áður en fiskur og fiskafurðir eru afhentar til neyslu skal skoða þær til að leita að og fjarlægja sníkjudýr.

- a) Sýnileg sníkjudýr eru einstakir hringormar eða ormaklasar (*Anisakis*, *Phocanema*), krabbasníkjudýr í karfa (copepoda (*Sphyrion lumpi*)), svört kýli („blekkýli“) undir roði blálöngu svo og eftirstöðvar sníkjudýra („mein“, „kýli“) sem eru það stór að auðvelt er að greina þau með berum augum eða hafa valdið augljósri breytingu í holdi.
- b) Sjónræn skoðun merkir skoðun sem gerð er án þess að skemma fiskinn eða fiskstykkið, án stækkunarglers, við góða birtu og ef nauðsynlegt er með gegnumlýsingu.
- c) Taka skal hæfilegt sýni til sjónrænnar skoðunar. Forsvarismaður vinnslustöðvar í landi eða sérhæfður starfsmaður um borð í vinnsluskipi skal ákveða stærð sýna og tíðni skoðana þeirra með tilliti til fisktegundar, veiðisvæðis og endanlegra afurða.
- d) Þegar gert er að fiski skal skoða kviðarhol hans, lifur og hrogn sem ætluð eru til manneldis. Skoðun skal haga á eftirfarandi hátt:
 - i) Sé fiskurinn handslægður skulu aðgerðarmenn skoða hann um leið og þeir slægja hann og þvo.
 - ii) Sé fiskurinn slægður í vélum skal taka marktækan fjölda fiska til skoðunar, a.m.k. 10 úr hverri lotu.
- e) Starfsfólk sem hlotið hefur nauðsynlega þjálfun skal, að flökun eða skurði loknum, annast skoðun flaka og fiskstykki. Þar sem gegnumlýsingu verður við komið skal slík skoðun vera hluti af reglum um innra eftirlit og sýnatökur. Verði sjónrænni skoðun ekki við komið vegna stærðar flakanna eða vinnsluaðferðarinnar skal setja reglur um töku sýna sem haldið skal til haga fyrir eftirlitsmenn til skoðunar, sbr. 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Heill fiskur og fiskhlutar teljast óhæfir til manneldis þegar einstakir ormar eru það margir að ógerlegt er að fjarlægja þá, þeir mynda klasa eða þegar eftirstöðvar þeirra, svo sem „mein“ eða „kýli“, hafa valdið auglýsilegum breytingum eða skemmdum á holdi sem ekki verða fjarlægðar nema með því að skemma fiskinn.

Heilan fisk eða fiskhluta sem eru augljóslega sýktir af sníkjudýrum og hafa verið lagðir til hliðar má ekki setja á markað.

2. Fisk eða fiskafurðir sem um getur í 3. tl. hér á eftir, og ætlaðar eru til neyslu eins og þær koma fyrir, skal enn fremur frysta þannig að hitastigið í kjarna þeirra sé -20°C eða lægra í að minnsta kosti 24 klukkustundir. Fiskinn eða afurðirnar má frysta hvort heldur er ferskar eða fullunnar.
3. Eftirtalinn fiskur og fiskafurðir falla undir ákvæði 2. tl.:
 - a) Fiskur sem neyta á hrás eða næstum hrás, t.d. matjessíld.
 - b) Eftirtaldar tegundir, ef þær eru ætlaðar til reykingar og hitastigið í miðjum fiskinum er lægra en 60°C :
Síld,
Makrill,
Brislingur og (villtur) Atlantshafs- og Kyrrahafslax,
 - c) Marineruð og/eða söltuð síld, ef verkunin hefur ekki nægt til þess að drepa liffur hringormanna.
4. Framleiðandinn skal tryggja að fiskur og fiskafurðir sem um getur í 3. tl. eða hráefni sem notað er til framleiðslu þeirra hafi hlotið þá meðferð sem lýst er í 2. tl., áður en þær fara til neyslu.
5. Fiskafurðum sem um getur í 3. tl. skal, þegar þær eru settar á markað, fylgja vottorð framleiðanda með upplýsingum um hvers konar meðferð þær hafa hlotið.

VIÐAUKI 5**Heilbrigðiseftirlit og umsjón með framleiðsluáðstæðum.****I. Almenn umsjón:**

Fiskistofa annast framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar. Slíkt eftirlit og umsjón felur einkum í sér eftirfarandi þætti:

1. Eftirlit með fiskiskipum, sem að öllu jöfnu fari fram í höfn.
2. Eftirlit með aðstæðum við löndun og uppboð.
3. Eftirlit með reglulegu millibili í vinnslustöðvum einkum til að sannreyna:
 - a) Hvort skilyrði fyrir vinnsluleyfi séu uppfyllt.
 - b) Hvort mat á hráefni, meðferð og vinnsla afla og fiskafurða sé í samræmi við fyrirmæli.
 - c) Þrif á vinnsluvæðum, búnaði og tækjum, svo og hreinlæti starfsfólks.
 - d) Hvort merkingar séu réttar og séu rétt settar á umbúðirnar.
4. Eftirlit með uppboðs- og heildsölumörkuðum.
5. Eftirlit með aðstæðum við geymslu og flutning hráefnis og afurða.

II. Sérstakar kröfur:**1. Skynmat.**

Forsvarsmenn fiskmarkaða og vinnslustöðva skulu láta starfsmenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun í ferskfiskmati meta afla hvers veiðiskips, í samræmi við matsreglur þær sem er að finna í viðauka 9, þegar hann kemur í móttöku og skrá allar niðurstöður. Þeir skulu og tryggja að öll aðstaða, tæki og áhöld sem notuð eru við móttöku, mat og geymslu afla, sem landað er til sölu eða vinnslu, séu hrein og þeim vel við haldið. Þeim ber einnig að ganga úr skugga um að meðferð aflans, geymsla, löndun og flutningur hafi verið í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Sjávarafli sem uppfyllir þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt áðurnefndum matsreglum telst einnig uppfylla kröfur varðandi skynmatseinkenni sem nauðsynlegar eru til þess að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fullnægt.

Endurtaka skal ferskfiskmatið ef í ljós kemur, eftir að aflinn hefur verið seldur, að hann stenst ekki gæðakröfur sem tilgreindar eru í reglugerð þessari eða þegar það er talið nauðsynlegt. Eftir fyrstu sölu skal aflinn að minnsta kosti fullnægja lágmarkskröfum um gæði samkvæmt framangreindum reglum.

Finnist ferskfiskmatsmanni eða eftirlitsmanni niðurstöður skynmatsins ekki ótvíræðar getur hann látið gera á honum efnamælingar og/eða örverufræðilegar rannsóknir, sbr. liði A-C í III. hluta þessa viðauka og stuðst við niðurstöður þeirra. Að öðru leyti eru niðurstöður skynmatsins endanlegar. Ennfremur er heimilt að taka sýni af öllum afurðum í sama tilgangi.

Komi í ljós við skynmat að fiskafurðir eru ekki hæfar til manneldis skal gera ráðstafanir til að taka þær af markaði og einkenna þær eða breyta þannig að þær verði ekki nýttar til manneldis, sbr. reglur um ferskfiskmat í viðauka 9. Óleyfilegt er að setja á markað til manneldis fisk eða fiskstykki sem augljóslega eru sýkt af sníkjudýrum.

2. Efnarannsóknir.**A. Niðurbrotsefni:**

a) *Trímethylamín-köfnunarefni (TMA-N).*

b) *Rokgjörn köfnunarefnissambönd (TVB-N).* Óunninn fiskur af eftirtöldum tegundum telst óhæfur til manneldis ef meðaltalsgildi rokkgjarna köfnunarefnasambanda í honum mælist yfir eftirfarandi mörkum:

- | | | |
|------|---|--|
| i) | 25 mg/100 g
Karfattegundir
Svartgóma | <i>Sebastes spp</i>
<i>Helicoelenus dactylopterus</i>
<i>Sebastichtys capensis</i> |
| ii) | 30 mg/100 g
Fiskar af flyðruætt
nema lúður | <i>Pleuronectidae</i>
<i>Hypoglossus spp</i> |
| iii) | 35 mg/100 g
Lax
Fiskar af lýsingaætt
Fiskar af þorskaætt | <i>Salmo salar</i>
<i>Merlucciidae</i>
<i>Gadidae</i> |

c *Histamín.*

Taka skal nú sýni af hverri framleiðslulotu. Þau skulu standast eftirfarandi kröfur:

- i) Meðaltalsgildi skal ekki vera hærra en 100 ppm,
- ii) Tvö sýnanna mega hafa gildi yfir 100 ppm en undir 200 ppm,
- iii) Ekkert sýni má hafa hærra gildi en 200 ppm.

Þessi viðmiðunarmörk gilda aðeins um fisktegundir af ættum makríla (*Scombridae*), sílda (*Clupidae*), ansjósu (*Engraulidae*) og höfrunga (*Coryphaenidae*). Þó má fiskur af þessum ættum, sem er enzym-verkaður í þækli, hafa hærra histamíninnihald en aldrei yfir tvöföldum ofangreindum gildum. Mælingar verður að framkvæma með viðurkenndum vísindalegum aðferðum, svo sem hágæða vökvalitskiljum (HPLC).

B. *Mengandi efni í umhverfi vatns og sjávar.*

Kvikasilfur.

1. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs, mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 5 fiska sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu má ekki vera hærra en 0,5 mg/kg (0,5 ppm).
2. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs (Hg), mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 10 fiska af eftirtöldum tegundum sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu má vera hærra en þó aldrei yfir 1 mg/kg, (1 ppm).

aborri	<i>Perca fluviatilis</i>
álar	<i>Anguilla spp</i>
barri (vartari)	<i>Dicentrarchus labrax</i>
blálanga	<i>Molva dipterygia</i>
búrfiskur (búri)	<i>Hoplostethus atlanticus</i>
gedda	<i>Esox lucius</i>
háfiskar	<i>Pleurotremata spp</i>
karfar	<i>Sebastes marinus, S. mentella, S. viviparus</i>
keila	<i>Brosme brosme</i>
langa	<i>Molva molva</i>
túnfiskar	<i>Euthynnus spp</i>
lúða	<i>Hippoglossus hippoglossus</i>
marbendill	<i>Lepidopus caudatus</i>
oddnafir	<i>Makaira spp</i>
rákleysingi	<i>Orcynopsis unicolor</i>
rákungar	<i>Sarda spp</i>

seglfiskur	<i>Istiporus albicans/platypterus</i>
skötur	<i>Rajidae spp</i>
skötuselur	<i>Lophiidae spp</i>
stinglax	<i>Aphanopus carbo</i>
steinbítur	<i>Anarhicas lupus</i>
styrjur	<i>Acipenser spp</i>
sverðfiskur	<i>Xiphias gladius</i>
túnfiskar	<i>Thunnus spp</i>
vatnaflekkur	<i>Lota lota</i>
vatnaviðnir	<i>Stizostedion lucioperca.</i>

VI. Örverufræðilegar viðmiðanir við framleiðslu á soðnum krabbadýrum og samlokum.

1. Sýklar.

Gerð sýkils	Staðall
<i>Salmonella spp</i>	Ekki til staðar í 25 g n = 5 c = 0

Auk þess mega sýklar sem leita skal að samkvæmt áhættugreiningu og eitur sem þeir framleiða ekki finnast í því magni sem gæti skaðað heilsu neytandans.

2. Lífverur sem benda til lélegs hreinlætis (bendillífverur).

Gerð lífvera	Staðall, fjöldi í g
<i>Staphylococcus aureus</i>	m = 100 M = 1000 n = 5 c = 2
Annað hvort: Hitapólnir kólígerlar (44°C á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
eða: <i>Escherichia coli</i> (á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 1

Breyturnar n, m, M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = fjöldi eininga í sýni.

m = allar niðurstöður undir þessum mörkum teljast fullnægjandi.

M = allar niðurstöður yfir þessum mörkum teljast ófullnægjandi.

c = fjöldi eininga sem gefa gerlafjölda milli m og M.

Gæði lotu eru talin:

- a) Fullnægjandi þegar öll gildi eru 3m eða minni,
- b) Viðunandi þegar fengin gildi lenda milli 3m og 10m (=M) og þar sem c/n er 2/5 eða minna.

Gæði lotu eru talin ófullnægjandi:

- a) Í öllum tilfellum þegar gildi fara yfir M.
- b) Þegar c/n er meira en 2/5.

3. Bendillífverur (viðmiðunarreglur).

Gerð lífvera	Staðall, fjöldi í g
Miðlungshitakærir loftháðir gerlar (30°C):	
a) Afurðir í skel	m = 10.000 M = 100.000 n = 5 c = 2
b) Úrskeljaðar afurðir, að krabbakjöti undanskildu	m = 50.000 M = 500.000 n = 5 c = 2
c) Krabbakjöt	m = 100.000 M = 1.000.000 n = 5 c = 2

Þessar viðmiðunarreglur eru ætlaðar framleiðendum til þess að þeir geti gengið úr skugga um að þrif og gerileyðing séu fullnægjandi.

Í vinnslustöðvum, sem hlotið hafa vinnsluleyfi samkvæmt 8. gr. þessarar reglugerðar skal gera athugun á útkomu úr örverurannsóknum á sýnum sem tekin eru meðan á vinnslu krabbadyra og samloka stendur og áður en afurðirnar eru sendar á markað og bera niðurstöður þeirra saman við gildandi viðmiðunarmörk.

Skipuleggjendur og umsjónaraðilar innra eftirlits skulu setja sér verklagsreglur um sýnatökur í samræmi við endanlegar afurðir (í skel, skelflett, úrskeljuð), hitastig, suðutíma og áhættumat, í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar reglugerðar og rg. nr. 558/1997, um innra eftirlit.

Í ofangreindum verklagsreglum um sýnatökur skal, í þeim tilvikum sem niðurstöður örverurannsókna eru yfir viðmiðunarmörkum, vera skuldbinding þess efnis að:

- a) Tilkynna Fiskistofu um niðurstöðurnar og tilgreina til hvaða ráðstafana hefur verið gripið vegna framleiðslulotna sem ekki standast viðmiðunarmörk.
- b) Endurskoða eftirlits- og vöktunaraðferðir á mikilvægum eftirlitsstöðum til þess að finna orsök mengunarinnar og að auka tíðni örverurannsókna.
- c) Dreifa ekki til manndis þeim framleiðslulotum sem ekki standast viðmiðunarmörk vegna sýkla sem í þeim hafa fundist eða ef M-gildi fyrir staphylococca (klasa-hnettur) eru fyrir ofan þau mörk, sem tilgreind eru hér að framan.

VIÐAUKI 6**Pökkun.**

1. Pökkun skal fara fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna.
2. Umbúðir og annað sem líklegt er að komi í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti. Einkum skal þess gætt:
 - a) Að ekki séu í þeim efni sem haft geta áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni afurðanna.
 - b) Að ekki séu í þeim efni sem borist geta í afurðirnar og skaðleg eru heilsu neytenda.
 - c) Að umbúðirnar séu nægilega sterkar til að veita afurðunum fullnægjandi vernd.
3. Umbúðir má ekki endurnota, að undanskildum ílátum úr ógagndræpum, sléttum og ótæranlegum efnum sem auðvelt er að þrifa og gerileyða, og leyfilegt er að nota eftir slík þrif. Umbúðir fyrir ferskar, ísaðar fiskafurðir skulu þannig gerðar að þær veiti þeim fullnægjandi vörn gegn óhreinindum, hnjaski og mengun og að afurðirnar liggi ekki í vatninu sem myndast við bráðnun íssins.
4. Ónotaðar umbúðir skal geyma í umbúðageymslum sem aðskildar eru frá vinnslusvæðum þar sem unnt er að verja þær fyrir ryki og annarri mengun.

VIÐAUKI 7**Merkingar.**

Vegna eftirlits þarf að vera hægt að rekja uppruna fiskafurða til sendanda þeirra, annað hvort af merkingum á umbúðum eða fylgiskjölum þeirra. Til þess að svo megi verða skulu eftirfarandi upplýsingar vera á umbúðum pakkaðra fiskafurða en í fylgiskjölum þeirra séu þær ópakkaðar:

1. Nafn sendingarlands, sem rita má óstytt, Island, eða skammstafað, IS, með hástöfum. Um önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins gilda eftirfarandi skammstafanir: B, - DK, - EL, - E, - F, - IRL, - NL, - NO, - P, - UK, - AT, - FI, - SE.
2. Leyfisnúmer vinnslustöðvar eða vinnsluskips og uppboðs- og heildsölumarkaðar, þar sem þess þarf, eða skráningarnúmer hans svo og fiskiskips sem um getur í 7. gr. II. hluta viðauka 1.
3. Allir þessir stafir og tákni skulu vera auðlæsileg og standa saman á umbúðunum á stað þar sem þau eru sýnileg án þess að þær þurfi að opna.

VIÐAUKI 8**Geymsla og flutningur.**

1. Við geymslu og flutning skal eftirgreindum afla og fiskafurðum haldið við hitastig það sem tilgreint er í reglugerð þessari:
 - a) Lifandi sjávarafli skal ávallt flytja og geyma við bestu lífsskilyrði í neysluvatni eða hreinum sjó.
 - b) Ferskum og þíddum aflu og fiskafurðum, soðnum og kældum krabbadýrum og samlokum við bráðnunarmark íss.
 - c) Hitastig í frystum aflu og fiskafurðum, að undanskildum þækilfrystum aflu sem ætlaður er til niðursuðu, skal vera -18°C eða lægra, hvar sem mælt er í þeim. Hitastig má þó hækka í skamman tíma í flutningi, enda sé sú hækkan aldrei meiri en 3°C .

- d) Verkuðum fiskafurðum skal haldið við það hitastig sem framleiðandi tilgreinir. Sé það ekki tilgreint skal halda afurðunum við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari.
2. Sé frystur afli fluttur frá frystigeymslu til vinnslustöðvar þar sem þíða á hann strax við móttöku og vinna og þar sem um stutta vegalengd er að ræða, innan við 50 km eða einnar klst. akstur, getur Fiskistofa veitt undanþágu frá ákvæðum b)-liðar 1. tl. hér að ofan.
 3. Afla eða fiskafurðir má hvorki geyma né flytja með neinum þeim vörum sem gætu haft neikvæð áhrif á heilnæmi þeirra, nema þær séu í umbúðum sem veita þeim fullnægjandi vernd.
 4. Flutningatæki sem notuð eru til flutnings á afla eða fiskafurðum skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda þeim við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur. Sé ís notaður til að kæla aflann eða afurðirnar skal sjá til þess að vatnið sem bráðnar úr ísnum geti greiðlega runnið af þeim svo að þær liggji ekki í því og mengist. Klæðning skal vera slétt og auðvelt að þrifa hana og gerileyða. Henni skal halda vel við og hreinni.
 5. Óheimilt er að flytja afla eða fiskafurðir í flutningatækjum sem notuð hafa verið til flutnings annarra afurða nema þau hafi áður verið vandlega þrifuð og gerileydd eða hægt sé að tryggja að aflinn eða fiskafurðirnar mengist ekki.
 6. Afla og fiskafurðir skal ekki flytja í flutningatækjum eða gámum sem eru ekki hrein eða hafa ekki verið gerileydd.

VIÐAUKI 9

Skynmat.

Heimilt er að setja eftirtaldar tegundir á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem þær eru upprunnar innan þess eða ekki, að því tilskyldu að þær uppfylli þær kröfur sem fram koma í reglugerð þessari:

a) <i>ansjósur</i>	<i>Engraulis teg.</i>
<i>bramaþiska</i>	<i>Brama teg.</i>
<i>brynstirtlu</i>	<i>Trachurus teg.</i>
<i>flundru</i>	<i>Platichthys flesus</i>
<i>flúrus</i>	<i>Solae teg.</i>
<i>geddur</i>	<i>Esocidae teg.</i>
<i>hafál</i>	<i>Conger conger</i>
<i>háfa</i>	<i>Squalus acanthias og Scyliorhinus teg.</i>
<i>hlýra</i>	<i>Anarhichas minor</i>
<i>karfa</i>	<i>Sebastes teg.</i>
<i>keilu</i>	<i>Brosme brosmu</i>
<i>knurrara</i>	<i>Trigla teg.</i>
<i>kolmunna</i>	<i>Micromesistius poutassou eða Gadus poutassou</i>
<i>lýr</i>	<i>Pollachius pollachius</i>
<i>lýsu</i>	<i>Merlangius merlangus</i>
<i>lýsing</i>	<i>Merluccius merluccius</i>
<i>lúðu</i>	<i>Hyppoglossus hyppoglossus</i>
<i>löngur</i>	<i>Molva teg.</i>
<i>makríl</i>	<i>Scomber scombrus</i>
<i>makríl, spænskan</i>	<i>Scomber japonicus</i>

<i>marbendil</i>	<i>Lepidopus caudatus</i>
<i>röndunga</i>	<i>Mugil teg.</i>
<i>sandkola</i>	<i>Limanda limanda</i>
<i>sardínu</i>	<i>Sardina pilchardus</i>
<i>síld</i>	<i>Clupea harengus</i>
<i>skarkola</i>	<i>Pleuronetes platessa</i>
<i>skötur</i>	<i>Raja teg.</i>
<i>skötuseli</i>	<i>Lophius teg.</i>
<i>spærlinga</i>	<i>Trisopterus teg.</i>
<i>steinbít</i>	<i>Anarchias lupus</i>
<i>stinglax</i>	<i>Aphanopus carbo</i>
<i>stórglyrni</i>	<i>Boops boops</i>
<i>stórkjöftur</i>	<i>Lepidorhombus teg.</i>
<i>túnfisk</i>	<i>Thunnus thynnus</i>
<i>túnfisk, hvíta</i>	<i>Thunnus alalunga (Germo alalunga)</i>
<i>túnfisk, stóreyga, glápara</i>	<i>Thunnus eða Parathunnus obesus</i>
<i>ufsa</i>	<i>Pollachius virens</i>
<i>ýsu</i>	<i>Melanogrammus aeglefinus</i>
<i>þorsk</i>	<i>Gadus morhua</i>
<i>þykkvalúru</i>	<i>Microstomus kitt</i>
b) Krabbadýr, lifandi, fersk, ísuð eða soðin í gufu eða vatni (sjó):	
<i>sandrækju</i>	<i>Crangon crangon,</i>
<i>stóra kampalampa</i>	<i>Pandalus borealis</i>
<i>töskukrabba</i>	<i>Cancer pagurus</i>
<i>leturhumar</i>	<i>Nephros norvegicus</i>
c smokkfiska:	
<i>blekfisk</i>	<i>Sepia officinalis</i>
<i>kolkrabba</i>	<i>Rossia macrosoma</i>

Matsreglur.

Flokkun eftir gæðum samkvæmt eftirfarandi reglum byggist á því að skoða og meta viss einkenni sem eru sérstök fyrir hverja tegund eða svipaðar tegundir.

Matsreglurnar taka þó ekki til smámagns sem sjómenn á dagróðrabátum selja beint til smásala eða neytenda.

- A. Bolfiskur og flatfiskur (fisktegundir sem safna fitu að mestu leyti í lifrina): Ýsa, þorskur, ufsi, karfi, lýsa, langa, lýsingur, bramafiskur, skötuselur, spærlingur, stórglyrni, geddur, hafáll, knurrarar, röndungar, skarkoli, sandkoli, þykkvalúra, marbendill.
- B. Feitfiskar (fisktegundir sem safna fitu að verulegu/mestu leyti í holdið): Túnfiskur, hvíti túnfiskur, stóreygði túnfiskur, kolmunni, síld, sardína, stinglax/röndungur.
- C. Brjóskfiskar: Háfar, skötur.
- D. Smokkfiskar: Beitusmokkur, kolkrabbar.
- E. Krabbadýr: Rækja, leturhumar.

A. BOLFISKUR OG FLATFISKUR

MATSPÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Farið að tapa lit og verða matt.	Mött áferð.
Slím	Mjólkurlitað.	Ógagnsætt.
Augu	Flöt. Ópalleit hornhimna. Augasteinn mattur.	Íhvolf. Hornhimna mjólkurlituð. Augasteinn gráleitur.
Tákn	Brúnleit, farin að upplitast. Slímið þykkt og ógagnsætt.	Slímið gulleit og mjólkurlitað.
Kviðhimna (í slægðum fiski)	Blettótt, auðvelt að losa hana frá þunnildum.	Laus frá þunnildum.
Lykt úr tálknum og kviðarholi á bolfiski og kola	Minnir á súrmjólk, súrt brauð. Fitubræk, lykt af gerjun, vottur af þráa.	Súr. Súr.
Þéttleiki holds	Nokkuð lint, minnkandi fjöðrun. Vaxkennd og mött áferð.	Lint. Hreistur losnar auðveldlega af roði. Yfirborð farið að skorpna.

Sérstakar kröfur varðandi hausáðan skötusel.

Blóðæðar í þunnildum.	Nokkuð breiðar og brúnleitar.*	Allar breiðar, brúnleitar og holdið orðið gulleitt.**
-----------------------	--------------------------------	---

* Lágmarkskröfur

** Eða skemmdareinkennin meiri

B. FEITFISKUR

MATSPÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Gljálaut, matt, litur daufur, roðið myndar fellingar ef fiskurinn er sveigður.	Litur mjög daufur, farið að losna frá holdinu.
Slím	Mjólkurleit.	Gul-grátt, ópalleitt.
Hold	Vottur af losi.	Los.
Tálknborð	Brúnleit eða áberandi blóðflæði út frá æðum.	Gulleit.
Augu	Flöt, augasteinn ógreinilegur, blóðlitur umhverfis auga.	Íhvolf. Miðjan sokkin, augasteinn grár, sjónhimnan mjólkurleit.
Lykt úr tálknum	Minnir á bjór- eða gerlykt, egg sem farið er að fúlna eða brennisteinsfnyk.	Rotnunar- eða súrlykt.

* Lágmarkskröfur

** Eða skemmdareinkennin meiri

Ath.: Fiskur í miklu æti verður þrjár áður en skemmdarlykt kemur af honum.

C. BRJÓSKFISKAR

MATSPÁTTUR	HÆFIR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFIR TIL MANNELDIS **
Augu	Flöt, mött.	Íhvolf, gulleit.
Útlit/slím	Nokkurt slím í kjafti og í tálknopum, kjálkar lítilla útflattir.	Mikið slím í kjafti og tálknopum.
Lykt	Lítillsháttar ammoníakslykt, súrlykt.	Sterk ammoníakslykt.

Sérstakar kröfur varðandi skötur.

MATSPÁTTUR	HÆFAR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFAR TIL MANNELDIS **
Roð	Litarbreyting byrjuð, gljái horfinn, slím ópalleitt.	Upplitað, skorpið, slím orðið þykkt.
Hold	Meirt.	Áberandi los, skvapkennt.
Útlit	Börðin lin.	Börðin slapandi.
Kviðarhol	Hvítt og matt með rauða eða gula bletti.	Gulir eða grænir blettir, rauðir blettir í holdinu.

* Lágmarkskröfur

** Eða skemmdareinkennin meiri

D. SMOKKFISKUR

MATSPÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *
Roð	Upplitað, losnar auðveldlega frá holdinu.
Hold	Aðeins byrjað að meirna, ljósbleikt eða ljósgult.
Armar	Ekki erfitt að ná þeim af.
Lykt	Bleklykt.

* Lágmarkskröfur

E. KRABBADÝR**1. Rækjur.**

MATSPÁTTUR	HÆF TIL MANNELDIS *
Lágmarkskröfur	Yfirborð skeljar skal vera rakt og gljáandi. Rækjur skulu renna lausar og aðskildar þegar þær eru færðar milli íláta. Ekkert aukabragð skal vera af vöðvanum. Rækjan skal vera laus við hvers konar utanaðkomandi óhreinindi, s.s. sand eða slím.
Útlit 1. Rækja í skel (Crangon crangon)	Litur breytilegur frá fól-rauðbleikum yfir í blárauðan með hvítum blettum. Kviður ætti að vera ljós en þó má vera vottur af gráum lit á skelinni.
2. Djúpsjávarrækja (Pandalus borealis)	Bleik en hausinn gæti verið byrjaður að sortna.
Hold	Losnar treglega úr skelinni og smávægilegar holdtægjur fylgja henni. Farið að meirna, svolítið seigt.
Brotin rækja	Smávægilegt magn af brotinni rækju má finnast.
Lykt	Lítið eitt súr. Engin þanglykt.

* Lágmarkskröfur

2. Leturhumar, lágmarkskröfur.

MATSPÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *
Skel	Vottur af litarbreytingu, nokkrir svartir blettir og skelin gráleit, einkum milli liða á halanum.
Tálkn	Tálkn dökkgrá og græn slikja á efra borði skeljarinnar.
Lykt	Vottur af súrlykt.
Hold (hali)	Ópalleitt og matt.

* Lágmarkskröfur

REGLUR

um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum.

1. gr.

Tilgangur þessara reglna er að skapa ramma fyrir veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem finnast á jarðhitasvæðum landsins og að tryggja eftirlit með rannsóknum og nýtingu. Reglunum er jafnframt ætlað að tryggja markmið sammingsins um líffræðilega fjölbreytni, sem birtur var í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1995, að þessu leyti og um leið að stuðla að aðgangi að niðurstöðum rannsókna og tæknipróun og réttlátri skiptingu efnahagslegs hagnaðar af nýtingu örvera.

Iðnaðarráðherra veitir, að höfðu samráði við umhverfisaráðherra, leyfi til að rannsaka og nýta örverur sem vinna má á jarðhitasvæðum.

2. gr.

Með örveru er átt við hverskonar örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis og tekur til alls erfðaefnis örverunnar hvort sem það er innan eða utan upphaflegu örverunnar.

Með jarðhitasvæði er átt við afmarkað landsvæði, hvort sem er á landi, í botni stöðuvatna og vatnsfalla og á sjávarbotni innan netlaga. Jarðhitasvæði í skilningi reglna þessara getur bæði átt við svæði sem jarðfræðilega telst ein heild og hluti þess, t.d. svæði þar sem jarðhiti er tengdur við sömu uppstreymisrás. Með jarðhita er bæði átt við jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og stöðugan straum varma (gufu eða heits vatns) úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

3. gr.

Iðnaðarráðherra veitir skv. reglum þessum rannsóknarleyfi annars vegar og nýtingarleyfi hins vegar. Rannsóknarleyfi eru veitt í samræmi við eðli rannsókna og skuldbindingar rannsóknaraðila varðandi rannsóknirnar. Um er að ræða eftirfarandi leyfi:

Rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna: Leyfi eins aðila til hagnýtra rannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði í takmarkaðan tíma.

Um er að ræða sérleyfi til þess að rannsaka hagnýtt gildi hveraörvera. Þetta leyfi kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að gefa út almennt rannsóknarleyfi til vísindalegra grunnrannsókna en hindrar aftur á móti að aðrir stundi hagnýtar rannsóknir á hitakærum örverum á sama svæði á gildistíma leyfisins. Skilyrði veitingar rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna eru m.a. verulegar fjárhagslegar skuldbindingar rannsóknaraðila vegna rannsókna.

Almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna: Leyfi eins eða fleiri aðila til hagnýtra rannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði.

Um er að ræða sömu réttindi og felast í rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, án þess að um sérleyfi sé að ræða. Skilyrði veitingar almenns rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna eru m.a. háð fjárhagslegum skuldbindingum sem þó skulu vera minni en ef um sérleyfi er að ræða. Í almennu rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna eru ekki gefin fyrirheit um forgang að sérleyfi til hagnýtra rannsókna síðar.

Almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna: Leyfi eins eða fleiri aðila til grunnrannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði.

Um er að ræða leyfi sem veitt er vísindamönnum og öðrum þeim aðilum sem eingöngu stunda grundvallarrannsóknir. Leyfið er ekki veitt fyrirtækjum eða stofnunum sem stunda

vísindarannsóknir með efnahagslegan ávinning í huga. Leyfið veitir aðgang að jarðhitasvæðum án tillits til þess hvort aðrir hafi þar gilt sérleyfi til hagnýtra rannsókna eða ekki.

Nýtingarleyfi: Leyfi til að hagnýta tilteknar örverur í framleiðslu og/eða til sölu.

Nýtingarleyfi geta allir fengið sem áður hafa fengið rannsóknarleyfi sem leitt hefur til hinna hagnýtu nota, einnig þeir sem haft hafa almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna. Almennt gildir að áður en nýtingarleyfi er gefið út skal rannsóknaraðili hafa tryggt samkomulag við eiganda jarðhitasvæðisins um endurgjald fyrir notin. Einnig er unnt að setja sem skilyrði fyrir veitingu nýtingarleyfis að aflað hafi verið einkaleyfis fyrir hin tilteknu not. Hafi einkaleyfis verið aflað skal veiting nýtingarleyfis að öðru jöfnu aðeins háð því að samkomulag sé við landeiganda um nýtinguna.

Við útgáfu nýtingarleyfa skal taka tillit til 15.–19. gr. samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

4. gr.

Rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr., verður aðeins gefin út að undangenginni almennri auglýsingu.

Veiting almenns rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna, sbr. 4. og 5. mgr. 3. gr. og almenns rannsóknarleyfis til grunnrannsókna, sbr. 6. og 7. mgr. 3. gr., er ekki bundin slíkri auglýsingu.

Leyfi skulu bundin við afmörkuð jarðhitasvæði eins og sýnt er í viðauka eða afmörkuð minni svæði innan þeirra.

5. gr.

Við mat á umsóknum um rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, sbr. 4. gr., skal fyrst og fremst taka mið af 5.-10. tölul. 7. gr.

6. gr.

Rannsóknarleyfi skulu ekki gefin út til lengri tíma en fimm ára í senn. Á meðan almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna er í gildi er ekki unnt að veita öðrum sérleyfi á því svæði.

Nýtingarleyfi takmarka ekki veitingu annarra leyfa á viðkomandi jarðhitasvæði á nýtingartímanum.

Í bæði rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi er unnt að setja skilyrði um innlenda rannsóknar- og /eða nýtingaraðild aðila með staðfestu á EES-svæðinu enda verði þau skilyrði í fullu samræmi við ákvæði þeirra alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að.

7. gr.

Umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi skulu vera á íslensku og skal eftirfarandi koma þar skýrt fram:

1. Tegund leyfis sem sótt er um.
2. Samþykktir umsækjanda og samstarfsaðila þeirra ef um félög er að ræða en starfssvið og samstarfsaðilar ef um einstaklinga er að ræða. Ef samstarfsaðilar einstaklinga eru félög skulu samþykktir þeirra félaga fylgja með.
3. Tímalengd leyfis sem sótt er um.
4. Staðarmörk svæðis sem sótt er um.
5. Skil rannsóknarsvæða á rannsóknartímanum ef sótt er um fleiri en eitt svæði.
6. Verkefnislýsing ásamt markmiðum.
7. Tímasett áætlun um rannsóknir og rannsóknaráfanga ef um rannsóknarleyfi er að ræða.

8. Lágmarks fjárhagslegar skuldbindingar umsækjanda, ef um leyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða.
9. Upplýsingar um ábyrgðarmann verkefnisins og helstu stjórnendur verkþátta.
10. Upplýsingar um hvar rannsóknirnar eða hagnýtingin fer fram ásamt upplýsingum um aðstöðu, tæki og búnað, eins og við á.
11. Samningur við landeigendur svo og upplýsingar um verndun rannsóknarniðurstæðna, ef um nýtingarleyfi er að ræða.

8. gr.

Leyfi til rannsóknar- og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum skulu vera á íslensku og hafa þýðingar þeirra á önnur tungumál ekkert sjálfstætt gildi. Í leyfum þessum skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa.
2. Tegund leyfis.
3. Tímalengd leyfis.
4. Staðarmörk leyfis.
5. Sérákvæði í leyfi, ef um rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða.
6. Skil rannsóknarsvæða á leyfistímanum ef um leyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða og leyfið nær til fleiri en eins svæðis.
7. Skuldbindingar, eins og við á.
8. Upplýsingaskylda um framvindu og niðurstöður.
9. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
10. Kaup váttrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
11. Eftirlit Náttúrufræðistofnunar og greiðslu kostnaðar hennar af því eftirliti.

Leyfin verða birt í fullri lengd á opnum gagnagrunni undir heimasíðu iðnaðarráðuneytis.

9. gr.

Heimild til rannsókna felur í sér leyfi til sýnatöku. Í þeirri heimild felst ekki eignarréttur á sýnunum eða ræktunum úr þeim, né heldur neinn annar réttur umfram þau tilteknu not sem skilgreind eru í rannsóknarleyfinu. Öll sýni skal skrá og staðsetja sýnatökustaðinn nákvæmlega við sýnatöku og afhenda Náttúrufræðistofnun Íslands ljósrit úr rannsóknar-dagbókum af þeim skráningum.

Óheimilt er að afhenda sýni eða ræktanir úr þeim þriðja aðila án samþykktar iðnaðarráðherra. Um veitingu slíks leyfis hefur iðnaðarráðherra samráð við umhverfisráðherra.

Um flutning sýna og/eða ræktana úr landi gildir eftir því sem við á ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 169/1998.

10. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur eftirlit með rannsóknum á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum og nýtingu þeirra. Þeir sem fengið hafa leyfi til rannsókna eða nýtingar örvera á jarðhitasvæðum skulu veita stofnuninni allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðshitasvæðum.

Leyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega senda Náttúrufræðistofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um ofangreinda þætti.

Við lok leyfistíma eða við lok rannsóknar, ef þau eru fyrr, skal leyfishafi senda Náttúrufræðistofnun skýrslu um niðurstöður sínar og úrdrátt til iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Allar skýrslur og upplýsingar skulu vera á íslensku.

11. gr.

Upplýsingar og rannsóknarniðurstöður sem afhentar eru Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum aðilum skulu bundnar trúnaði í tvö ár umfram gildistíma rannsóknarleyfis. Verði á grundvelli rannsóknarleyfis og á gildistíma þess gefið út nýtingarleyfi til sama aðila skulu rannsóknarniðurstöður er varða viðkomandi uppstreymisrás bundnar trúnaði í fimm ár eftir lok gildistíma rannsóknarleyfis.

Eftir að trúnaðarskylda er fallin niður er Náttúrufræðistofnun heimilt að láta öðrum í té umrædd gögn.

12. gr.

Leyfi eru almennt ekki takmörkuð við ákveðinn hámarksfjölda jarðhitasvæða, enda liggi fyrir fullnægjandi rannsóknar- og fjárhagsáætlun sem réttlætir það. Hafi sami aðili rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á fleiri en einu jarðhitasvæði skal í leyfinu kveðið á um skil svæða þannig að jarðhitasvæði séu ekki bundin að óþörfu og öðrum sé tryggð eðlileg aðkoma að þeim.

13. gr.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt reglum þessum eru ekki framseljanleg.

14. gr.

Brot gegn reglum þessum varða afturköllun leyfisins, skv. 20. gr. 1. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Komi til afturköllunar skal leyfishafi skila sýnum og rannsóknargögnum til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

15. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 og með hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni, að höfðu samráði við umhverfisráðherra og öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI

Skrá yfir jarðhitasvæði.

Í skrá þessari er jarðhitasvæðum skipt í 60 svæði vegna rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum. Jarðhitasvæðunum er skipt í háhitasvæði og lághitasvæði. Háhitasvæðunum er aftur skipt í tvennt. eru í fyrri hópnum öflug svæði, stór um sig eða aðgengileg, með miklum fjölda jarðhitastaða. Þessi svæði eru 16 talsins. Þau eru hér á eftir auðkennd með bókstafnum A og hvert svæði með raðtölu frá 1 til 16.

Í síðari hópnum eru svæði, sem eru með mun færri jarðhitastaði á yfirborði, minni að orku eða stærð, eða torveldari aðgöngu. Þau svæði eru 12 talsins og eru þau auðkennd með bókstafnum B og raðtölu frá 1 til 12.

Lághitasvæðunum er einnig skipt í tvennt. Eru í fyrri hópnum öflug svæði, með fjölda hvera eða lauga. Þessi svæði eru 16 talsins. Þau eru auðkennd með bókstafnum C og raðtölu frá 1 til 16.

Í síðari hópnum eru svæði með færri og oft minna heitar jarðhitauppsprettur. Þau eru 16 talsins og auðkennd með bókstafnum D og raðtölu frá 1 til 16.

Númer hvers svæðis samanstendur þannig af bókstaf og raðtölu. Auk þess er þeim gefið einkennisheiti, hverju fyrir sig. Svæði þessi öll eru talin upp hér á eftir og getið marka þeirra í aðalatriðum.

Öflug háhitasvæði (A - flokkur):

- A 1 *Reykjanes*: Yst á Reykjaneskaga, vestan línu úr Ósabotnum á Staðarberg.
- A 2 *Svartsengi*: Austan A 1 að línu úr Dágon í Fagradalsfjall og Keilisnes.
- A 3 *Krýsuvík*: Austan A 2 að línu úr Seljabót í Vatnshlíðarhorn og Straumsvík.
- A 4 *Brennisteinsfjöll*: Austan A 3 að línu úr Vogsósi í Bláfjöll, eftir þeim í Vífilsfell og í Straumsvík.
- A 5 *Hellisheiði*: Austan A 4 að línu úr Ölfusárósum og um hreppamörk og í Núpafjall, Bitru og Kýrgil og á hreppa- og sýslumörkum um Eiturhól í Vífilsfell.
- A 6 *Hveragerði*: Austan A 5 að línu af Ástaðafjalli í Klóarfjall, Inghól á Ingólfsfjalli, Silfurberg og í Ölfusá.
- A 7 *Ölkelduháls*: Norðan A 5 og A 6 að austan frá línu úr Klóarfjalli í Dráttarhlíð að línu úr Kýrgilsmynni í Hagavík að vestan.
- A 8 *Nesjavellir*: Norðan A 5 og vestan A 7 að sýslu- og hreppamörkum úr Eiturhóli í Vatnsbrekku.
- A 9 *Torfajökull*: Að Fjallabaki innan línu úr Stórusúlu í Mælifell, Svartafell, Kirkjufell, Reykjafjöll, Háskerðing, Stóra-Græna-fjall í Stórusúlu.
- A 10 *Landmannalaugar*: Norðan A 9 að línu úr Reykjafjöllum í Stóra-Mógilshöfða, Norðurnám og í Kirkjufell.
- A 11 *Jökultungur*: Vestan A 9 að línu úr Reykjafjöllum í Laufafell, Krakatind syðri og í Stóra-Græna-fjall.
- A 12 *Reykjadalir*: Vestan A 10 og norðan A 11 að línu úr Krakatindi syðri í Rauðfossafjöll og Stóra-Mógilshöfða.

- A 13 Námafjall:* Í Mývatnssveit innan línu úr Sellandafjalli í Bláfjall, Búrfell, Jörund, Hlíðarfjall, Vörðumel á Grímsstaðaheiði, Vindbelgjarfjall og í Sellandafjall.
- A 14 Krafla:* Norðan A 13 að línu úr Jörundi í Hágöng, Gæsafjöll og í Vörðumel.
- A 15 Gjástykki:* Norðan A 14 að línu úr Hágöngum í Eilíf, Eyjólfshæð, Þeistareykjabungu og í Gæsafjöll.
- A 16 Þeistareykir:* Vestan A 15 og norðan A 13 að línu úr Eyjólfshæð í Sæluhússmúla, í Lambafjöll og eftir þeim í Gustahnúk og í Vörðumel.

Minni háttar háhitasvæði (B - flokkur):

- B 1 Tindfjallajökull:* Innan línu um Markarfljót frá Markarfljótsaurum hjá Þórsmörk upp að Stóra-Grænafjalli, um það í Krakatind syðra, Þrífjöll, Þórólfsfell í Markarfljót og eftir því inn að Þórsmörk.
- B 2 Geysir:* Innan línu úr Múlafjalli undir Bjarnarfelli í Brúarhlöð, um Hvítá í Hvítárvatn og Skriðufell um jökulskil í Hagafell, Bjarnarfell og í Múlafjall.
- B 3 Hveravellir:* Norðan B 2 úr Hvítá um Jökulfall og Blákvísl í Blágnípu, Hásteina í Hofsjökli, Sátu (syðri), um Ströngukvísl í Blöndu, Sandkúlufell, Lyklafell og í Langjökul og um jökulskil upp af Skriðufelli.
- B 4 Kerlingarfjöll:* Austan B 2 og B 3 að línu úr Hvítá um Sandá og Fúlá í Rjúpnafell og um Múla í Hásteina.
- B 5 Arnarfell:* Austan B 3 og B 4 að línu úr Hásteinum í Klakk undir Miklafelli, um Háöldukvísl og Fjórðungskvísl að Hagakvísl, í Krosshnúka, Hnöttóttuöldu og í Rjúpnafell.
- B 6 Vonarskarð:* Austan B 5 að línu úr Hnöttóttuöldu í Hamarinn, Bárðarbungu, Svarthöfða við Köldukvísl og í Krosshnúka.
- B 7 Grímsvötn:* Austan B 6 að línu úr Hamrinum í Þórðarhyrnu, Snæhettu, um jökulskil á Kverkfjallahrygg í Bárðarbungu og í Hamarinn.
- B 8 Vonarskarð:* Austan B 5 og B 6 og norðan B 7 að línu úr Bárðarbungu í Kistufell, Fjórðungsöldu og í Hagakvísl við Fjórðungskvísl.
- B 9 Kverkfjöll:* Norðan að B 7 og austan við B 8 að línu af Kverkfjallahrygg í söðul Norðlingalægðar, í upptök Kverkár, um Kverká og Kreppu í Kreppulón og í Jökulsá undir Upptypingum, um Jökulsá undir Urðarháls og í Kistufell.
- B 10 Dyngjufjöll:* Norðan B 9 að línu úr Upptypingum í Herðubreið, Suðurárbotna, Trölladyngju og í Kistufell.

- B 11 Fremri-Námur:* Norðan B 10 að línu úr Herðubreið í Glæðarás gegnt Núpaskoti, Búrfell, um mörk A 13 í Sellandafjall og í Suðurárbotna.
- B 12 Öxarfjörður:* Norðan A 15 og A 16 að austan að línu úr Eilífi í Dettifoss, Gagndagahnúk og á vatnaskilum í Leirhafnarfjöll og Rauðanúp, en að vestan að línu úr Sæluhúsmúla um sýslumörk í Skeiðsöxl.
Öflug lághitasvæði (C - flokkur):
- C 1 Suður-Borgarfjörður:* Innan línu um sýslumörk um Botnsá í Kvígindisfell, og Þórisjökul, í Ok, Fanntófell, Lundarháls í Grímsá við Fossatún, um Grímsá og Hvítá til ósa.
- C 2 Deildartunga:* Norðan C 1 að línu úr Oki um vatnaskil á Kroppsmúla og austan við Kleppjárnsreykja- og Deildartungutorfur í Hvítá og með henni í Grímsárós.
- C 3 Reykholtisdalur:* Norðan C 1 og austan C 2 að línu úr Þórisjökli um jöklaskil upp af Skriðufelli, í Eiríksjökul og í Hvítá og með henni niður að Deildartungutorfu.
- C 4 Stafholtstungur:* Norðan C 1, C 2 og C 3 að línu af jöklaskilum upp af Skriðufelli í Lyklafell og um sýslumörk vestur á Langavatnsdal, um Víðidalsá og Langá til sjávar.
- C 5 Skagafjörður:* Innan línu um sýslumörk frá Kaldbak í Sæmundarhlíð inn á Háheiði við Litlasand, í Lambárfell við Vesturdal, Torfnahnúk við Eyjafjarðardal, um vatnaskil í Galtárhnúk og um sýslumörk á Hjaltadalsjökul og um vatnaskil í Glóðafeyki og í Kaldbak.
- C 6 Sauðárkrókur:* Norðan C 5 að austan að línu af Hjaltadalsjökli um sýslumörk á vatnaskil norðan Unadals og um þau í Sandvík norðan Höfða, en að vestan um sýslumörk frá Kaldbak um Skaga í sjó.
- C 7 Fljót:* Norðan C 6 að línu um bæjarmörk milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.
- C 8 Dalvík:* Austan C 6 og C 7 að línu úr sýslumörkum á Tungnahryggsjökli um vatnaskil sunnan Skiðadals og Þorvaldsdals í Arnarnesvík.
- C 9 Eyjafjörður:* Sunnan C 8 og austan C 5 og C 6 að línu úr Torfnahnúki í hæð (1055 m y.s. á korti LMÍ í 1:250.000) upp af Sölvadal og um vatnaskil milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals út á Staðarskarð og vestur til sjávar hjá Miðvík.
- C 10 Fnjóskadalur:* Austan C 9 að línu úr fyrrnefndri hæð 1055 í Hrafnabjörg og í Skjálfandafljót og með því til sjávar.
- C 11 Aðalreykjadalur:* Austan C 10 og vestan B 11, A 13 og A 16 að sunnan að línu úr Skjálfandafljóti undir Hrafnabjörgum í Suðurá og með henni í Suðurárbotna, að norðan úr Gustahnúk í Laxá neðan virkjunar og með henni til sjávar.
- C 12 Reykjahverfi:* Norðan C 11 og A 16 en vestan B 12.

- C 13 Hreppar:* Sunnan B 4 og B 5 að línu um Hvítá frá Sandá í Stóru-Laxá að hreppamörkum neðan Sandlækjar og eftir þeim yfir í Þjórsá og með henni að B 5.
- C 14 Biskupstungur:* Vestan C 13 og sunnan og vestan B 2 að línu af Hagafelli í Hlöðufell, í Brúarárskörð og með Brúará í Hvítá og með henni að Stóru-Laxá.
- C 15 Laugardalur:* Vestan C 13 og C 14, en austan A 6, A 7, A 8, C 1 og C 2, að vestan að línu um sýslumörk af Mosfellsheiði í Kvígindisfell, en að sunnan um Hvítá frá Brúará að Sogi og úr Sogi um hreppamörk í Inghól.
- C 16 Flói:* Sunnan C 13, C 14, C 15, A 6 og A 5.

Minni háttar lágheitsvæði (D - flokkur):

- D 1 Mosfellssveit:* Norðan A 4 og A 5, vestan A 8 og C 15 og sunnan C 1.
- D 2 Snæfellsnes:* Vestan C 4 að norðan og austan að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Hvammsfjarðar og um Gljúfurá.
- D 3 Dalir:* Austan D 2 og norðan C 4 að austan og norðan að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Hrutafjarðar og um Brekkúá í Gilsfirði.
- D 4 Breiðafjarðareyjar:* Eyjar á Breiðafirði.
- D 5 Reykhólasveit:* Norðan D 3 og D 4 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Breiðafjarðar og í Skiptá í Kjálkafirði.
- D 6 Vestfirðir:* Vestan D 5 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Ísafjarðardjúps og norðan Súgandafjarðar í Öskubak.
- D 7 Djúp:* Norðan D 5 og austan D 6 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Húnaflóa og í Geirólfsgnúp.
- D 8 Strandir:* Austan D 5 og D 7 að línu á vatnaskilum milli Kollafjarðar og Bitrufjarðar í Ennishöfða.
- D 9 Húnaþing:* Austan D 3, sunnan D 8, norðan C 4 og B 3 en vestan C 5 og C 6 að suðaustan að línu úr ármótum Ströngukvíslar og Blöndu í Háheiði við Litlasand.
- D 10 Sprengisandur:* Austan B 3, norðan B 5 og B 6, vestan B 10 og sunnan C 11, C 10, C 9 og C 5.
- D 11 Jökulsárfjöll:* Austan B 9, B 10, B 11, A 13 og A 14 en sunnan B 12 að línu af jöklaskilum á Kverkfjallahrygg á jöklaskilum um Breiðabungu á vatnaskil milli Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fljótsdal og um Snæfell í Hölkná og með henni í Jökulsá, í Eiríksstaðahnefla, í Þjóðfell og á vatnaskilum í Gagndagahnúk.

- D 12 Austurland:* Austan D 11 og B 12 að línu um sýslumörk á vatnaskilum milli Álfta-fjarðar og Lóns og jökulskil á Breiðubungu.
- D 13 Hornafjörður:* Sunnan D 12, D 11 og B 8 að línu um sýslumörk af Skaftafellsfjöru í Grænalón og í Þórðarhyrnu.
- D 14 Síða:* Vestan D 13, sunnan B 8 og austan A 10 og A 9 að norðvestan að línu úr Hamrinum í Tungnaá og með henni um Kirkjufellsós í Kirkjufell, að vestan úr Mælifelli um sýslumörk sjó við Skógafjöru.
- D 15 Rangárþing:* Vestan D 14, B 1, A 12, A 11 og A 10, sunnan B 7 og B 5 en austan C 13 og C 16.
- D 16 Vestmannaeyjar:* Eyjar í Vestmannaeyjaklasanum.

